

HEMMI GUNN  
OG SIGURÐUR  
PÁLSSON  
SETJAST Á  
RÖKSTÓLA  
VIÐTAL 44



## Ekkert farið eftir klukku hér

Filippus Hannesson á  
Núpsstað fagnar 100 ára  
afmæli í desember

VIÐTAL 40



Margt smátt ...

Jólblað Hjalparstarfs  
kirkjunnar fylgir  
Fréttablaðinu í dag!



Hjalparstarf  
kirkjunnar



# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

BITT

28. nóvember 2009 – 282. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

VIÐTAL 26



Steinunn Sigurðar-  
dóttir fagnar 40 ára  
rithöfundarafmæli

LÍFIÐ 62

Hvaða Facebook-  
týpa ert þú?

TÓNLIST 34

Bestu og verstu  
plötukápur ársins

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



NÆTURHIMINNINN YFIR ÞÓRSMÖRK Norðurljósin og stjörnurnar skörtuðu sínu fegursta á næturhimninum yfir Þórsmörk þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit við í Básam nýverið. Myndin er tekin á tólf mínútum og má sjá hversu mikið jörðin hefur snúist á strikunum sem stjörnurnar teikna á myndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hafnfirðingar heimta einkaleyfi á jólaþorpi

Hafnfirðingum misþýður að í Reykjavík verði markaður með sama heiti og Jólaþorpið í Hafnarfirði. Þeir vilja einkaleyfi á heitinu og kæra reykvíska jólaþorpið. Hafnarfjarðarbrandari, segir framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar.

**VIÐSKIPTI** Hafnarfjarðarbær hefur sótt um einkaleyfi á heitinu Jólaþorpi og kvartað til Neytendastofu yfir fyrirhuguðum markaði samtakanna Miðborgarinnar okkar í Reykjavík.

„Eftir langa þróunarvinnu varð það niðurstaðan fyrir sjö árum að kalla okkar fyrirbæri Jólaþorpi. Við erum búin að leggja ómælt fjármagn og vinnu í að byggja upp þetta vörumerki þannig að það kom okkur óþægilega á óvart þegar við heyrðum af því að það ætti að setja upp sams konar fyrirbrigði í Reykjavík og undir sama heiti,“ segir Gunnar Axelson, formaður menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar.

Gunnar segir að Reykvíkingar hafi ekki aðeins fengið nafnið að láni í Hafnarfirði. „Þar verða Grýla og Leppalúði – nákvæmlega eins og hjá okkur – og nú síðast sá ég að það höfðu bæst við álfar og huldufólk – sem er nú kannski dálítið sérhafnfirskt fyrirbæri. Og í kynningarefni þeirra er meira að segja samsvörun í orðalagi og jafnvel heilu setningarnar.“

Samtökin Miðborgin okkar njóta stuðnings frá Reykjavíkurborg. Jakob Frímagn Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, segir málið hljóta að vera misskilning og eiginlega Hafnarfjarðarbrandara. Jólaþorpi

hafi áður verið sett upp í Reykjavík og víða um heim í bæjum, þorpum, sveitum og borgum. Enginn geti átt einkaleyfi á orðinu jólaþorpi.

„Ég ætla ekki að spilla eigin jólaskapi né annarra með því að leiða hugann að þessu. Ég óska bara Hafnfirðingum gleðilegra jóla,“ segir Jakob.

Gunnar segir að málarekstur Hafnfirðinga vegna Jólaþorpsins fái flýtimeðferð enda styttest í opnun markaðanna tveggja. Á Thorsplani í Hafnarfirði hefst markaðurinn föstudaginn 4. desember en á Hljómalindarreit í Reykjavík fimmtudaginn 7. desember.

Kylfingurinn Tiger Woods:  
Ók á brunahana

**FÓLK, AP** Kylfingurinn Tiger Woods er sagður hafa slasast lítilliga í bílslysi við heimili sitt í gær. Woods ók bíl sínum á tré og brunahana á litlum hraða. Hann var fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans, en fékk að fara heim að því loknu. Ekki er talið að Woods hafi verið ölvaður.

Woods sneri nýlega aftur á golfvöllinn eftir átta mánaða hlé vegna hnémeiðsla.

- bj

**EINFALT**  
að skila og skipta!

Yfir 50.000 vöruliðir í úrvall allri árið



**50 HAGKAUP**  
ára fyrir Íslendinga í 50 ár



Rífandi góður á:

Pastaréttinn  
Pizzuna  
Ofnréttinn

Tvær  
pakkningar  
í einni:  
2x90g



Frostrósir og  
jólagleði kl. 14

Opið 10-18



## SPURNING DAGSINS



Júlíus, er umræðan komin út um víðan völlum?

„Hún er að ná góðu flugi.“

Álit eru uppi um framtíð Reykjavíkurlflugvallar. Júlíus Vífill Ingvarsson er formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Seta í Seðlabankaráðinu:

## Gros kostar um fimm milljónir

ALÞINGI Seðlabankinn greiðir þann umframkostnað sem hlýst af því að

útflendingurinn Daniel Gros situr í bankaráði bankans. Nemur kostnaðurinn um fimm milljónum króna á ári og hlýst af ferðalögum, þýðingum skjala og túlkun á fundum.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðgjafi, upplýsti þetta á Alþingi í gær.

Sagði hann Seðlabankann hafa leitað upplýsinga í stjórnkerfinu um hver ætti að bera kostnaðinn og niðurstaðan væri sú að það væri bankans.

Gros, sem er búsettur í Belgíu, er fulltrúi Framsóknarflokksins í bankaráðinu. - bps

Þingmaður Vinstri grænna:

## Hættir störfum fyrir sjómenn

FÉLAGSMÁL Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagði í gær af sér öllum trúnaðarstörfum fyrir Félag skipstjórnarmanna og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands (FFSÍ).

„Ég geri þetta með miklum trega,“ segir Björn. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sjómenn árum saman.

Háværar umræður urðu um fyrirhugað afnám sjómannaafsláttar á þingi FFSÍ í gær. Björn segir að fyrst hafi verið lagt til að hann yrði rekinn, en þar sem það hafi verið ólöglegt hafi annarra leiða verið leitað til að fá hann frá störfum. Hann hafi því ákveðið að taka ómakíð af félögum sínum og hætta. - bj

Fjarvera forystumanna fjárlaganefndar setti umræður um Icesave í uppnám:

## Birkir J. taldi sig niðurlægðan

ALÞINGI Önnur umræða um Icesave-málið, sem framhaldið var á þingi í gær, gekk treglega. Réði óánægja stjórnarandstæðinga með fjarveru stjórnarliða mestu um en lengst af voru stjórnarandstæðingar einir í þingsalnum. Margsinnis voru gerðar athugasemdir við fjarveruna, lagt til að þingfundir yrðu frestað og önnur mál tekin á dagskrá.

Mest var óánægjan með fjarveru formanns og varaformanns fjárlaganefndar, Guðbjarts Hannessonar og Björns Vals Gíslasonar.

„Þeir bera meginábyrgð á flutningi málsins,“ segir Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, í samtali við Frétta-



BIRKIR J. JÓNSSON

Varaformaður Framsóknarflokksins sagði sér misboðið í ræðu sem hann flutti á þingi í gær.

blaðið. Hann sagði í ræðu á þingi í gær að sér væri misboðið, brotið væri á rétti hans og fjarvera tvímenninganna væri niðurlægjandi fyrir hann.

„Samkvæmt þingsköpum ber

mönnum að sækja þingfundi. Þegar ræddu eru mál af þessari stærðargráðu ber ábyrgðarmönnum þess skýlaus skylda til að vera við umræðuna,“ segir Birkir Jón sem hneykslaðist jafnframt á forseta að gera ekki hlé á umræðunni þar til tvímenningarnir kæmu í hús.

„Niðurlægingin felst í því að ég hef lagt á mig vinnu við að setja mig inn í málið, samið ræðu með spurningum til ábyrgðarmanna þess og allt er þetta til lítills þegar þeir eru ekki á staðnum. Í því felst niðurlæging,“ sagði Birkir. Guðbjartur og Björn Valur voru á fundi starfshóps um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. - bps

Hlutafjárukning Marels:

## Skilaði sjö milljörðum króna

VIÐSKIPTI Stjórn Marel Food Systems tók tilboðum að upphæð sjö milljarða króna í hlutafjárútbóði sem lauk í gær. Stefnt var að 15 prósentu hlutafjárukningu, en raunin varð 18 prósentu aukning.

Tilboðin komu frá íslenskum lífeyrissjóðum, sem og erlendum og innlendum fagfjárfestum, að því er fram kemur í tilkynningu frá Marel Food Systems. Gengi í útbóðinu var 63 krónur á hlut, og er fyrirtækið virði 45,8 milljarða króna á því gengi.

Theo Hoen, forstjóri Marels, segir í tilkynningunni að með útbóðinu hafi fjárhagsstaða félagsins styrkst enn frekar. - bj

# Tekjur Reykjavíkur 1,5 milljörðum lægri

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir að greiða 1,5 milljarða lægri afgjald til eigenda sinna en beðið var um. Það þýðir að tekjugrunnur Reykjavíkurborgar skerðist verulega. Hefur ekki áhrif á fjárhagsáætlun, segir borgarstjóri.

REYKJAVÍK Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur óskað eftir að greiða 800 milljónir króna í afgjald til eigenda sinna. Það er 1,5 milljörðum lægra en þeir 2,3 milljarðar sem eigendur höfðu óskað eftir, en það er eðlileg afgreiðsla. Orkuveitan fékk sams konar frest á afgreiðslu í fyrra. Borgarstjórn á eftir að taka beiðnina fyrir.

Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður OR, segir að því miður hafi ekki reynst unnt að greiða hærra afgjald í þessu árferði. Hann bendir á að við 800 milljónirnar bætist 0,25 prósentu gjald vegna ábyrgðar borgarinnar á lánum fyrirtækisins, 4-500 milljónir króna. Þær þarf þó að greiða óháð arðgreiðslum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir að þessi beiðni um frest skýrist meðal annars af tíðindum af fyrirtækinu undanfarnar. Eðlilegt sé að fyrirtæki borgarinnar greiði aukið afgjald, önnur fyrirtæki hafi þegar gert það. Hanna Birna bendir á að ábyrgðargjald OR sé að hækka þannig að samtals greiði fyrirtækið eigendum 1,5 milljarða króna.

„Vegna þessa, og þess að afkoma borgarsjóðs hefur verið betri á seinni hluta árs en áætlað var, á ég ekki von á að þessi ósk muni verða til þess að hagræða þurfi meira en gert var ráð fyrir í áætlunum borgarinnar.“

Orkuveitan mun framkvæma fyrir um 18 milljarða króna á næsta ári og segir Guðlaugur það framlag fyrirtækisins til að halda uppi atvinnustigi. Ekki verður þó



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR Stjórn Orkuveitunnar hefur óskað eftir að fresta fullum afgreiðslum til eigenda sinna og greiða 800 milljónir króna. Það minnkar tekjustofna eigendanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



GUÐLAUGUR G. SVERRISSON

farið í Hverahlíðarvirkjun fyrir en tryggt er að kaupendur finnist að orkunni og lánsfé hafi verið tryggt. Það þýðir að semja þarf við framleiðanda túrbína, sem þegar hafa verið pantaðar, um frestun. Árlegur kostnaður vegna frestunar getur numið allt að 100

milljónum á hverja túrbínu, en þær eru þrjár.

Umræðum um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, sem áttu að vera á þriðjudag, hefur verið frestað til fimmtudags. Þar verður tekin afstaða til beiðni Orkuveitunnar. kolbeinn@frettabladid.is



TIL SÝNIS Sjálfbóðaliðar í gervi hellamanna eyða dögum í að snyrta hvort annað og stara á gesti dýragarðsins. NORDICPHOTOS/AFP

Nýbreytni í dýragarði:

## Hellamenn í apabúrinu

PÓLLAND Gestir í dýragarðinum í Varsjá í Póllandi geta nú barið augum sjálfbóðaliða í gervi hellamanna sem tekið hafa yfir gamla apabúrið í garðinum.

Tilgangurinn með þessu sérstaka uppátæki er að minna gesti garðsins á að menn eru aðeins ein af dýrategundum sem byggja jörðina, að sögn forsvarsmanna dýragarðsins.

Sjálfbóðaliðarnir tveir, 18 ára kona og 24 ára karl, klæðast dýraskinnum og eyða dögum í að snyrta hvort annað, halda lífi í eldinum sem logar í apabúrinu, og stara á móti þegar gestirnir flengjast við burið. - bj

## BJÖRGUN

### Ætlaði 170 kílómetra í frosti

Björgunarsveitir leituðu ungs manns í Mývatnssveit í fyrrinótt, en óttast var um hann þegar hann skilaði sér ekki heim eftir að hafa sinnast við félag sína á hóteli og rokið burt í fússi. Stuttu eftir að leit hófst bárust SMS-skilaboð frá mannum þar sem hann sagðist ætla að ganga um 170 kílómetra leið til Egilsstaða. Veður var gott, en um átta stiga frost. Hann fannst skömmu síðar.

Alþjóðakjarnorkueftirlitið gefst upp á írönskum stjórnvöldum:

## Íranar sýna enga samvinnu

AUSTURRÍKI, AP „Við erum í raun komin í blindgötu, nema Íranar taki upp fulla samvinnu,“ sagði Mohamed ElBaradei, yfirmaður Alþjóðakjarnorkueftirlitsins.

Hann segir tilraunir eftirlitsmanna til þess að komast að því hvort Íranar séu að búa sér til kjarnorkuvopn ekki hafa leitt neitt í ljós, hvorki af né á, og vegna skorts á samvinnu heimamanna sé tilgangslaus að halda þeim áfram.

Hann segir starfsmenn kjarnorkueftirlitsins ekki bera neitt traust til Írana eftir að uppvist varð um leynilega kjarnorkuvinnslustöð í Íran nýlega.

Hann gagnrýnir einnig Írana fyrir að fallast ekki á alþjóðlegt samstarf um kjarnorkuáform sín, sem myndi torvelda þeim að framleiða vopn.

Gagnrýni hans þykir óvenju berorð, en um næstu mánaðamót lætur hann af störfum sem yfirmaður kjarnorkueftirlitsins. Hann hefur jafnan lagt áherslu á mikilvægi þess að eiga viðræður við Írana frekar en að beita refsiaðgerðum, hvað þá hóta hernaði.

Hann hefur einnig gagnrýnt Bandaríkin fyrir að



FLUGSKEYTI PRÓFAD Íranar gerðu í vikunni tilraunir með flugskeyti sem þeir segja til varnar kjarnorkustarfsemi í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ráðast á Írak undir því yfirskini að Saddam Hussein hafi haft yfir kjarnorkuvopnum að ráða, þrátt fyrir að kjarnorkueftirlitinu hafi aldrei tekist að sýna fram á það. - gb

Meiri þægindi og aukið geymsluþol

Nú er MS rjóminn í ½ l umbúðum með tappa.

12 DAGA GEYMSLU-ÞOL





# Frostrósir og jólagleði

Kveikt á jólatré og pakkasöfnun hefst

kl. 14

Frostrósir og skólakór Kársness syngja  
Sveppi kveikir á jólatrénu  
Jólasveinar skemmta krökkum

Um leið hefst við jólatréð pakkasöfnun  
fyrir börn í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd  
og Fjölskylduhjálp Íslands. Leggðu þitt af  
mörkum með því að setja pakka undir tréð.

FROSTRÓSIR  
2009





GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	123,21 123,79
Sterlingspund	202,36 203,34
Evra	183,77 184,79
Dönsk króna	24,688 24,832
Norsk króna	21,621 21,749
Sænsk króna	17,578 17,680
Japanskt jen	1,4226 1,4310

SDR	197,58	198,76
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	236,3851	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

## Jón Bjarnason á alþjóðþingi: Ísland betur sett utan ESB

**STJÓRNMÁL** Jón Bjarnason sjávarútvegsherra ítrekaði þá skoðun sína að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan Evrópusambandsins en innan á ráðstefnu um strandveiðar sem haldin var í Frakklandi í vikunni.



JÓN BJARNASON

Í ávarpi sínu fjallaði Jón um strandveiðar á Íslandi; línuviltun, byggðakvóta og strandveiðarnar síðastliðu sumar. Sagði hann íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á sjálfbærni fiskveiða og kynnti nýtt frumvarp sitt um breytingar á fiskveiðilöggjöf. Í niðurlagi ávarpsins vék Jón að Evrópumálum og sagði það bjargfasta trú sína að Ísland ætti að standa utan ESB.

Slysið við Flúðir:

## Líðan mannsins er óbreytt

**LÖGREGLUMÁL** Líðan mannsins sem féll ofan í húsgrunn við sumarbústað á Flúðum fyrir tæpum hálfum mánuði er óbreytt að sögn sérfræðings á gjörgæsludeild Landspítala í gær.

Manninum er enn haldið sofandi í öndunarvél. Nokkrar aðgerðir hafa verið gerðar á honum, tvær síðast í fyrradag.

Skortur er á bóluefni gegn svínaflensu vegna minni framleiðslu en áætlað var:

# Bólusetning raskast verulega

**HEILBRIGÐISMÁL** Skortur er á bóluefni gegn svínaflensu hér á landi. Upphaflega var gert ráð fyrir að alls bærust 200 þúsund skammtar til landsins til áramóta en nú eru horfur á að þeir verði um 170 þúsund. Fyrirsjáanlegt er að áætlun um bólusetningu almennings gegn influensunni raskast verulega.

Samkvæmt tilkynningu sóttvarnalæknis taka heilsugæslustöðvar ekki við fleiri tímáþöntunum í bólusetningu fyrr en 15. desember, fyrir það bóluefni sem þá verður dreift. Starfsfólk heilsugæslustöðva bólusetur áfram með því bóluefni sem það hefur til umráða, á meðan það endist.



**BÓLUSETNING** Áætlun um bólusetningu gegn svínaflensu raskast vegna skorts á bóluefni.

Ástæður tafa við afhendingu bóluefnisins eru minni framleiðslugeta framleiðandans en

áætlað var, vandamál sem tengjast innpökkun bóluefnis og fleira. Vandinn snertir alla sem bíða eftir bóluefninu, ekki aðeins Íslendinga.

Nú þegar hafa verið bólusettir um sjötíu þúsund manns hérlandis.

Mjög hefur dregið úr influensufaraldrinum en landsmenn eru samt eindregið hvattir til þess að láta bólusetja sig þegar því verður við komið.

81 árs gamall karlmaður lést úr svínaflensu hér á föstudag. Áður hafði átján ára fjölfötlud stúlka látist af völdum hennar.

-jss

## Viðauki við Evrópusáttmála: Þátttaka í sveitarstjórn tryggð

**STJÓRNMÁL** Kristján L. Möller samgönguráðherra hefur undirritað viðauka við Evrópusáttmála um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga. Í honum er kveðið á um rétt borgara til þátttöku í sveitarstjórnarmálum.

Í því felst réttur til að leitast við að ákveða eða hafa áhrif á með hvaða hætti sveitarstjórnir fara með umboð sitt. Viðaukinn gerir ráð fyrir því að með lögum skuli kveðið á um með hvaða hætti sé unnt að auðvelda einstaklingum að nýta sér þennan rétt. Reiknað er með að viðaukinn verði fullgildur eigi síðar en í ársbyrjun 2011.

-kóp

# Reyndu að kveikja í til að frelsa vin sinn

Fjórir ungir menn köstuðu bensínsprengjum að lögreglustöðinni í Borgarnesi og skemmdu hurð til að reyna að frelsa félagan sinn úr haldi. Sá var þá kominn til Reykjavíkur. „Við fuðrum nú ekki svo glatt upp,“ segir yfirlögregluþjónninn.

**LÖGREGLUMÁL** „Sem betur fer er þetta rammbýgt steinhús þannig að við fuðrum nú ekki svo glatt upp,“ segir Theódór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi. Fjórir ungir menn voru handteknir í bænum í fyrrinótt eftir að hafa kastað tveimur heimagerðum bensínsprengjum, svokölluðum Molotovkockteilum, í lögreglustöðina.

Mennirnir fjórir eru á aldrinum sautján til tuttugu ára og voru flestir bæði undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Þeir höfðu verið á dansleik í félagsheimili við bæinn fyrr um kvöldið og lent þar í orðaskaki við lögreglu þegar félagi þeirra var handtekinn. Sá hafði verið með óskunda á ballinu og meðal annars veifað hafnaboltakylfu þannig að nærstöddum stóð ekki á sama.

Í kjölfarið tóku félagarnir fjórir til óspilltra málanna. Þeir urðu sér úti um bensín sem þeir töppuðu á tvær áfengisflöskur, tróðu tuskum niður í flöskuhálsana og höfðu þar með útbúið stórhættulegar bensínsprengjur. Þeir fóru því næst að lögreglustöðinni og köstuðu logandi sprengjunum í húsið.

Aðeins önnur flaskan brotnaði við höggið og kveikti eld á veggnum. Bensínið brann þó sem betur fer upp og eldurinn slokknadi áður en hann náði að læsa sig í húsið. Fjórmenningarnir létu ekki þar við sitja heldur börðu húsið utan og unnu skemmdir á hurð stöðvarinnar. Að sögn Theódórs bera aðstæður þess öll merki að mennirnir hafi verið komnir á stöðina til að freista þess að frelsa félagann sem handtekinn var á ballinu fyrr um kvöldið.



**VIÐ ÖLLU BÚINN** Theódór Þórðarson yfirlögregluþjónn sýnir hér forlata erlendan lögregluhjál. Það skyldi þó aldrei vera að Theódór þyrfti einhvern tíma að setja hann upp til að verjast árásum ölvadra ungmenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR

Lögreglustöðin var hins vegar mannlus. Lögregluþjónar á vakt voru á ferðinni á lögreglu-bíl og sá handteknir hafði verið fluttur til Reykjavíkur þegar í ljós

síðar leið hjá, fundu bensínfnyk og sáu hvað gerst hafði. Grunur beindist strax að fjórmenningunum og voru þeir handteknir.

Þeir hafa játað sök. Allir hafa þeir komið við sögu hjá lögreglu áður, þó aldrei fyrir alvarleg brot. Þeim var sleppt að loknum yfirsýslum í gær.

Theódór segir að litid sé á brotið sem tilraun til íkveikju. Lögregla lítur málið mjög alvarlegum augum. „Auðvitað gerum við það. Við þökkum bara fyrir að það varð ekki meira úr þessu,“ segir Theódór.

stigur@frettabladid.is



**JÓLATRÉÐ REIST** Varaborgarstjóri Óslóar afhendir tréð á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fyrsti sunnudagur í aðventu: Jólatréð tendrað

**REYKJAVÍK** Starfsmenn Reykjavíkurborgar unnu að því í gær að reisa Óslóartréð á Austurvelli. Tréð verður tendrað við hátíðlega athöfn á morgun, á fyrsta sunnudegi í aðventu. Þá tekur Hanna Birna Kristjánsdóttir formlega við trénu frá Aud Kvalbein, vara-borgarstjóra Óslóar.

Að venju munu jólasveinar heilsa upp á krakka á Austurvelli auk þess sem boðið verður upp á tónlist og skemmtun. Jólalög verða leikin frá klukkan 15.30 og formleg dagskrá hefst klukkan 16.

-sbt

### ALPINGI

#### Spurt um aðgerðaráætlun

Guðmundur Steingrímsson hefur lagt fram fyrirspurn til félagsmálaráðherra um aðgerðaráætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna frá 2007. Spyr hann hvernig gangi að uppfylla markmið áætlunarinnar, hve oft samráðshópur vegna verkefnisins hefur komið saman og hvenær það gerðist síðast.

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að Sjálfstæðisflokkurinn væri elsti flokkur landsins. Hið rétta er að Sjálfstæðisflokkurinn er næstelstur, Framsóknarflokkurinn var stofnaður 13 árum fyrr, eða árið 1916.

KOMIN TIL AÐ VERA, NÓTTIN EFTIR INGUNNI SNÆDAL

# METSÖLULÓÐSKÁLDIÐ AF JÖKULDAL!

„Viðfangsefnið leikur í höndunum á henni; hún sveiflar sér á milli rómantískra og erótískra lýsinga, angurværra og beitra, af öryggi og fimi sem aðeins er á færri mjög hæfileikaríkra skálda.“  
Kristján Hrafn/DV

UPPSELD HJÁ ÚTGEFANDA!

BJARTUR

## VEÐURSPÁ

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**KALT UM HELGINA** Útlit er fyrir svalt veður um helgina og fram í næstu viku. Úrkomusvæði liggur yfir norðvestan- og vestanverðu landinu og þar mun snjó áfram. Annars staðar falla stöku él en úrkomulítið verður suðaustan- og austanlands.

**HEIMURINN**

Alicante	19°
Basel	13°
Berlín	10°
Billund	9°
Eindhoven	11°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	23°
London	9°
Mallorca	19°
New York	11°
Orlando	19°
Ósló	4°
París	11°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 3-15 m/s Hvassast NV-til.

MÁNUDAGUR Stíf NA-átt vestan til, annars hægar.



# TAX FREE

af öllum jólaljósum og seríum

Opið á  
sunnudag  
um land allt

sjá afgreiðslutíma  
verzlana um  
aðventuhelgina  
á [www.husa.is](http://www.husa.is)



SÉRTILBOÐ UM HELGINA

Útiseriur

40 ljósa 1199

80 ljósa 1599



Aðventuljós  
5899631-3



TAX FREE  
1.199

TAX FREE  
Allar  
jólaseriur

blómaval

## Aðventa í Blómavali



HÚSASMÍÐJAN

Tvær  
Jólastjörnur  
1.499  
2 stk



Hyasinta  
10<sub>kr</sub>

Takmarkað magn  
Aðeins 2 stk á mann,  
meðan birgðir endast



Aðventukrans

2.790

Skreytingarefni  
í miklu úrvali

Fáðu ráðgjöf í  
Blómavali og skoðaðu  
leiðbeiningar á  
[www.blomaval.is](http://www.blomaval.is)

FJÖR Í SKÚTUVOGI

Leikhópurinn Vinir

sýnir leikritið "Strákurinn sem týndi jólnum"  
í Jólalandinu kl. 13:30

Ingó veðurguð

tekur lagið kl. 14 í Jólalandinu

Jólahlaðborð

Opið alla daga  
kl. 18 - 20

Aðeins  
990<sub>kr</sub>





**KJÖRKASSINN**



Ganga stjórnvöld of langt í skerðingu á fæðingarorlofi?

JÁ	54,5%
NEI	45,5%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Er jólaundirbúningur hafinn á þínu heimili?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://visir.is)



Stúdentaráð HÍ vill koma meira að hugmyndavinnu vegna niðurskurðar:

## Alvarlegt ef tækifærin tapast

**MENNTUN** „Verði niðurskurður á fjárveitingum til háskólans til þess að samstarfssamningar við erlendar menntastofnanir falli niður þá er það alvarlegt mál,“ segir Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

„Það gefur auga leið að það er frábært tækifæri fyrir nemendur að fara í skiptinám til margra af bestu skólum heims með því einu að greiða aðeins skráningargjöldin.“

Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, sagði í viðtali við Fréttablaðið á fimmtudag að hún óttaðist að niðurskurður til skólans kæmi niður á vísindum og rannsóknum. Það er



**HILDUR BJÖRNSDÓTTIR** Formaður Stúdentaráðs vill að hugmyndir þess fái aukid vægi í niðurskurðarvinnu innan skólans.

framlag HÍ þegar samstarfssamningar við afburða menntastofnanir eru gerðir. Tapist gæði þess starfs

vegna niðurskurðar sé samstarfið við erlenda skóla í hættu.

Hildur segir að stúdentaráð hafi farið fram á að koma beint að því hvar niðurskurðarhnífurinn komi niður innan skólans. „Við teljum að hægt sé að forgangsráða innan stjórnsýslunnar og grípa til aðgerða sem hafa ekki bein áhrif á gæði námsins,“ segir Hildur. Stúdentaráð hefur lagt fram tillögur í þessum anda í háskólaráði. „Það eru teknar stórar ákvarðanir þessa dagana sem hafa bein áhrif á okkur. Við höfum því miður ekki fengið gott viðmót við að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Við erum mjög ósátt við það.“

-shá

Rætt um andstöðuna við ESB: Heimssýnarfólk á þingi í Noregi

**STJÓRNMÁL** Níu manna sendinefnd Heimssýnar hélt til Noregs í gær til þátttöku í aðalfundi norsku systursamtakanna Nei til EU. Ísland og Evrópumálin er meðal umræðuefna á fundinum.

Þrír þingmenn eru í sendinefnd Heimssýnar; Ásmundur Einar Daðason, VG, Unnur Brá Konráðsdóttir, Sjálfstæðisflokki, og Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki. Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrverandi þingmaður VG og umhverfisráðherra, er einnig í nefndinni ásamt fólk úr ungliðahreyfingum stjórnmálaflokka og fleirum.

Sérstök fundahöld verða á mánudag að aðalfundi loknum.

-bjs

## BAKKABRÆÐUR FYRIR BÖRNIN



Öllum börnum er nauðsynlegt að kynnast þessum óborganlegu bræðrum sem svo rækilega hafa greipt sig inn í þjóðarvitund Íslendinga.

**SKRUDDA**  
Eyjarsöð 9 - 101 Reykjavík  
t. 552 8866 - skruddag@skrudda.is  
www.skrudda.is

## Dúbaí gæti hrundið af stað nýrri kreppu

Gríðarlegar skuldir sliga nú viðskiptalífið í furstadæminu Dúbaí eftir gegndarlausu uppbyggingu síðustu ára. Óvíst er hvort þær skuldir fást nokkurn tímann greiddar. Litlar tekjur eru af glæsibyggingum og olían af skornum skammti.

**DÚBAÍ, AP** Fréttir af gríðarlegri skuldsetningu og hugsanlega yfirvofandi efnahagshruni í Dúbaí ollu titringi í viðskiptalífi um heim allan. Ótti hefur vaknað um að vandræðin í Dúbaí hafi kejuverkandi áhrif og endi í nýrri heimskreppu.

Dubai World er fyrirtækjasamsteypa sem hefur verið í fararbroddi uppbyggingarinnar í Dúbaí síðustu árin.

Sú uppbygging hefur einkennst af bæði gríðarlegum metnaði og gegndarlausu óhöfi sem vart á sér neina hliðstæðu. Reistar hafa verið glæsibyggingar, háhýsi og nýir eyjaklasar búnir til við ströndina. Stærsta hús heims er risið þar, og fylgja möguleikar á að hækka það ef aðrir taka upp á byggja hærra.

Öll þessi uppbygging er að stórum hluta framkvæmd fyrir lánsfé, sem reynst hefur erfitt að standa í skilum með. Litlar tekjur eru af nýju glæsismannvirkjunum og olíuauðurinn getur ekki bjargað Dúbaí, því hann er minni þar en víðast hvar í arabaheiminum.

Dubai World skuldar 60 milljarða dala og vill fá hálfis árs frest til að gera upp sín mál. Þegar sú beiðni barst voru helstu bankar heims ekki lengi að lækka láns-hæfismat annarra stórfyrirtækja í Dúbaí. Lækkun varð í kauphöllum víða um heim.

Veruleg hættu þykir á að skuldirnar fái aldrei greiddar nema kannski að hluta. Sextíu milljarða skuld Dubai World er stór hluti allra skulda Dúbaí erlendis, því þær nema í heild áttatíu milljörðum dala.



**KALDRANALEG GLÆSIVERÖLD** Uppbyggingin í Dúbaí undanfarin ár hefur einkennst af gríðarlegum metnaði og gegndarlausu óhöfi.

NORDICPHOTOS/APF

Tapið myndi lenda á stórum bönkum erlendis. Bresku bankarnir HSBC Holdings og Standard Chartered gætu tapað samtals 788 milljónum dala. Þriðji stærsti banki Japans, sem heitir Sumitomo Mitsui Financial Group, gæti sömuleiðis lent í vandræðum, því hann á einnig hundruð milljónir dala hjá ofurskuldsettum fyrirtækjum í Dúbaí.

Byggingafyrirtæki í Japan, Ástr-

alíu og Suður-Kóreu gætu einnig farið illa út úr þessu, því þau hafa verið fengin til að reisa allar nýju byggingarnar í Dúbaí.

Verði stórir bankar víða um heim fyrir áfalli vegna hruns í Dúbaí má búast við að þeir þurfi að halda að sér höndum í lánveitingu, sem gæti þýtt nýja lánsfjárrættu, líka þeirri sem olli hrununum fyrir rúmu ári.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

Samkeppnismál ekki síður mikilvæg í kreppu segir forstjóri Samkeppniseftirlitsins:

## Fjallað um 250 mál á einu ári

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um ríflega 250 mál frá bankahruninu í október á síðasta ári. Fram kemur í pistli Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra eftirlitsins, að samkeppnismál séu ekki síður mikilvæg í efnahagsferliðeikum en þegar vel árar.

Af þeim 250 málum sem Samkeppniseftirlitið hefur sinnt frá hruninu hefur um 130 verið lokið, en 120 eru enn í vinnslu, segir í pistli Páls, sem birtur er á vef Samkeppniseftirlitsins.

Úrskurðarnefnd samkeppnismála, sem fjallar um kærur fyrir-tækja vegna úrskurða Samkeppniseftirlitsins, hefur fjallað um metfjöldu mála, 17 talsins.

Frá bankahruninu hefur Samkeppniseftirlitinu verið tilkynnt um 33 samruna eða yfirtökur frá bankahruninu. Í 22 tilvikum var

um yfirtöku banka á fyrirtæki að ræða. Tilkynnt hefur verið um tíu samruna frá byrjun október síðastliðins. Það gefur vísbendingu um mikla fjölgun þess konar mála, segir í pistli Páls.

Alls hafa átta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja verið sektuð um samtals 460 milljónir króna í átta aðskildum málum. Langsamlega hæsta sektin, 315 milljónir króna, var vegna misnotkunar Haga á markaðsráðandi stöðu. Hagar hafa stefnt Samkeppniseftirlitinu fyrir dóm vegna sektarinnar, sem áfrýjunarnefnd staðfesti.

-bj

**NÝJUNG** Pistill Páls Gunnars Pálssonar á vef Samkeppniseftirlitsins er nýjung, en slíkur pistill er ætlað að auka gegnsæi í störfum eftirlitsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## ÁRAMÓTAFERÐ OG OPNA EXPRESS Á LA SELLA, SPÁNI

Fararstjóri: Björn Eysteinnsson

28. des. - 5. jan. 2010

Ein skærasta perla golfvalla á Costa Blanca svæðinu

Verð á mann í tvíþýli:

**169.600 kr.**

**Innihaldið:** Flug með sköttum og frítt fyrir golfsettið í flug. Akstur til og frá flugvelli. Gisting á **5\* Marriott Hótel** sem er rétt við golfvöllinn. **8 golf dagar** með 27 holum á dag, fríar kerrur og **Opna Expressmótið**. Íslensk fararstjórn.

Máttal úppýsingar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is) eða síma 5 900 330

**Express ferðir**



# AFNEMUM VSK AF:

ÖLLU jólaskrauti  
og jólaseríum



ÖLLUM Baby Born,  
Bratz og Moxie girls  
leikföngum



# TAX FREE

# DAGAR

*Jólaskrant, seríur,  
Baby born, Bratz  
og Moxie girls*

Dagana 26.-29. nóvember  
afnemun við VSK af ÖLLU  
JÓLASKRAUTI, SERÍUM OG  
BABY BORN, BRATZ  
OG MOXIE GIRLS  
LEIKFÖNGUM.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari  
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. nóvember 2009.

**50 HAGKAUP**  
ára fyrir Íslendinga 150 ár





- 1 Hvað heitir fráfari á bæjarstjórn í Grindavík?
- 2 Hversu miklum fjármunum er talið að Íslendingar muni verja í jólagjafir í ár?
- 3 Hvaða dóm hlaut Gunnar Viðar Árnason fyrir innflutning á 6,1 kíló af amfetamíni?

SVÖRIN ERU Á Síðu 98

Efnahags- og viðskiptaráðherra segir skráningu bankafyrirtækja góða lausn:

## Blæs lífi í laskaðan markað

**VIÐSKIPTI** Skráning fyrirtækja sem bankarnir hafa tekið yfir að öllu leyti eða að hluta getur verið ágæt lausn, að sögn Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að viðræður hafi átt sér stað á milli Kauphallarinnar og bankanna um skráningu fyrirtækjanna og hugnist bankastjórnum bankanna þriggja það. Svo kann að fara að sjö fyrirtækji sem þeir hafa tekið yfir verði sett á markað á næsta ári.

„Ég er alveg hlynntur þessu,“ segir Gylfi og bendir á að markaðsvæðing fyrirtækjanna sé mikilvægur hluti af því að endurvekja hlutabréfamarkað hér og koma heil-



**GYLFI MAGNÚSSON** Viðskiptaráðherra hefur ágæta tilfinningu fyrir skráningu fyrirtækja sem bankarnir hafa tekið yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

brigðum fjármálamarkaði í gang á ný. „Hann hefur verið afar laskað-

ur, svo ekki sé dýpra í árinna tekið. Ég myndi fagna því ef þetta verður hægt að gera í einhverjum mæli og tel reyndar að þetta geti verið ágæt leið í ýmsum tilvikum. Það hentar ekki mjög smáum fyrirtækjum en getur verið gott fyrir stærri rekstrarfélög,“ segir hann.

Spurður hvort tímabært sé að skrá fyrirtæki á markað svo stuttu eftir fjármálahrunið segir Gylfi svo vera: „Ég hef trú á því ef vel er að málum staðið. Verið er að gera ýmsar breytingar á regluverkinu, bæði um fjármálamarkaði og hlutafélagalöggjöfina. Það ætti að hjálpa til. Ég hef ágæta tilfinningu fyrir því að þetta geti gengið.“

-jab

Öryggi á Reykjavíkflugvelli:

## Segir öryggi farþega ógnað

**ALÞINGI** Gunnar Bragi Sveinsson, Framsóknarflokkur, segir að öryggi flugfarþega sé ógnað ef ekki séu menntaðir slökkviliðsmenn við störf á Reykjavíkflugvelli.


Um leið og Gunnar Bragi lýsti þessari skoðun sinni innti hann Kristján Möller samgönguráðherra eftir afstöðu hans til málsins. Kristján kvaðst ósammála því mati Gunnars Braga.

Flugstöðir auglýsa nú eftir flugöryggisstarfsmönnum í stað slökkviliðsmanna sem starfað hafa á Reykjavíkflugvelli á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

-bþs

TILBOÐ

## Fjölskylduspil á frábæru tilboði!



Vr. A825 85060692  
Fullt verð 5.990 kr.  
**3.990 kr.**  
auk 1.000 punkta

x2



## Oddvitaslagur hjá Framsókn er í dag

Framsóknarmenn í Reykjavík velja sér oddvita fyrir sveitarstjórnarkosningarnar fyrir hádegi. Einar Skúlason og Óskar Bergsson óska eftir stuðningi í fyrsta sætið. Báðir eru þeir bjartsýnir og hvorugur hefur valið óskasamsstarfsflokk.

**STJÓRN MÁL** Í dag skýrist hver leiðir lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í kosningum til borgarstjórnar í vor. Kosning hefst klukkan 10 og úrslit í fyrsta sætið ættu að liggja fyrir klukkan 12. Tveir sækjast eftir oddvitasætinu, þeir Einar Skúlason og Óskar Bergsson.

„Þetta hefur farið mjög vel fram, ég hef heyrt í fullt af fólki og mér er vel tekið. Fólk er ánægð með þann stöðugleika sem kominn er í stjórn borgarinnar og vill leyfa mér að njóta þess,“ segir Óskar. Hann segist bjartsýnn á eigin gengi. „Ég er alltaf bjartsýnn og þær undirtektir sem ég hef fengið hafa styrkt mig í þeirri trú. Það er frábært fólk í framboði með mér á morgun og ég hef mikla trú á listanum þegar hann kemur fram.“

Óskar segist ekki hafa velt fyrir sér hvort hann taki sæti á lista tapi hann slagnum um fyrsta sætið. Þá á hann ekki óskasamsstarfsflokk, hann hafi unnið með vinstri flokkum og Sjálfstæðisflokknum og það hafi gengið vel. „Ég er algjör-



**SÆKJAST EFTIR SÆTI ODDVITA** Einar Skúlason og Óskar Bergsson óska eftir stuðningi í 1. sætið.

lega fordómalaus gagnvart öðrum stjórnmálaflokkum.“

Einar hefur heldur ekki gert upp við sig með hvaða flokki hann helst vildi starfa að kosningum loknum, leiði hann listann. „Fyrst og fremst finnst mér mikilvægt að vinna að sterkri málefnaöðun, við þurfum að hefja þá vinnu strax að prófkjöri loknu. Hugsanlegir samstarfsaðilar verða að ráðast af málefnum.“

Einar segist ekki hafa velt því fyrir sér hvort hann tæki annað sæti á listanum, kæmi sú staða upp. Baráttan leggjist vel í hann. „Ég er búinn að fá mjög góðar viðtökur og fólk virðist vera mjög móttækilegt fyrir breytingum. Ég er bjartsýnn ef allir stuðningsmennirnir skila sér, en það munar um hvert atkvæði því þetta getur orðið tæpt.“

kolbeinn@frettabladid.is

Ný rannsókn leiðir í ljós mun á ljósaperum:

## Sparperur glata frekar ljómanum

**TÆKNI** Hefðbundnar ljósaperur sem víða lúta orðið í lægra haldi halda ljósgjafarstyrk sínum nær að fullu allan líftíma sinn. Ný rannsókn sem breska dagblaðið Telegraph greinir frá hefur leitt í ljós að svokallaðar „sparperur“ hafa glatað yfir fimmtungi af ljóstyrk sínum

**SPARPERA** Ný könnun leiðir í ljós að ágæti „sparpera“ sem notast við minna rafmagn en hefðbundnar kann að hafa verið orðum aukið.



þegar þær hætta að virka.

Niðurstaða greinarinnar er sú að neytendur séu á reglu-bundinn hátt mataðir á röngum upplýsingum um ágæti orkusparandi ljósapera.

„Mikill munur er á því sem lofað er á umbúðum flestra peranna og raunveruleikans. Því er engin furða hvað margir notendur eru óánægðir með perurnar,“ hefur Telegraph eftir Dickon Ross, ritstjóra E&T.

-óka

## Ókeypis námskeið VR fyrir atvinnuleitendur

- Nýttu kraftinn – Nýtt námskeið hefst í fyrrihluta desember
- Hlutverkasetrið – Endurnýjaðu gömlu jólauskreytinguna þína
- Mímir – Starfs- og námsráðgjöf
- Iðnhönnun – Fyrirlestur og stutt námskeið í desember
- Velgengni – Fjármálaráðgjöf – Nýtt námskeið í desember

Þú finnur allar nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is)

Virðing Réttlæti

VR

Það er dýrmætt fyrir unglunga að eiga val



Borgaraleg ferming

2010

Það líður senn að síðasta tækifærinu til að skrá sig. Metþátttaka er í ár!

Skráningu lýkur þriðjudaginn 1. desember 2009.

Skráning á [www.sidmennt.is](http://www.sidmennt.is) eða í síma 557-3734 og 553-0877



# ALLT FYRIR AÐVENTUNA

OPIÐ TIL KL.  
**22:00**  
TIL JÓLA

**TILBOÐ**



**Tilbúinn aðventukrans**

úr ilmandi greni með sjálflökkvandi kertum

**2.980kr**

**TILBOÐ**

**40 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR**

**1280kr**

**80 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR**

**1750kr**

**Allt efni í aðventukransinn  
– og við gefum góðu ráðin!**



**TILBOÐ**

**Aðventukrans  
2.980kr**

**10 cm. sjálflökkvandi  
aðventukransakerði**

**1.150kr**

**TILBOÐ**



**TILBOÐ**

**Jólastjarna  
pottur fylgir!**


**990kr**

**Dagatalsskreyting**

verð frá

**990kr**

**TILBOÐ**



Tilboðin gilda yfir helgina og meðan birgðir endast.



**GÓÐ RÁÐ  
GARÐHEIMA:**

Vökvið jólastjörnuna oft  
og lítið í einu með ylvolgu  
vatni, varist trekk.



*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekjarbakka 6 - sími 540 3300 - [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)



**GÓÐ RÁÐ  
GARÐHEIMA:**

Ef þú plastvefur  
bathringinn þinn  
geymist hann vel milli ára



# Hækka ætti afslátt – ekki afnema hann

Sjómenn taka ákvörðun stjórnvalda um að afnema sjómannaafsláttinn þunglega. Verður ekki tekið þegjandi, segir formaður Sjómannaambandsins. Framkvæmdastjóri LÍÚ segir rök til að hækka afsláttinn, ekki afnema hann.

**KJARAMÁL** „Ég tek eftir því að lögin eiga ekki að taka gildi fyrr en 2011. Kannski er hugsunin sú að samningar eru lausir þá um áramótin og stjórnvöld vilja að við náum þessu til baka frá útgerðarmönnum. Slíkt myndi þýða stór-átök. En það er kannski það sem liggur í loftinu því sjómenn taka þessu ekki þegjandi og hljóðalaust,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannaambandsins.

Sjómannaafsláttur verður afnuminn í skrefum og fellur niður að fullu árið 2014. Í frumvarpi Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra um tekjuöflun ríkisins er sú ákvörðun rökstutt með því helst að laun þeirra sem fá sjómannaafslátt hafi hækkað verulega í samanburði við almenna launabróun. „Almennur hljómgrunnur er fyrir því að skattkerfið stuðli að jöfnuði og þegar nauðsynlegt er að hækka skatttekjur er eðlilegt að byrja á að fella brott ívilnanir sem fela í sér mismunun,“ segir í greinargerðinni.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að fengju sjómenn sambærileg kjör og þeir sem njóta nú skattfrjálsra dagpeninga hefði það í för með sér mun meiri skattaafslátt fyrir sjómenn en þeir njóta nú. „Það gefur auga leið að ef menn ætla að fella niður sjómannaafslátt þá hlýtur



**GERT KLÁRT** Ein helstu rökin fyrir sjómannaafslætti eru fjarvistir sjómanna frá heimilum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að vera grundvallaratriði að sjómenn fái sambærilegan skattaafslátt og aðrir launþegar sem njóta dagpeninga við störf fjarri heimilum sínum,“ segir Friðrik.

Sævar spyr hvernig standi á því að kjör eins hóps sjómanna, þeirra sem selja beint á erlenda markaði og hafa fengið launahækkun vegna gengisþróunar, séu lögð til grundvallar ákvörðuninni. Staðreyndin sé sú að kjör sjómanna séu mjög mismunandi. Sambandið hvetur sjómenn til að sigla í land verði áformin að veruleika.

Guðbjartur Hannesson, formaður

ur fjárlaganefndar, sagði í viðtali við Fréttablaðið 12. nóvember að afslátturinn sé kjarasambandsbundin réttindi. „Þetta var upphaflega frágangur kjarasambands þar sem ríkið lagði til vissa upphæð til að liðka fyrir samningum. Ef menn ætla að taka þetta út verður útgerðin að taka þetta á sig.“

Þing Farmanna- og Fiskimannaambandsins (FFSÍ) hófst í gærmorgun. Fyrsta verk þinggesta var að afþakka boð sjávarútvegsráðherra í móttöku sem hefur um ártuga skeið verið haldið í lok þinga sambandsins. [svavar@frettabladid.is](mailto:svavar@frettabladid.is)

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

### Námsbraut á meistarastigi

Einnig í  
frammi

- Fjölmenningarfræði – málefni innflytjenda
- LÁNSHÆFT NÁM

### Námsbrautir á grunnstigi

Einnig í  
frammi

- Gæðastjórnun
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Rekstar- og viðskiptanam
- Matsfræði
- Framkvæmdarferli mannvirkjagerðar – fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör


Umsóknarfrestur er til  
**1. desember**

nema í Framkvæmdarferli mannvirkjagerðar  
og Matsfræði sem er 20. janúar

Við hvetjum þig til að kynna þér námsbrautirnar

ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar  
sími 525 4444  
[endurmenntun.is](http://endurmenntun.is)



Hafðu samband  
sími 444 7000 \* [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

Vefslóð bankans  
er [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

 Arion banki





„Þóra er stórskemmtileg persóna; kaldhæðin, myndin og berst hetjulega við að finna jafnvægi milli einkalífs og vinnu.“  
– Guardian

# „TVÍMÆLALAUST Í HÓPI FREMSTU GLÆPASAGNAHÖFUNDA NORÐURLANDA“

THE TIMES



Þóra Guðmundsdóttir lögmaður reynir að fá endurupptekið mál fatlaðs manns sem situr inni á Sogni fyrir að kveikja í sambýli með skelfilegum afleiðingum. Ungum útvarpsmanni berast torkennileg skilaboð og ógnvekjandi símtöl. Og látin stúlka sækir í að standa við fyrirheit um að passa lítinn dreng. Saman fléttast þessir þræðir í glæpasögu sem fær hárin til að rísa.

Yrsa Sigurðardóttir bregst ekki dyggum lesendum sínum í magnaðri glæpasögu!





**JÓLALJÓS Í PARÍS** Nýr jólaljósaskúlptúr er risinn í París og sést þarna á milli Eiffeltúrnins og stóra skemmtihjólins á Concorde-torgi.

NORDICPHOTOS/AFP

Örnefnanefnd hefur síðustu ár tekið afstöðu til mun fleiri nafngifta en áður var:

## Vinnur með menningararfinn

**MENNING** Alls hafa 184 tilkynningar um ný nöfn borist Örnefnanefnd, sem er stjórnsýslunefnd innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins, á síðustu þremur árum. Meirihluti þeirra hefur verið samþykktur en um þriðjungi verið vísað frá eða hafnað.

Nefndin er byggð á gömlum grunni og á rætur sínar að rekja til laga um nýnefni býla og nafnbreytingar frá árinu 1913. Þá þótti lagasetning nauðsynleg þar sem nafnbreytingar á gömlum bæjarheitum voru tíðar. Örnefnanefnd var síðan komið á fót árið 1935.

Hlutverk nefndarinnar er þrjúþætt. „Aðalstarf nefndarinnar er að taka afstöðu til nýrra bæjarnafna en það er óheimilt að þinglýsa nýjum jörðum eða skikum áður en nefndin hefur lagt blessun sína yfir nafngiftina,“ segir Þóra Björk Harðardóttir, formaður nefndarinnar, sem heldur erindi um starf nefndarinnar í Háskóla Íslands í dag.

Samkvæmt reglugerð skal nefndin í störfum sínum miða að varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd og að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og málvenjur.

- shá

### DÆMI UM ÖRNEFNI

#### Samþykkt:

- Langabará
- Laugamyri
- Lind
- Lækjartún II
- Miðhóll
- Skálarími
- Stórhóll

#### Synjað:

- Aðalból
- Austurgarður
- Áning
- Ásgarður
- Barkarstaðaskógur
- Bjarmaland
- Demantsklettur
- Demantslækur

Viðmið: Örnefni þurfa að vera í samræmi við staðhætti og vera viðeigandi, dregin af örnefni í nágrenninu og vera sögulega rétt.

Mikið ræktað í Reykjavík:

## Þúsund garðar voru ræktaðir

**FÉLAGSSTARF** Ekki færri en 423 grunnskólabörn og 117 leikskólabörn tóku þátt í starfi Skólagarða Reykjavíkur í sumar.

Tæplega þúsund matjurtagarðar voru ræktaðir sumarið 2009 hjá Reykjavíkurborg. 751 garður var í ræktun á vegum Skólagarða Reykjavíkur, 180 í Skammadal fyrir almenning og 61 garður í samstarfi Garðyrkjufélags Íslands og Reykjavíkurborgar. Aukinn fjöldi matjurtagarða var Grænt skref í Reykjavík árið 2009 og var 200 görðum bætt við.

Mikil aðsókn var í garðana, segir í ársskýrslu Skólagarða Reykjavíkur.

- shá



Hafðu samband  
sími 444 7000 • arionbanki.is

# 444 7000 Þjónustuver Arion banka

Þjónustuverið er opið kl. 09:00 - 18:00 alla virka daga og á laugardögum kl. 11:00 - 16:00.



**INNHEIMTA** Íslandsbanki veit ekki til þess að fleiri en Sigurður Örn Zoëga Gunnarsson hafi fengið slíkan fjölda eintaka af sama innheimtubræfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðskiptavini Íslandsbanka brugðist eftir mistök:

## Fékk 40 samhljóða innheimtubríf

**NEYTENDUR** Viðskiptavini Íslandsbanka brá heldur í brún þegar hann fékk fjörutíu samhljóða innheimtubríf inn um pósthúsið á fimmtudag. Þar var honum tilkynnt að íbúðalán hans hjá bankanum væri komið tuttugu daga yfir gjalddaga.

„Mér finnst þetta fyrst og fremst kjánalegt,“ segir Sigurður Örn Zoëga Gunnarsson. „Ég get skilið að öll þessi eintök séu prentuð út vegna tölvumistaka, en ég skil ekki að einhver setji þau öll í umslög og setji þau í póst.“

Gunnar Kristinn Sigurðsson, sérfræðingur á samskiptasviði Íslandsbanka, segir að eftir athugun innan bankans finnst engar skýringar á því hvers vegna svo mörg bréf hafi

verið send. Verið geti að það tengist því að íbúðalán hafi verið færð í nýtt tölvukerfi, en einnig geti vandamálið legið hjá Reiknistofu bankanna, sem sér um að senda bréfin.

Gunnar segist ekki hafa heyrt af fleiri viðskiptavinum sem hafi fengið innheimtubríf í fleiri en einu eintaki.

Í innheimtubræfunum sem Sigurður fékk kemur fram að hann þurfi að greiða 1.200 króna kostnað fyrir að greiða ekki á réttum tíma. Póstburðargjald fyrir fjörutíu bréf nemur 2.800 krónum, þannig að kostnaðurinn dekkar ekki útgjöldin við svo viðamiklar bréfasendingar.

- bj



Handa  
ömmu og afa  
sem eiga allt

## Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000



Skorað á biskup Íslands:

## Selfyssingar vilja kjósa prest

**ÞJÓÐKIRKJAN** Helmingur atkvæðisbærra sóknarbarna Selfossprestakalls hefur skrifað undir kröfuskjal til Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, þess efnis að nýr sóknarprestur verði kosinn í almennum prestskosningum. Verður Karli afhent skjalið í dag.

Á Kirkjuþingi 2009 var samþykkt að sameina Hraungerðisprestakall og Selfossprestakall. Í fréttatilkynningu segir að sóknarbörn á Selfossi sætti sig ekki við að sóknarprestur Hraungerðisprestakalls taki sjálfkrafa við embætti sóknarprests í hinu sameinaða prestakalli, enda sé stærðarmunur á söfnuðunum gríðarlegur. Tæplega 500 manns búa í Hraungerðisprestakalli en 6.600 íbúar eru á Selfossi.

- shá





**Bjóðum 30% afslátt af öllum vörum til jóla!**

**Nýkomin sending af sófasettum, stökum sófum og stólum í leður- og tauáklæði**



**Gaia: 3+1+1 Camel og drapplitað tauáklæði.**  
Gaia: 3+1+1 Creme og antikbrúnt leðuráklæði.



**Islandia borðstofulínan frá Spáni.**  
Fáanleg í eik og hnotu, öll borð stækkanleg.



**A-529: Snúningsstóll.**  
Leður: Hvítt, svart og brúnt.



**601: 3+1+1 / 3+2. Leður: Hvítt, svart og brúnt.**



**1195: 3+1+1 / 3+2. Leður: Hvítt, svart og brúnt.**



**1173: 3+1+1. Leður: Hvítt, svart og brúnt.**

**HEIMA  
HÚSIÐ**

heima  mood lifum

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is)

**Opið í dag, laugardag 11-16,  
á morgun, sunnudag 13-16.**



ÓKEYPIS  
SKEMMTUN  
FYRIR ALLA  
FJÖLSKYLDUNA

JÓLAÆVINTÝRI Í  
VETRARGARÐINUM  
LAUGARDAG OG  
SUNNUDAG KL. 14

# JÓLA

## Jólin eru komin í Smáralind!

Þjóddu fjölskyldunni að upplifa Jólævintýrið, skreyttar verslanir, sneisafullar af jólavörum, frábæra matsölustaði og alls konar skemmtilegar uppákomur.

Láttu jólaskapið koma til þín – í Smáralind



# ÆVINTÝRI Í SMÁRALIND



## Dagskráin 28. nóvember

**KL. 14** Ókeypis frumsýning á Jólaævintýri í Vetrargarðinum með landsliði íslenskra leikara. Kveikt á jólatrénu í Vetrargarðinum.

**KL. 14** Piparkökumálun Kötlu – allir krakkar  
**TIL 16** fá gefins hjarta til að mála

**KL. 15** Kvenna- og Karalakórar Kópavogs syngja saman jólalög

**KL. 15** Myndataka með jólasveininum

**Pakkajól Bylgjunnar**, pakkajólatréð er við Eymundsson.

Opið til kl. **18** um helgina

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA  
Verlanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19  
lau 11-18 og sun 13-18 / [www.smaralind.is](http://www.smaralind.is) / 528 8000

 Smáralind



Brýnt er að skilgreina nauðgunarhugtakið upp á nýtt í lögum.

## Nauðgun án frekari valdbeitingar

### STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

**O**fbeldi gegn konum er mun algengari ástæða fyrir heilsubresti kvenna en umferðarslys og malaría samantlagt. Þetta er sláandi fullyrðing en sönn.

Nú stendur yfir árlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Markmið 16 daga átaksins er að vekja athygli á að kynbundið ofbeldi ógnar lífi og heilsu kvenna um allan heim og ekki síður að knýja á um afnám þess.

Okkur er alltaf hollt að vera minnt á það grimmilega ofbeldi sem konur verða fyrir um víða veröld og hver hönd sem lögð er á plóginn í vinnunni gegn því er mikilvæg.

Staða íslenskra kvenna er vissulega sterk miðað við stöðu kvenna víða annars staðar. Hitt má ekki gleymast að verkefni eru næg hér heima fyrir. Á síðasta ári leituðu til dæmis 547 einstaklingar til Stígamóta og það sem af er þessu ári hafa 530 konur leitað til Kvennaathvarfs.

Niðurskurðarhnífurinn hefur hangið yfir neyðarmóttöku kvenna um nokkurt skeið. Tilkoma neyðarmóttökunnar var bylting í móttöku þeirra sem fyrir þeirri óhamingju verða að vera nauðgað. Yfirlýsing Jóhannu Sigurðardóttur við upphaf 16 daga átaksins um að staðið yrði vörð um neyðarmóttökuna í niðurskurðarvinnunni er því mikið gleðiefni.

Fréttir um að aldurshópurinn tólf til átján ára sé stærsti einstaki hópurinn sem til neyðarmóttökunnar leitar segja sína sögu um það grimmilega ofbeldi sem fer fram, einnig gegn stúlkum á barnsaldri, hér á landi.

Það er algert lágmark að ekki verði dregið úr þeirri þjónustu sem þegar er veitt konum og stúlkum sem verða fyrir nauðgun. Næsta skref er að fjölga kærnum, ákærum og dómum í þessum málaflokki og lokamarkmiðið getur aldrei verið annað en að útrýma óværunni.

Skilgreiningin á orðinu nauðgun samkvæmt orðabók er að hafa samfarir við manneskju gegn vilja hennar. Þóráð Elva Þorvaldsdóttir bendir í bók sinni Á mannamáli sem út kom fyrr í haust að skilgreiningin á nauðgun samkvæmt núgildandi íslenskum lögum sé með öðrum hætti. Ákærvaldið verði að sanna að kynmök hafi verið knúin fram með valdbeitingu, þ.e. ofbeldi, hótun um ofbeldi eða annars konar ólögðmætri nauðgun.

Í engilsaxneskum rétti er nauðgun hins vegar skilgreind út frá samþykki. Samræði telst sem sagt nauðgun ef annar aðilinn er því ekki samþykkur, jafnvel þótt hann, eða öllu heldur hún í flestum tilvikum, verjist ekki. Valdbeitingin er þannig ekki þáttur í skilgreiningu á nauðgunarhugtakinu í engilsaxneskum rétti fremur en í íslensku orðabókinni.

Fyrir liggur að starfi eða getuleysi til athafna eru náttúruleg viðbrögð við áfalli. Því er ljóst að nauðgun getur átt sér stað, og á sér oft stað, án þess að viðnám sé veitt. Glæpurinn er hins vegar nákvæmlega sá sami því líkamlegir áverkar blikna samanborið við þá andlegu áverka sem af nauðguninni hljóttast.

Það væri því mikil réttarbot að nauðgun væri skilgreind í lögum út frá samþykki fremur en valdbeitingu. Þetta er eitt fjölmargra verkefna í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi heima fyrir.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmasdóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jr @frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnit blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Skóli · Íþróttir · Tómstundir

### Í AUSTURBÆ OG HLÍÐUM

Opinn íbúafundur um menntamál og íþrótt og tómstundamál í Austurbæ og Hlíðum verður haldinn í Hlíðaskóla mánudaginn 30. nóvember kl. 17:30

**Frummælandi:** Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs og íþrótt- og tómstundaráðs.

**Sjónarmið íbúa:** Steinunn Þórhallsdóttir, formaður íbúasamtaka Hlíða, Holta og Norðurmýrar.

**Fundarstjóri:** Stefán Jóhann Stefánsson

Fjallað verður um skólahald, íþróttir og tómstundamál og farið yfir stöðuna í uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja í hverfunum. Þá verður kynnt vinna við mótun nýrrar menntastefnu á vegum Reykjavíkurborgar. Að lokum inngangserindum verða umræður með þátttöku íbúa og fulltrúa frá Menntasviði og Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Góð áform fóru út um þúfur

**F**yrr viku lét forsætisráðherra þau boð út ganga að öllum hindrunum yrði rutt úr vegi nýs álvers í Helguvík. Fram til þessa hefur stefnumótun í orkunýtingarmálum alfarið verið á höndum VG þó að Samfylkingin fari með málaflokkinn að nafninu til.

Í þessu ljósi var yfirlýsing forsætisráðherra mikilvæg. Hún var skýr vísbending um að forsætisráðherra hygðist ekki láta þröngsýni VG ráða ferðinni deginum lengur.

Við stjórnarmyndunina sam-mæltust stjórnarflokkarnir um að láta þær ákvarðanir standa sem þegar höfðu verið teknar varðandi álver á Bakka og í Helguvík. Almennt var litið svo á að með þessu hefði ríkisstjórnin ákveðið að vinna skilyrðislaust að fram-



ÞORSTEINN PÁLSSON

gangi þessara mikilvægu verkefna. Síðar kom á daginn að VG túlkaði samkomulagið á þann veg að ekki ætti að ógilda fyrri ákvarðanir. Flokknum væri hins vegar frjálst að trufla eða bregða fæti fyrir framkvæmdirnar þegar kæmi að ákvörðunum sem eftir ætti að taka svo að þær gætu orðið að veruleika.

Fyrir þá sök hefur stefnan í orkunýtingarmálum verið í uppnámi. Yfirlýsing forsætisráðherra átti að eyða þeirri óvissu. Því miður fóru þau góðu áform út um þúfur. Forysta VG sagði einfaldlega að

forsætisráðherra ætti að hugsa sig tvisvar um áður en hann opnaði munninn um þessi mál.

Óvissan um framgang þessara mála er því jafn mikil eftir ræðu forsætisráðherra sem áður. Engin merki eru heldur um að ríkisstjórnin ætli að hafa forystu um fjárhagslega endurskipulagningu orkufyrirtækjanna. Sá vandi verður traúla leystur nema með erlendra fjárfestingum.

Samfylkingin gerði mikilvæga pólitíska málamiðlun í síðustu ríkisstjórn sem opnaði möguleika á að nýta erlent fjárfestingarfjármagn nú að þeir möguleikar verði nýttir. Forsætisráðherra veit að ríkisstjórnin í heild er ábyrg fyrir þeim tölum á viðreisni Íslands sem þessi þröngsýni veldur.

## Von og raunsæi

**S**eðlabankastjóri boðar batnandi hag. Hann sér fyrir afnám gjaldeyris-haftanna og að viðskiptabankastarfsemin verði komin í eðlilegt horf innan tíðar. Þetta eru góðar fregnir.

Sýnin er björt. Mikilvægt er að þeir sem ábyrgð bera á peningamálastjórn landsins séu ekki fullir af bölmóði. Spár af þessu tagi þurfa eigi að síður að byggja á gildum og sýnilegum rökum. Að öðrum kosti er hætt við að trúveruðleikinn brestir.

Á dögnum var frá því greint að tekin hefði verið ákvörðun um fyrsta áfanga í afnámi gjaldeyris-

haftanna með því að opna fyrir gjaldeyrisfærslur inn í landið. Reyndar er lítt skiljanlegt að það bann skuli í upphafi hafa verið hluti af höftunum.

Þessi tilslökun var sýndarleikur. Um leið voru teknar ákvarðanir sem fólu í sér að í reynd var verið að herða hin raunverulegu gjaldeyrishöft. Það er eðli hafta að þau þarf stöðugt að þrengja svo að þau haldi.

Öll þau gögn sem liggja á borðinu um þjóðhagsstærðir og neikvæð viðhorf stjórnmála til aukinnar verðmætasköpunar benda til þess að hættan á innflutningshöftum sé að öllu óbreyttu

jafn mikil og vonin um afnám gjaldeyrishaftanna. Seðlabankastjóri þarf því að skýra mál sitt betur.

Komið er á fjórða ár síðan núverandi aðstoðarseðlabankastjóri sagði að ávinningurinn af sjálfstærri mynd væri minni en enginn. Um þetta var ágreiningur í Seðlabankanum sem ekki tókst að leysa. Núverandi seðlabankastjóri hefur ekki enn sýnt hvort breyting hafi orðið þar á.

Spurningin snýst þó um þá undirstöðu sem undurreisn þjóðarbúskaparins hvílir á. Ríkisstjórnin er klofin í þessum efnun. Hvar stendur Seðlabankinn?

## Hæsta ávöxtunin

**Ú**r röðum framsóknarmanna og sjálfstæðismanna heyrir að auka eigi aflaheimildir þvert á ráðgjöf vísindamanna. Ekki verður sagt að búhyggindi búi þar að baki.

Þau vísindi sem fiskveiðiráðgjöfin byggir á hafa að sönnu ekki fært okkur að endimörkum þekkingar á þessu sviði. Þau eru hins vegar besta vitneskjan sem völ er á. Það sem meira er: Vísindamenn okkar njóta alþjóðlegrar viðurkenningar.

Eina viðmiðið um sjálfbæra

nýtingu er að fylgja vísindalegum ráðleggingum um heildar-afla. Þrátt fyrir ýmis áföll hefur það reynst vel. Á mörkuðum með sjávarafurðir er nú í vaxandi mæli gerð krafa um að sýnt sé fram á að hráefnið eigi uppruna sinn þar sem stundaðar eru sjálfbærar veiðar. Veiðar eftir vísindalegri ráðgjöf eru eina haldreipið á þeim vettvangi.

Um leið og byrjað er að gefa eftir, þó að í smáum stíl sé, halda engin bönd. Það sýnir gömul reynsla okkar sjálfra og annarra þjóða. Það eitt gildir því að standa

fast á markaðri nýtingarstefnu.

Sjávarútvegsráðherra gaf í byrjun til kynna að hann yrði ábyrgur í þessum efnun. Nú er hann að innleiða flest af því versta úr fiskveiðistjórnun ýmissa Evrópusambandsríkja. Það leiðir bæði til óhagkvæmni í rekstri og ofveiði. Skötuselsákvörðun ráðherra á dögnum er annað skrefið á þessu ári í þá átt.

Engin eign mun á komandi árum skila hærri ávöxtun en vaxandi fiskistofnar ef hyggilega er að málum stæði. Við þurfum á þeirri arðsvon að halda.



# EINSTÖK UPPLIFUN

ASPEN - NÚ Á SAMA VERÐI  
OG SKÍÐASVÆÐIN Í EVRÓPU

## SKÍÐAFERÐIR ASPEN Í VETUR

DAGS: 9.-20. JAN / 11.-22. FEB / 26. FEB -9. MAR / 12.-23. MAR

ASPEN  SNOWMASS  
PREFERRED TRAVEL PARTNER

verð frá:

kr. **350.000-**  
á mann í tvíbýli í 11 nætur\*



**Innifalið:** Flug með Icelandair til Boston ásamt flugvallasköttum og eldsneytisgjaldi. Gisting í eina nótt nótt í Boston, flug frá Boston til Aspen með flugvallasköttum og eldsneytisgjaldi, gisting í tíu nætur í Aspen með morgunverði og aðgengi að heilsulind og líkamsræktarstöð hótelsins.

Skráðu þig í netklúbbinn okkar á [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is) eða í síma 534 5000

**GB** FERÐIR  
[www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is)

ICELANDAIR



samstarfsaðili GB ferða



VIÐ ERUM Á  
FACEBOOK



# Dómskerfið: Annar möguleiki í stöðunni

## UMRÆÐAN

Haraldur I. Birgisson skrifar um gerðardóma

Burðir dómstóla til að sinna eftirköstum efnahagshrunsins hafa verið í kastljósinu að undanfögnu. Aukinn mála-fjöldi á nær öllum sviðum hefur valdið töluverðu álagi á dómskerfið og allar líkur eru á að framhald verði á þeirri þróun, líkt og kom fram í nýlegri ályktun Lögmannafélags Íslands. Þar hefur sérstaklega verið bent á stórfellda aukningu í munnlega fluttum einkamálum, ágreiningsmál vegna gjaldþrota,



HARALDUR I. BIRGISSON

sakamál og tilkomu greiðslu-aðlögunarmála.

### Aukið álag, aukinn kostnaður

Að mati margra er afar brýnt að brugðist verði hið fyrsta við þessari stöðu, m.a. með auknum fjárhagslegum stuðningi hins opinbera við dómstóla landsins. Með því mætti a.m.k. tíma-bundið fjölga dómurum, aðstoðarmönnum og öðru starfslíði dómstólanna og þar með tryggja frekar faglega, skjóta og réttláta málsmeðferð í öllum málum. Full ástæða er til að taka þessi tilmæli alvarlega enda er mikilvægi skilvirkra og faglegra dómstóla engum vafa undirorpið. Að þessu leyti eru skjót

viðbrögð stjórnvalda skiljanleg, en dómsmálaráðherra kynnti nýverið ríflega aukafjárveitingu til þessa málaflokks.

### Leið til að létta álagið

Að því sögðu má hins vegar velja því upp hvort styrkja megi dómskerfið með öðrum og hagkvæmari úrræðum sem miða að því að létta álagi af dómskerfinu. Ein leið í þeim efnum væri frekari nýting gerðardóma í þeim mikla málafjölda sem liggur fyrir dómstólum landsins, en þar bera málsaðilar allan kostnað af rekstri mála. Lítið er því til fyrirstöðu að nær öll munnlega flutt einkamál, sem eru iðulega ríflega þriðjungur allra mála héraðsdómstóla, fari um farveg gerðarmeðferðar. Þannig mætti skapa dómstól-

um umtalsvert ráðrúm til athafna og ná um leið stórum hluta þeirra markmiða sem auknar opinberar fjárveitingar þyrfti annars til.

Jafnvel þó að aðeins tiltekinn hluti einkamála færi fyrir gerðardóma mætti ná fram ríflegri viðbótarskilvirkni í dómskerfinu. Hér vísast einna helst til einkamála sem geta verið umtalsverð í umfangi, en hvert og eitt slíkt mál getur skipt miklu fyrir skjóta úrlausn fjölda annarra mála fyrir dómstólum. Eru þetta fyrst og fremst einkamál innan íslensks atvinnulífs sem leitt hafa af hrúni bankanna, líkt og uppgjör á gjaldmiðlaskiptasamningum, ýmis skuldaúrvinnumál og önnur mál þar sem ljóst er að dómur þyrftu að kalla til sérfróða meðdómendur. Mál af þessum toga, sem mörg hver hafa virkað sem flöskuháls í endurreisnarstarfinu, mætti leysa á tiltölulega skömmum tíma fyrir gerðardómi skipuðum af sérfræðingum í viðkomandi mála-flokkum.

### Þörf á virkari gerðardómum

Með frekari nýtingu gerðardóma í dómskerfinu má bæði standa vörð um útgjöld ríkissjóðs og faglega meðferð mála fyrir dómstólum í veigamiklum opinberum málum, um leið og leyst yrði úr stórum sem smáum einkamálum í skipulegum og alþjóðlega viðurkenndum farvegi gerðarmeðferðar. Í ljósi þess að núverandi efnahagsástand, með fjölda munnlegra fluttra einkamála í sögulegu hámarki, eykur enn á vanda dómskerfisins og þess að opinbert fjármagn er af skornum skammti er full þörf fyrir dómskerfið, ríkissjóð og skattgreiðendur að gerðardómar verði nýttir með virkari hætti en verið hefur á undanfögnu árum.

### Ótvíræðir kostir

Það eru ekki einvörðungu hagræn- ar ástæður að baki fýsileika gerð-

ardóma, né heldur ástæður er varða eingöngu skilvirkni dómskerfisins. Þannig ættu málsaðilar í einkamálum af ýmsum toga almennt að sjá hag sinn í því að bera ágreining sinn undir gerðardóma vegna þeirra kosta sem þeir hafa umfram dómstóla. Þessir kostir eru einna helst nær algert forræði málsaðila á málsmeðferðinni, t.a.m. með skipan sérfróðra gerðardómara, hóflegur málskostnaður, skjót málsmeðferð og trúnaður um málalýktir. Þá er ótalið að með virkari nýtingu gerðardóma væri verið að færa úrlausnarfyrirkomulag ágreiningsmála hjá einkaaðilum nær því horfi sem tíðkast hefur víðast hvar erlendis, þar sem stór hluti einkamála fer fyrir gerðardóma án tilkostnaðar af hálfu hins opinbera.

### Umgjörðin til staðar

Þó að gerðardómar hafi ekki verið fyrirferðarmiklir á undanfögnu árum er Ísland fjarri því að vera eyland í þessum efnum. Gerðardómar hafa verið starfræktir í áratugi hérlendis, en elstur þeirra er gerðardómur Viðskiptaráðs sem stofnaður var árið 1920. Auk þess hefur fjöldi lögmanna reynslu af slíkum mála-rekstri og ört stækkandi hluti þeirra hefur einnig sótt sér viðbótarnám á þessu sviði. Háskólar landsins hafa jafnframt sýnt gerðardómum aukinn áhuga á undanfögnu árum, en ekki er langt síðan lið Háskólans í Reykjavík hafnaði í 5.-8. sæti í alþjóðlegri gerðardómskeppni. Þá er löggjöfin til staðar, þó að hún þarfnist ákveðinnar uppfærslu og þá einkum til að sinna stórum alþjóðlegum málum í samræmi við það sem best gerist erlendis.

Á þessum grunni reynslu og metnaðar er um að gera fyrir dómskerfið, ríkissjóð og íslenskt atvinnulíf að byggja meir á, bæði nú og til framtíðar.

Höfundur er lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.



## Laugardalurinn í nýju ljósi

### Ævintýraleiðangur fyrir alla fjölskylduna

Ljómandi borg býður til ævintýragöngu laugardagskvöldið 28. nóvember. Hönnunarhópurinn Guerrilla Lighting leiðir okkur um Laugardalinn og lýsir staði og byggingar á nýstárlegan hátt.

Lagt er af stað frá Laugardalshöll kl. 19.30 og endað á Kaffi Flóru í Grasagarðinum rúmum klukkutíma síðar. Þar verður boðið upp á heitt kakó og myndasýningu.

### Ljómandi sunnudagur

Joaquín Páll Palomares og Nína Margrét Grímsdóttir flytja barokksónötur Bachs í Gerðubergi kl. 13.15.

Sunnudagar eru barnadagar á aðalsafni Borgarbókasafns. Kristín Arngrímsdóttir stýrir jólafondri kl. 15.

Nánari upplýsingar á [www.reykjavik.is/ljomandi](http://www.reykjavik.is/ljomandi)



## Helgartilboð

CD-Rom diskur ~~4.395,-~~  
fylgir með 3.495,-

ÍÐA



Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 - 22.00

## Tveggja leikja ferð til Manchester

### Flugsæti

Verð frá **94.500 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktar

\* Verð án Vildarpunkta: 104.500 kr.

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, rútur til og frá flugvelli erlendis og miði á báða leikina.

Gist verður á Novotel hótlinu í miðborg Manchester. Flugið með áætlunarflugi Icelandair.

Nánari upplýsingar og bókanir: [tonsport@vita.is](mailto:tonsport@vita.is)



Ferðaskrifstofan VITA býður upp á ferð á tvo leiki til Manchester 15.-18. janúar.

Man.Utd - Burnley | Bolton - Arsenal

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is



# Allt fyrir jólin!

Tilboðin gilda 28. - 29. nóvember 2009



2,7 MTR. HVÍT  
**1.490,-**

**GÓÐ KAUP**

2,7 MTR. GRÆN  
**890,-**

**Grenilengjur**  
Fallegar grenilengjur.  
Lengd: 2,7 metrar.  
Græn 890,-  
Hvít 1.490,-



DAGATASKERTI 1 STK.  
**249,-**

VERÐ ÁÐUR 1.290,-  
**990,-**

**23%  
AFSLÁTTUR**



**Aðventuljós**  
Falleg aðventuljós,  
fást í rauðu, hvítu eða  
viðarlit. Frábært verð!

SOFSKÁLAR 20 STK.  
**299,-**



ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ:  
**1.390,-**



**Inni- og útiólaseriur**

Mismunandi stærðir og margir litir. Frábært verð! Inniseriur: 20 ljósa 299,- 50 ljósa 690,- 100 ljósa 1.490,- Útiseriur: 40 ljósa 1.390,- 96 ljósa 2.990,- 200 ljósa 3.990,- 320 ljósa 6.990,-

INNISERÍUR VERÐ FRÁ:  
**299,-**



4 STK.  
**299,-**

**KERTI  
Í MIKLU  
ÚRVALI!**

**RUSTIC  
kerti**  
Góð kerti í  
mörgum fall-  
egum litum. 4  
stk. að eigin  
vali aðeins  
299,- 1 stk.  
79,-



**25%  
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR 3.990,-  
**2.990,-**

**SNOWBIRDS  
jólældhúsgardínur**  
Fallegar eldhúsgardínur.  
Einnig fánlegar í hvítu.  
Efni: 100% polyester.  
Stærð: 90 x 225/55  
x 250 sm.

**30%  
AFSLÁTTUR**



VERÐ ÁÐUR 12.900,-  
**8.990,-**

**MAGNUS  
skrifborðsstóll**  
Skrifborðsstóll á  
krömfæti með  
stillanlegu baki  
og setu. Þverband  
í baki. Hægt  
að rugga.  
Litur: Svartur.

**MONA  
sængurverasett**  
Flott, straufrítt  
sængurverasett.  
Efni: 55% polyester  
/ 45% bomull.  
Stærð: 140 x 200  
sm. og koddaver  
50 x 70 sm.

VERÐ ÁÐUR 1.490,-  
**990,-**



**33%  
AFSLÁTTUR**



**30%  
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR 12.900,-  
**8.900,-**

**hoie**

**HÖIE GREENFIRST thermosæng**  
Sérlega góð, rykmauðráfrí sæng. Fyllt með 3D holtrefjum sem eru um helmingi léttari en venjulegar trefjar. Því er mun meira magn af trefjum en í flestum sængum. Aklæði: Bómull. Stærð: 140 x 200 sm.

**LEIKFÖNG  
Í MIKLU  
ÚRVALI!**



PÚSLUSPIL  
**499,-**

**GJAFIR  
Á FRÁBÆRU  
VERÐI FYRIR  
ALLA!**

**Jólapappír, pakkabönd  
og merkimiðar**  
Mikið úrval af fallegum  
jólapappír. Einnig pakkabönd  
og merkimiðar. Frábært verð!

1 RÚLLA 70 X 200 SM.  
**179,-**

6 STK. MERKIMIÐAR  
**99,-**



5 RÚLLUR  
**289,-**

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)







**Vöflur kl. 13-15** Gómsætar vöflur með rjóma og sultu í öllum verslunum bæði laugardag og sunnudag.

# VEISLA

ALLA HELGINA Í BYKO

## Bingó kl. 13

Laugardag í BYKO KAUPÚNI

Eigðu góða stund með fjölskyldunni og taktu þátt í skemmtilegu jólabingói með glæsilegum vinningum.

Fritt að spila.



## Kaffihlaðborð kl. 15-17

Laugardagur í BYKO KAUPÚNI

Glæsilegt kaffihlaðborð fyrir aðeins 790 kr.



**sodastream**

## Kynning kl. 13-15

Laugardag

í BREIDD, KAUPÚNI og GRANDA

Kynning frá kl. 13-15 á þessu nýtsama tæki sem sló í gegn í sumar eftir langa fjarveru á Íslandi.



## Jólauppboð kl. 14

Sunnudag í BYKO BREIDD

Hið sívinsæla uppboð er nú komið í jólabúning. Flottar vörur slegnar hæstbjóðanda. Gerðu frábær kaup!

## Víkingaspilið

Laugardag í BYKO BREIDD

Höfundarnir Svali og Sölvi kynna hið rammíslenska víkingaspil.



## Eldvarnarkynning kl. 14-17

Laugardag í BYKO KAUPÚNI

Sunnudag í BYKO BREIDD

Öruggara heimili um jólin.

## Brauðblanda og brauðvél kl. 14-17

Laugardag í BYKO KAUPÚNI

Sunnudag í BYKO BREIDD

Kynning á hinni geysivinsælu brauðblöndu frá **KORNAX**

## Harmonikka kl. 13-15

Laugardag

í BYKO GRANDA

Margrét Arnardóttir spilar skemmtileg jólalög.



## Kór kl. 13

Sunnudag í BYKO BREIDD

Kársneskórinn syngur falleg jólalög.

BYKOKlúbbs tilboð



24%  
afsláttur

9.900

Fullt verð: 12.990



Vnr. 41119003

## Pottasett

Pottasett 4 pottar með loki. Fyrir allar gerðir af hellum og einnig spanhellur.



# 25%



299 kr./lm.

Fullt verð: 399

Vnr. 88948640/4-5

## Slönguljós

Slönguljós inni og úti, 13 mm, rautt, glært eða marglit.



2.245

Fullt verð: 399

Vnr. 88949750/62

## Innisería

Stjörnusería 24 ljósa eða 36 ljósa.



# BYKO KLÚBBURINN

Allir sem eru með Viðskiptakort BYKO eru sjálfkrafa í BYKO klúbbum. Þú getur gengið í BYKO klúbbinn á [www.BYKO.is](http://www.BYKO.is) eða í næstu BYKO verslun. Enginn kostnaður, Engin skuldbinding.

Opnunartímar um helgina: BREIDD – lau. 10-18 – sun. 11-17 / KAUPÚN – lau. 10-18 / GRANDI – lau. 10-17 – sun. 11-16 / SUÐURNES – lau. 10-14



BYKOKlúbbs tilboð



**32% afsláttur**

**2.990**  
Fullt verð: 4.390

Vnr. 41118002  
**Samlokugrill**  
Samlokgrill, 700 W.

BYKOKlúbbs tilboð



**25% afsláttur**

**1.490**  
Fullt verð: 1.990

Vnr. 41119018  
**Glasasett**  
Glasasett 18 stk.

BYKOKlúbbs tilboð



**6.990**  
Fullt verð: 9.990

**30% afsláttur**

Vnr. 74804119  
**Rafhliðuborvél**  
ENHELL rafhliðuborvél 18V,  
2 rafhliður, skrúfbitasett og tösku.

Jólaundirbúningurinn byrjar í BYKO

Gildir 28. - 29. nóv.

**afsláttur af öllum jólaseríum**



Gefðu nýtsamlega jólagjöf

**2.590**

**Jól í BYKO!**

**9.900** **399**

Nýtt jóla BYKOblað komið inn á öll heimili!



**Verð frá 1.090**  
Fullt verð: 1.490

Vnr. 88900722-67  
**Útiseriur**  
Útisería, 40/60/80 eða 120 ljósa, marglit, blá, græn eða rauð.



**Verð frá 289**  
Fullt verð: 385

Vnr. 88949620-96  
**Inniseriur**  
Innisería, 10/20/35/50 eða 100 ljósa, glærar, rauðar, hvítar eða marglitar perur.

Vnr. 88902999-3017  
**Jólatré**  
Ljósá jólatré, hvítt eða grænt, 90cm-180cm.

90 cm **8.990 kr.**  
150 cm **13.990 kr.**  
180 cm **18.990 kr.**

**Verð frá 8.990**

Við mælum með að úða öll útljósatré með sílikonsprey til að tryggja betri endingu.



**990**

Vnr. 88900954-65  
**Gluggaskraut**  
Gluggaskraut, 50 ljósa með glærum eða marglitum perum.



**Verð frá 1.490**  
Fullt verð: 1.990

Vnr. 88900789-94  
**Innisería**  
Ljósagardína, LED ljós, blá eða hvít, 12 eða 36 ljósa.

**LUKKULEIKUR**

Allir sem eru í BYKO klúbbum og versla í BYKO um helgina eiga möguleika á að vinna eitt af fimm 10.000 kr gjafabréfum. Dregið á mánudaginn 30. nóv.

Tilkynnt verður um vinningshafa á heimasíðu BYKO [www.BYKO.is](http://www.BYKO.is)





## Er um við of kærulaus?

### UMRÆÐAN

Sigurlaug Hauksdóttir skrifar um alþjóðlega baráttudaginn gegn HIV/alnæmi 1. desember



SIGURLAUG HAUKSÓTTIR

Kynlíf líta flestir á sem mikilvægan hluta af sjálfum sér og lífi sínu. Það getur treyst sambönd og gefið lífinu meiri lit. Sé kynlíf stundad með ábyrgð veitir það gjarnan mikla ánægju og vellíðan, kraft og hamingju. Að ýmsu þarf að huga ef svo á að verða. Gagnkvæm virðing, traust og hlýja þarf að ríkja milli þeirra sem í hlut eiga auk virðingar fyrir sjálfum sér. Einnig þarf að koma til þroski til að kunna að tjá sig, setja mörk og virða þau, gefa og þiggja og tryggja öryggi kynlífsins. Vanti eitthvað upp á getur það spilt ánægjunni. Skoðum síðastnefnda þáttinn – öryggið.

### Öryggið alltaf á oddinum?

Flestir standa sig vel, en tölfraðin segir að við gætum staðið okkur betur. Rannsókn á um 2000 ungmennum í 10. bekkjum grunnskólanna árið 2006 sýndi að 20% þeirra notuðu engar verjur við síðustu kynmök. Sumir notuðu bara pilluna en ekki smökk þó að pillan fyrirbyggi eingöngu þungun en verndi ekki gegn kynsjúkdómum. Rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk er samt duglegra að nota smökkinn en hinir eldri. Smökkurinn er og verður besta forvörn gegn kynsjúkdómum.

### Eru kynsjúkdómar algengir?

Tölfraðin segir okkur að Íslendingar eiga klamydíumet á Norðurlöndunum en um fimm manns greinast á dag, flestir á aldrinum 15–25 ára. Í hverjum mánuði greinast fjórir með lifrabólgu B, tæplega tveir

með lekanda og einn með HIV. Samkvæmt könnun læknanema árið 2008 hélt tíundi hver unglingur að HIV væri læknanlegur sjúkdómur, en hann er lífs-hættulegur taki maður ekki daglega inn lyf alla sína ævi. Nýleg rannsókn sýndi að 12% íslenskra kvenna 18–45 ára höfðu fengið kynfæravörtur, en HPV-veirur, sem valda vörtunum, geta einnig orsakað leghálskrabbamein. Í mörgum löndum er talið að um þriðjungur fólks sé með kynfæra-áblástur (herpes), en aðeins fjórði hver viti um smit sitt. Kynsjúkdómar eru algengari en mann grunar og smitist maður af einum þeirra greiðir það oft leiðina fyrir smitun á öðrum, m.a. á HIV.

### Hví smitast svona margir?

Sumir kynsjúkdómar eru einkennalausir og margir eru því grandalausir um að þeir séu smitaðir. Þótt kynfæri væru skoðuð með vasaljósi þurfa ekki að sjást nein einkenni eins og sár, úterföð eða bólur. Flestir stunda því kynlíf í góðri trú og telja sig jafnvel geta sýnt hinum aðilanum traust með því að sleppa smökknum. Þetta er í lagi, þekki maður í reynd eigið ástand og hins aðilans líka. Séu stunduð skyndikynni hefur maður í rauninni ekki aðeins mök við einn aðila heldur fjölda fólks sem bólfélaginn hefur sofið hjá áður og svo koll af kolli, og ekki ólíklegt að einhver þeirra sé með kynsjúkdóm, sem hann eða hún veit ekkert um. Það er því hvorki ráðlegt né traustvekjandi að sleppa smökknum í skyndikynnum.

Um tvær meginreglur er að ræða: Ef maður þekkir ekki nógu vel deili á hinum aðilanum skal alltaf nota smökk og nota hann rétt. Ef hins vegar á sér stað slyss, smökkurinn gleymist eða rifnar, þarf að fara sem fyrst til læknis í skoðun til að

kanna hugsanlegt smit. Líka þegar engin einkenni eru til staðar!

Suma kynsjúkdóma er hægt að lækna eins og klamydíu, lekanda og sárásótt. Aðra er maður með alla ævi eins og HIV, herpes og kynfæravörtur, en meðferð getur dregið úr alvarleika þeirra. Til er bólusetning fyrir ungar stúlkur gegn HPV-veirum sem aðstandendur greiða í dag.

### Hvert skal leita?

Allir geta farið í skoðun til heimilislæknisins/heilsugæslustöðina og á göngudeild húð- og kynsjúkdóma á Landspítalanum í Fossvogi. Þar vinna sérfræðingar í kynsjúkdómum. Þá er líka hægt að fara á Læknavaktina í Kópavogi sem er opin alla virka daga kl. 17–23.30 og um helgar. Konur geta jafnframt farið til kvensjúkdómalækna og karlar til þvagfæraskurðlækna.

### Kostnaður?

Ekki þarf að greiða komugjald á heilsugæslustöðvum ef einungis er leitað aðstoðar vegna mögulegra kynsjúkdóma. Meðferð og lyf við alvarlegustu kynsjúkdómum eins og HIV, sárásótt, lekanda og klamydíu er öllum að kostnaðarlausu. Fólk ætti endilega að nýta sér þessa þjónustu betur, því sjálfu og öðrum til góds.

### Hvað viltu?

Við burstum tennur til að forðast tannskemmdir. Ættum við ekki að sama skapi að nota smökkinn í skyndikynnum til að fyrirbyggja kynsjúkdóma? Öryggi í kynlífi er okkur mikils virði og við ein getum best tryggt að svo verði. Göngum því örugg um gleðinnar dyr og forðumst neikvæðar afleiðingar kynlífs. Sýnum ábyrgð svo kynlífið verði sem ánægjulegast!

Höfundur er félagsráðgjafi á Landspítalanum og hjá Landlæknisembættinu.

## Rjúfum vítahringinn

### UMRÆÐAN

Eiríkur Sigurðsson skrifar um félagslega einangrun



EIRÍKUR SIGURÐSSON

Finnar lentu í því eftir þeirra kreppu á fyrri hluta tíunda áratugarins að missa stóran hóp ungs fólks í vítahring langtímatvinnuleysis og félagslegrar einangrunar. Þaðan komust margir ekki aftur og urðu með tímanum háðir fjárhagslegri aðstoð til langframa. Þetta hafði velferðar-ráð Reykjavíkur í huga þegar það samþykkti nýlega að efna til átaks til þess að stuðla að félagslegri virkni fólks sem fær fjárhagsaðstoð frá borginni.

Fjöldi þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg hefur aukist mikið síðastliðið ár, eða um 45% ef bornir eru saman fyrstu 10 mánuðir ársins 2008 og 2009. Það er sérstakt áhyggjuefni að sífellt fjölga ungu fólki á aldrinum 18–30 í þessum hópi og eins fjölga þeim stöðugt sem þegið hafa aðstoð í lengri tíma. Við þessu verður að bregðast af krafti.

Mjög öflugt og mikilvægt starf er nú unnið á þjónustumiðstöðvum í hverfum Reykjavíkur í þessa veru og nú verður enn bætt í. Öllum sem sækja um og eiga rétt á fjárhagsaðstoð verður nú boðið á sérstakt kynningarnámskeið þar sem farið verður ítarlega yfir þann stuðning, ráðgjöf og úrræði sem standa til boða. Einnig verður komið á fót sérstöku, lengra námskeiði fyrir ungt fólk í samstarfi við Íþrótt- og tómstundasvið og Hitt húsið.

Notendum fjárhagsaðstoðar býðst einnig að taka þátt í sérniðnum verkefnum á vegum borgarinnar. Meðal þess sem

stendur til boða er að aðstoða við að fegra umhverfið með hreinsun veggjakrots, aðstoðar við hellulagnir og viðhaldi leiktækja, svo eitthvað sé nefnt. Gert er ráð fyrir að einstaklingar mæti 2–3 sinnum í viku, í 3 tíma í senn allt að 3 mánuði.

Nýlega voru kynntar niðurstöður úr rýnihópur atvinnulauss ungs fólks sem starfshópur á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur unnið. Þær sýna að ungt atvinnulaust fólk glímir við þekktar afleiðingar atvinnuleysis svo sem lítið frumkvæði, sinnuleysi og deyfð. Þetta er sá hópur sem einna mikilvægast er að ná til með nýju úrræðin en því miður einnig sá hópur sem einna erfiðast er að fá til að nýta sér þau úrræði sem standa til boða. Meirihluti framsóknarmanna og sjálfstæðismanna í velferðar-ráði hefur þess vegna samþykkt að beina því til félagsmálaráðherra að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga verði breytt til að gera mögulegt að binda hluta fjárhagsaðstoðar tímabundið við þátttöku í skipulögðum félagslegum úrræðum, svo sem námskeiðum eða öðrum verkefnum. Reynslan sýnir að oft þarf að koma til utanaðkomandi hvatning til þátttöku í slíkum úrræðum, sérstaklega meðal þeirra sem allra helst þurfa á þeim að halda. Tímabundin skilyrðing á hluta fjárhagsaðstoðarinnar skapar slíkan hvata. Hún má þó aldrei ganga of nærri þörf viðkomandi fyrir framfærslu og reglur varðandi mögulega skilyrðingu þurfa að vera skýrar og gagnsæjar.

Höfundur er varaformaður velferðarráðs Reykjavíkur.

IdeaPad fartölva er betri hugmynd og kostar aðeins frá **69.900 kr.**

Fáðu fleiri betri hugmyndir að jólagjöfum hjá okkur.



Sony hljómteki fyrir iPod  
Verð: **49.900 kr.**



Sony Walkman  
Verð: **15.990 kr.**



Logitech lykklaborð og mús  
Verð: **9.800 kr.**



320GB My Passport hýsill  
Verð: **16.900 kr.**



Bose heyrnartól  
Verð: **24.900 kr.**



Verslun Nýherja, Borgartúni 37  
[netverslun.is](http://netverslun.is)





Samsung Soul  
U800

Útborgun


**0kr.**

2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.

**2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán fylgir.**

Verð: 24.000 kr.

Athugið að inneign í simatíloðum virkjar ekki vinnslafrítt Ring.



LG Viewty

Útborgun

**0kr.**

Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.

**2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán fylgir.**

Verð: 34.900 kr.

# Til hamingju. Nú geturðu eignast 160 þúsund vini.

Skráðu þig á [ring.is](http://ring.is), fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti  
vinahópur  
á Íslandi





# Leyfi til afnota af líkama annarra

## UMRÆÐAN

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir skrifar um dóma í kynferðisbrotamálum



ÞÓRÐÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR

Í Fréttablaðinu hinn 12. nóvember sl. birtist grein eftir Sigríði Hjalte-  
sted, aðstoðarsaksóknara í kynferðisbrotamálum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, undir fyrirsögninni „Ad horfa jafnt til sýknu og sektar“. Grein Sigríðar er rituð í kjölfar þess að Fréttablaðið birti við mig viðtal undir fyrirsögninni „Hljótum að vilja vernda alla“, en þar gagnrýndi ég m.a. nógildandi kynferðisbrotalög. Sú gagnrýni endurómar í bók eftir mig sem kom út nú í haust og nefnist Á mannamáli. Ég vil byrja á því að þakka Sigríði fyrir greinina. Málefnaleg umræða um kynferðisbrot er af skornum skammti, og var umrædd grein gott og þarft innlegg. Hins vegar erum við Sigríður ósammála um nokkur atriði sem rakin verða hér á eftir.

Sigríður sagði: „Nauðgun er því eitt af þeim brotum sem verða lengstri tímabundinni refsingu í almennum hegningarlögum, eða allt að 16 árum.“ Rétt er það, en mikil tregða hefur verið til þess að nýta refsirammann, sem fram til þessa hefur einungis verið nýttur til hálf. Ad vitna til hámarksrefsingar í kynferðisbrotamálum er sambærilegt við að gefa í skyn að silfurverðlaun íslenska handboltalandslíðsins á Ólympíuleikum um beri vitni um almennt gengi Íslendinga í hópíþróttum.

Bann við nauðgun má finna í 194. grein almennra hegningarlaga. Þar segir: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólög-

mætri nauðgun gerist sekur um nauðgun...“

Eins og sjá má á þessu orðalagi leggja löginn mikla áherslu á verknaðarlýsingu nauðgunar, fremur en hvort samræðið hafi farið fram með samþykki beggja aðila. Ég er talsmaður þess að lögnum sé breytt í þá veru að byggja þau alfarið á samþykki skort, fremur en ofbeldi, hótunum og nauðgun. Ástæða þess er sú að í ýmsum tilfellum þurfa menn ekki að beita slíkum brögðum til að ná fram vilja sínum, en ættu engu að síður að þurfa að axla ábyrgð á gjörðum sínum.

### Mótspyrma sem skilyrði

Sigríður fullyrðir að mótspyrma brotþola sé „ekki skilyrði“ í nauðgunarmálum samkvæmt gildandi lögum. Nýlegir dómar benda til hins gagnstæða. Ég skrifaði bókina Á mannamáli í kjölfar sýknaðs Héraðsdóms Reykjavíkur í nauðgunarmáli nr. S-839/2007. Í dómsorði stóð að óhætt væri að „slá því föstu“ að samræðið hefði farið fram gegn vilja brotþolans. Þar sagði einnig: „Jafnframt er sýknað á þeirri forsendu að stúlk-an hafi ekki veitt viðnám eða kallað eftir hjálp.“

Maður nokkur var sýknaður í nauðgunarmáli fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra í máli nr. S-316/2007 með eftirfarandi orðum dómsins: „Þá verður að leggja til grundvallar framburð Y þess efnis að hún hafi verið með nokkurri meðvitund meðan ákærði leitaði á hana. Ad þessu virtu þykir ölv-unarástand hennar og svefn-drungi ekki geta skýrt það hvers vegna hún spornaði ekki við athöfnum ákærða og kallaði ekki eftir hjálp en fyrir liggur að bróðir hennar var í næsta herbergi.“

Með öðrum orðum: Þar sem konan var með „nokkurri meðvitund“ meðan ákærði leitaði á hana var hún sjálfkrafa skyldug til að spyrna á móti. Þetta gildi burtséð frá því að ákærði játaði að hafa komið óboðinn upp í rúm til konunnar meðan hún svaf. Hann viðurkenndi jafnframt að hún hefði ekki gefið vilja til kynmaka í ljós á nokkurn hátt, né tekið þátt í athæfinu með neinu móti, en samkvæmt frásögn konunnar var hún of ótta-slegin til þess að veita viðnám.

Í maí 2009 varð kona nokkur fyrir því að ókunnur maður átti við hana samræði og notfærði sér að herbergið var myrkvað og að konan skyldi telja hann vera annan mann sem hún hafði áður átt kynferðislegt samneyti við. Samkvæmt lýsingu brotþolans voru mökin búin að standa yfir í nokkrar mínútur þegar hún sá framan í manninn og blasti þá við henni „glott og ekki sama andlitið“ eins og hún orðaði það í skýrslu fyrir dómi. Hún tilkynnti brotið umsvifalaust og kærði manninn fyrir nauðgun. Í dóminum sagði: „...verður ekki séð að sú háttsemi ákærða sem lýst er í ákæru, og sannað er að hann hafi viðhaft gagnvart kæranda, falli undir brotalýsingu 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga“ (Héraðsdómur Reykjavíkur, mál nr. S-676/2009.) Þótt sannað væri að maðurinn hefði ekki fengið upplýst samþykki brotþolans fyrir kynmökunum var hann engu að síður sýknaður af nauðgun, einfaldlega því hann þurfti ekki að beita þeim aðferðum sem lýst er í nógildandi lögum. Hann var þó dæmdur til sex mánaða fangelsisvistar fyrir brot gegn blygðunarsemi konunnar (sem er lágmarksrefsing fyrir blygðunarsemisbrot, en refsiramminn leyfir allt að 4 ára fangelsisvist.)

Í engu þeirra þriggja mála sem nefnd eru hér að framan fékk

ákærði samþykki brotþolans fyrir kynmökunum, og þótti það sann-  
að. Ef íslenskum nauðgunarlögum yrði breytt þannig að þau byggðu á samþykki skort (líkt og gert er í Bretlandi, Írlandi og víðar), í stað nógildandi ofbeldisákvæðis, hefði ákærði sennilega verið sakfelldur í öllum málunum.

En svo langt vill Sigríður ekki ganga. Hún telur að slík breyting hefði „fyrst og fremst táknræna þýðingu“ en þykir ólíklegt hún myndi skila sér í fleiri ákærum og sakfellingum.

### Lög senda skilaboð

Lög senda skilaboð. Til að mynda voru lög við lýði á Íslandi fram til ársins 2007 sem gerðu það að verkum að fella mátti niður refsingu fyrir nauðgun ef ofbeldisákvæði-  
inn og brotþolinn gengju í hjónaband. Ákveðið var að fella þetta ákvæði niður því það þótti ekki við hæfi að löginn hvettu fólk til að vera í ofbeldissambandi. Orðalag nógildandi nauðgunarákvæðis sendir einnig ákveðin skilaboð. Þau undanskilja brotþola sem telja sig ekki hafa verið beittir annars konar „ofbeldi“, „hótunum“ eða „ólögumætri nauðgun“ þegar þeim var nauðgað. Hæpið er að þessir brotþolar leiti réttar síns, þar sem gæpurinn sem framinn var gegn kynfrelsi þeirra samræmist ekki skilgreiningu laganna á nauðgun.

Sigríður bendir réttilega á að í nauðgunarmálum verður að vera hægt að sanna ásetning ákærða til verksins. Hér myndi ég vilja að forsendum yrði breytt. Ef far-tölva Jóns nokkurs Jónssonar er tekin traustataki þykir ekki nauðsynlegt að láta Jón sanna fyrir rétti að samþykki hans hafi ekki legið fyrir stuldinum. Gengið er út frá því að Jón vilji ekki láta stela far-tölvunni sinni, og um leið að ásetningur þjófsins hafi verið að stela. Mætti ekki ganga að sama skapi út frá því að fólk vilji ekki láta hafa við sig ósamþykkt kynmök? Mætti ekki skylda fólk til þess að biðja um leyfi fyrir afnotum af skrokki annarrar manneskju, rétt eins og biðja þarf um leyfi fyrir afnotum af öðrum eignum?

Sigríður telur nauðsynlegt að starfsmenn réttarkerfisins njóti „leiðsagnar skýrrar verknaðarlýsingar lagaákvæðis“ við störf sín. Hún segir að erfitt myndi reynast

að túlka samþykkisákvæði, væri slíkt fyrir hendi í lögum. Vert er að benda á að ekki ríkir sátt um hvernig beri að túlka ofbeldisákvæðið heldur. Nauðgunarmálið sem varð til þess að ég skrifaði áður nefnda bók sýnir berlega þennan ágreining, en í kjölfar þess tókust Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur Íslands á um hvað væri ofbeldi og hvað ekki. Við ættum þó öll að geta verið sammála um að nauðgun, þ.e. kynmök án upplýsts samþykkis beggja aðila, er ofbeldi í sjálfu sér.

### Eiga ekki löginn að vernda alla?

Sigríður leggur áherslu á að íslenska réttarkerfið geri ráð fyrir sakleysi manna uns sekt þeirra er sönnuð og vísar í því samhengi í Mannréttindasáttmála Evrópu. Hér er vert að minnast þess að Ísland er einnig aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg rétti-  
indi. Í athugasemdum um stöðu Íslands árið 2005 lýsti Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna yfir „áhyggjum sínum yfir miklum fjölda tilkynntra nauðgana í aðildarríkinu samanborið við fjölda lögsökna vegna nauðgunar“. Við þetta tækifæri minnti nefndin á að „óvissa torveldar sakfellingu en ekki lögsök og að það er hlutverk dómstóla að ákvarða hvort sök teljist sönnuð eður ei“. Með öðrum orðum á fólk rétt á því að dómstólar úrskurði um mál þeirra. Þó er yfirgnæfandi meirihluti tilkynntra nauðgunarmála hérlendis, eða 70%, felldur niður. Brotþolarnir fá því ekki tækifæri til að leggja mál sitt undir dóm.

Sigríður spyr hvort við, sem samfélag, viljum ekki vernda saklausa frá því að vera dæmdir sekir. Ég spyr á móti: Eiga löginn ekki að vernda alla, en ekki aðeins þann hluta fólks sem er sviptur kynfrelsi sínu á hátt sem samræmist ákveðnu orðalagi? Viljum við að orðalag laganna firri þá, sem leita ekki samþykkis fyrir kynmökum, ábyrgð á gjörðum sínum?

Ég tek heilshugar undir með niðurlagi Sigríðar: Þegar upp er staðið hlýtur niðurstaðan ávallt að vera sú, að við viljum hafa laga-  
reglur sem vernda alla.

Höfundur er áhugakona um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.

## The Obama Presidency:

A Review of his Historic Campaign and Evaluation of his First Year as President



Gerald J. Austin, pólitískur ráðgjafi frá Bandaríkjunum, heldur opinn fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar og viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, mánudaginn 30. nóvember n.k., kl. 12.00-13.00, á Háskólatorgi stofu 102.

Í erindinu verður rætt hvernig þjóð sem kaus George W. Bush tvisvar í forsetaembætti gat kosið Barack Obama. Hvernig gat Obama borið sigurorð af Hillary Clinton og John McCain? Og hvernig tókst honum að safna 650 milljónum dollara?

Mr. Austin will explain how a country that elected George Bush for President twice could elect Barack Obama to the same office. Why did American voters choose Obama? How did he beat Hillary Clinton and John McCain? And how could he raise \$650 million?

Gerald J. Austin á langan feril að baki sem pólitískur ráðgjafi í Bandaríkjunum. Hann hefur starfað fyrir Jimmy Carter, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, þingmennina Gary Hart, Paul Tsongas, Carol Moseley Braun, Jesse Jackson og Barack Obama, svo að eitthvað sé nefnt. Hann var kosningastjóri fyrir Jesse Jackson í forsetakosningunum 1988 og einn af aðalráðgjöfum Paul Tsongas í prófkjöri Demókrataflokksins fyrir forsetakosningarnar 1992. Austin hefur einnig starfað utan Bandaríkjanna, m.a. í kosningaefntirliti á Filippseyjum, sem ráðgjafi á Norður-Írlandi og í Ungverjalandi, og í eftirlitsstörfum í Chile við þjóðaratkvæðagreiðslu Pinochet.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis.



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN  
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

## Opið bréf til Katrínar Júlíusdóttur

### UMRÆÐAN

Stefán Jón Hafstein skrifar um stóriðju



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Sæl Kata. Ég er algjörlega ruglaður. Mér skilst að Samfylkingin styðji 360.000 tonna álver í Helgúvík og það með hraði. Helst byrja næsta vor. Svo mikið liggur á að fara þarf með nýja stóriðjulinu til suðvesturs yfir vatnsból Reykjavínga, sem sýnir að áhættufíklar eru enn við stjórn á Íslandi. Væru vatnsbólin olíulindir myndi engum detta í hug að taka minnstu áhættu með þær. Þessi auðæfi eru ómetanleg og þú ættir að láta kanna ávinninginn af því að fara þarna yfir í samanburði við aðrar leiðir – áður en farið er á skítugum trukkum yfir svæðið. Þar er nú bannað að fara með olíu og önnur efni.

En það var ekki erindið. Ég hef reynt að fá botn í það hvaða orka eigi að fara um þessa línu til álversins. Það virðist enginn vita það. Mördur spurði vin sinn (og þinn) Björgvin Sig. um þetta í dagblaði; ég sá engin svör. Arni Finns-son spurði Jóhönnu um daginn (og margoft áður) og hvergi hefur birst svar. Arni og Mördur eru engir jólasveinar í svona málum, viti þeir ekki svörin er mér vorkunn. Og nú kemur vinkona okkar Þórunn Sveinbjarnar (sem er ekki heldur neinn jólasveinn) og segir:

„Það eina sem liggur reyndar ekki alveg fyrir er hvernig eigi að afla orku til stóra álversins en væntanlega finna menn út úr því.“ Væntanlega?

Þú sem iðnaðarráðherra veist örugglega svarið. Því ef þú veist það ekki, þá veit það enginn. Ég er því með nokkrar spurningar sem þú getur svarað lið fyrir lið:

1) Hvaða virkjanir eiga að útvega 360.000 tonna álveri í Helgúvík þau megavött sem þarf?

2) Hversu mikið virkjanlegt og nýtanlegt afl (núna) verður þá eftir á SV-horninu fyrir annars konar stóriðju (gagnaver og rafmagn á bíla og fleira)? Frá hvaða virkjunum? (Ég er ekki að tala um tæknilausnir framtíðarinnar.)

3) Samkvæmt fréttaskýringunum eru nú 70% af raforku Íslands bundin verðsveiflum á áli. Með Helgúvíkurálveri verða 90% af allri raforkusölu á Íslandi tengd áli. Hversu mörg fjöregg telur þú rétt að hafa í einni körfu: 9 af 10? 7 af 10? Færri?

Það er hægt að svara þessu öllu í örfáum orðum. Ég er svo með eina aukaspurninguna sem gefur fimm stig en hana færðu þegar ég er búinn að sjá svörin við þessum. Kveðja heim.

Höfundur er félagi í Samfylkingunni.



# Samkeppni í boði ríkisins

## UMRÆÐAN

Hannes Alfreð Hannesson skrifar um póstdreifingu



HANNES HANNESSON

Frjáls samkeppni á mörkuðum héraðs á undir högg að sækja. Hvort sem lítið er til rekstrar á sviði bankaþjónustu, bílaumboða eða bóka-búða er staðreyndin sú að ríkið hefur tekið yfir rekstur fjölda fyrirtækja. Þessi fyrirtæki eru nú rekin sem sjálfstæðar einingar í þeirri – oft veiku von – að verðmæti þeirra aukist með tímanum og verði á endanum söluvara. Þetta 'nýja Ísland' verðum við væntanlega að búa við um eitthvert skeið og leita leiða til að sætta okkur við.

Það er þó ekkert nýnæmi að ríkið standi í beinni samkeppni við einkarekin fyrirtæki. Ef við lítum aftur í tímann og fram hjá hruninu sjáum við að ríkið hefur löngum staðið í samkeppnisrekstri og jafnvel staðið beggja megin borðs sem bæði eftirlitsaðili og einn helsti þjónustuaðilinn á markaði. Þannig var það með símann fyrir einkavæðingu og þannig er það með pósthjónustu enn þann dag í dag. Á sínum tíma þótti sjálfsagt og eðlilegt að einkavæða fjarskiptaþjónustu hins gamla Pósts og síma. Sú skoðun var studd sterkum rökum um að ríkið ætti ekki að standa í beinni samkeppni við almenna borgara. Undir þau tóku þáverandi stjórnvöld. Nú horfir öðruvísi við því þrátt fyrir að ríkið hafi til neyðst að taka yfir rekstur á fyrrnefndum mörkuðum beint og óbeint, hefur það leyft fyrirtæki sem alltaf hefur verið í eigu þess að sækja fram og styrkja samkeppnisstöðu sína á póstmaknaði.

Rétt er að taka fram að undanfarin ár hefur smám saman verið dregið úr einkarétti Íslandspósts á pósthjónustu og þar með opnað fyrir möguleika á samkeppni. Sú stefna stjórnvalda er þó ekki til komin á þeirra eigin forsendum, heldur hefur Evrópusambandið þurft að ýta á eftir breytingum í þá átt með póstillskipun sinni þar sem kveðið er á um frjálsa samkeppni á þessu sviði.

## Undirbúningur fyrir samkeppni

Til að undirbúa sig undir algert afnám einkaréttar um þarnæstu áramót hefur Íslandspóstur undanfarin ár sótt fram á markaði alls-ends ólíkum pósthjónustu. Fyrirtækið er nú orðið að afgreiðslu fyrir ljósmyndir, ljósrítunar- og prentunarþjónustu og jafnvel sæl-gætissölu. Það hefur endurskilgreint hlutverk sitt sem slíkt að vera þjónustufyrirtæki á sviði dreifingar, samskipta og flutningalausna – í beinni samkeppni við gamalgróin flutningsfyrirtæki sem þjónað hafa landsbyggðinni í áratugi.

Samkvæmt því hlutverki hefur Íslandspóstur áætlað að fjárfesta fyrir um einn milljarð í nýjum pósthúsum sem sérhönnuð eru til að sinna betur flutningaþjónustu utan hefðbundinnar pósthjónustu. Á sama tíma hefur fyrirtækið dregið saman seglin í almannaðjónustuhlutverki sínu með lokun pósthúsa úti á landsbyggðinni. Fjárfestingarnar hafa leynst og ljóst verið liður í að bæta stöðu Íslandspósts í „sivaxandi samkeppni á flutningamarkaði“ svo vitnað sé í orð forstjórans, Ingimundar Sigurpálssonar, í árskýrslu fyrirtækisins fyrir árið 2007. Sókn þess á markaði, jafnvel þeim ótengdum kjarnaþjónustu eins og hún er skilgreind í lögum um pósthjónustu, hefur verið liður í því að mæta samkeppni í kjölfar afnáms einkaréttar í pósthjónustu 2011.

Þrátt fyrir að Íslandspóstur sé sjálfstætt fyrirtæki má ekki gleymast að hlutfé þess er í eigu íslensku þjóðarinnar. Það er hennar hagar að fyrirtækinu farnist vel og skili tilhlýðilegum arði til

eigenda sinna, sér í lagi af tilkomumiklum fjárfestingum. Það er þó ekki svo. Arðgreiðslur til eigenda (ríkisins) hafa numið 90 milljónum árlega undanfarin þrjú ár, sem nemur um 3% af eigin fé, í takt við arðsemi eiginfjár sem nam 3,05% á síðasta ári. Það er langt undir þeim viðmiðum sem fyrirtækið

hefur sjálft sett sér og lagt af stað í fjárfestingar með. Í raun hefur íslenska ríkið uppskorið neikvæða arðsemi eiginfjár upp á tæp 9% á síðasta ári sé tillit tekið til verðbólgu. Það er ef til vill dropi í hafið miðað við þær hremmingar sem hafa dunið yfir, en eigi að síður athyglivert í ljósi þeirrar stefnu Íslandspósts að bæta samkeppnisstöðu sína – á kostnað skattgreiðenda og án fyrirheits um arðsemi fjárfestinga, hvað þá heldur efnda á þeim. Eins vekur það spurningar um tilgang slíkrar stórfjárfestingar þegar vitað er að póstmagn fer minnkandi með hverju árinu. Frá árinu 2006 hefur það dregist saman um tæp 16% og heil 10% á milli 2007 og 2008.

Margir gætu því tekið undir þau sjónarmið að framkvæmd stefnu-mótunar Íslandspósts hefur í raun skapað meira tjón en hag. Að auka þjónustu við viðskiptavinum getur falið margt í sér, sérstaklega sé tekið mið af mjög breiðri skilgreiningu fyrirtækisins á hlutverki sínu. Ég leyfi mér samt að efast um að sala sælgætis, ljósrítun eða flutningsmiðlun í beinni samkeppni við einkafyrirtæki sé raunhæfur vettvangur aukinnar þjónustu.

## Framtíð pósthjónustu

Það er því deginum ljósara að Íslandspóstur er boðflenna á samkeppnismarkaði, eins og Samtök verslunar og þjónustu og fleiri samtök hafa bent réttilega á. Nú um stundir er tilgangslaus að knýja á um að Íslandspóstur sé einkavæddur. Þó er nauðsynlegt, einkum í þessu tíðarfari, að minna á hvernig fjármunum ríkis sé varið og hvernig stefnu einkafyrirtækja í þeirra eigu sé háttáð. Að verið sé að ryðja braut ríkisfyrirtækis inn á samkeppnismarkaði með skattfé er hrikaleg skekkja í þeirri mynd sem við viljum draga af samfélagi gagnsæis og réttlætis. Það fyrirtæki sem undirritaður veitir forstöðu, Pósthúsið ehf., hefur og mun halda áfram að veita Íslandspósti öflugna keppni og aðhald til hagsbóta fyrir neytendur, þrátt fyrir yfirburði þess síðarnefnda í fjárhagslegum styrk.

Í ársskýrslu Íslandspósts 2008 kallar forstjórinn eftir viðbrögðum stjórnvalda í þeim efnum. Þau köll tekur Pósthúsið undir. Þrátt fyrir ítrekaðar umleitningar hafa hvorki honum né mér þorist nein skilaboð um hvernig stjórnvöld hafa hugsað sér hvernig póstdreifingu utan markaðssvæða muni háttáð eftir rúma 13 mánuði eða almennar tillögur um framtíðarskipan póstmála. Hæstvirtur samgönguráðherra hefur þegar nýtt sér frestunarmeildir Evrópusambandsins einu sinni. Hvort hann geri það aftur eða breyti í samræmi við póstillskipunina eftir rúmt ár er óvitað. Því hefur hann engu svarað til um þrátt fyrir ítrekaðar beiðni. Að leysa úr óvissu sem þessari krefst ekki mikils af hálfu ríkisins og getur stuðlað beint að auknu atvinnuöryggi þess fólks sem á þessu sviði starfa.

Því skorum við á Kristján Möller samgönguráðherra að beita sér fyrir að stjórnvöld taki endanlega ákvörðun um afnám einkaréttar þann 31. desember 2010 í samræmi við póstillskipun Evrópusambandsins og móti framtíðarstefnu um fyrirkomulag póstdreifingar utan markaðssvæða. Að þeirri vinnu erum við boðin og búin til að bjóða fram aðstoð okkar. Klukkan tifar ráðherra.

Höfundur er framkvæmdastjóri Pósthússins.

# Kanarí

19. desember  
Jólaferð - 14 nætur

Frá kr. **109.900**

Ótrúleg sértíloboð!



Nú bjóðum við síðustu sætin í sólna á Kanaríeyjum yfir jól og áramót, 19. desember í 14 nætur. Í boði er m.a. frábært sértíloboð á Green Park Apartments, sem er einfalt og vel staðsett íbúðahótel á ensku ströndinni, einnig á Parquesol smáhýsunum á ensku ströndinni og í Turbo Club íbúðahótelinu með öllu inniföldu á frábærum kjörum. Griptu tækifærið og njóttu lífsins á Kanarí yfir hátíðarnar.

Frá kr. **109.900** - 14 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Green Park Apartments í 14 nætur. Aukalega m.v. gistingu í smáhýsi m. 2 svefnherb. á Parquesol kr. 18.050. Verð m.v. 2 í íbúð á Green Park kr. 134.900. Sértíloboð 19. des.

Frá kr. **197.750** - með "öllu inniföldu"

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, á Turbo Club Apartments í 14 nætur með "öllu" inniföldu". Verð m.v. 2 í íbúð kr. 224.900. Sértíloboð 19. des.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



# Kökublaðið komið út

**112 SÍÐUR**  
**KÖKUBLAÐIÐ**

47. töl. 71. árg. 26. nóvember 2009 Ábætur 795 kr.

**3 FLOTTAR JÓLAVEISLUR**

**ÁHRIF FYRSTU ÁSTARINNAR**

**BRÁDFYNDNAR FJÓLSKYLDU-MYNDIR**

**90 UPPSKRIFTIR**

**KÖKUR**  
HNALLÞÓRUR  
SMÁKÖKUR  
LAGTERTUR  
SYKURLAUST  
KAFFIDRYKKIR  
EFTIRRÉTTIR  
HOLLUSTA  
BÚÐINGAR  
ÍSRETTIR  
SNAKK

**PÓRA ARNÓRSDÓTTIR**  
**Nægjusöm sjónvarpsstjarna**

Galdrahorníð • Lífsreynslusaga • Fræga fólkið • Krossgátur  
Kitschfríður • Danski kúrin • Matgæðingur • Hollusta – Sólveig Eiríksdóttir



# Ástin afhjúpar manneskjuna

**Steinunn Sigurðardóttir** fagnar fjörutíu ára rithöfundarafmæli í ár. Það gerir hún af krafti með útgáfu sinnar áttundu skáldsögu. Kunnugleg þemu skjóta upp kollinum í Góða elskhuganum og ástin og tíminn eru í forgrunni. En það kveður einnig við nýjan tón. Bókin er sálfræðileg og fjallar um hið heillandi samband mæðra og sona. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* settist að skrafi við Steinunni.

Fyrsti neistinn að Góða elskhuganum, nýjustu skáldsögu Steinunnar Sigurðardóttur, kviknaði í kirkjugarði í París fyrir nokkrum árum. Á gangi um garðinn rakst hún á gróf merka Doreen Ash. Steinunn vissi strax að Doreen ætti eftir að verða stór persóna. Til varð geðlæknirinn Doreen Ash, meðhöfundur Steinunnar að bókinni og örlagavaldur í lífi móðursonarins Karls Ástusonar, aðalsögupersónu bókarinnar og hins raunverulega Góða elskhuga.

## 400 ára afmæli

Fáir íslenskir rithöfundar, sem enn eru að störfum, eiga að baki eins langan feril og Steinunn Sigurðardóttir. Í ár fagnar hún fjörutíu ára höfundarafmæli sínu, hvorki meira né minna. Árið 1969 kom út eftir hana ljóðabókin Sifellur. Þá var hún ekki nema níttján ára. „Já, ferillinn minn er búinn að vera svo langur að ég mismælti mig í símann við vinkonu mína um daginn, sagðist eiga 400 ára rithöfundarafmæli,“ segir Steinunn og skelli hlær. „Stundum finnst mér þetta vera óendanlega langur tími, þegar ég hugsa um allar þær stundir þar sem ég hef verið alein í einangrun með bókunum mínum. En það er líka mikil birta yfir þessum tímum, gönguferðunum með persónunum mínum í íslenskri náttúru, á franskri vínækru eða í stórborg.“

Hún hefur verið iðin við kolann alla tíð. Eftir hana liggja níu skáld-

hverju hún átti að búast. Þær viðtökur sem hún hlaut komu henni í opna skjöldu. „Ég hafði enga fyrirmynd, þannig að ég vissi ekki við hverju ég átti að búast. Eina fyrirmyndin sem ég hafði var Málfríður Einarsdóttir, sem skrifaði nákvæmlega eins og henni sýndist, skáldskap sem ekki var hægt að flokka.“

Viðtökurnar á nýjustu skáldsögu Steinunnar, Góða elskhuganum, minna hana um margt á viðtökur Tímabjósins. „Þær eru svipaðar að því leyti hvað þær virðast eiga greiða leið að lesandanum, þó bækurnar séu svona gjörólíkar,“ segir hún. Þá sé skemmtilegt hvað karlmenn virðast vera vel á nútunum um efnið líka, í þetta sinn, sem skýrist líkast til af efnistöku.

## Ólíkindatolíð ástin

Sumir myndu flokka bækurnar hennar Steinunnar sem ástarbækur, enda eiga þær það allar sameiginlegt að vera fullar af ást. Þær eru þó að hennar eigin mati svo ólíkar innbyrðis, að ótækt sé að afgreiða þær allar á einu bretti sem slíkar. „Ástin, tíminn og dauðinn eru stóru temun mín. Og þar myndi ég sjálf kannski setja tímann númer eitt. En ég verð að viðurkenna að þetta viðfangsefni, ástin, heillar mig algjörlega upp úr skónum. Og aðdráttarafli þess að skrifa um hana dvínar ekki með árunum. Ég held að það sé vegna þess að það er aldrei hægt að sjá manneskjuna skýrar en þegar hún er ástfangin. Hvernig



Ferillinn minn er búinn að vera svo langur að ég mismælti mig í símann við vinkonu mína um daginn. Sagðist eiga 400 ára rithöfundarafmæli.

sögur, átta ljóðabækur, smásögur, barnabók, ævisaga, leikhúsværk og þýðingar. Verkin hennar koma út jafnt og þétt í útlöndum. Til dæmis hafa allar skáldsögurnar komið út í Svíþjóð og sú sjötta á leiðinni í Þýskalandi hjá einu stærsta forlagi landsins, Rowohlt. Hún var þó lengi að sannfæra sjálfa sig um að hún gæti raunverulega orðið rithöfundur. „Ég byrjaði að yrkja ljóð þegar ég var unglingur. En mér datt ekki í hug að ég yrði rithöfundur, enda lærði ég ekki bókmenntir heldur fór ég að læra sálarfræði í Dublin.“

Frá Dublin sendi Steinunn sína fyrstu ljóðabók heim til Íslands og þótti henni ágætt að vera fjarverandi þegar hún kom út, enda umfjöllunarefnið ástin og önnur afhjúpani efni. Það var ekki fyrr en tíu árum eftir útkomu ljóðabókarinnar sem Steinunn ákvað að snúa sér alfarið að ritstörfum. Fyrsta skáldsaga hennar, Tímabjósurinn, kom út 1986. Eftir það varð ekki aftur snúið. Bókin sló í gegn og hefur síðan margoft verið endurútféfin og komið út víða um heim, og verið kvikmynduð í Frakklandi með stórstjörnum.

## Frá ólíkum stöðum í sálinni

Steinunni tekst að láta fælnustu ljóðalesara njóta ljóðrænna setninga í skrifum sínum. Sérstáða hennar sem höfundar felst nefnilega ekki síst í því að hún blandar prósaljóðum saman við annars skýrar og einfaldar setningar. „Ég byrjaði sem ljóðskáld og ég sleppi ljóðinu aldrei. Það er útilokað. Mér finnst stórkostlegt að geta skautað þarna á milli. Mér finnst ljóðið og prósin ekki koma úr sama stað í sálinni. Að sameina þetta í skáldsögum hefur verið ofboðslega gefandi fyrir mig. Og þetta eru það mikil frávik frá venjulegum skáldsögum að ég er mjög ánægð, og þakklát, að lesendur samþykki þær.“

Blönduna gerði Steinunn strax í Tímabjósunum og vissi ekki við

hún bregst við sínum tilfinningum, þegar þeim er svarað og þegar þeim er hafnað. Þetta tilfinningaástand afhjúpar manneskjuna, en um leið er hún í undantekningarástandi þegar hún er ástfangin. Þetta gefur óendanlega möguleika.“

## Góði elskhuginn

Eins og í fyrri bókum er ástin umfjöllunarefni Góða elskhugans, nýjustu bókar Steinunnar. En bókin er líka sálfræðileg og fjallar um samband móður og sonar. Hvorugu hefur Steinunn snert á áður. „Í rauninni náði ég mér í meðhöfund að bókinni, geðlækninn Doreen Ash. Hún bjó til titilinn fyrir mig og skrifaði bók um söguhetjuna,“ segir Steinunn um sérstæðustu persónuna í Góða elskhuganum, að hennar mati. Söguhetjan sjálf er líka áhuga-verð. Það er móðursonurinn Karl Ástuson, sem elst upp undir verndarvæng svo frábærrar mömmu að það lítur allt hans líf. Vegna þess sambands er hann bæði fatlaður og með sérhæfileika, eins og Steinunn lýsir því sjálf. „Doreen Ash er málpípa mín í bókinni þegar hún segir að samband mæðra og sona stjórni heiminum. Það eru í raun mæðurnar, sem ala upp mennina, sem stjórna heiminum.“

Karl þessi Ástuson verður ástfanginn á unglingsárum. Upp úr sambandinu slitnar en hann gleymir aldrei æskuástinni og hleypir öðrum konum ekki nær sér en upp í rúm stöku sinnum. Lesandi spyr sig ósjálfrátt hvort hann sé ekki haldinn þráhyggju, fyrst og fremst, miklu frekar en að vera ástfanginn? „Ég er ekki svo viss um að það sé svo stór munur þarna á,“ segir Steinunn. „Er rétt að afgreiða það sem þráhyggju eða rugl ef maður



STEINUNN Í REYKJAVÍK Steinunn hefur að undanförmu dvalið á Íslandi við kynningu á nýjustu bók sinni, Góða elskhuganum, en er nú farin aftur heim til Berlínar. Héðan fer hún alltaf með trega í hjarta, því fólksins síns heima á Íslandi saknar hún á hverjum degi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



NÍTJÁN ÁRA STÚLKA Þessa mynd tók Jón Kaldal ljósmyndari af Steinunni fyrir fjörutíu árum. Tilefnið var útgáfa hennar fyrstu ljóðabókar, Sifellur.

MYND/JÓN KALDAL

er ástfanginn af sömu manneskjunninni allt sitt líf? Eða er það kannski bara hæfileiki sem hann hefur sem aðrir hafa ekki?“

Svörin við þessum spurningum verða ekki gefin hér, enda engin svör til við svo heimspekilegum spurningum. Auk þess er ekki á það hættandi að skemma endi bókarinnar fyrir lesendum sem eiga eftir að njóta Góða elskhugans.

## Engin fimm ára áætlun

Undanfarin ár hefur Steinunn búið ásamt manni sínum, Þorsteini Haukssyni tónskáldi, í Evrópu. Fyrst í París, síðar í paradís Suður-Frakklands og nú í Berlín, þar sem henni líður dásamlega. „Mér finnst ég heppin að geta hagað lífi mínu svona. Það sem ég fæ mest út úr Berlín er hvað hún er lifandi. Ég fer í göngutúr og get verið viss um að eitthvað skrytið og skemmtilegt kemur fyrir.“

Endanleg heimferð er því ekki á dagskránni, enda engin dagskrá til. „Við Þorsteinn lifum þannig að við siglum áfram eftir því sem kemur og erum ekki með fastmótaðar hug-

myndir um hvernig allt eigi að vera. Við gerum ekki fimm ára áætlanir,“ segir Steinunn og hlær við. Veturseta á Íslandi hugnast henni ekki lengur sérstaklega. „Mér finnst samt stórkostlegt að koma hingað að vetri til. Þessir löngu dagar í nóvember, með sitt gula gras og heillandi birtu, eru stórkostlegir. En að eiga heima hérna tólf mánuði ársins það sem eftir væri ævinnar þætti mér mjög erfitt að hugsa mér.“

Hana dreymir um að geta deilt tíma sínum bróðurlega á Íslandi og útlöndum. „Mig langar meira að vera á Íslandi núna eftir hrun heldur en áður, einfaldlega því mig langar að deila kjörum með mínu fólki. En hvort það er framkvæmanlegt er annað mál. Ég geri mitt gagn úti, með því að koma fram og standa fyrir eitthvað annað Ísland en kreppu-Ísland.“

Hún saknar fólksins síns sárt. „Það er mikið drama í lífi mínu hvað ég hef lítinn tíma fyrir það. Ég á mikið af góðum vinum sem ég sakna verulega. Ef ég ætti peninga myndi ég taka mér frí í heilt ár og gera ekkert annað en að tala við vini mína,“ segir Steinunn en um leið færir yfir hana hik. „Reyndar held ég að mér myndi líða mjög illa ef ég skrifaði ekkert í heilt ár. Þetta gæti aldrei gengið!“





# Vikutilboð

allt að **40%** afsl. af nýjum bókum  
**Sveppi í IÐU** á sunnudaginn

# IÐA


Fjörug fjölskyldudagskrá fyrir alla jólakrakka í Iðu við Lækjargötu sunnudaginn 29. nóvember. Sveppi stytir biðina eftir jólunum ásamt góðum gestum sem lesa upp úr spennandi barnabókum milli kl. 14.00 og 15.00. Hallgrímur Helgason segir frá Konunni sem kyssti of mikið, Steinar Berg les úr bók sinni Tröllagleði. Þórgunnur Oddsdóttir kynnir Kára litla og klósettskrímlið og Þórarinn Leifsson les úr bók sinni um Bókasafn ömmu Huldar.

## ÚGÁFUTEITI í dag laugardag


Elskulegu prjónaperlur, vinir og aðdáendur nær og fjær. Þið eruð öll hjartanlega velkomin að koma og fagna með okkur í útgáfugleði Prjónaperla sem verður haldin í dag milli kl 11.00 - 13.00 í Iðu, Lækjargötu 2a, Reykjavík. Fyrir utan almenna prjónagleði og fögnuð verður hægt að skoða eitthvað af prjónastykkjunum úr bókinni á staðnum auk þess sem bókin verður til sölu á sérstöku tilboðsverði. Notaleg stemmning í hjarta bæjarins! *Krakkamatseðill á Súfistanum!*



fullt verð 3.600,-  
tilboðsverð 2.990,-



fullt verð 3.290,-  
tilboðsverð 2.465,-



fullt verð 3.890,-  
tilboðsverð 2.785,-



fullt verð 3.290,-  
tilboðsverð 2.470,-



fullt verð 3.890,-  
tilboðsverð 2.915,-



fullt verð 1.990,-  
tilboðsverð 1.390,-




fullt verð 5.990,-  
tilboðsverð 4.490,-



fullt verð 5.980,-  
tilboðsverð 3.590,-



fullt verð 5.680,-  
tilboðsverð 4.260,-



fullt verð 5.990,-  
tilboðsverð 4.490,-



fullt verð 5.690,-  
tilboðsverð 3.995,-



fullt verð 5.480,-  
tilboðsverð 3.290,-

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00



# Augnabliksákvarðanir eru ekki á allra færi

**Malcolm Gladwell** er næstáhrifamesti viðskiptahugsuður heims samkvæmt nýbirttri mælingu. Óli Kristján Ármannsson tók Malcolm tali í tilefni af útkomu bókar hans, Augnablik: Hæfileikinn að hugsa án umhugsunar. Gladwell segir efnahagshrunið sýna að rangt fólk hafi fengið að taka augnabliksákvarðanir.

Í bók sinni Augnablik sýnir höfundurinn Malcolm Gladwell, pistlahöfundur hjá bandaríska tímaritinu The New Yorker, fram á hvernig skyndiákvarðanir geti stundum reynst betur en þær sem ígrundaðar eru. Honum er hampað sem einum af fremstu viðskiptahugsuðum nútímans og er meðal annars í öðru sæti á lista yfir fimmtíu slíka sem tímaritið Forbes birti nýverið. Hann hefur um árabil verið með vinsælu og er meðal annars í öðru sæti á lista yfir fimmtíu slíka sem tímaritið Forbes birti nýverið. Hann hefur um árabil verið með vinsælu og er meðal annars í öðru sæti á lista yfir fimmtíu slíka sem tímaritið Forbes birti nýverið.

Þótt viðskiptalíf heimsins sé í kaldakoli og forsvarsmönnum fjármálafrirtækja sé legið á hálsi fyrir að hafa ekki sýnt nægilega fyrirhyggju í gjörðum þykir Gladwell þó ekki sem skugga hafi borið á þær kenningar sem hann færir fram í bók sinni.

## Reiknilíkon tóku völdin

„Eitt af því sem ég bendi á í bókinni er að innsæi, eða eðlisávisunin, er ekki gagnlegt nema nauðsynleg reynsla búi að baki. Um helmingur bókarinnar fjallar um skuggahlíðar þess að taka ákvarðanir án umhugsunar,“ segir hann, en meðal slíkra frásagna eru sögur af lögreglumönnum sem undir þrýstingi félaga bregðast rangt við á ögurstundum. Þá bendir Gladwell á hvernig fyrir fram gefnar hugmyndir og fordómar fólks verði til þess að hávaxnir einstaklingar leiðist oftar til stjórnumstarfa en aðrir, stundum án verðleika.

„Eitt af því sem að mínu mati fór afлага í aðdraganda fjármála-kreppunnar er að fólk fylgdi eðlisávisun sinni þegar það hefði ekki átt að gera það og hafði ekki til að bera þá reynslu sem þurfti til slíkrar ákvarðanatöku.“ Þá segist hann styðja hugmyndirnar sem varpað er fram í bókinni um að í Banda-



Á SVIÐI Í NEW YORK Malcolm Gladwell hefur nú um árabil verið með vinsælu og um leið dýrustu fyrirlesurum heims. Hann sló í gegn í viðskiptaheiminum með bókum sínum, en Augnablik kom fyrst út á ensku árið 2005. Hér talar Gladwell, sem er dalkahöfundur The New Yorker, á hátíð blaðsins um miðjan nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ríkjunum hafi margir bankar þróað reiknilíkon sem áttu að segja til um áhættu, en bankamennirnir hafi lagt traust sitt um af þessi einföldu reiknilíkon. „Með því held ég að þeir hafi hætt að taka mark á innsæinu sem áratugareynsla á Wall Street hafði gefið þeim. Það var fólkið sem reiddi sig ekki á þessi reiknilíkon sem slapp að lokum best.“ Gladwell bendir á að þeir bankar sem einna verst hafi verið leiknir í Bandaríkjunum, svo sem Merrill-Lynch og Citibank, hafi verið þeir sem mesta áherslu hafi lagt á reikningsformúlur til að meta áhættu í starfsemi sinni.

## Nánar í næstu bók

„Fyrsta sagan í Augnabliki greinir frá listfræðingi sem við fyrstu sýn sá að grísk höggmynd var fölsuð. Lærdómur þeirrar sögu er að listfræðingurinn hafði þetta innsæi og getu vegna þess að hann hafði starfað við fag sitt í fjórutíu ár á vettvangi,“ segir Gladwell, en telur um leið vandkvæðum bundið að ákvarða hvenær fólk hafi til að bera næga reynslu til að geta treyst innsæi sínu í mikilvægum ákvörðunum.

„Um þetta er svo sem ekki fjallað í Augnabliki, en í nýju bókinni minni Outliers [innsk. Frávikin] fjalla ég heilmikið um þá hugmynd sálfræðinnar að tíu þúsund klukkustundir séu sá tími sem þurfi til að

ná valdi á tilteknu flóknu sviði. Það kann að vera góður upphafspunktur. Við ættum kannski að segja að úr því horfa megi til svo margra flókinnna sérsviða, og þar þurfi tíu þúsund klukkustunda vinnu til að ná hæfni, sé ekki hægt að treysta innsæinu að fullu fyrr en maður hafi viðlíka reynslu að baki.“

## Hugmyndin kom með hárinu

„Með bókinni vildi ég fyrst og fremst benda á að við reidum okkur á innsæi okkar í andartaksákvörðunum í meiri mæli en við áttum okkur á. Í annan stað að við skiljum ekki til fullnustu hugsanarferlið þar að baki og í þriðja lagi að við þurfum að gefa því meiri gaum hvenær svona ákvarðanir eru gagnlegar og hvenær ekki,“ segir Gladwell. Hann telur að Augnabliki hafi á stundum verið ranglega lýst sem röksenda-færslu fyrir því að taka ætti fleiri ákvarðanir án umhugsunar. „En það er ekki svo. Þetta er tilraun til að skilja fyrirbærið sem ég held að geti á stundum verið mjög jákvætt, en líka neikvætt og jafnvel ógnvekjandi í öðrum tilvikum.“

Augnablik kom fyrst út á ensku árið 2005 og var þegar mikið hampað. Hún er nú nýútkomin í íslenskri þýðingu. Gladwell segir hugmyndina að bókinni hafa fæðst eftir að hann safnaði hári. „Ég er með mikið og krullað hár og lenti skyndilega í því að götulöglegan

sýndi mér gjörbreytt viðhorf. Ég fór þá að velja því fyrir mér hversu mikilvægar eðlisávislegar ákvarðanir væru í daglegu lífi fólks og hvað þær lituðu tilverna mikið.“

## Óbreytt líf að mestu

„Ég hafði hins vegar ekki sérstakan áhuga á að velja þessu fyrir mér út frá forsendum réttar og rangrar hegðunar, eða góðrar og slæmrar. Mig langaði að kafa dýpra en svo. Þetta er bara hluti af því hvernig við erum og eins og svo margir þættir mannlegrar hegðunar hefur það bæði jákvæðar og neikvæðar hlíðar.“

Sjálfur segist Malcolm Gladwell vera tiltölulega sjálfum sér líkur þótt bækur hans hafi orðið jafn vinsælar og raun ber vitni. Hann gefur til dæmis ekki mikið fyrir það að vera settur í annað sæti á lista áhrifamestu viðskiptahugsuða heimsins. „Ég tek þetta ekki svo alvarlega og finn ekki til mikillar ábyrgðar við þessa upphæfð. Aðallega finnst mér þetta þó skemmtilegt,“ segir hann og kveður líf sitt að mestu óbreytt frá því sem var fyrir fimmtán árum. „Ég er enn blaðamaður og það er í raun það sem mig langaði alltaf að gera. Þó má vera að fólk sé eitthvað aðeins duglegra að hringja til baka þegar ég reyni að ná í það og fleiri vita hver ég er. En áhrifin á mitt daglega líf eru nær engin.“

## Brot úr Augnabliki: Stórslysi forðað

Gary Klein, sérfræðingurinn í ákvarðanatöku, tók viðtal við yfirmann slökkviliðsstöðvar í Cleveland. Það var hluti af verkefni sem snerist um það að fá fólk til þess að tala um stundir þar sem það þurfti að taka erfiðar ákvarðanir á örskömmum tíma. Saga slökkviliðsmannsins var um útkall sem í fyrstu virtist nokkuð einfalt. Þetta var mörgum árum fyrr, þegar hann var flokksstjóri. Eldsvóðinn var í eldhúsi, baka til í einnar hæðar húsi í íbúðahverfi. Hann braust inn um framdyrnar ásamt mönnum sínum, gerði slönguna klára og síðan réðust þeir fram og sprautuðu á logana í eldhúsinu. Eitthvað hefði átt að gerast: Draga hefði átt úr eldinum. En það gerðist ekki. Mennirnir sprautuðu því meira vatni. Það virtist enn ekki skipta neinu máli. Slökkviliðsmennirnir hörfuðu aftur inn í stofuna og þá, skyndilega, hugsaði hann með sér að það væri eitthvað að. Hann sneri sér að mönnum sínum. „Komum okkur út, núna!“ sagði hann, og nokkrum augnablikum síðar hrundi gólfíð sem þeir höfðu staðið á. Það kom í ljós að eldurinn átti upptök sín í kjallaranum. „Hann vissi ekki af hverju hann hafði skipað öllum að koma sér út,“ rifjar Klein upp. „Hann trúði því að þetta hefði verið yfirsíkilvitleg skynjun. Honum var alvara. Hann trúði því að hann væri gæddur yfirsíkilvitlegri skynjun og að hún hefði verndað hann allan sinn starfsferil.“

Klein rannsakar ákvarðanir. Hann er með doktorspróf, er mjög gáfaður og djúpt þenkjandi maður og var síður en svo tilbúinn til að kyngja þessu svari. Hann leiddi slökkviliðsmanninn í gegnum atburðarás dagsins aftur og aftur í heilar tvær klukkustundir í þeirri von að hann gæti skráð nákvæmlega þær upplýsingar sem slökkviliðsmaðurinn vissi og hvað hann vissi ekki. „Það fyrsta var að eldurinn hegðaði sér ekki eins og hann hefði átt að gera,“ segir Klein. Eldur í eldhúsi ætti að bregðast við vatni. Þessi gerði það ekki. „Því næst fóru þeir aftur inn í stofuna,“ heldur Klein áfram. „Hann sagði mér að hann væri ætíð með eyrnaskjólín uppi því hann vildi geta fundið hversu heitur eldurinn væri og að hann hefði verið hissa á því hversu heitur þessi eldur var. Eldur í eldhúsi ætti ekki að vera svona heitur. Ég spurði hann: „Hvað annað?“ Oft er það á færi sérfræðinga að taka eftir því sem



gerist ekki og það kom honum einmitt á óvart hversu hljóðlátur eldurinn var. Þögnin passaði ekki við hitann.“

Þegar litíð er til baka verða þessi frávik mjög skiljanleg. Eldurinn í eldhúsinu dó ekki út vegna þess að hann átti ekki upptök sín þar. Hann var hljóðlátur vegna þess að gólfíð dró úr hávaðanum. Stofan var heit vegna þess að eldurinn var undir henni og hiti rís. A þeim tíma var slökkviliðsmaðurinn ekki fær um að tengja þessar staðreyndir saman á meðvitaðan hátt. Öll hugsun hans átti sér stað bak við luktu dýrnar í dulvitundinni. Þetta er dásamlegt dæmi um sneiðingu í verki. Innri tölvu slökkviliðsmannsins fann mynstrið í óreiðunni bæði hratt og auðveldlega. Hið ótrúlega við þennan dag er hversu hörmulega hann hefði getað endað. Ef slökkviliðsmaðurinn hefði staldrað við og rætt um aðstæðurnar við menn sína, hefði hann sagt við þá: „Tölum aðeins um þetta og reynum að komast að því hvað er að gerast hérna.“ Þá hefði hann gert það sem við teljum ofkast að leiðtogar eigi að gera til þess að leysa erfið vandamál og hann hefði getað eyðilagt hæfileika sinn til þess að nýta innsæið sem bjargaði þeim.

Malcolm Gladwell, Augnablik: Hæfileikinn að hugsa án umhugsunar, Bókafélagið, 2009, s. 105-107.

## Helstu viðskiptahugsuðir heims

### 1. C.K. Prahalad

Prahalad er Bandaríkjamaður af indverskum uppruna og starfar sem fræðimaður við Michigan-háskóla í Bandaríkjunum. Hann er sagður hafa gríðarleg áhrif á viðskiptaheiminn og varð fyrstur til að koma fram með hugtakið „grunnhæfileikar“ (e. core competencies) á tíunda áratugnum.



C.K. PRAHALAD

### 2. Malcolm Gladwell

Kanadamaðurinn Gladwell er dalkahöfundur hjá tímaritinu The New Yorker og höfundur nokkurra bóka um þankagang og nálgun viðfangs-efna í bæði viðskipta- og einkalífi. Eftir hann liggja metsölubækurnar The Tipping Point, Blink (Augnablik, sem nýkomin er út á íslensku) og Outliers.



MALCOLM GLADWELL

### 3. Paul Krugman


Krugman er bandarískur fræðimaður við Princeton-háskóla og Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði.



PAUL KRUGMAN

### 4. Steve Jobs

Bandaríkjamaðurinn Steve Jobs er forstjóri tölvu- og hugbúnaðarrisans Apple.



STEVE JOBS

### 5. W. Chan Kim & Renée Mauborgne

Metsölubókin Blue Ocean Strategy heldur höfundum sínum enn í áhrifasæti.

### 6. Muhammad Yunus

Yunus, sem er frá Bangladesh, er hagfræðingur og stofnandi Grameen Bank. Hann er frumkvöðull á sviði svonefndra smálána og höfundur bókarinnar Banker to the Poor.

### 7. Bill Gates

Gates er amerískur og stofnandi Microsoft. Margir eru sagðir dást að því hvernig hann ber sig að sem einn af ríkustu mönnum heims.



BILL GATES

### 8. Richard Branson

Bretinn Branson er stofnandi Virgin og frumkvöðull.



RICHARD BRANSON

### 9. Philip Kotler

Bandaríkjamaðurinn Philip Kotler er fræðimaður við Northwest-háskóla í Bandaríkjunum. Hann er höfundur eins áhrifamesta rits markaðsfræðanna síðustu áratugi, Marketing Management.



PHILIP KOTLER

### 10. Gary Hamel

Hamel er Bandaríkjamaður og meðstofnandi MLab, auk þess að vinna sem ráðgjafi.



GARY HAMEL

Heimild: Forbes Magazine og CrainDearlove's Thinkers 50 2009.





# Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlýtur *alþjóðleg verðlaun* sem besti lífeyrissjóður á Íslandi



Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi á árlegri verðlaunahátíð á vegum fagtímaritsins Investment Pension Europe (IPE) nú í nóvember. Okkur er einnig sérstök ánægja að greina frá því að Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn næstbesti lífeyrissjóður í Evrópu af lífeyrissjóðum sem eru minni en 1 milljarður evra (183 milljarðar kr.).

Í umsögn dómnefndar segir m.a. að Frjálsa lífeyrissjóðnum hafi tekist að vernda hagsmuni sjóðfélaga við erfiðar markaðsaðstæður og einnig er vakin athygli á uppbyggingu sjóðsins og auknu gagnsæi.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er rekinn af Arion banka, er um 75 milljarðar kr. og sjóðfélagar rúmlega 43.000. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða 12% lágmarksiðgjald og jafnframt hentar hann þeim sem vilja ávaxta viðbótarlífeyrissparnað.

Nánari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn hjá lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444 7000 eða á [frjalsilif.is](http://frjalsilif.is)



# Raunverulegur spar

Vodafone Gull er það besta sem við bjóðum og hefur sparað viðskiptavinum okkar tugi þúsunda á ári. Hér er raunverulegt dæmi um hvernig við höfum lækkað reikninga þeirra viðskiptavina sem áður voru í viðskiptum við Símann.

Reikningur fjölskyldu í Hafnarfirði frá Símanum

Samantekt	Upphæð	Samantekt	Fjöldi	Eining	Upphæð
<b>Talsmiði</b>		<b>Hjónvata vegna</b>			
Gjöld	7.884	Mánaðargjöld			
Netkun	8.731	AOSL Bestur	1	8.190,00	8.190,00
Afhéttur	-133	Hafnarvísi	1	1.895,00	1.895,00
Samtala	16.482	Númerskráning	1	96,00	96,00
		Netkun			7.884,00
		Símtöl í farsíma	8	10,20	233,08
		Símtöl innanlands	63	2,25,40	633,56
		Símtöl til útlanda með 1100	19	3,11,40	8.776,38
		Símtöl til útlanda	3	27,00	1.086,21
					8.731,21
		<b>Afhéttur</b>			
		1000 mínútur í 1 talsmiðunum			-132,94
					-132,94
		<b>Samtala</b>			<b>16.482,27</b>
		<b>Játtun</b>			<b>-0,27</b>

**16.482,00**

Upphæð reiknings frá Símanum: **16.482 kr.**

Reikningur sömu fjölskyldu eftir að hún skipti yfir til Vodafone

Samantekt	Upphæð	Samantekt	Fjöldi	Eining	Upphæð
<b>Talsmiði</b>		<b>Hjónvata vegna</b>			
Gjöld	7.884	Mánaðargjöld			
Netkun	8.731	AOSL Bestur	1	8.190,00	8.190,00
Afhéttur	-133	Hafnarvísi	1	1.895,00	1.895,00
Samtala	16.482	Númerskráning	1	96,00	96,00
		Netkun			8.698,00
		Símtöl í farsíma	8	10,20	233,08
		Símtöl innanlands	63	2,25,40	633,56
		Símtöl til útlanda með 1100	19	3,11,40	8.776,38
		Símtöl til útlanda	3	27,00	1.086,21
		<b>Afhéttur</b>			
		1000 mínútur í 1 talsmiðunum			-132,94
					-132,94
		<b>Samtala</b>			<b>8.698,27</b>
		<b>Játtun</b>			<b>-0,27</b>

**8.698,00**

Upphæð reiknings frá Vodafone: **8.698 kr.**

ATH. Í Ofurheimasímanum eru innifalin símtöl í farsíma og heimasíma, innanlands sem utan.

Samanburður reikninga þessarar fjölskyldu úr Hafnarfirði sýnir að hjá Vodafone **spara þau 7.784 kr. á mánuði.**



# naður viðskiptavina

Í sumar buðum við 100 viðskiptavinum Símanum að koma með reikningana sína til okkar, í þeim tilgangi að hjálpa þeim að lækka kostnað með því að skipta yfir til Vodafone. Þeir skiptu og í dag spara þeir verulegar upphæðir mánaðarlega með því að vera með alla sína fjarskiptaþjónustu í Vodafone Gull.

Reikningar fjölskyldu í Kópavogi sem skipti frá Símanum yfir til Vodafone



**15.788,00**

Upphæð reiknings frá Símanum: **15.788 kr.**



**7.699,00**

Upphæð reiknings frá Vodafone: **7.699 kr.**

Samanburður reikninga þessarar fjölskyldu í Kópavogi sýnir að hjá Vodafone **spara þau 8.089 kr. á mánuði**. Munar mest um að símtöl til útlanda eru innifalin í þjónustunni, en þau hringja mikið til ættingja í Noregi.

Reikningar fjölskyldu á Seltjarnarnesi sem skipti frá Símanum yfir til Vodafone



**10.495,00**

Upphæð reiknings frá Símanum: **10.495 kr.**



**6.761,00**

Upphæð reiknings frá Vodafone: **6.761 kr.**

Samanburður reikninga þessarar fjölskyldu á Seltjarnarnesi sýnir að hjá Vodafone **spara þau 3.734 kr. á mánuði** þrátt fyrir aukna þjónustu.

## Komdu með reikninginn til okkar

Ef þú ert viðskiptavinur Símanum hvetjum við þig til að koma með reikninginn þinn í næstu verslun okkar eða hringja í 1414 og við hjálpum þér að lækka hann.

**Vodafone Gull – það besta sem við bjóðum**

Hér eru örfá dæmi tilgreind. Fleiri dæmi og nánari upplýsingar eru á [vodafone.is](http://vodafone.is).









# „Verulega góð ævisaga.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan



„... björt saga með djúpum og dimmum sorgarköflum ... með hreinskilni um ósgra og skýrri boðun um erindi og árangur mætrar konu.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„Ég er mjög ánægð með þessa bók ... mjög vel skrifuð ... mér finnst við komast nálægt manneskjunni.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„... framúrskarandi vel unnin ... enda Páll með ritfærustu mönnum. Hann hefur fullkomið vald á efninu ... Eftir situr mynd af gáfaðri og geðþekkri konu sem var landi sínu og þjóð til sóma.“

Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið

„Við fáum að vita ýmsa hluti um Vigdís sem við vissum ekki ... Vel unnið verk.“

Egill Helgason / Kiljan

„Mjög gott og mikið verk. Hér er fjallað um hluti sem enginn vissi neitt um og sýna Vigdís í algerlega nýju ljósi.“

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„Þetta er mjög samviskusamlega unnin samfélagslýsing með þessa stúlku sem þungamiðju ... hún gengur mjög vasklega fram og af mikilli hugdirfsku.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan




Páll Valsson bregður upp einstakri mynd af Vigdís, sorgum hennar og sigrum, þannig að saga hennar verður lesanda bæði nákomin og hugstæð.



# Bestu og verstu plötuumslögin

Hver eru bestu og verstu íslensku plötuumslögin í ár? Fréttablaðið bað smekkkfólk að kíkja á úrvalið og fella sinn dóm. Mjög skiptar skoðanir voru um ágæti umslaganna og voru fjölmargar plötur nefndar, margar í báðum flokkum. Niðurstaðan liggur þó fyrir og er eftirfarandi.



## BESTA UMSLAGIÐ

Ný plata pönktríóans Morðingjanna, Flóttinn mikli, þykir vera með besta umslagi ársins. Myndin framan á umslaginu var teiknuð af þeim Unu Laurenzen og Ingu Brynjarsdóttur. Þetta er annað árið í röð sem Morðingjarnir þykja með besta umslag ársins. Í fyrra þótti umslag plötunnar Áfram Ísland! það besta í sams konar könnun Fréttablaðsins.

- „Glæsileg mynd. Spurning hversu vel þetta passar við músíkina, en kápan er afbragðsfallæg.“
- „Ehvintýrlega flott! Gerir mann spenntan fyrir innihaldinu. Skemmtilegt tvíst við annars pönklega tónlist Morðingjanna.“
- „Popp-paunkararnir taka Neutral Milk Hótelíð á'etta. Kemur skemmtilega á óvart“
- „Gott dæmi um einfaldleika hjá hipp og kúl hljómsveit. Tveir þumlar!“
- „Mér finnst þetta umslag mjög flott í alla staði. Passar vel við titilinn, passar skemmtilega EKKI vel við tónlistina og mér finnst flott þegar titli og flytjanda er ekki klesst á óviðeigandi staði inn á svona listaverk.“

## 4. Dikta – Get It Together

„Það var kominn tími til að einhver notaði málverk eftir Guðmund „Mumma“ Thoroddsen. Flott mynd sem gæti verið flott á hvaða plötukápu sem er. Sérstakur plús fyrir fallega leturhönnun með myndinni. Vel valið.“

„Get It Together. Bráðnaður hestur. Það er mjög sniðugt.“

„Líklegast með betri kóverum í ár. Eitthvað sem sker sig úr frá öðrum í plöturekkanum. Hestur sem er á mörkunum að halda sér saman. Passar vel við titil plötunnar.“

„Ég væri til í að hafa þennan hest uppi á vegg heima hjá mér. Hefði verið flott að sleppa titli og flytjanda á þessu – en ég held að það sé vel leyst hjá hönnuði að hafa þetta þarna í þessu letri.“

## 5. Feldberg – Don't Be a Stranger

„Mjög falllegt kóver og skemmtileg vísan í fortíðina.“

„Kóver af kóveri, snilld!“

„Einkar vel heppnuð stæling á seventís-umslagi plötunnar How Dare You! með 10cc. Það er einhver sigildur og nostalgískur sjarmi yfir þessu umslagi.“

„Tíu kalbera virðingavottur... bartarnir á Tönsberg eru geggjáðir.“

## 6. Retron – Swordsplay & Guitar-slay

„Drekar og dýflissur. Allt útskorið eins og kastali. Fjárjóðskort fylgir. Plötufyrirtækið hlýtur að vera greiða með hverju eintaki.“

„Plötuumslag og virki í einum

pakka er frábær hugmynd. Góð tilbreyting frá öllu fótósjoppinu sem kollegar þeirra stunda.“

„Passar algerlega við tónlistina. Myndheimar Dungeons & Dragons og gamalla ofbeldistöluleikja mætast í gríðarskemmtilegu umslagi.“

## 7. Bloodgroup – Dry Land

„Mikið að gerast, svolítið ævintýri í gangi hérna. Hljómsveit sem hefur þróast mikið síðan hún gaf út sína síðustu plötu, sem var einnig teiknuð og í lit, og hönnunin fylgir vel þeirri þróun. Hér er á ferðinni mun flottara albúm en síðast, smekklegt svarthvít hönnun sem myndir svolítið á móti straumnum þegar kemur að raf- og popptónlist sveitarinnar. En það virkar.“

„Skemmtilegt og líflegt umslag, Glæsileg hönnun og dansandi fíllinn gefur tóninn.“

## 8. Sudden Weather Change – Stop! Handgrenade In the Name of Crib Death 'Nderstand?

„Hönnunin í sömu átt og nafnið, maður er ekki alveg viss um hvað er í gangi. Glæsilegar ljósmyndir. Vel heppnuð samsetning á forsiðu.“

„Kæruleysislegt og ærslafullt. Hæfir bandinu vel.“

„Það er eitthvað við þetta umslag sem fær mig til að vilja vita meira (semsagt: kaupa plötuna)“

## 9. Snorri Helgason – I'm Gonna Put My Name On Your Door

„Frábær mynd sem nær einhvern veginn að fanga nákvæmlega það

## Annað gott

### Mugison – Ítrekun

„Mjög flott kreppukápa. Minnir augljóslega á neikvæðan hlut. En á jákvæðan hátt. Plús fyrir það.“

### Sykur – frábært eða frábært

„Frábært og einfalt.“

### Bróðir svartúlfs – Bróðir svartúlfs

„Pönk! Gott! Meira pönk! Mjög einfalt, en virkar samt algerlega.“

### Megas og Senupjófarnir – Segðu ekki frá (með lífsmarki)

„Ég myndi vilja eiga þetta umslag útsaumað á púða.“

### Egill S – Egill S

„Smekklegt, eins og við var að búast.“

### DJ Musician – Sehr Gut Cocktail

„Hver er þessi gaur? Ekki flókið, jákvætt og grípandi þar sem DJ Musician býður upp á bjór. Þessi plata kallar á athygli um leið – og sker sig úr!“

### Nolo

„Snilldar umslag. Hömlulaus hönnun, æskukraftur.“

sem þessi plata er, persónuleg, ljúfsár, spennubrunn og viðkunnganleg.“

„Þessi platar öskrar á að vera gefin út á vinyll. Eins og hönnunin gerðist smekklegst á blómatíma vinyllplötunnar, en nútímalegt um leið.“

## ANNAN SÆTI

### Hjaltalín – Terminal





- „Fullkomið umslag, þokkafullt, dularfullt og í jafnvægi. Leturtýpan fallæg. Eitthvað sem minnir á Dire Straits – Dire Straits umslag.“
- „Alveg gasalega smekklegt. Gómsætir litir, smekkleg hönnun og flottar ljósmyndir.“
- „Glæsilegar umbúðir utan um geggjáð innihald. Minnir svolítið á öll flottu umslögin hjá Ísland-fyrirtækinu í kringum 1980.“
- „Instant klassik.“
- „Öðruvísi og frumlegt. Hef horft lengi á þetta kóver og spáð í það hvað er á þessum tveimur myndum.“



## ÞRIÐJA SÆTI

### Gus Gus – 24/7

- „Einfalt og áhrifaríkt umslag. Á sérlega vel við dálítið reiða og dimma danstónlistina á plötunni.“
- „Stílhreint með stríðnislegum undirtóni og í pottþétu samhengi við þessa plötunnar.“
- „Einföld en dulúðleg grafík gerir það að verkum að mann langar að vita meira. Ekki skemmir að það er einnig til vinyllútgáfa.“
- „Mér finnst Gus Gus albúmið mjög flott. En ég held að mér finnst þetta aðallega flott af því að þetta er að koma í framhaldi af öðrum flottum umslögum og heildarútlit hefur alltaf verið áhersluatriði hjá þeim. Ef þetta umslag hefði verið að koma frá Á móti sól til dæmis þá hefði mér þótt þetta verra og bara hallærislegt, held ég.“



## Árstíðir – Árstíðir

„Svo hlýlegt, einfalt og aðlaðandi umslag að mann langar helst til að strjúka því af umhyggju og fara á flug með því.“

## Kimono – Easy Music for Difficult People

„Umslag sem fær mann til að spá í hver hugsunin er, af hverju jörðin er á hvolfi. Mjúk litir, gæti verið brot úr himninum á umslagi Pink Floyd – Animals.“

## Sigríður Thorlacius – Á ljúflingshól

„Fallæg og heimilisleg klippimynd.“

## Leaves – We Are Shadows

„Hrá, grófgerð og næstum subbuleg mynd af hljómsveitinni og skuggamynd hennar vinnur skemmtilega gegn helsta vankanti tónlistar Leaves; sem er hvað hún er finleg og áreynslulaus. Leturgerðin er handteiknuð og undirstriker áhrif myndarinnar.“

## Skelkur í bringu – Húðlitað klám

„Fer alveg hringinn. Svo ljótt að það verður flott.“

## Jónsi og Alex – Riceboy Sleeps

„Drungalegt og dularfullt og sogar mann beinlínis að innihaldinu.“

## Baggalútur – Sólskinið í Dakota

„Ekki er hægt að hugsa sér betri framreiðslu á innihaldinu.“

## Hermigervill – Leikur vinsæl islenzk lög

„Einfalt, en hefur einhvern skemmtilegan sjarma. Þjóðlegt án þess að fara í einhverjar klisjur.“

## Mammút – Karkari

„Hrikalega grípandi umslag. Ekki of flippað eins og mörg kóverin hjá þessum ungu böndum. Guli liturinn grípur mann strax. Tíu stig þarna á ferðinni.“

## Ólafur Arnalds – Found Songs

„Hönnun í mjög góðu sambandi við innihaldið. Ekki verið að finna upp hjólið, en þetta virkar – ekki síst fyrir þann markhóp sem verið er að stíla á.“

„Flott mynd. Flott týpografía. Það er skemmtileg indistemming yfir þessu sem hæfir tónlistinni fullkomlega.“

## 10. Helgi Björns – Kampavín

„Það er eitthvað beint í mark við þessa kápu. Helgi Björns klár með

míkrófóninn, djammvísuþessvippinn og stuðið. Flott teikning.“

„Halldór Baldursson, okkar fremsti skopteiknari, slær útlit í höfuðið. Kokkteiltímabilið er fangað fullkomlega. Maður vill bara drífa sig niður á Röðul og taka eina sveiflu.“



## MYNDLISTARMENN

Listamenn og hópar með opnar vinnustofur frá 13 til 17:

Norm-X húsið Auðbrekku 6, 2. og 3. hæð.  
Art-11, Auðbrekku 4, 3. hæð (einnig sunnud.).  
Skruggusteinn Gallerí, Auðbrekku 4, 3. hæð (einnig sunnud.).

Glergallerí: Jónas Bragi og Catherine Dodd, Auðbrekku 7 (einnig sunnud.).

Sesselja Tómasdóttir og Freyja Öfundardóttir, Auðbrekku 25–27.

Leirlistarvinnustofa Ingibjargar Klemensdóttur, Melaheiði 13.

Allir velkomnir – kaffi og smákökur.

## GERÐARSAFN

Gerðarlegt í Gerðarsafni – allir velkomnir

Ókeypis aðgangur.

Verk Gerðar Helgadóttur.

Nýir og eldri munir í safnbúð.

Jólalegt í kaffistofu: Sörur, kakó og fleira jólagoð.

# JÓLAHÁTÍÐ Í KÓPAVOGI

á Hálsatorgi laugardaginn 28. nóvember



## HÁLSATORG

Ljós tendruð á vinabæjarjólaltri

Kl. 16–17

Jólaálfurinn verður kynnr á skemmtuninni.

- Skólahljómsveitin spilar jólalög.
- Sendiherra Svíþjóðar, Anders Ljunggren, afhendir vinabæjarjólaltrið frá Norrköping.
- Forseti bæjarstjórnar, Ármann Kr. Ólafsson, tekur á móti jólatrénu fyrir hönd Kópavogsbæjar.
- Samkór Kópavogs syngur jólalög.
- Jólaveinar koma í heimsókn.

Sjálfbodaðliðar Kópavogsdeildar Rauða krossins bjóða gestum og gangandi uppá kakó og piparkökur.

## MOLINN – UNGMENNAHÚS

Skemmtilegur skiptidótamarkaður

kl. 12–16

Ungmennastarf Kópavogsdeildar Rauða krossins heldur skiptidótamarkað í Molanum. Komið og gerið góð skipti eða kaupid dót á undir 1.000 kr.

Tekið er á móti heillegum leikföngum vikuna 23.–27. nóvember í Molanum og í Sjálfbodaðmiðstöðinni, Hamraborg 11, 2. hæð.

Jólastemning í kaffihúsinu. Yfirlitssýning í Gallerí Sykri. Þrjár Raddir og Beatur taka nokkur lög klukkan 14.30.

## TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS

Heillbrigð æska

– Þónkið og Kópavogurinn 1978–1983

## SALURINN

Tónlist frá hjartanu – kl. 13

TKTK-tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kóp.

Ingibjörg Guðjónsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Hannes Guðrúnarson.

Tónlist eftir Mario Castelnuovo-Tedesco.

Miðaverð: 1.000 kr. Ókeypis fyrir 16 ára og yngri og nemendur Tónlistarskóla Kópavogs.

## GJÁBAKKI

9.00 Krummakaffið á sínum stað.

10.00 Lagt af stað í léttu göngu um nágrennið.

13.00 Handverksmarkaður opnaður.

13.00 Laufabrauðsskurður. Tilvalið tækifæri til að læra handtökin af þeim eldri og reyndari. Kökurnar eru tilbúnar frá Kristjánsbakaríi og verða steiktar og seldar á kostnaðarverði.

13.00 Jón Björgvinsson blómaskreytingamaður verður með jólaskeiðing til sölu á vægu verði til kl. 16.

14.00 Samkór Kópavogs syngur inn aðventuna.

15.45 Kvinnakór Kópavogs og Karalakór Kópavogs – aðventusöngvarnir óma.

16.10 Skólahljómsveit Kópavogs.

Kaffi, heitt súkkulaði með rjóma og adventubakkelsi verður selt á sanngjörnu verði.

## BÓKASAFN KÓPAVOGS & NATTURUFRÆÐISTOFA

Jólaötturinn í Safnahúsinu kl. 15–16

Skemmti- og fræðsluerindi um jólaöttinn í máli og myndum fyrir 4–6 ára krakka. Slóð hans rakin um Safnahúsið og lesin skemmtileg jólasaga. Þá eru góðar líkur á að sjálfur jólaötturinn mæti á staðinn og heilsa upp á krakkana.

Dýrin á Náttúrufræðistofunni skryðast jólabúningi.

Nýjar og gamlar jólabækur eru til útláns í Bókasafninu.



www.kopavogur.is



## VERSTA UMSLAGIÐ

Kreppuúmslag Egós fyrir plötuna 6. október féll ekki í góðan jarðveg. Smekkfólkið sem Fréttablaðið leitaði til setti umslagið í neðsta sæti.

- „Ósmekklegt, misheppnað tilfinningaklám. Sem reyndar lýsir innihaldinu ágætlega líka, þannig að þetta er ekki alveg 100% misheppnað að því leyti.“
- „Fangi klisjunnar.“
- „Á greinilega að vera afar táknrænt, sterkt og jafnvel ögrandi, en minnst þess í stað á plakati frá UNICEF eða auglýsingaherferð fyrir nýjustu seríuna af CSI-löggubáttunum.“
- „Aum tilraun áfandkaðrar hljómsveitar til þess að eiga gagnrýnisródd í orðræðu hrunsins. Ófyrirgefana hallærislegt.“
- „Hvað á þetta að þýða? Skitugt barn í handjárnnum (meira að segja er skiturinn svo gervilegur að það er óþægilegt). Þetta er ljótt og kallar á óþægileg viðbrögð. Er einhver markhópur sem fílar þetta? Langar að vita hvaða rök voru fyrir því að samþykkja þetta ljóta umslag.“



## ANNAN SÆTI:

**Serðir Monster – Tekið stærst uppí sig**

- „Æ...grow up!“
- „Fer marga hringi í smekkleysu og vitlæysi og fátítaskap. Hæfir tónlist og textum fullkomlega – hvoru tveggja umslag og innihald er eins og það hafi verið gert af góðum grínara í tólf ára bekk.“
- „Eftir að Sverrir hætti að geta samið góð lög hefur hans eina leið að athygli verið í gegnum sjokk. Það er svo langt síðan Sverrir hætti að toppa sjokkið að það eina sem er sjokkerandi við þetta er að Sverri þyki þetta ennþá sniðugt. Þetta er ekki fyndið, þetta er ekki ádeila, það er engin innsýn í þessu. Þetta er bara þínlegt og vandráðlegt drasl. Ætli megi ekki ætla að kápan nái að niðurlægja alla þá sem lögðu eitthvað til við gerð þessarar plötu, og þótt ótrúlegt megi virðast, líka Sverri sjálfan.“
- „Í raun á þessi heima á sínum eigin lista: „Glæpir gegn augum“. Tilgangurinn með þessu er að sjálfsgöðu að hneyksla og ergja þannig að ég segi bara að þetta hæfir listamanninum vel og ég er viss um að honum finnst mikill klassi að hafa þetta uppi í hillu.“



### 3. Friðrik Ómar & Jógvan Hansen

– Vinalög

„Ég ætla að leyfa mér að sletta þegar ég segi þau orð sem koma fyrst upp í hugann; krípi, skritið, yfirpróðuserað, óþægilegt, og síðast en ekki síst, alls ekki vinalagt.“

„Eins og Dressmann-auglýsing.“  
„Eins og boðskort í 31 árs afmæli á Selfossi eða auglýsing á stefnumótasíðu.“

„Eitt umslag, tvö markaðssvæði, lægsti samnefningarinn.“

„Tveir logandi fótósjoðpaðir gaurar. Letrið síðan eins og merking á fangabúning.“

### 4. Hafdís Huld – Synchronised Swimmers

„Álíka krúttlegt og notað dömbindi.“

„Eins og barnaplata. Frá helvíti. Krútt þræða fína línu þar sem leitað er innblásturs í eigið sakleysi, eitt-hvað sem gervikrútt skilja ekki, og þar af leiðandi verður allt sem þau gera væmið, barnalegt og hjákátlegt. Hafdís Huld er drottning gervikrúttanna.“

„Ókei, ég næ því að Hafdís er svaka mikið krútturassgat og vill hafa heklað dúlleríði á umslaginu sínu... En smá ráð til þín Hafdís: ekki hafa þá útúrpróðuseraða mynd af sjálfri þér framan á plötunni þinni. Hún er eins og aðþrengd eiginkona sem er alltaf að reyna að vera MILF, en býr svo í úthverfi með fimm börn og mann sem heldur framhjá. Og drekkur í laumi. Húrrandi andstæður á þessu umslagi og ég myndi hætta við að kaupa mér þessa plötu því framsetningin er svo ljót.“

### 5. Hoffman – Your Secrets Are Safe With Us

„Mjög óspennandi og viðvaningsleg hönnun. Óheppilega lélegt miðað við gott innihaldið, kraftmikið rokk. Gott dæmi um hvernig góð plata fellur í gildi með lélegri hönnun umslags.“

„Gríðarlega framúrsteftnulegt og „speisað“ umslag... þ.e.a.s. ef árið væri 1971.“

„Heimatilbúin umslög eru jafnan klúður þegar handteiknað letur er áberandi. Þetta er illa gert umslag, ljótt og asnalegt. Það gefur röng skilaboð um að flytjandinn sé útúr-dópaður geðsjúklingur og músíkin steypa.“

### 6. Lay Low – Flatey

„Það er ekkert á umslaginu sem styður við ljúfa, notalega og krúttlega tónlist Lay Low. Þess í stað mætti halda að þarna sé á ferðinni aulalegt „instrumental“ tölvupopp eða upplestur á skýrslu um hlýn-un jarðar. Leturgerðin er meira við hæfi steypustöðvar en fingerörar tónlistar.“

„Hér átti heildarhugmyndin líklegast að draga upp einhvers konar lágstemmdan einfaldleika. Því miður er útkoman jafn flöt og eyjan sem þrýðir umslagið og lítur hreinlega út eins og steingeld forsíða á árskýrslu Umhverfisstofnunar.“

### 7. Gunnar Þórðarson – Vetrarsól

„Mér finnst ótrúlegt að enginn skuli hafa stoppað þetta áður en umslagið fór í prentun. Þetta hefði alveg eins getað verið tónleikaplata frá meðlimum í Krossinum.“

„Æi, var þetta virkilega besta ljósmyndin sem náðist af Gunnari á tónleikunum? Með fullri virðingu þá lítur þessi ástsæli tónlistarmaður út eins og vond eftirherma af Hallgrími Lauk.“

### 8. Á Móti Sól – 8

„Frekar glatað bara. Úff.“

„Þegar flett er upp á orðinu „leiðinlegt“ í orðabók finnur maður ítarlegar skýringar á þýðingu orðsins, dæmi um notkun þess, helstu beygingarmyndir og fleira gagnlegt. Þar ætti hins vegar með réttu að vera mynd af þessu umslagi.“

### 9. Guðrún Gunnarsdóttir syngur Cornelis Vreeswijk


„Var að horfa á Saw 6 um daginn og ég hræðist meira gaurinn á bak við Guðrúnu heldur en Jigsaw sjálfan.“

„Ha, eru Guðrún Gunnars og Fjöltnir tattú búin að gera plötu saman?“

### 10. Múm – Sing Along to Songs You Don't Know

„Múm-liðum hefur bersýnilega þótt nauðsynlegt að bæta upp fyrir til-tölulega tilgerðarlausan plötutitil, a.m.k. á þeirra mælikvarða, með tilgerðarlegasta plötuumslagi sínu til þessa – og þá er mikið sagt!“

„Hefði verið ágætis kóver ef ekki væri fyrir þetta skaðræðis augn-skeraandi ferlíki sem á að vera kerti á því. Skelfing!“



## EINNIÐ NEFND Í VONDA FLOKKNUM

### Ingó & Veðurguðirnir – Góðar stundir

„Sprengjuhöllin gerði þetta umslag áður (og betur).“

### Foreign Monkeys – Pí

„Engin stemning, engin tenging við innihaldið. Hræðilegt!“

### Stefán Hilmarsson – Húm

„Mér fannst þetta ógeðslega flott kóver, þangað til einhver sagði mér að þetta væri ekki jólaplata. Þá fannst mér það frekar glatað.“

### Ljótu hálfvitarnir – Ljótu hálfvitarnir

„Viðbjóður.“

### BB & Blake – BB & Blake

„Þau eru of kúl fyrir svona ljótt kóver.“

### Koi – Sum of All Things

„Titillinn er illa og kjánalega upp settur. Það er óheppilegt þegar umslagið er undirlagt titlinum. Nafn flytjandans er haft smátt eins og algjört aukaatriði. Það er erfitt að ímynda sér að plata með svona ljótu umslagi geti verið áhugaverð.“

### Elíza – Pie in the Sky

„Skrytið umslag og ljót samsetning. Handskrifað letrið er hörmung.“

### Me, the Slumbering Napoleon – The Bloody Core of It

„Umslagið bendir til þess að platan verði flestum gleymd innan skamms. Það er ekkert sem gefur til kynna að platan innihaldi hressilegt og kröftugt rokk.“

### Hera Björk – Ilmur af jólum

„Höfuðið á henni lítur út eins og matskeið.“

### María – Not Your Housewife

„Veit ekki hvort svona grafík þótti einhvern tímann flott. Allavega ekki síðustu tíu árin.“

### Melchior – Melchior

„Já, þetta lítur ekki vel út. Ég myndi fara til læknis út af þessu.“

### Stefán Karl – Í Túrett og moll

„Útlit plötunnar er tilvísun í Latabæjar-Stefán... Er markhópurinn sjö ára börn? Eru menn með öllum mjalla?“

### Ýmsir – DUET

„Úff – svona umslag getur drepit hvaða plötu sem er!“

### Lára – Surprise

„Tryllingslegt augnaráðið og geðsýkisglottit á söngkonunni í þrönga plastbolnum, í bland við viðbjóðslegan bakgrunninn, fá mann til að efast um geðheilbrigði Láru og allra sem að umslaginu komu.“

### Söngvaseiður – Tónlistin úr sýningu Borgarleikhússins

„Einstaklega kaudslegt og í raun sprenglæglegt fótósjoðsþýs.“

### Sjaldgæfir fuglar – Sjaldgæfir fuglar

„Luralegra gerist það varla. Ætli Stóns viti af þessu?“

### Dalton

„Jafn vont og platan.“

### Fabúla – In Your Skin

„Eineygða riddarabrynjan. Manni líður bara illa í plötubúð með þetta glápanði á mann.“

## Umdeildasta umslagið

Plötuumslag Hjalma-plötunnar IV er umdeildasta umslag ársins. Jafn mörgum fannst það flott og þeim sem fannst það ljótt. Það er því greinilegt að myndlist Davíðs Arnars Halldórssonar, sem málaði myndirnar í umslaginu, fer misvel í smekkfólk.

### Gott:

„Litríkur og flottur bútasumur. Gæðaúmslag fyrir gæðatónlist.“

„Besta umslag síðari ára. Flott mynd, flottir litir, flottur listamaður, flott plata. Allt gengur upp.“

„Lífleg grafísk mynd sem þú værir til í að hafa uppi á vegg heima hjá þér. Það fyrsta sem augu mín rötudu á þegar ég labbaði inn í plötubúð um daginn. Textaleysi á framhlið gerir mögulegt að það er hægt að láta hana snúa á nær alla vegu.“

### Vont:

„Sorglegt að svo góð hljómsveit geti ekki verið með almennilegt umslag.“

„Þetta er alveg meiriháttar plata, en kápan sendir mann í slæma vímu. Allir litir í heimi, og nokkrir sem á eftir að nefna, rekast saman í gallsúru slysi.“

„Skil ekki af hverju þeir eru með Loch Ness skrímslið utan á plötunni. Gæti reyndar verið grænn afmyndaður limur með tennur.“



### Önnur umdeild

Plötur sem skoruðu hátt sem vond umslög en fengu líka stig í góða flokknum.

### Egó – 6. október

„Einföld og snjöll túlkun á afleiðingum bankahrunsins – sem nafn plötunnar vísar til. Algengasta leturgerð á fréttasíðum daglaða smellpassar á nafn plötunnar. Svartvítt, hreinlegt og ofur einfalt umslagið tengir við kuldarokk niunda áratugarins sem og gömlu Egó-plötur.“

### Serðir Monster – Tekið stærst uppí sig

„Heiðarlegt umslag fyrir reiða Íslendinga.“

### Gunnar Þórðarson – Vetrarsól

„Öllum upplýsingum um innihaldið komið til skila: Gunnar að syngja einn með kassagítarinn. Blái liturinn sem umvefur Gunnar skapar tilfinningu fyrir að þetta séu tónleikaupptökur. Á litlu aukamyndunum er dregið fram að í einhverjum tilfellum njóti Gunnar aukahljóðfæraleikara og platan sé ekki einhæf. Leturgerðirnar passa afskaplega vel við nafn Gunnars og titillinn.“

## ÁLITSGJAFAR:

Addi Knútsson hjá Filmus  
Árni Torfason ljósmyndari  
Bobby Breiðholt, hönnuður og bloggari  
Daði Þór Ólafsson tónlistaráhuga-  
maður  
Dilja Ámundadóttir hjá Réttum  
Egill Harðar hjá Rjómanum  
Eldar Ástþórsson hjá Gogoyoko  
Haukur S. Magnússon hjá Grap-  
evine  
Helga Þórey Jónsdóttir tónlistará-  
hugamaður  
Jens Guð hönnuður  
Jón Trausti Sigurðarson hjá Grap-  
evine  
Kjartan Guðmundsson á Frétta-  
blaðinu  
Kristinn Pálsson tónlistaráhuga-  
maður  
Matthías Matthíasson á Rás 2  
Óskar Pétur Einarsson, tónlistará-  
hugamaður  
Ragnheiður Axel hönnuður  
Trausti Júlíusson á Fréttablaðinu





At the heart of the image

# FULLKOMIN JÓLAGJÖF

**TILBOÐ!  
MEÐ ÖLLUM  
NIKON D5000  
FYLGIR NÚ  
SB-400 FLASS SKIP  
Í KAUPBÆTI.**

(VERÐMÆTI 34.995 KR.)



## NIKON D5000

Færðu sjálfum þér og öðrum nýtt sjónarhorn á lífið með Nikon D5000 – myndavél með stillanlegum LCD-skjá og HD hreyfimyndatöku! Fullkomin jólagjöf fyrir fjölskylduna.



### Nýjung á Íslandi!

#### Nikon skólinn

Innifalið í kaupunum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.).

#### SÖLUÆÐILAR

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 5691500 – [www.ht.is](http://www.ht.is)

Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 5689090 – [www.sm.is](http://www.sm.is)

Beco – Langhóltsvegur 84, 104 Reykjavík – 5333411 – [www.beco.is](http://www.beco.is)

Fotoval – Skipholt 50b, 105 Reykjavík – 5539200 – [www.fotoval.is](http://www.fotoval.is)

[www.nikon.is](http://www.nikon.is)

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## BÓNUS FYRIR NEYTENDUR Í 20 ÁR



GRILLAÐUR HEILL KJÚKLINGUR (KALDUR)

698

KR.STK

ELDADUR OG TILBUINN TIL AÐ HITA UPP HEIMA



HOLATA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

598

KR.KG



BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

539

KR.KG



K.F KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR M.BEINI MERKT VERÐ 998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR

798

KR.KG



KS FROSINN INNMATUR HJÖRTU OG LIFUR

198

KR.KG



K.F KOFAREYKT FOLALD M.BEINI MERKT VERÐ 776 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR 465 kr.kg.

40%

AFSLÁTTUR



1598

KR.KG

K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI



FROSID KS SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR

598

KR.KG



HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

1698

KR.KG



BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

1598

KR.KG



FERSKT TILBOÐS-GRÍSARÍFJASTEIK

498

KR.KG



TILBOÐS-BACON

998

KR.KG



FERSKT TILBOÐS-HAKK NAUT/GRÍS

798

KR.KG



HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

259

KR.KG



N.V FERSKT NAUTAGÚLLAS

1298

KR.KG



N.V FERSKT NAUTASNITSEL

1298

KR.KG



ALI FERSKT GRÍSHAKK MERKT VERÐ 798 KR.KG - 40% AFSLÁTTUR

479

KR.KG



FERSKT UNGNAUTAHAKK MERKT VERÐ 1498 KR.KG - 35% AFSLÁTTUR

974

KR.KG

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00

SUNNUD: 12:00-18:00



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

## SAMA VERÐ Í BÓNUS UM LAND ALLT



**259**  
KR.PK

HEIMA HRÍSGRJÓN 5x100g = 500g  
Basmati og Long Grain



**159**  
KR.PK



**298**  
KR.PK

BÓNUS PIPARKÖKUR  
500G



**998**  
KR. 3 PK

**Stórlækkun á Gevaliakaffi**

**39% lægra verð ef keyptir eru þrír 500g kaffipakkar 998 kr. 3 pk.**



**198**  
KR.DS

HEIMA JARÐARBER  
820g



**198**  
KR.PK

APPOLO LAKKRISKURL  
200g



**98**  
KR.STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 375g (háft)



**298**  
KR.PK

GK SUÐUSÚKKULAÐI; ÞRJÁR 100g PLÖTUR



**398**  
KR.STK

BÓNUS MARENGSBOTNAR BAKAÐIR  
BRÚNIR EÐA HVÍTIR



**Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.**  
Venjulegt-Light-Zero og 4dósir Víking jólaöl í kaupbæti. Verðmæti kaupauka ca 460 kr. **SAMTALS: 14 LTR.**



**659**  
KR.KG

AMERÍSK RAUÐ STEINALAUS  
VÍNBER NÝ SENDING



**789**  
KR.KASSINN

**Robin jölaklementínur**  
2,3 kg kassi



**239**  
KR.PK

PAMPERS SIMPLY BLAUTÞURRUR  
TVÆR TEGUNDIR



**198**  
KR.STK

RÚÐUSKAFA  
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



**498**  
KR.STK

RÚÐUVÖKVI 5 LTR.  
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



**598**  
KR.STK

ÞRÍF ÞRÍFUR ALLT 1,5 LTR.



**298**  
KR.PK

RAFHLÖÐUR  
9 volt 2 stk



**1659**  
KR.PK

PAMPERS SIMPLY BLEIURNAR KOMAR AFTUR  
ÞRJÁR STÆRDIR

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00





UPP Á SITT BESTA Filippus milli tvítugs og þrítugs. MYND/ÚR EINKASAFNI



JEPPINN Sá er af árgærd 1953.



Á HLAÐINU „Það eru orðnar margar myndir til af mér með þessum húsum.“

# Ekkert farið eftir klukku hér


Skammdegissólin bregður roðagylltri birtu á burstir og þil á Núpsstað í Fljótshverfi þegar *Gunnþóra Gunnarsdóttir* og *Gunnar V. Andrésson* bruna í hlað til fundar við öðlinginn **Filippus Hannesson**. Hann býr einn þó að hann fagni hundrað ára afmæli 2. desember.

**G**ræni Subaru-jeppinn hans Filippusar stendur við stétina og gefur til kynna að húsráðandinn sé heima. Þegar knúid er á innri eldhúsdynnar opnar hann líka brátt og býður í bæinn. „Það er öllum frjálst að fara um landið en þið hafið ekkert upp úr mér. Ég er enginn fréttabútur,“ tekur hann skýrt fram í byrjun. Segist þó hafa gaman af að fá góða gesti. Um þetta leyti árs séu ekki margar á ferð. Á sumrin liggja straumur fólks hins vegar heim á hlað að skoða litlu kirkjuna og kíkja á gömlu húsin enda bent á staðinn í bæklingum. „Hingað koma þúsundir manna og allir þurfa að taka myndir. Það hlýtur að vera orðinn til mikill bunki,“ segir hann og hristir höfuðið.

Inni er hlýtt og notalegt þó að næðingur sé úti og Filippus rennir nýlögðu kaffi í bollana. „Það er ekkert kaffi nema hafa rjóma í því,“ segir hann og skruvar tappann af hálf lítra fernu. Hann sér algerlega um sig sjálfur og kveðst aðspurður fyrst hafa kynnst eldhúsvorkum eftir að Eyjólfur bróðir hans andaðist fyrir fimm árum, þá 97 ára. „En þetta er ósköp einfalt. Það kemur svo mikið tilbúið frá Klaustri. Ég þarf bara að sjóða kartöflurnar og hafragrautinn en það er nú ósköp lítið verk. Ég elda líka oft fisk. Einn maður þarf ekki mikið en eitthvað verður það að heita.“

## Við erum ekki ein

Umhverfið á Núpsstað er bæði stórbrotið og fagurt. Hamrabeltin gnæfa við himin og klettur í



NÚPSSTAÐUR Margt minnr hér á fortíðina því hlutum hefur verið haldið til haga. Íbúðarhúsið er byggt 1928 og Willy's-jeppinn er af árgærd 1953.

hlíðunum eru eins og sniðnr fyrir huldufólkið að búa í. Filippus kveðst þó aldrei hafa orðið var við það og veit ekki hvað myrkfælni er. „Aðrir sjá alls staðar vofur en þær plaga mig ekki,“ segir hann en bætir við: „Hins vegar erum við ekki ein, við vitum það þó að við sjáum það ekki.“

Út frá þeim orðum spinnst umræða um einsemdina og Filippus er spurður hvort hann uni henni vel. „Ég læt það vera. Það er ekkert um annað að gera,“ segir hann ákveðinn. Kveðst þó komast á elliheimilið á Klaustri þegar hann þurfi. „Það er gott að hafa þessi pláss. Alveg ómetanlegt. Allt fer eftir heilsunni og ég geri aldrei neinar áætlanir.“ Hann gefur heldur ekkert upp um hvernig hann verji deginum og spurningu um hvort hann fari snemma á fætur svarar hann stutt og laggett. „Nei, það er ekkert farið eftir klukku hér.“

Filippus er fæddur og uppalinn á Núpsstað og hefur búið þar alla tíð. Hann er einn tíu barna hjónanna Þórunnu Þórarinsdóttur húsfreyju og Hannesar Jónssonar, bónda og landpósts. Fimm systkinanna eru á lífi; eitt þeirra er Margrét, sem varð 105 ára fyrr á þessu ári og sér líka um sig sjálf. Filippus á allt eins von á að hún heimsæki hann á afmælinu. „Hún á ákaflega gott með að vera í bíl. Líður hvergi betur,“ segir hann. En hefur hann einhverja skýringu á langlífi þeirra systkina? „Eina skýringin er sú að það er svo langtum betra sem fólk hefur við að búa en það gerði.“

Heldur hefur lestrarsjónin daprast hjá Filippusi. „Það sígur allt að endapunkti – ekki gott við því að gera,“ segir hann með stakri rósemd. Heyrn hans er góð og skilningurinn eftir því. Kveðst þó ekki hlusta sérlega mikið á útvarp og segir sjónvarpsskiyrðin slæm. „Ég hlusta á fréttir sem eru endurteknar aftur og aftur,“ segir hann og hlær. Í gluggasýllunni liggur einstakt hefti með útvarpsdagskránni frá 1957. Hvítlaukur í glugganum vekur og athygli. „Hann er til að fæla músina frá,“ útskýrir Filippus kankvís. „Hún sótti líka í bílinn en eftir að ég setti hvítlauk í hann hefur hún forðast hann.“ Enn kveðst hann stundum bregða sér af bæ í bíln-

FRAMHALD Á SÍÐU 42



**nettó**  
Ódýrt fyrir heimilið!

**TILBOÐ**



LAMBALÆRI  
FROSID

**1.198** kr/kg

# Frábært verð!

LAMBAFILLET  
M/FITU, FROSID

**TILBOÐ**



**2.998** kr/kg

HAMBORGARAHRYGGUR

**44%**  
afsláttur



**798** kr/kg

áður 1.425 kr/kg

BAYONNESKINKA

**53%**  
afsláttur



**898** kr/kg

áður 1.898 kr/kg



HANGIFRAMPARTUR  
SAGAÐUR

**TILBOÐ**



**834** kr/kg

áður 1.198 kr/kg



LAMBALÆRI  
KRYDDAÐ, FERSKT

**30%**  
afsláttur



**1.399** kr/kg

áður 1.998 kr/kg



COOP HRÍSGRJÓN  
F/ÖRBYLGJUOFN

**51%**  
afsláttur



**89** kr/pk.

áður 179 kr/pk.

COOP KJÚKLINGASÚPA  
400g

**50%**  
afsláttur



**49** kr/stk.

áður 98 kr/stk.

GREENS JELLY 2x35g  
RED EDA ORANGE

**ÓDÝRT**



**99** kr/pk.

FÓTBOLTAMYNDIRNAR  
FÁST HJÁ OKKUR



GREENS KÖKUMIX  
ÝMSAR TEG.



**50%**  
afsláttur

**99** kr/pk.

áður 198 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á [www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 28. - 29. nóvember eða meðan birgðir endast





ÞAÐ SEM UPP ÚR STENDUR EFTIR HUNDRAD ÁR? „Ég segi ekki frá því.“



VIÐ ELDHÚSBORÐIÐ „Það er ekkert kaffi nema hafa rjóma í því,“ segir Filippus og fær sér sopa.

#### FRAMHALD AF SÍÐU 40

um. „Það er ákaflega misjafnt hvert ég fer,“ segir hann þegar forvitnast er um það. „Stundum fer ég austur í Óræfi. Það er líka góður túr að skreppa að Klaustri.“ Svar hans við spurningu um hvort hann fari vikulega í verslunina er í svipuðum dúr og um fótaferðartímann. „Nei, það fer ekkert eftir dagatalinu.“

#### Veisluhöld á Hvoli

Núpsstaður er næsti bær vestan Skeiðarársands og viðkomustaður ferðamanna frá alda öðli. Filippus fór yfir sandinn um vötn og vegleysur áður en brýrnar komu, meðal annars í pósthæð fyrir föður sinn sem hafði þær með höndum um fjörutíu ára skeið. Hann minnst líka ferðar yfir sandinn í ágúst 1927 á hestum. „Jökullinn náði miklu lengra fram á sandinn þá en nú og var næstum genginn vestur í klettana innan við Lómagnúp. Hann vantaði bara svona 100-200 metra og þar runnu Núpsvötnin. Það hefði getað orðið laglegt lón þar fyrir innan ef skarðið hefði lokast,“ lýsir hann. Landið er runnið honum í merg og bein og hann þekkir ógrynni örnefna allt í kringum sig. En kann þau svo nokkur eftir hans dag? „Mörg þeirra hafa verið skráð,“ upplýsir hann. „Það kom fólk frá háskól-

anum til að skrá þau. Þetta hefði týnst niður annars.“

Engin skepna er á Núpsstað lengur en Filippus var þar lengi fjárbóndi, ásamt bróður sínum Eyjólf. Mörg spor átti hann eftir kindum um hið mikla fjallendi sem tilheyrir jörðinni enda knár göngumaður og er enn léttur á fæti. Kýr höfðu þeir bræður líka en hafði Filippus gaman af búskapnum? „Það er ekki gott að segja,“ svarar hann og hlær hljóðlega. „Þetta var eitt af því sem maður vandist og þekkti ekki annað. En það er skritinn búskapur orðinn víða, þetta er svona úti um allan heim. Sá grunur læðist þó að mér að það sé hvergi betra að vera en hér á Íslandi. Það eru ákaflega mikil vandræði víða þarna úti. Þeir eru alltaf að drepa hver annan. Hitt veit maður að það er erfitt að stjórna öllum þessum milljónum. Það er meira en nokkur nær yfir.“

Nú er stutt í stórafmælið og Filippus segir meininguna að halda eitthvað upp á það. „Það verða víst veisluhöld á Hvoli ef veður leyfir,“ segir hann kíminn en á Hvoli býr systursonur hans og vinur, Hannes Jónsson. Þar sem adventan er líka á næsta leiti er þessi aldni höfðingi að lokum spurður hvort hann ætli að vera heima um jólahátíðina. „Já, ætli það ekki?“ svarar hann með heimspekilegri ró og bætir við: „Ef ég verð ekki dauður. Það eru allir dauðlegir.“




ÚTVARPSDAGSKRÁIN Hefti frá 1957 og hvítlaukur til að fæla músina frá.



FJÖLSKYLDAN Á NÚPSSTAÐ ÁRIÐ 1917 Eyjólfur, Dagbjört, Margrét yngri, Hannes bóndi, Málfríður, Jón, Þórunna húsfreyja, Filippus og Margrét eldri.

MYND/ÚR EINKASAFNI. LÍÓSMYNDARI KIARTAN GUDMUNDSSON.



HÁLFHEILÖG PRENNING Gamla eldhúsið, Bænhúsið og Lómagnúpur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Jólin koma

ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI



## ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA Í ORMSSON

**Tefal**

**JAMIE OLIVER PROFESSIONAL SERIES**  
POTTAR OG PÖNNUR sem slegið hafa í gegn um allan heim

**Tefal**

**FYRIR SPANHELLUR**

**GÆÐA PÖNNUKÖKUPANNA**  
Náðu meistaratöktum í pönnukökugerð!  
Verð kr. 6.590.-

**AEG**

**SÍGILD KAFFIVÉL**

**BLANDARAR Í ÚRVALI**  
Styrktu þig með hollustudrykk

**OBH NORDICA**

**NUDDTEPPI**

Komdu og prófaðu!

**NUDDTEPPI Á STÓLINN**  
Örvandi og endurnýjandi – og um leið slakandi  
Verð kr. 49.900.-

**AEG**

**FAVORIT 40370U-W**

„Algjör himnasending!“

**UPPÞVOTTAVÉL AF BESTU GERÐ**  
Hljóðlát-49db · TURBO-þurrkun · heitur blástur · 12 manna stell · 5 þvottakerfi · Orkunýtni: A · Þvottahæfni: A · Þurrkhæfni: A  
Listaverð: kr. 134.900  
**JÓLATILBOÐ Kr. 109.900.-**

**AEG**

**LAVAMAT 64851**

**1400 snúninga HÁGÆÐA ÞVOTTAVÉL**  
Taumagn: 7 kg · Þvottahæfni: A · Orkuflökkur: A+ · Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi Notendahandbók á íslensku · ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ  
Listaverð: kr. 169.900  
**JÓLATILBOÐ Kr. 139.900.-**

**AEG**

**DRAUMARYKSUGURNAR ERU FRÁ AEG – Þær gerast ekki betri!**

**brabantia**  
solid company

**FALLEG BRAUÐBOX & FÖTUR**  
Hönnun á heimsmælikvarða

**CELESTRON**

**ÚRVAL VANDAÐRA STJÖRNUSJÓNAUKA**  
Heillandi heimur opnast þér!

**LE-37B655**

**GLÆSILEGT 37" LCD SJÓNVARP**  
Háskerpu sjónvarpsmóttakari · Internet@TV · Upplausn: 1920 x 1080 · 100 Hz Motion Plus-mýkri hreyfing og enginn draugur  
Verð kr. 269.900.-

**SHARP**

**LC-32DH57**

**FRÁBÆRT 32" LCD-SJÓNVARP**  
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9) · Stafrænn DVB-T móttakari · Skerpa: 10.000:1 · Birta: 450 cd/m2 · Svartími: 6 ms · Inngangar: 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video  
Verð kr. 149.900.-

**SAMSUNG**

**EC-ES55**

**KLASSA MYNDAVÉL**  
10. milljón pixlar · 2,5"skjár · 3x Optical Zoom DIS (Digital Image Stabilization) · Face detection (allar andlitsmyndir verða eðlilegri)  
Verð kr. 24.900.-

**SHARP**

**XL-DH320NH**

**HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA**  
Geislaspilari-Útvarp og iPod vagga Magnari: 2x50 W RMS · Spilar MP3, CD-R/RW USB inng. · 6 tónjafnarstillingar · X-BASS kerfi  
**TILBOÐSVERÐ kr. 49.900.-**

**Nintendo**

**Wii -LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET**  
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa! Magnað leikjaúrval!  
Verð kr. 49.900.-

**Nintendo**

**DS-LEIKJATÖLVA**

**VÍÐFRÆG & VINSÆL**  
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglæða á öllum aldri.  
Verð kr. 29.900.-

**SCOTT**

**CMX-118**

**ÚTVARPSVEKJARI**  
· FM útvarp  
· Vekjari með útvarpi eða pípi  
· Blátt næturljós  
· 2 stillingar á birtustigi  
Verð kr. 4.900.-

**OLYMPUS**

**FE-26**

**GÆÐA MYNDAVÉL FRÁ OLYMPUS**  
12 milljón pixlar · 3x aðráttarlinsa (36-108mm) Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 16 handhægar tókustillingar · Videoupptaka með hljóði Litir: Blá, bleik og svört  
Verð kr. 19.900.-

**Skullcandy**

**LOWRIDER**

**FLOTT HÖFUÐTÓL**  
Verð kr. 8.450.-

**SCOTT**

**SDM22**

**FERDATÆKI m/geislaspilara**  
· CD-R/RW, MP3/WMA-CD, Audio CD · FM útvarp · USB tengi  
Verð kr. 9.900.-

**SCOTT**

**SWM7CS**

**FERDATÆKI m/geislaspilara og kassettutæki**  
· CD-R/RW, MP3/WMA-CD, Audio CD · FM útvarp · Kassettutæki · Höfuðtölstengi  
Verð kr. 11.900.-



# ORMSSON



KVÍKA

- ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
- ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
- ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
- ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
- ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
- ORMSSON PRISTUR-ISAFIRÐI SÍMI 456 4751
- ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
- ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
- ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
- ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
- ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160



# Maníu-depressífir Íslendingar

Þeir tilheyra ólíkum kreðsum og eru eins og svart og hvítt á yfirborðinu. Leiðir rökstólapars vikunnar hafa þó skarast oftar en einu sinni á lífsleiðinni. **Hólfríður Helga Sigurðardóttir** fékk sér kaffisopa með fjölmiðlamanninum og skemmtikraftinum **Hermanni Gunnarssyni** og listaskáldinu vonða, **Sigurði Pálssyni**, sem komst að því fyrir margt löngu að Hemmi er ekkert fífl.

## Á RÖKSTÓLUM

**V**ið Hermann hittumst fyrir utan kaffihús í miðbænum sem við höfum sammælt um að rökstólarnir fari fram á. Í ljós kemur að það hefur umbreytt í eitt af þessum tómu ónýttu húsum sem ein-kenna nú höfuðborgina. Hermann er ekki lengi að ákveða hvert skuli haldið: „Við förum á Humarhúsið, þú bíður eftir Sigga og ég fer og læt gera huggulegt fyrir okkur uppi.“ Eg skýst eftir bílnum og sé þá hvar Sigurður er á harðahlaupum upp Hverfisgötuna. Eg nær honum á ferð og við brunum upp á Humarhús. Mennirnir heilsast með virktum og samræðurnar hefjast af sjálfu sér. Eins og svo oft á milli tveggja karla snúast þær um fótbolta. Nánar tiltekið hetjurnar okkar á alþjóðavettvangi. Fljótlega snúast samræðurnar upp í tilhneigingu margra Íslendinga til að draga afreksfólk á hinum ýmsu sviðum niður...

**Hermann:** „Ég var þarna úti í Þýskalandi þegar hann Ásgeir var kosinn besti leikmaðurinn af leikmönnum sjálfum. Þá hringdu í hann heimsfræg félög sem vildu ólm klófesta kappann. En hann var ekkert fyrir þetta. Svo kom maður heim og sagði frá þessu, hvernig allt snerist um Ásgeir. Þá var bara sagt: „Þú lýgur þessu.“ Við kunnum ekki að eiga toppa hérna á Íslandi.“

**Sigurður:** „Nei, það er satt, það er eins og við viljum það ekki. Við eigum í ástar- og haturssambandi við fólk sem skarar fram úr. Langa lengi var hér til dæmis skipulagt fálæti gagnvart Erró. Helgi Tómasson er annað dæmi. Hann er þjóðhetja í Bandaríkjunum og algjört stórveldi í balletheiminum yfirleitt. En það er lítið fjallað um hann hér heima.“

**Hermann:** „Svona afrek einstaklinga og hópa lyfta þjóðinni upp. Besta dæmið um þetta voru handboltastrákarnir á Ólympíuleikunum.“

**Sigurður:** „Talandi um knattípróttir: Hermann, þér hefur aldrei dottið í hug, svona af því þú varst nú bæði í handbolta og fótbolta, að notfæra þér nýja trixið hjá Thierry Henry að spila hvort tveggja í einu.“

*Og nú kveður við hláturinn sem allir þekkja sem sátu fyrir framan sjónvarpið á laugardagskvöldum og horfðu á Hemma Gunn á níunda áratugnum.*

**Hermann:** „Við yrðum fljótir að rífa fótboltann upp þannig. Eg er sammála þér!“

### Sveitamennskan í Þjóðarsálinni

**Hermann:** „Já, við sitjum uppi með einhverja sveitamennsku í okkur. Við kunnum þetta ekki, hvorki að verða rík né fræg. Við viljum lifa í meðalmennskunni. Þess vegna reynum við að draga þá aðeins niður sem skara fram úr, á sama hátt og við reynum að rífa rónana í Austurstrætina aðeins upp. Við reynum að setja alla á sama stig. En ég held að það sé gott að við höfum eignast afreksfólk á svo ótalmörgum sviðum. Við eigum að vera stolt af þessu fólki.“

**Sigurður:** „Nákvæmlega, stolt af, en ekki hrokafull. Hroki er banvænn og eyðileggur allt í kringum sig mjög hratt. Stolt er að gera sér grein fyrir göllum sínum en að vera sáttur við sjálfan sig á heilbrigðan hátt.“

*Pennan reginmun á orðunum hroki og stolt hefði kannski mátt skýra betur árið 2007, þegar „ástandið“ stóð sem hæst. Margir vilja meina að það hafi skapast því þessu var ruglað saman.*

**Sigurður:** „Það er eitthvað í þjóðarsálinni sem er allt of líkt maníu-depressífu. Maníu-depressífur sjúklingur er annaðhvort í oflæti og getur allt eða þá að allt



ENGIN FÍFL Einu sinni var Sigurður Pálsson fenginn til að taka viðtal við Hermann Gunnarsson. Rannsóknarverkefnið var að komast að því hvort Hemmi væri fífl. Hann komst að því að svo væri ekki og voru þeir báðir sáttir við þá niðurstöðu.



Við eigum ekki alltaf að setjast á vegasaltið og frysta það niðri við jörð öðrum megin. Við þurfum að ná sveigjanleika, dýnamík, bæði sem einstaklingar og þjóð.

er í rassgati og þunglyndi. Það er þörf á einhverju jafnvægi hérna. Við eigum ekki alltaf að setjast á vegasaltið og frysta það niðri við jörð öðrum megin. Við þurfum að ná sveigjanleika, dýnamík, bæði sem einstaklingar og þjóð.“

### Ilmurinn af jóluum

*Nú er minna en mánuður í blessuð jólin. Er jólastressið að hellast yfir rökstólaparið eða taka þeir Sigurður og Hermann sallarólegir á móti desembermánuði?*

**Hermann:** „Um jólin fer ég til fóstru minnar sem er 81 árs og býr í Haukadál. Þar hverf ég bara aftur í gamla og góða tíma. Þarna verðum við bara tvö ein, með hundi

og hestum. Eg hef farið út á gamlárskvöld, í sama veðri og tunglskini sem lýsir upp hjarnið og þessa mögnuðu náttúruvegur. Þarna er ég bara einn. Það er ekkert hægt að lýsa tilfinningunni.“

**Sigurður:** „Ég er alinn upp í svona kringumstæðum í Norður-Þingeyjarsýslu. Í rauninni þarf ég ekki annað en að rifja þetta upp, þá er ég kominn þangað aftur. Það er þessi íhugunar- og æðruleysisstaður sem ég hef alltaf innra með mér. Eg þarf ekki nema hluta fyrir heild – ilmur af rjúpu færir mér jólin í öllu sínu veldi.“

*Langar þessa herra menn þá ekki einu sinni í neitt sérstakt í jólagjöf?*

**Hermann:** „Nei, ekki núna, en ef þú hefur spurt mig fyrir tíu árum...“

**Sigurður:** „Mig langar í hið óvænnta, alltaf. Eg vil láta koma mér á óvart. Það er stuttur þráður í jólabarnið í mér.“

### Tíminn afgreiðir bækurnar

*Eruð þið farnir að þefa af jólabókunum? Hver þeirra fær að fara með ykkur upp í rúm á jólanótt?*

**Hermann:** „Listaskáldið vonða er vafalaust miklu meiri bókaormur en ég, þó að ég lesi nú talsvert.“

**Sigurður:** „Ég er nú yfirleitt tveimur til þremur árum á eftir. Staflinn er gríðarlegur fyrir hver jól og auglýsingarnar gefa til kynna að maður þurfi bráðnaðsynlega að lesa þetta allt saman. Svo kemur tíminn og hann afgreiðir bunkann niður í eitthvað sem er hægt að ráða við. En ég ætla að lesa ævisögu Vigdísar, Óvíd í þýðingu Kristjáns Árnasonar og svo portúgölsk ljóð sem Guðbergur Bergsson hefur verið að þýða í fimmtíu ár. Þá er ég góður fyrir jólanótt.“

**Hermann:** „Mig langar að lesa ævisögu Gylfa Ægissonar, þótt

sögurnar af honum eigi kannski ekki við á jólanótt og hæfi betur áramótunum. Eg er líka spenntur að lesa bækurnar um Villa og Vigdís. Svo les ég Góða elskhugann hennar Steinunnar Sigurðardóttur.“

**Sigurður:** „Vorud þið Steinunn ekki að vinna saman?“

**Hermann:** „Jú, mikið rétt, ég kynntist henni á Útvarpinu, ekki sem skáldkonu heldur fréttakonunni og fjörkálfinum Steinunni. Í beinu framhaldi af því fór ég að lesa bækurnar hennar.“

### Listaskáldin vondu

**Sigurður:** „Á Útvarpinu hitti ég þig einmitt fyrst, þegar ég var fréttaritari í París.“

**Hermann:** „Einmitt, og síðan hef ég fylgst með þér og met þig mikils sem skáld og rithöfund. Á þeim árum þegar listaskáldin vondu voru upp á sitt besta var ég á kafi í íþróttum. En þá hugsaði ég með mér að þetta hlyti að vera alveg rosalega skemmtilegur félagskapur. Og meira að segja fór á upplestur hjá ykkur.“

**Sigurður:** „Varstu í Háskóla-bíói?“



Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2009

# Margt smátt ...



## Svo margir treysta á þig

Í fátækustu ríkjum Afríku og Asíu vinnur Hjálparstarf kirkjunnar að því að útvega hreint vatn og bæta þar með heilsu og alla afkomu. Við eflum fólk til sjálfhjálpar og styrkjum konur sérstaklega.

Hér heima veitum við fjölskyldum í fjárhagsvanda umfangsmeiri aðstoð en nokkru sinni með ráðgjöf, mat, fatnaði, lyfjagreiðslum og stuðningi við börn. Þörfin fyrir framlög til hjálparstarfs hefur sjaldan verið meiri en nú, bæði hér heima og erlendis.

Við komum gjöf þinni á þarfan stað í þakklátar hendur

Vegna jólaátaks Hjálparstarfsins biður þín valgreiðsla í heima-bankanum þínum að upphæð 2.500 krónur. Við hvetjum þig til að gefa af gleði. Þau verða þakklát sem taka við. Helmingur rennur til aðstoðar innanlands.

Einnig er hægt að leggja inn á reikning 334-26-50886, kennitala 450670-0499, hringja í 907 2002 fyrir aðstoð innanlands, 907 2003 fyrir aðstoð erlendis eða gefa framlag á [framlag.is](http://framlag.is) eða [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is).



## Jólaaðstoð


Á þriðjudaginn byrjar Hjálparstarf kirkjunnar að taka við umsóknum um jólaaðstoð fyrir þá sem þess þurfa með. Á höfuðborgarsvæðinu snýr fólk sér beint til Hjálparstarfsins. Úti á landi eru prestar með umsóknarblöð og ræða við umsækjendur. Umsóknir þeirra eru svo sendar til Hjálparstarfsins sem deilir út aðstoð síðar í desember. Einnig taka félagsráðgjafar á stofnunum við umsóknum.

Umsóknardagar í Reykjavík verða 1., 2. og 3. desember og 8., 9. og 10. desember. Við bjóðum þá sem þurfa aðstoð velkomna. Síðasti umsóknardagur er 10. desember.

### Tryggja að allir fái sem jafnast

„Við eigum ennþá eftir að sjá hve margir sækja um. En við gerum ráð fyrir miklum fjölda því það hefur verið mikið að gera í allt haust og umfang aðstoðarinnar hjá okkur hefur aukist gríðarlega. Þess vegna höfum við treyst samstarfið um sérstaka jólaaðstoð enn frekar.

Við vinnum eins og undanfarin jól með Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Reykjavíkurdeild Rauða krossins en við höfum líka efnt til samstarfs um sameiginlega skráningu allra þeirra sem sækja um, við Mæðrastyrksnefnd og Rauðakrossdeildir í Kópavogi og Hafnarfirði. Það skiptir miklu máli og hjálpar okkur að gæta jafnræðis og sjá til þess að allir sem þurfa fái aðstoð,“ segir Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfsins og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar. Hún bætir við að fólk sé frjálst að sækja um hjá hverjum þessara samtaka sem er. Úthlutun, á vegum Hjálparstarfsins, Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Reykjavíkurdeildar RKÍ sem verður síðar í desember fer svo fram í Norðlingaholti 12 í Reykjavík. Umsækjendur utan af landi fá senda aðstoð.



### Hátíðamat og gjafir

Það sem fólk býst fyrir jólin er að fá hátíðamat, kjötmeti, meðlæti, gos og ýmislegt annað s.s. smjör, brauð, ávexti o.fl. Svo er aldrei að vita hvað kemur upp úr Aukapokanum sem fólk hefur verið duglegt að koma með. Auk þess getur fólk fengið gjafir handa börnum.

Fjöldi sjálfboðaliða tekur þátt í úthlutuninni, m.a. margir sem hafa misst vinnuna og vilja nýta tíma sinn til góðs. Einnig koma unglingar úr æskulýðsstarfi kirkjunnar, fólk frá ungliðahreyfingum stjórnmálaflokka og fleiri sem vilja kynna sér ástandið í hjóðfélaginu að þessu leyti og leggja góðu máli lið.



Sjálfboðaliðar að störfum.





## Hjálparstarf kirkjunnar

Framkvæmdastjóri:  
Jónas Þ. Þórisson

Margt smátt  
4. tbl. 21. árg. 2009

Ábyrgðarmaður:  
Þjarni Gíslason

Prentvinnsla:  
Umbrot: PIPAR\TBWA  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

### Svo ótrúlega einfalt að gera eitthvað

Á heimasíðu Hjálparstarfsins [www.help.is](http://www.help.is) eru allar upplýsingar um starfið. Af heimasíðunni getur þú líka sent minningarkort, keypt gjafabréf eða gefið framlag. Allt hjálpar.

Gjöf sem gefur, gjafabréfin okkar vinsælu, gleðja og fræða um kjör fátækra og leiðir til hjálpar. Þú kaupir gjöf sem heldur áfram að gefa á [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is) eða með því að hringja til okkar í síma 528 4400.

Við komum þínu framlagi til skila – þangað sem þú kýst – í gegnum [www.framlag.is](http://www.framlag.is).

Fréttablaðið Margt smátt er ókeypis og flytur fréttir af starfinu og þróunarmálum. Láttu okkur vita ef þú vilt áskrift.

Það er svo ótrúlega einfalt að hjálpa. Notaðu netið eða hringdu til okkar í síma 528 4400.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð um allt land í gegnum presta, félagsráðgjafa og námsráðgjafa.

# Gefðu vatn og von!



Með þessari hvatningu leitar Hjálparstarf kirkjunnar eftir stuðningi landsmanna á þessari aðventu. Helmingur framlagsins rennur til aðstoðar innanlands og helmingur til verkefna erlendis.

Engum blöðum er um að fletta að þörfin fyrir innanlandsaðstoð hefur aldrei verið meiri en nú. Með Guðs hjálp og góðs fólks hefur Hjálparstarfinu tekist að mæta þeirri þörf til þessa. Eins tókst Hjálparstarfinu að standa við allar sínar skuldbindingar gagnvart samstarfsaðilum erlendis, þrátt fyrir gengishrunið. Á umliðnu ári hefur Hjálparstarf kirkjunnar fundið stóruka samstöðu, auknar félgjafir, fjölgun sjálfboðaliða, og aukningu

safnaða, presta og annarra styrktaraðila sem styðja starfið með reglubundnum framlögum sínum. Þeim öllum vil ég þakka.

### Gefðu vatn og von!


Það er ótrúlegt en satt að með því að leggja kr. 2.500 til Hjálparstarfs kirkjunnar er unnt að gefa sjö manns í Afríku hlutdeild í brunni, tæru og fersku vatni til langframa. Það er erfitt fyrir okkur hér að ímynda okkur þau lífsgæði sem þar með veitast. Það er ekkert minna en nýtt líf ungum sem gömlum, körlum, konum og börnum, nýtt líf og ný von!

Helmingur framlagsins styður einnig bágstadda hér á landi og veitir styrk og von til að takast á við erfiðleikana og komast í gegnum þá. Fjöldi fjölskyldna glímur við erfiðleika við að framfleyta sér og sínum.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar um land allt með ráðgjöf, matargjöfum, fatagjöfum, lyfjagreiðslum og stuðningi við börn. Starfið byggir á mikilli reynslu, traustri yfirsýn og faglegum metnaði, og virðingu fyrir sérhverjum einstaklingi.

Þú mátt treysta því að Hjálparstarf kirkjunnar kemur gjöf þinni á þarfan stað, í þakklátar hendur. Og Guð blessar glaðan gjafara.

*Karl Sigurbjörnsson*





# Gríðarleg aukning í innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi er í eldlínunni í innanlandsstarfi Hjálparstarfs kirkjunnar. Okkur lék forvitni á að vita svolítið meira um hana.

*Hverra manna ert þú?*

Ég er fædd í Kópavoginum og uppálin þar að mestu en dvaldi sem barn og unglingur á Dalvík á sumrin.

Pabbi er Oddur Brynjólfsson úr Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri og móðir mín var Elin Jakobsdóttir úr Grimsey.

*Hvaða áhugamál hefur þú?*

Ég hef gaman af göngum úti í náttúrunni, að lesa bækur og vinna með börnum. Og í tengslum við það tek ég þátt í starfsemi Systkinasmiðjunnar sem hefur að markmiði að veita systkinum fatlaðra barna og barna með sérþarfir tækifæri til að hitta önnur systkin til að ræða málin og læra hvert af öðru. Svo hef ég bara áhuga á mannlífi og pólitík.

*Hvaða menntun hefurðu?*

Ég útskrifaðist sem þroskaþjálfari 1985. Lærði félagsráðgjöf í Óðinsvéum í Danmörku, kláraði 1993. Svo var ég í stjórn og stjórnsýsla í Endurmenntun Háskóla Íslands.

*Hvenær hófstu störf hjá Hjálparstarfinu?*

Fyrir rúmum 5 árum.

*Hefur starfið breyst á þessum árum?*

Já. Nú er meiri áhersla á talsmannshlutverk okkar. Við tökum virkari þátt í þjóðfélagslegri umræðu t.d. um minnihlutahópa sem margir okkar skjólstæðingar tilheyra. Samsetning hópsins sem leitar til okkar hefur líka breyst, sérstaklega síðasta árið. Fólk sem áður hafði vinnu og eignir hefur misst vinnuna og jafnvel eignir sínar og leitar sér aðstoðar í fyrsta skipti á ævinni. Meðalaldur hefur líka lækkað. Skráning og úrvinnsla gagna er meiri og betri.

*Hvað finnst þér erfiðast og ánægjulegast við starfið?*

Erfiðastir eru allir þröskuldarnir í kerfinu, bæði fyrir þá sem koma til okkar og almennt í kerfinu sjálfu þar sem skortur er á samstarfi milli aðila. Ánægjulegast er að sjá að við erum að gera gagn, upplifa að fólk tekst að rjúfa vitahring fátæktar og komast í gegnum erfiðleika.

*Ef þú værir forsætisráðherra, til hvaða aðgerða myndir þú fyrst grípa miðað við ástandið á Íslandi í dag?*

Kalla til samstarfs við ríkisstjórnarborðið fleiri aðila, stjórnarandstöðuna og hagsmunaaðila og



Vilborg og kötturinn Simbi á góðri stund.

hreinlega mynda nýja sameiginlega vinnu-ríkisstjórn. Gefa þjóðinni þor og kjark til að halda áfram.

*Finnur þú fyrir því í kjölfar efnahagshruns að stuðningur við Hjálparstarfið hafi minnkað?*

Alls ekki minnkað heldur aukist og breyst. Ég finn fyrir meiri samkennd og vilja til að hjálpa.

Fleiri sjálfbóðaliðar bjóða sig fram og einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir styðja vel við okkur.

*Eitthvað að lokum?*

Við hjá Hjálparstarfinu reynum á hverjum degi að vanda okkur. Við höfum reglur til að fara eftir en reynum líka að vera sveigjanleg þegar það á við. Við berum

virðingu fyrir þeim sem koma til okkar, vitum að þetta eru erfið skref. Við viljum stöðugt hugsa upp á nýtt hvernig best er að mæta hverjum einstaklingi.

## Gerðu þér dælt við Aukapokann, hann skilar sér til bágstaddra



Hann er orðinn svo ansi vinmargur, Aukapokinn. Þvælist út um bæ, kemur víða við og hittir marga. Ótrúlegt hvað tekur stuttan tíma að koma sér upp tengslaneti. Fólk fer á námskeið til að læra að tengja, svo fer HANN bara á Facebook - og er um leið kominn með 2.435 vini!

### Krónan, Nettó og Bónus – á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu

Ef þú vilt kynna Aukapokann, þarftu ekki að gera annað en tína nokkrar geymsluþolnar vörur í pokaskjatta næst þegar þú kaupir inn og skilja hann eftir eða skutla honum beint til okkar í Grensáskirkju. Nettó í Hverafold, í Mjódd og á Akureyri eru nýjustu skilastaðir Aukapokans. Þar getur þú keypt kaffi, pasta, hreinlætisvörur, rúsínur og kornfleks og skilið eftir í þar til gerðu ílát. Vörurnar þínar verða svo sóttar og þeim deilt út úr matarbúri Hjálparstarfs

kirkjunnar. Krónan um allt höfuðborgarsvæðið og Bónus bæði á Reykjavíkarsvæðinu og á Akureyri, taka þátt.

### Allt landið heyrir undir Aukapokann

Fólk um ALLT LAND fær að njóta þess sem kemur í aukapokana. Hjá okkur er nóg að gera að afgreiða fólk hér í bænum og senda út á land. Og aukapokinn hefur sannarlega létt undir. Gaman er að sjá hvað fólk velur í pokana, vöruúrvalið hjá okkur verður fjölbreyttara og gaman þegar upp koma sérþarfir sem við getum uppfyllt núna af því aukapokinn er kominn til sögunnar.


### Gerðu þér dælt við Aukapokann

Við hvetjum alla til að gera sér dælt við Aukapokann. Hann er snaggaralegur, sniðugur og áreiðanlegur. Svo er hann svo ótrúlega hjálplegur! Enda er hann aukapoki Hjálparstarfs kirkjunnar. Tíndu í aukapoka næst þegar þú kaupir inn og leggðu bágstöddum á Íslandi lið.


Þú getur kynnst aukapokanum nánar á facebook.com undir aukapoki eða fræðst um hann á help.is.

## Úthlutanir frá júlí til september 2009 milli starfsára eftir landshlutum

Efnahagshrunið á Íslandi hefur ekki farið framhjá neinum. Gríðarleg aukning hefur orðið í innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins. Aukin þörf fyrir aðstoð er mest á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Lág laun, atvinnuleysi og skuldir eru helstu ástæður. Þetta og fleira má lesa út úr meðfylgjandi gröfum.




### Samanburður þriggja síðustu ára á afgreiðslu í september



### Ástæður fyrir úthlutun frá júlí til september 2009



### Framfærsla styrkþega frá júlí til september 2009








# NÝ HUGSUN Í HEILSUDÝNUM Á JÓLATILBOÐI

mediline+

Heilsudýnurnar eru hannaðar með það að leiðarljósi að hægt sé að mæta kröfum ólíkra einstaklinga,

sem geta samt notað sameiginlega heilsudýnu. Nýjir möguleikar sem hafa ekki verið í boði áður.



Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði



Dúnsængur og heilsukoddar nú á jólatilboði



Stærstir í heilsudýnum



Mikið úrval af rúmum



# „Varla kunnið þið mikið í læknisfræði!“

Þær ákváðu að skella sér til Indlands. Þegar samstúdentar í læknisfræði fóru margir hverjir í næstu byggingu til að taka valáfangann sinn, brugðu þær undir sig betri vængnum og flugu til Andhra Pradesh á fund samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar. Þar unnu þær sem lækna og kynntust m.a. sjúkdómum sem þær munu líklega aldrei rekast á hér. Þær heita Anna Kristín Þórhallsdóttir sem nú starfar við Fjórðungsjúkrahúsið á Akureyri og Þórey Steinarsdóttir við Landspítalann.

*Hvað kom til að þið fóru út?*

Við vorum á lokaári okkar í læknisfræði við Háskóla Íslands. Á síðustu önninni er valtimabil þar sem nemendurnir geta sjálfir valið sér viðfangsefni tengd læknisfræði. Við höfðum báðar áhuga á að fara til útlanda á tímabilinu og fannst kjörið að nota tækifærið til að kynna okkur hjálparstarf. Við höfðum samband við Hjálparstarf kirkjunnar og óskuðum eftir að fara til Andhra Pradesh á Indlandi en þar styrkir Hjálparstarfið heilsugæslu og skólustarf hjá samtökunum United Christian Church of India.

*Í hverju fólst starf ykkar úti?*

Aðalstarf okkar á Indlandi fólst í læknishjálpi í fátækum þorpum í sveitunum í nágrenni samtakanna. Þar á fólk oft ekki peninga fyrir mat, hvað þá læknishjálpi og lyfjum. Auglýst var nokkurs konar farandheilsugæsla eða Health Camp í þorpunum og við náðum þannig til fólksins með aðstoðarfólki okkar. Við tókum með okkur lyf, helst sýklalyf en einnig vítamín, magalyf o.fl. Oft komu 5–100 manns og var mikið fjör. Allt frá börnum til aldraðra komu til okkar og þessi hópur var mjög misjafnlega á sig kominn. Við gerðum okkar besta til að meðhöndla það sem hægt var með þeim lyfjum sem við höfðum og sendum þá sem þörfuðust frekari læknismeðferðar áfram til skoðunar hjá sérfræðingum. Vandinn var sá, að við gátum ekki fylgt því eftir hverjir skiluðu sér þangað. Einnig tókum við þátt í ýmsum verkefnum sem voru í



Anna Kristín Þórhallsdóttir og Þórey Steinarsdóttir með krökkum á heimavist skólans sem Hjálparstarf kirkjunnar styrkir í Kethanakonda.

gangi hjá samtökunum. Suma daga tókum við þátt í að gefa föt og mat til fátækra, en einnig heimsóttum við spítala og skóla.

*Hvernig komu hlutirnir ykkur fyrir sjónir fyrst og hvernig lituð þið á sömu hluti þegar liðið var á dvölinu?*

Eftirminnilegasta menningar-sjokkið er morgunmaturinn á hótelinu fyrsta daginn eftir að við komum út. Við skelltum okkur í matsalinn, og áttum von á morgunkorni, ristuðu brauði og kaffi eins og er alltaf á hótelum, allavega eins og við þekkjum. Á móti okkur tók hinsvegar ilmandi karrýlykt og fullur salur af Indverjum í jakkafötum að borða mat með höndunum. Maturinn var ekki kunnuglegur og við höfðum ekki minnstu hugmynd um hvað passaði með hverju. Að auki var hann logandi sterkur en því eigum við ekki að venjast með morgunmat. Með tímanum vandist maturinn og þegar leið á dvölinu vorum við orðnar þaulvanar og reyndum t.d. að borða með höndunum þótt okkur hafi nú þótt það mjög skritið.

*Lærðuð þið eitthvað í sambandi við læknanámið eða upplýstist eitthvað sem þið höfðuð lært um en ekki haft tækifæri til að þreifa á annars staðar?*

Við fengum tækifæri til að heimsækja hóp af HIV-smituðum einstaklingum og kynntast þeirra aðstæðum sem oft á tíðum voru ansi bágbornar. Við komumst að því að þegar valið stendur á

milli þess að kaupa HIV-lyfin eða mat þann mánuð getur lífið orðið mjög flókið. Einnig hittum við berklasmíttað fólk, holdsveika og kynntumst ýmsum hitabeltissjúkdómum sem eru ekki hérlendis. Ógleymanlegt var, þegar einn sérfræðingurinn á ríkissjúkrahúsinu í nærliggjandi bænum Vijaywada hafði á orði að við gætum nú ekki kunnað mikið í læknisfræði þar sem vantaði alla helstu sjúkdómanna á Íslandi.

Annað sem var ólíkt því sem við höfum vanist hér heima er að í því starfi sem við vorum í þurfti að miklu leyti að treysta á skoðun og klínísk einkenni við sjúkdómsgreiningar í stað rannsókna þar sem í fæstum tilfellum var tækifæri til að senda fólk í slíkt.

*Hvað hafði mest áhrif á ykkur?*

Í svona ferð er mjög margt sem hefur áhrif á mann. Í heildina séð eru Indverjarnir gestrisnir og glaðir. Okkur var yfirleitt tekið opnum örmum og við boðnar velkomnar með blómakrönsnum, söng og dansi. Æðruleysi, nægjusemi og gleði við margfalt erfiðari aðstæður en við Íslendingar munum nokkurn tímann kynntast er eitthvað sem við eigum að taka okkur til fyrirmyndar. Maður lærir að meta gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu sem ekki er misjöfn eftir þjóðfélagsstöðu eða stétt.

Það sem var átakanlegt var að mikið af fólkinu sem við hittum í starfi okkar hefur mjög litinn

aðgang að heilbrigðisþjónustu. Einnig var mjög átakanlegt að hitta börn í barnaþrælkun en þau vinna við að vefa silki eða höggva grjótt og fá því hvorki menntun né nokkuð annað atlæti sem börn þurfa. Þessu kynntumst við líka þarna úti því við heimsóttum einnig mannretindasamtökin Social Action Movement sem Hjálparstarfið er stór stuðningsaðili að.

Sumir krakkarnir þurftu að sjá fyrir foreldrum sínum sem voru veikir og höfðu engin önnur úrræði til að framfleyta fjölskyldunni. Það var að sama skapi gaman að hitta börn sem höfðu verið leyst úr skuldaánaudi í gegnum samtökin og voru komin í skóla. Foreldrar þeirra höfðu fengið og fengu lengi á eftir mikla fræðslu um réttindi og líka hjálpi til að sjá betur fyrir sér og þurfa ekki að senda börnin aftur í vinnu vegna skuldar. Þegar börnin eru komin í almennan skóla fara þau svo að vinna að því að hjálpa öðrum krökkum í sömu aðstæðum.

Mitt í heimsókn okkar í silki-verksmiðjuþorp kom hópur af unglingsstrákum, 16 til 17 ára gamlir, sem allir unnu hálfgerða



Farandheilsugæslan, Anna Kristín og Þórey taka á móti allt að hundrað manns.

þrælavinnu. Þeir báðu um fund og óskuðu eftir að fá kennslu. Þeir höfðu heyrt af starfinu og sögðust vera í sömu aðstæðum og ungu börnin sem verið var að hjálpa, þeir væru bara nokkrum árum eldri. Þeir vildu einhverja smá menntun svo þeir gætu brotið sig

út úr vítahring þrælavinnunnar. Þetta þótti okkur góð vísending um að þarna væri verið að vinna gott starf.



*Hvað situr í ykkur eftir heimkomuna?*

Ferðin var í heild alveg ótrúleg upplifun. Þetta var einstakt tækifæri til að kynntast landinu og Indverjum, frá hlið sem vanalega gefst ekki tækifæri til sem ferðamaður. Indland er land mikilla andstæðna, margir eru mikið menntaðir og heilbrigðisþjónustan er að sumu leyti sambærileg þeirri sem við búum við hér á Íslandi. Vandamálið er hins vegar það að stéttaskiptingin er svo mikil að margir hafa hvorki aðgang að slíkri þjónustu né menntun. Vaninn er að börn feta í fótspor foreldra sinna og það er gríðarlega erfitt að brjótast úr viðjum stéttaskiptingarinnar sem þarna ríkir.

*Hvað þarf að einkenna gott hjálparstarf að ykkar mati?*

Við teljum mikilvægast að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálf, helst á þann hátt að með tíð og tíma breytist aðstæðurnar og að þekking sé til staðar að viðhalda breytingunni án stöðugrar utanaðkomandi aðstoðar.

Þannig er mikilvægt að horfa á heildarmyndina, hvar vandamálin raunverulega liggja og hjálpa fólkinu með það sem það sjálf óskar eftir, ekki bara það sem okkur Vesturlandabúum finnst að vanti hjálpi við. Það var frábært að sjá til dæmis í starfi mannréttindasamtakanna sem Hjálparstarf kirkjunnar styrkir, hvernig tekið er á þeim vanda sem barnaþrælkun er. Ekki er nóg að taka börnin og setja þau í skóla. Það þarf að fræða foreldrana og þeir fá líka kennslu sem hjálpar þeim að afla tekna og brjóta sig út úr þeim aðstæðum sem fjölskyldan er í. Því börnin feta jú í fótspor foreldrana. Þegar börnin hafa síðan aðlagast og eru komin í hefðbundna skóla, halda þau áfram að hittast og vinna að því að bæta aðstæður annarra barna í sínu þorpi. Þannig má segja að þetta smíti út frá sér.





# Ekki gefið – en þínir peningar eru á góðum vöxtum í starfi sem skilar sér



Hér í blaðinu er sagt frá helstu þáttum í umfangsmiklu og árangursríku starfi Hjálparstarfs kirkjunnar með samstarfsaðilum í Afríku og á Indlandi. Dæmi eru gefin – þó alls ekki tæmandi – um það sem er gert. Þetta hefur verið hægt vegna stuðnings landsmanna í gegnum árin. Við gerum langtímasamninga því þróun tekur tíma. Árangurinn er augljós og sífelld hvatning til að gera betur því alls staðar er unnið frá upphafspunkti algjörar örbirgðar án þess öflugra félagslega kerfis sem við búum við hér heima. Annars staðar í blaðinu sérðu gríðarlega aukningu á innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins en hún hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í starfinu.



Brosandi við brunn í Malaví.

## Réttindi, ábyrgð og gagnsæi

Fólkið í verkefnum Hjálparstarfsins býr við örbirgð á harðbýlustu svæðum landa sinna, þeim afskekktustu, þar sem hætta stafar af náttúru eða af mannavöldum, þar sem gróðureyðing er eða þar sem lög eða venjur hefta fólk. Hjálparstarf kirkjunnar snýst um grunnrétt til vatns, fæðu, heilsu og afkomu; um verkalýðsbaráttu meðal stéttlausra á Indlandi, um að leysa þrælaborð úr ánaud og um skólastarf.

Aðstoðin er öll réttindamiðuð, fær þá sem valdið hafa til að horfast í augu við afleiðingar örbirgðar og hvernig hið opinbera getur nýtt fjármuni og regluverk til að styðja fátæka. Fólkið er frætt um kerfið; rétt, þjónustu, lög og venjur sem viðhalda fátækt. Sjálf höfum við það markmið að

vera ábyrg og gagnsæ gagnvart skjólstæðingum og styrktaraðilum. Við þjálfum utangaröfólk til að móta eigin skoðanir og koma því á framfæri sem mundi bæta hag þess. Samstarfsaðilar okkar þjálf konur í að vega vinnuframlag sitt í ljósi framlags karla og ætla sér hlutdeild í ákvörðunum sem varða afkomu þeirra. Konur eru styrktar með atvinnuskapandi aðgerðum sem færa þeim fjárrád og áhrif. Unnið er gegn kynbundnu ofbeldi með leiðtogum, stofnunum og lögreglu.

### Dæmi um aðgerðir:

Námskeið og fundir um heimilisofbeldi, þorpsleiðtogar þjálfaðir til að taka á því og veita þolendum stuðning. Bæði kynin taka jafnan þátt í verkefnum og njóta afkasturs Réttindafræðsla, lögfræðiaðstoð.

Fjárstuðningur vegna skólagöngu barna, giftinga, veikinda, slysa.

Smálán til foreldra, námskeið til atvinnusköpunar.

Námskeið fyrir opinbera starfsmenn um jafnréttismál og þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Þjálfun fyrir opinbera starfsmenn svo þeir geti betur sinnt sínu starfi með fátækum.

### Vatn – undirstaða alls

Vatn er stóra málið. Og það vantar á öllum starfssvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku; Mósambík, Malaví, Úganda og Eþíópíu. Rigningar bregðast og

grunnvatn endurnýjast þá ekki. Jarðvegseyðing veldur því að vatn skolast burt á yfirborðinu. Fólk þarf að sækja vatn um æ lengri veg oft í staðna polla fulla af ornum, skordýrum og bakteríum. Til þess að sporna við þessu voru í vetur settir upp



Brunnar breytir öllu.

vatnstankar til að safna þó því litla sem rignir. Brunnar voru boraðir og handgráfnir; vatnsþrær gerðar til að safna yfirborðsvatni þar sem of dýrt og erfitt var að

bora. Vatnsnefndir voru þjálfaðar til viðhalds, þær miðluðu fræðslu um hreinlæti sem á ný var hægt að viðhafa; persónulegt, heima fyrir og í nánasta umhverfi. Kamrar voru reistir. Pumpur settar upp fyrir áveitur. Fræ nýrra og hagkvæmari tegunda, tól og kennsla var hluti af verkefnum. Trjám var plantað til að binda jarðveg. Uppskeyra varð oftast yfir árið. Grænmetisúrgangur varð húsdýrafóður en geitur og hænur fylgdu verkefnum. Skepnur er hægt að halda þegar vatnsöflun er örugg. Tað skilaði næringu í jarðveginn. Vatnið var notað í fiskiræktartjarnir. Umframframleiðslu má selja og kaupa fyrir nauðsynjar og senda börn í skóla. Öll vatnsöflun er sameiginleg vinna okkar og fólksins enda þáttaka þess forsenda varanlegs árangurs.

### Dæmi um aðgerðir:

Vettvangsferðir til að kynna vatnsnýtingu.

Bændur þjálfaðir til að greina og lækna helstu búfjársjúkdóma.

Konur fá skepnur til að fita og selja til eigin tekjuöflunar.

Námskeið um meðferð og geymslu uppskeru og matar.

Þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að styðja við íbúa.

Geitur og hænur afhentar, bændur gefa öðrum fyrsta afkvæmi.

Þvottaaðstaða sett upp við heimili munaðarlausra barna.

Sér eldhús reist við íbúðarhús til að auka hreinlæti.



# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]  
nóvember 2009

## Röndóttir og umhverfisvænir

Röndóttir vettlingar sem þrjónaðir eru úr afgangum eru á meðal þess sem framleitt er hjá heimilislega fyrirtækinu Rendur.

SÍÐA 4



## Býr í enskum draumbæ fjölskyldunnar

Sara Hlín Hálfðanardóttir segir bókaútgáfu og móðurhlutverkið fara vel saman. SÍÐA 10



Skrautlegar: Skrautsykur, flórsykurbráð, Smarties og silfurkúlur koma við sögu á piparkökum fjölskyldunnar. FRIETABLAÐS/VILFREDI

# Samheldin á aðventunni

Ragnhildur Sif Reynisdóttir skartgriphönnuður, Gísli Sigurðsson sjúkraþjálfari og dætur þeirra Hlín fjórtán ára og Egla Sif sex ára eru mikil jólafjölskylda og hefja jólaundirbúninginn með því að skreyta piparkökur. Þau hjálpast einnig að á gullsmíðaverksstæði Ragnhildar en þar er smíðuð jólaskeiðin sem margir Íslendingar þekkja vel.



Stundum böfum við piparkökurnar sjálf en stundum kaupum við þær. Skreytingarnar eru aðalmálið. Við skreytum með litaðri flórsykurbráð og alls konar skrautkúlum og skrautsykri og það er stundum ansi mikið á hverri köku,“ segir Ragnhildur og hlær við. „Við höfum alltaf reynt að skreyta piparkökur. Hlín hefur viljað það frá því hún var lítil og nú eru piparkökuskreytingar nauðsynlegur hluti af jólaundirbúningnum og við erum sammála um að þær eru aldrei of skrautlegar.“ Kökurnar

vilja oft vera mikil listaverk eins og sést á myndunum enda er húsmóðirin skartgriphönnuður og gullsmíður og dæturnar feta í fótspor hennar í listfengi. Kötturinn Óliver er aðeins tveggja mánaða og fær ekki að leggja loppur til verksins.

### Sörur og súkkulaðibitakökur

Þó að piparkökurnar komi stundum úr búð bakar Ragnhildur alltaf tvær kökusortir fyrir jólin sem hún fær hvergi eins góðar annars staðar. „Ég baka alltaf sörur eins og margir gera og svo auðvitað súkkulaðibitakökurnar hennar mömmu. Þær eru mjög góðar og ekkert of sætar held-

ur dúnmjúkar,“ segir hún og bætir því við leyndarmálinu við mýktina. „Galdurinn er að hræra eggin og sykurinn mjög vel og lengi saman.“ Í jólamatinn hefur fjölskyldan alltaf rjúpur sem heimilisfaðirinn skýtur til að hafa á aðfangadagskvöld. „Stelpurnar eru hrifnar af villibragðinu, enda aldar upp við það. Sjálf er ég grænmetisæta og geri einhvern ljúffengan grænmetisrétt handa mér.“ Í eftirrétt er góður, gamaldags fjölskylduís sem er að sjálfsögðu borðaður með jólaskeiðum.

„Það á hver sína skeið, eins og ég veit til

FRAMHALD Á SÍÐU 6



## Myvatnssveit -löfraland jölanna

Kíkið á aðventudagskrána:  
[www.visitmyvatn.is](http://www.visitmyvatn.is)



### Jólasveinarnir í Dimmuborgum

Heimsækið jólasveinana alla daga í Dimmuborgir kl.13-15 til 23/12



Sigríður  
Tómasdóttir  
skrífur



## Einfaldur undirbúningur á aðventunni

Leið mín og barnanna lá í blómabúð í vikunni. Erindið var að kaupa jólastjörnu og hráefni í aðventukrans sem ég ætlaði í fyrsta sinni að búa með mínum eigin höndum. Ég hafði hugsað mér að leyfa börnunum að hjálpa til við gerð kransins en hafði ekki áttáð mig á að þar með væru hugmyndir um einfaldan og stílhreinan krans roknar út í veður og vind.

Það var erfitt að halda aftur af syninum sem vildi sífellt bæta við skrauti til að kaupa á kransinn enda margt litríkt og fallegt í boði. Lítið mark var tekið á vinsamlegum ábendingum móðurinnar sem hafði reyndar gert þau reginmistök að fara í verslunarferðina of nálægt hinum venjubundna háttatíma barnanna þannig að þolinmæði þeirra var minni en ella. Kaupin á aðföngum í aðventukransinn tóku þannig meiri tíma en ég hafði ætlað en að lokum hafðist þetta og ég hélt heim á leið með þreytt börn en þó í góðu jólastuði.

Þegar þau svo voru háttuð fannst móðurinni gráupplagt að hefja kransagerðina, ég sá að vitanlega væri gáfulegra að ég gerði þann einfalda hlut í ró og næði að vefja greninu um kransinn, þar myndu hæfileikar þeirra ekki nýtast. Það er skemmt frá því að segja að það verk var alls ekki jafn einfalt og ég hugði. Einhvern veginn flæktist grenið fyrir mér og varð klesst í meðföllum mínum og blómavirsins og alls ekki jafn fagurt og á þeim ótal krönsum sem ég hef skoðað myndir af í jólablöðum – og skrifað greinar um ef út í það er farið.

Það er samt ekki uppgjöf í mér – ég ætla að ljúka verkinu áður en sunnudagur rennur upp. Kveikt verður á hinu fyrsta kerti á skemmtilega skreyttum kransinum fyrsta sunnudag í adventu. Við sama tækifæri ætla ég að gæða mér á heimabökuðum smákökum. En ég veit að kannski verður ekki tími til þess að hnoða deig með fyrirvara og því hef ég tekið um það meðvitaða ákvörðun að tilbúið deig sé algjörlega leyfilegt, málið snýst um að borða ilm- andi smákökur, en ekki hvort ég eða Jói Fel hnoðuðum deigið.

Notalegar jólastundir á aðventunni eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég hef af því mikið yndi að borða smákökur og drekka kakó eða malt og appelsín með fjölskyldunni og hitta góða vini í matar- og kaffi- boðum. Eftir hæfilegt magn af hreingerningu og jólainnkaupum en mikið af ljúfum samverustundum er alveg öruggt að maður fer afslappaður inn í jólahelgina. Gleðilega adventu.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður Björg Tómasdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson **Pennar:** Brynhildur Björnsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson [benediktj@365.is](mailto:benediktj@365.is)



**Samhent** Nökkvi Hrafn, Rebekka Rós og Róbert Rafn búa sig undir að matreiða grænmetisúpu að tillögu heimasættunnar. Foreldrarnir Guðni og Margrét fá náðarsamlegast að fylgjast með en þeim er gjarnan ýtt frá ef þau gerast of nærgöngul. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sjá um matargerðina undir eftirliti foreldra

Fimm manna fjölskylda í Hafnarfirði hefur þann hátt á að matreiða saman á föstudagskvöldum. Systkinin þrjú, Rebekka Rós, Róbert Rafn og Nökkvi Hrafn, skiptast á um að ákveða hvað haft er í matinn, hjálpa til við eldamennskuna og vilja helst gera allt sjálf. Matarsmekkur systkinanna er þó ekki alveg eins.

Þau setja upp svntur og vilja algerlega sjá um matinn,“ segir Margrét Einarsdóttir tækniteiknari hlæjandi þegar hún er spurð út í sið sem tekinn hefur verið upp á heimilinu. Hann snýst um að börnin þrjú fái að hjálpa til í eldhúsinu hvert einasta föstudagskvöld. „Þetta er búið að vera svona í nokkurn tíma,“ segir Margrét. „Börnin skiptast á um að ráða hvað á að borða hverju sinni en allir á heimilinu taka svo þátt í matargerðinni og leggja sitt af mörkum. Það má ekkert út af bregða með þetta.“

Börnin eru Rebekka Rós og Róbert Rafn, sjö ára tvíburar og Nökkvi Hrafn, fjögurra ára. Foreldrarnir, Margrét og maðurinn hennar, Guðni Magni Kristjánsson, vélvirki og flugmaður, eiga helst að standa sem lengst fyrir aftan þau meðan eldamennskan fer fram. „Þau ýta okkur frá og segja: „Ég ætla að gera.“

„Ég má núna.“ Að þeirra eigin sögn sjá þau um þetta alveg sjálf enda er allt gert að þeirra frumkvæði en við fylgjumst auðvitað grannt með þeim og gerum aðeins meira en þau halda,“ segir Margrét glæðlega.

Hvað skyldi svo oftast vera á matseðlinum hjá þessum framtakssömu börnum? Móðirin lýsir því. „Strákarnir eru hrifnastir af pitsum og Róbert Rafn sér ekkert annað. Hann vill ekki breyta út af laginu með það. En Rebekku Rós finnst meira gaman að elda eitthvað hollt, hvort sem hún er þar að reyna að þóknast mömmu sinni eða ekki. Hún velur því grænmetisréttina, bæði grænmetisúpur og lasagna með grænmeti og slíka rétti höfum við stundum brallað saman.

Það er ekki endilega þar með sagt að hún borði þessa hollustu sjálf því hún er ekki yfir sig hrifin af soðnu grænmeti. Henni finnst bara svo gaman að meðhöndla grænmeti og matreiða úr því.

Nökkvi aðhyllist pitsurnar og stælir þar bróður sinn en hann hefur líka þantað pylsur og þá hefur verið brugðist við því.“

Eftir þessar skemmtilegu samverustundir í eldhúsinu, bæði við eldavélina og borðið er alltaf kósíkvöld á eftir að sögn Margrétar. Þá hreiðrar fjölskyldan um sig í sófanum með popp og horfir á vídeó.

Þetta er ekki það eina sem Margrét og Guðni gera með börnunum sínum heldur eru sundferðir vinsælar líka og svo er öðru hverju farið í göngur. - gun



Er til betri gjöf en verkjalaus jó! !



Sore No More er fánlegt í heilsubúðum, apótekum og Fjardarkaup

Auglýsingasími

512 50 50



BARNVÆNT

**Jólatré úr jólaskógi** Börn og fullorðnir hafa örugglega jafn gaman af því að halda í leit að jólatré í Heiðmörk á aðventunni. Undanfarnir jólar hefur fjölskyldum staðið til boða að koma þangað fyrir jólin og höggva sitt eigið jólatré gegn sanngjörnu verði, 4.900 krónum. Á aðventunni í ár verður opið í jólaskóginum helgarnar 12. til 13. desember og 19. til 20. desember frá klukkan ellefu til fjögur. Alla daga verður líf og fjör, jólasveinar verða á staðnum og það verður logandi varðeldur, heitt kakó og piparkökur og jólalögin sungin. Sagir og klippur eru til taks í skóginum þannig að ekki er nauðsynlegt að eiga slík verkfæri í förum sínum. Trén í jólaskóginum eru úrvals íslensk stafafura, barrheldin og vel ilmandi. Jólaskógurinn bendir á að þau eru vistvæn, ræktuð án eitrefna og ekki flutt á milli landa. Í staðinn fyrir hvert tré sem er höggvið gróðursetur Skógræktarfélag Reykjavíkur að minnsta kosti fimmtíu tré. Leiðbeiningar og kort er að finna á heimasíðunni [heidmork.is](http://heidmork.is).






# ego dekor



**DIVANY**  
- hvítt háglans  
Skenkur 240cm (einnig fáanlegur í 180cm)  
Verð: **199.000,-**



TV skenkur  
180cm  
Verð: **105.000,-**

Borðstofuborð  
200x100cm  
Verð: **118.000,-**



TV skenkur  
200cm  
Verð: **89.000,-**



**HETTHI**  
- stærkanleg eikarborð  
160(248)x100cm  
Verð: **159.000,-**  
200(288)x110cm  
Verð: **179.000,-**



Eikarborð  
200X100  
Verð áður:  
108.000,-  
Verð nú:  
**86.400,-**

## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



**CROCO**  
leðurstóll  
Einnig fáanlegur í  
svörtu  
Verð áður:  
35.000,-  
Verð nú:  
**28.000,-**



**SARINA**  
stóll  
Einnig fáanlegur í  
hvítu  
Verð:  
**14.800,-**




**ORIANA**  
stóll  
Einnig fáanlegur í  
svörtu  
Verð:  
**15.900,-**



**SABINE**  
leðurstóll  
Einnig fáanlegur í  
svörtu og hvítu  
Verð:  
**16.800,-**



**NEW ENGLAND** tungusófi  
Stærð: 252X165  
Færanleg tunga  
Verð áður: 188.000,-  
Verð nú: **169.200,-**



**LUCAS** leðurtungusófi  
Stærð: 285X223  
Verð: **299.000,-**



**ROMEO** leðurtungusófi  
Stærð: 285X165  
Fáanlegur í svörtu leðri  
Verð: **289.000,-**

Opið mán-fös: 10.00-18.00  
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00


Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 544 4420 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)





teljum niður til jólanna

**HEIMATILBÚNAR GJAFIR** Afar og ömmur sem allt eiga hafa örugglega mest gaman af heimatilbúnum jólagjöfum. Þessi fagurgræni krans gæti verið dæmi um slíka gjöf. Börnin leggja hönd á grænt karton og draga línu meðfram henni, fullorðnir klippa út og allir hjálpast að við að setja kransinn saman.




## JÓLIN

**Teljum niður jól** Það tilheyrir aðventunni að telja niður dagana þangað til jólin koma. Þótt margir krakkar séu afskaplega spenntir fyrir því að fá súkkulaðidagatal eru foreldrar



mishrifnir af súkkulaðineyslu árla morguns með tilheyrandi sykurfalli og skapsveiflum. Súkkulaðidagatal er alls ekki eina dagatalið sem hægt er að hafa gaman af á aðventunni. Sumar fjölskyldur eiga útsaumað dagatal sem hægt er að festa á örlítinn pakka á hverjum morgni sem getur þá innihaldið

eitthvað annað en sælgæti, til dæmis þurrkaða ávexti, litla vísu, eða hluta af framhaldssögu. Margir krakkar fylgjast með Jóladaatali sjónvarpsins og opna nýjan myndaglugga á hverjum degi og önnur myndadagatöl eru líka skemmtileg og koma vel í staðinn fyrir súkkulaði og annað sælgæti.

**Kveikt á dagatalakerti** Mjög notalegt er að kveikja á dagatalaskerti yfir morgunverðinum og eiga notalega stund að morgni dags, tala aðeins um jólin og fylgjast með því hvernig tíminn til aðfangadags stytst. Dagatalakerti fást víða en ef fólk vill styrkja gott málefni með kertinu er hægt að festa kaup á þessu fagra appelsínugula kertu sem Unifem selur á skrifstofu sinni að Laugavegi 42.



Björg og börnin Pjetur Már og Sigurbjörg Þóra vel búin í röndóttum flíkum frá Röndum ásamt móður sinni Björgu.

# Röndótt, endurunnið og umhverfisvænt

Handþrjónaðir vettlingar, húfur, peysur og sokkar eru framleidd undir merkinu Rendur. Efniviðurinn er garn sem hönnuðirnir sönkuðu að sér héðan og þaðan.

**H**ugmyndin að fyrirtækinu Röndum kviknaði fyrir þremur árum hjá Björgu Pjetursdóttur og Hildi Einarsdóttur hönnuðum. „Okkur langaði til þess að gera eitthvað umhverfisvænt. Það þróaðist út í það að búa til fatnað úr efni sem til væri í geymslum hér og þar um bæinn. Við vildum nýta efni sem til var en ekki kaupa nýtt,“ segir Björg. Þær Hildur fengu mjög mikið af garni í efnisleitinni og ákváðu upp úr því að hanna fót úr ullargarni á börn á leikskólaaldri. Tvær þrjónakonur aðstoðuðu þær við að búa til flíkurnar sem þær voru ánægðar með og til að gera langa sögu stutta eru nú fjórar gerðir af flíkum framleiddar undir þeirra nafni, peysur, hosur, húfur og vettlingar.

„Allar flíkurnar eru þrjónaðar úr afgangunum og engar tvær eru því eins,“ segir Björg og heldur



Hver með sínu lagi Enginn vettlinganna er eins á litinn.

uppi vettlingapari því til sönnunar; vettlingarnir eru ekki í sama lit en báðir röndóttir eins og allar flíkurnar eru. Þess má líka geta að vettlingarnir passa allir á bæði hægri hönd og vinstri. Björg og Hildur eyddu talsverðum tíma

í að þróa vörurnar sínar og nutu aðstoðar tveggja góðra þrjónakvenna. „Við vorum með ýmsar hugmyndir og prófuðum okkur áfram þangað til við vorum orðnar ánægðar.“

Haustið 2007 opnuðu þær svo litla verslun undir sínu nafni. Sú búð var starfrækt þann vetur en er leið að vori lokuðu þær henni. Síðasta vetur var lítil starfsemi hjá þeim, Hildur í fæðingarorlofi og Björg að vinna á leikskóla. Sú síðarnefnda tók hins vegar upp þráðinn í haust með góðum árangri. „Flíkurnar eru seldar í versluninni Rumputuski á Laugaveginum og það gengur mjög vel,“ segir Björg, sem hefur nú fjórar þrjónandi konur í vinnu auk þess sem hún grípur sjálf í þrjónana af og til. „Þetta er auðvitað hæg framleiðsla – en það er hluti af hugmyndafræðinni, flíkurnar eru handgerðar og það tekur sinn tíma.“

- sbt

Eigum til á lager Slide Back rúm tilbúin til afgreiðslu strax



Opíð:

mán 10:00 – 18:00

fös 11:00 – 16:00

lau

www.lur.is



LÚR - BETRI HVÍLD

HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR

SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100

WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

## opið hús um helgina

laugardag og sunnudag kl. 13–17

frumsýning á 4 nýjum hlutum



### Sýrusson hönnunarhús

Hamraborg 5 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

## Jólaævintýri í leikhúsum landsmanna

Þær fjölskyldur sem langar í leikhús á aðventunni eiga valkvöl fyrir höndum því úrvalið af barnaleikritum sem sýnd eru á aðventunni er mikið og gott og efnistökin fjölbreytt.

Í Loftkastalanum má sjá Ladda bregða sér í allra kvikinda líki í Jólaævintýri Dickens um hinn jólafúla Skrögg sem fær tækifæri til að bæta ráð sitt.

Fallega ævintýrið um Augastein og kynni hans af jólasveinunum er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu en þar leikur Felix Bergsson öll hlutverkinn með hjálp frá brúðum eftir Helgu Arnalds.

Aðventuævintýri Þjóðleikhússins, Leitinn að jólnum, verður sýnt



Ævintýri Felix, Augasteinn og jólasveinarnir í Hafnarfjarðarleikhúsinu.



Leitinn að jólnum 100. sýningin er í dag á jólasýningu Þjóðleikhússins.

í desember fimmta leikárið í röð. Í því ferðast börnin inn í ævintýra-veröld jólanna.

Á Akureyri er leikritið Lykillinn að jólnum sýnt hjá Leikfélaginu en í því fer Signý álfastelpa að

velta fyrir sér hvernig jólasveinninn fer að því að setja í mörg þúsund skó á hverri nóttu.

Í Iðnið er verkið María, asinn og gjaldkerarnir á fjölnum í sýningu Borgarbarna.



# Opnum í dag Dekurdýr

Allt á einum stað fyrir gæludýrið þitt



Tilboð á Hill's hunda-  
og kattamat til jóla.

**...alla daga ársins!**



Tímapantanir í síma 554-4242

Ásta María Guðbergsdóttir hundasnyrtir,  
Sóley Halla Möller hundasnyrtir,  
Björgvin Þórisson dýralæknir.



## Nýjung á Íslandi!

**Gæludýraverslun, Hunda- og kattasnyrtistofa, Dýralæknaþjónusta**  
**Fjöldi frábærra opnunartilboða**



Dalvegi 18, Kópavogi.



## bakað

ilmurinn er svo lokkandi...

**JÓLAEPLI OG APPELSÍNUR** Þó að epli og appelsínur fáist á Íslandi allan ársins hring og hafi gert um árabíl er samt sjálfsagt að viðhalda þeirri hefð að bjóða upp á epli í jólaboðum og appelsínur eða mandarínur. Rauð epli eru líka einkar jólaleg og tilvalið á aðventunni að hafa skál með eplum á stofuborðinu, skemmtilegt og fyrirhafnarlítið skraut.



### FRAMHALD AF FORSIÐU



## Súkkulaði-bitakökur hennar mömmu

1 bolli smjör  
¾ bolli púðursykur  
¾ bolli sykur

Hræra þetta mjög vel saman, síðan bæta við:

½ tsk. salt  
1 bolli möndlur eða þinar uppáhaldshnetur  
1 bolli Sírius súðusúkkulaði  
2 ½ bolli hveíti  
1 tsk. matarsódi  
1 msk. vatn

Setja þær á plötu með teskeið. 200 gráður í ca 5-10 mínútur eða þar til þær eru orðnar gulllitaðar.

Galdurinn er að hræra mjög vel deigið, kökurnar eiga að vera mjúkar. Ég þarf yfirleitt að gera 3-4 falda uppskrift, þessar kökur eru ekki dísætár og klárast yfirleitt mjög fljótt á mínu heimili.



Samheldin fjölskylda Ragnhildur, Gíslí, Hlín, Eglu Sif og kötturinn Óliver skreyta piparkökur á jólaföstudni.

að er hefð í mörgum fjölskyldum,“ segir Ragnhildur, en fjölskylda hennar hefur smíðað jólaskeiðarnar frá upphafi og þær eru sterklega tengdar við jólahald í hennar huga. „Afi, Guðlaugur Magnússon, gerði fyrstu skeiðina árið 1956 og svo tóku pabbi og hans systkini við af honum og svo fjölskyldur þeirra. Krakkarnir í fjölskyldunni hafa alltaf fengið að hjálpa til við að gera skeiðarnar, gylla og þrifa við af honum og svo fengið að hjálpa til á verkstæðinu. Krakkarnir hafa alltaf talað um að „fá að hjálpa til á verkstæðinu fyrir jólin“ frekar en að „vera í vinnu fyrir jólin“, sem sýnir viðhorfið til verkstæðisins.“

#### Hjálpast að á verkstæðinu

„Verkstæðið og vinnan þar er órjúfanlegur hluti af jólinum. Ég vann þar þegar ég var lítil og Hlín, eldri stelpa mín, hefur líka fengið að hjálpa til á verkstæðinu. Krakkarnir hafa alltaf talað um að „fá að hjálpa til á verkstæðinu fyrir jólin“ frekar en að „vera í vinnu fyrir jólin“, sem sýnir viðhorfið til verkstæðisins.“

Ragnhildur fetaði í fótspor föður síns og afa og lærði gullsmíði og fór svo í nám í skartgripahönnun í Bretlandi. Fjölskyldan eyddi einum jólum þar og fann töluverðan mun



Litnum beitt Eglu Sif sex ára finnst aldrei ofskreytt.

á hátíðleikanum í Bretlandi og hér á landi.

„Jólin á Íslandi eru svo hátíðleg og mikil fjölskylduhátíð,“ segir Ragnhildur og minnst á hvað þeim fannst skrytið þegar nágranninn bankaði upp á á aðfangadagskvöld. „Við vorum komin í okkar fínasta



Fagmannleg Piparkökur þurfa að þorna svo þær klessist ekki saman.

púss og allt orðið hátíðlegt þegar okkur var boðið í partí í næsta hús.“ Ragnhildur er nú í mastersnámi í skartgripahönnun í Bretlandi í fjarnámi og rekur vefverslunina skartgripir.is. Skartgripina hennar er hægt að fá í Kraum og verslunni Ernu.

- bb

STÖRKURINN  
www.storkurinn.is

## Jólagjafir þrjónakonunnar

Laugavegi 59, 2. hæð | 101 Reykjavík | Sími 551 8258  
storkurinn@storkurinn.is | www.storkurinn.is

# Jol.is



Jólaskeiðin 2009 Fjölskylda Ragnhildar hefur smíðað jólaskeiðarnar frá upphafi.





**JÓLASÍÐA SKÓLAVEFSINS** er stútfull af skemmtilegu efni. Þar má til að mynda finna Jólajafasmiðjuna þar sem hægt er að útbúa ýmsar ódýrar jólagjafir á borð við dagatöl, hljóðbækur og bækur. [www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is)

# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473

**Útsala á billiardborðum og billiardvörum**



Opnunartíminn frá frá 12-18:00 alla virka daga. Í dag laugardag frá kl. 12-15.

[www.hobbyroom.is](http://www.hobbyroom.is)



Ármúli 38, 108 Rvk. • [hobbyroom@hobbyroom.is](mailto:hobbyroom@hobbyroom.is) • S: 841 8800 / 565 5200



Jólahreingerning stendur fyrir dyrum á heimili Helga. Hann ætlar sér þó einnig að komast á yfirlitssýningu Svavars Guðnasonar í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hjálpar frú Birnu með jólahreingerninguna

Río tríó hefur gefið út sinn fyrsta jóladisk. Helgi Pétursson, einn þriðji hluti sveitarinnar, verður skikkaður í jólahreingerningu um helgina auk þess sem hann ætlar á yfirlitssýningu Svavars Guðnasonar.

„Frú Birna vill nú hafa það þannig að vistarverur okkar séu hreinar og fínar fyrir jólin og því er farið í það sem kallast jólahreingerning, sem flestir kannast við,“ segir Helgi Pétursson Río tríófélagi um hvað standi til um helgina. Hann telur að bæði laugardagur og sunnudagur fari að mestu í þetta árlega verkefni. „Ég mun hefja máls á því rétt eina ferðina enn, að þessi vinna sé unnin fyrir gýg þar eð smáfolkið allt eigi eftir að koma margsinnis í heimsókn á næstu vikum og rusla öllu til, svo það sé miklu nær að vera með nýárshreingerningu, en það verður ekki hlustað á það,“ segir hann glettinn.

Helgi ætlar sér þó einnig að fara á yfirlitssýningu Svavars Guðnasonar í Listasafninu og vera við opnun á sýningu í listasafnum í Garðabæ,

enda segist hann áhugasamur um myndlist. „Ég mála í frístundum og er í Myndlistarskóla Kópavogs undir þolinmóðri handleiðslu Söru Vilbergsdóttur. Mála þar með fínu og skemmtilegu fólki og missi ekki úr einni einasta tíma.“

Margir velja eflaust fyrir sér af hverju jólaplata Río hafi ekki litið dagsins ljós fyrr. „Eins og allt með okkur félagana í Río gerast góðir hlutir hægt. Þeir segja það útgefendur að þetta ferli slái örugglega öll met, hugmyndin hefur verið í vinnslu í ein níu ár. Við áttum ein sjö jólalög sem höfðu komið út á ýmsum safnplötum og víðar og hugmyndin sem kom fram fyrir níu árum, var að safna þeim saman og bæta við fimm lögum. Síðan liðu níu ár. Við ræddum þetta nokkrum sinnum, bara svo því sé haldið til haga, en af einhverjum orsökum,

sem mér eru ekki ljósar, drifum við í því að syngja inn fimm jólalög núna í sumar. Sömdum meira að segja eitt lag hver okkar,“ útskýrir Helgi en nafn plötunnar, Gamlir englar, á að sögn Helga rætur að rekja til gamalla klippimynda af englum sem vinsælar voru þegar Río-liðar voru yngri.

En er eitthvað fleira að fréttu af hljómsveitinni? „Það hefur verið boðað til Río-ráðstefnu á nýju ári. Við höfum nú verið svo lengi að, að núna segjumst við gera eitthvað ef okkur dettur eitthvað skemmtilegt í hug. Það reynir þá á það,“ segir Helgi en á meðan skemmta þeir félagar sér í leikhúsi. „Við fengum okkur vetrarmiða í Borgarleikhúsinu og stundum það grimmt með spekingslegum svip og erum ábúðarfullir í hléum.“

[solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)



**Sigga & Timo**

G U L L S M Í Ð I

LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854

[WWW.SIGGAOGTIMO.IS](http://WWW.SIGGAOGTIMO.IS)

**Jólagjöfin er íslensk hönnun**

Landsins mesta úrval sængurfatnaðar fyrir börn og fullorða

**Lín DESIGN**

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið • Laugavegi 176 • Sími 533 2220 • [www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)



# JÓLIN KOMA



**RAUÐ NÆRFÖT** sem klæðst er um jólin boða ást á nýju ári samkvæmt gamalli mexíkóskri þjóðtrú.

## MAXIWELL II NUDDARINN

- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMÍÐJUAÞBYRGÐ

WWW.LOGY.IS



LOGY EHF - BERJARIMA 6 - 112 REYKJAVÍK - Sími. 661 2580

## Leiserskorið jólastáss

Árný Þórarinsdóttir og Helga Guðrún Vilmundardóttir segjast vandræðalega samstiga. Þær fóru í sama nám, misstu vinnu á sama tíma, eignuðust börn með fárra tíma millibili og hanna nú saman jólasक्रaut.

Árný og Helga Guðrún kynntust fyrsta skóladaginn í arkitektúr í Árósum árið 2001. Þær fylgdust að, fluttu heim í byrjun árs 2008, fóru að vinna á teiknistofum og misstu báðar vinnuna á svipuðum tíma fyrir rúmu ári. „Þá fórum við að huga að einhverju öðru. Helga Guðrún hafði kynnst leiser-tækni í skólanum og við fórum að leita að slíku tæki og fundum, rétt fyrir jólin. Þá fórum við að prófa okkur áfram með jólasक्रaut úr plexígléri.“ segir Árný en skrautið, sem hannað er undir merkjum Stáss, vakti jákvæð viðbrögð. Því héldu þær áfram á sömu braut og bættu við skartgripalínu úr sama hráefni.

Fæðingarorlof hægði örlítið á framleiðslunni en þær stóllur eignuðust börn með 22 klukkustunda millibili. „Við erum vandræðalega samstiga.“ segir Árný og hlær. Starf þeirra lá þó ekki niðri þessa mánuði heldur héldu þær áfram að þróa vöruna og eru nú komnar á fullt skrið að hanna og útbúa jóla-vöru fyrir þessi jól.

„Við erum innblásnar af íslensku útsaumsmynstri, höfum skoðað gamlar útsaums- og þrjónabækur en fiktum svoltið í munstrum.“ segir Árný og finnst skemmtilegt að blanda saman þessari gömlu hefð og hinu nýja efni, plexíglérinu.

En hvað hafa þær upp á að bjóða? „Við erum með jólastjörnur í tveimur stærðum, þremur litum og fjórum mynstrum.“ svarar hún og bætir við að sérstaða stjarnanna sé sú að hægt er að taka þær í sundur og þannig þakkest þær vel þegar búið er að nota þær.

„Við erum að prófa okkur áfram með adventukrans sem þakkest einnig niður í flatar þakningar á stærð við plötuumslag. Grunnformið að honum er átta blaða rós.“ segir Árný.

Þeir sem vilja fjárfesta í þessu fallega jóla-

Jólastjörnur eru þrívíðar en hægt er að taka þær í sundur og þá þakkest þær vel.



Árný Þórarinsdóttir og Guðrún Helga Vilmundardóttir hanna jólasक्रaut og skartgripni undir merkjum Stáss. FRÉTTAHLAÐIÐ/STEFÁN

Stjörnur er hægt að fá í ýmsum stærðum og litum.

## Nýtt - Nýtt - Nýtt



Ný sending af **hringtrellum** Margar gerðir og litir

Mikið úrval af **ullargriffum** og **vettlingum**

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • Sími 562 24 66



## SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa. **SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



## Fallega jólaskeiðin frá Ernu

Jólaskeiðin 2009 er hönnuð af Sólveigu Þórarinsdóttur. Skeiðin er smíðuð á Íslandi úr óveiknu silfri.

Verð 14.900,-

ERNA  
Síkihöfði 3 sími 552 0775 www.erna.is  
vegam áskilnað - ekkar háguet

Aðventukrans úr glæru plexígléri.



skrauti geta litið við í Epal, Sirku á Akureyri, safnbúð Þjóðminjasafnsins, Kraumi og

Fallegt þrívítt jólatré.



safnbúð Listasafns Íslands. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á vefsíðunni www.stass.is og á Facebook. solveig@frettbladid.is

Jólamarkaðurinn í Elliðaavatnsbænum verður opnaður um helgina. Á laugardag leika Dragspilsdrottningarnar á harmóníkur, Einar Már Guðmundsson les úr Hvítu bókinni og Rósa Þorsteinsdóttir úr bókinni Einu sinni átti ég gott. Svo mun Jón Guðmundsson fræða gesti um trérennismíði.

Á sunnudag verður meira harmóníkuspil og Þórarinn Eldjárn og Þórarinn Leifsson lesa úr bókum. Jólas-kógurinn í Hjalladal verður opinn tvær helgar fyrir jól.



www.heidmork.is

## Sígræna jólatréð

— eðaltré ári eftir ári

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum þrýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Trufnar ekki stofublómin

- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800  
www.skatar.is

Sölustaður:

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta





Ivar Elí og Karítas hafa bæði starfað með Borgarbörnum í nokkur ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Setja sjálf upp sýningu

Barna- og unglíngaleikhúsið Borgarbörn frumsýndi nýverið jólasöngleikinn Maríu, asnann og gjaldkerana í Iðnó. Þátttakendur í sýningunni eru á aldrinum tíu ára til nítján ára og læra margt af uppfærslunni.

„Þetta er rosalega skemmtilegt á margan hátt. Það er frábært að fá að upplifa hvernig það er að setja upp svona sýningu upp á eigin spýtur og svo er félagslífið líka alveg æðislegt,“ segir Karítas Laxdal Bjarkadóttir, nemandi í tíunda bekk í Garðaskóla, um þátttöku sína í barna- og unglíngaleikhúsinu Borgarbörnum sem frumsýndi jólasöngleikinn María, asninn og gjaldkerarnir í Iðnó um síðustu helgi. Sýningar standa yfir fram til 20. desember.

Borgarbörn eru rekin af söng- og leiklistarskólanum Sönglist, sem starfræktur er í samvinnu við Borgarleikhúsið. Ásamt öðrum verkefnum hefur leikhúsið sett upp árlegar jólasýningar síðustu ár. Meðal þeirra eru Réttu leiðin, og unglíngaleikritið Alsæla. María, asninn og gjaldkerarnir var einnig sett á svið árið 2007, og er þetta því í annað sinn sem

leikhúsið tekst á við þetta verkefni.

Höfundur verksins er Erla Ruth Harðardóttir, en hún sér einnig um leikstjórn og leiðbeinir þátttakendum varðandi allt sem viðkemur uppsetningu á leikverkum ásamt Ragnheiði Hall.

Þetta er í þriðja sinn sem Karítas tekur þátt í uppfærslu á vegum Borgarbarna. Í fyrri uppfærslum steig hún á svið en er aðstoðarmanneskja í þetta sinn, og sér ásamt tveimur öðrum um markaðssetningu, ljós, búninga og smink. „Þetta er mjög lærdómsríkt,“ segir Karítas, og bætir við að hún hafi fullan hug á að starfa við leikhús í framtíðinni. „Þá yrði það frekar í sambandi við sjálfa leiklistina en undirbúninginn. Ég kann betur við mig á sviðinu.“

Ivar Elí Schweitz Jakobsson, nemandi í tíunda bekk Víðistaðaskóla, hefur tekið þátt í þremur

jólasýningum Borgarbarna en stundað sögnám í Sönglist síðan hann var sjö ára gamall. Þátttakendur í Borgarbörnum eru allt frá tíu ára til nítján ára gamlir, og Ivar segir samstarfið ganga eins og í sögu þrátt fyrir nokkurn aldursmun á þeim elstu og yngstu. „Okkur sem erum eldri þykir bara gaman að vera góð við litlu krakkana, þannig að það er allt í fína.“

Ivar stefnir á nám við Verslunarskóla Íslands í vor, þar sem hann hyggst reyna fyrir sér á söngsviðinu í uppfærslum skólans. „Mér þykir gaman að syngja en mútarnar sem ég fór í gegnum í sumar fóru dálítið með mig. Mér finnst þó jafnvel enn skemmtilegra að leika,“ segir hann.

Áhugasamir eru beðnir um að panta miða tímanlega í síma 590-8838 eða 861-6722, eða í gegnum netfangið borgarbörn@gmail.com.

kjartan@frettabladid.is

10% afsláttur af jólakortum til 4. des

myndval

Hönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070  
myndval@myndval.is  
www.myndval.is

## ÚTSALA ÚTSALA

Haust - Vetur 2009

30 - 80%

afsláttur af vönduðum dömufatnaði í Rauðagerði 26 í dag, laugardag 10 - 17

Verið velkomin

Green House

Rauðagerði 26, sími 588 1259

Auglýsingasími

512 50 50

— Mest lesið

## Flóamarkaður í Kópavogi

HÖNNUNAR- OG FLÓAMARKAÐUR Á NÝBÝLAVEGI 18 Í KÓPAVOGI UM HELGINA.

Það ríkir alltaf sérstök stemning á flóamörkuðum en núna fyrir jólin hafa nokkrar konur tekið sig til og ætla að vera með hönnunar- og flóamarkað á Nýbýlavegi 18, Kópavogi. „Neyðin kennir naktri konu að spinna og í þessu árferði hafa konur unnið meira að handverki en áður. Það er líka meiri og betri nýting á hlutum en verið hefur,“ segir Ástríður Ástráðsdóttir, ein af konunum sem koma að þessum markaði. „Á markaðnum er allt milli himins og jarðar. Konurnar eru margar með eigið handverk eins og lopapeysur og fleira úr ull, eins eru á markaðnum notuð og ný fót, skartgripir, antikvörur og jólavörur allt frá jólasveinum Brians Pilkington til jólapappírs og jólakorta. Ágóðinn af jólakortunum mun einmitt renna til íslenskra barna sem eiga við sjúkdóm eða aðra erfiðleika að etja.“

„Við erum að prófa þetta í fyrsta sinn, höfum reynt að vera útsjónarsamar, bæði hvað varðar verð og gæði og svo mun vitaskuld jólastemningin svífa yfir vötnum.“ Opnunartími er 10-18 báða dagana. Markaðurinn verður opinn í desember ef vel gengur.



fríða

SKARTGRIPAHOÖNNUÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði  
Sími 565 5454



Eirberg

## Nálastungudýnan

gefur þér aukna orku og vellíðan



- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Hefur góð áhrif gegn streitu
- Er slakandi og bætir svefn

Heilsudýnan sem slegið hefur í gegn í Svíþjóð

Verð frá 9.750 kr.

Tilboð fram að jólum  
Hentug taska fylgir með

Opið virka daga frá kl. 9 - 18 og laugardaga til jóla kl. 11-16

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25





Jólahlaðborð í Fjörukránni er meðal vinninga í jólaeiknum.

## Jólaeikur Jólaþorps Hafnarfjarðar

Á VEF JÓLAÞORPS HAFNARFJARÐAR ER HÆGT AÐ TAKA ÞÁTT Í JÓLAEIK EN Í BÖÐI ERU GLÆSILEGIR VINNINGAR.

Jólaþorp Hafnarfjarðar er opið á adventunni. Á sama tíma fer fram jólaeikur á vefnum [www.visithafnarfjordur.is](http://www.visithafnarfjordur.is). Með því að svara lauffléttum spurningum er möguleiki á að fá glæsilega vinninga en dregið er úr réttum svörum alla adventuna.

Meðal vinninga er gisting fyrir tvo á Hótel Hafnarfirði, heilsdagsferð með íshestum, jólahlaðborð í Fjörukránni og gisting á Hótel Víking, helgarpakki frá Bílaleigu Akureyrar og ferð fyrir tvo með leiðsögn í jólaþorpið og miðbæ Hafnarfjarðar með Mountain Climbing.

**Skráðu bílinn þinn frítt!**  
**Erum með gott útisvæði og innisál!**  
**Hlökkum til að sjá þig!**

**BÍLALIND.is**  
Sími: 580 8900 • Funahöfði 1 • 110 Rvk • [www.bilalind.is](http://www.bilalind.is)

**HELGAR TILBOÐ**

**990**

**Burrito, nachos & ostasósa**

**Culiacan MEXICAN GRILL**

**ALLT**

**HEILSA**  
Þriðjudaga

Sölufulltrúi:  
Jóna María Hafsteinsdóttir  
[jmh@365.is](mailto:jmh@365.is)  
sími 512 5473

# Ljósín kveikt um allt land

Fyrsti sunnudagur í adventu rennur upp á morgun. Af því tilefni verður kveikt á jólatrjám í bæjum víða um land.

Jólasveinar koma til byggða, börnin syngja og jólaljósín kvikna á grenitrjám í mörgum bæjum á landinu um helgina. Hér er upptalning á nokkrum hátíðum.

Jólahátíð verður á Hálsatorgi og nærliggjandi menningarstofnunum í Kópavogi á laugardag. Hægt verður að taka þátt í laufabrauðsbakstri, hlusta á jóla-söngva og fræðast um jólaköttinn svo eitthvað sé nefnt. Síðan verður kveikt á jólaljósunum á jólatré á torginu. [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Á Akureyri verður tendrað á jólatrénu á Ráðhústorginu á laugardag. Tréð kemur frá vinabænum Randers í Danmörku. Big Band Tónlistarskóla bæjarins byrjar að spila klukkan 14.45 og dagskrá á sviði hefst klukkan 15.

Í Hafnarfirði verður kveikt á jólaljósunum á jólatrénu við Flensborgarhöfnina klukkan 15 á laugardag. Tréð er gjöf frá vinabænum Cuxhaven í Þýskalandi. Lúðrasveit Hafnarfjarðar flytur nokkur lög og jólasveinar líta við. [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Kveikt verður á jólatrénu í Mosfellsbæ á laugardag. Tréð stendur á Miðbæjartorgi við Kjarna, en kveikt verður á ljósunum klukkan 16. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur og barnakór Varmárskóla syngur jólalög. [www.mos.is](http://www.mos.is)

Tendrað verður á jólatrénu á Garðatorgi í Garðabæ á laugardaginn klukkan 16. Jólatréð er gjöf frá Asker, vinabæ Garðabæj-



Dansað í kringum jólatréð á Austurvelli

ar í Noregi. Athöfnin fer fram á Garðatorgi í nýja miðbæjargarðinum.

Adventuhátíð verður haldin á Austurvelli á sunnudag. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur jólalög klukkan 15.30. Dómkórinn syngur nokkur lög klukkan 16 og að því loknu verða ljósín kveikt á Óslóartrénu. Bangsi litli úr Dýrunum í Hálsaskógi og Ljónið úr Galdra-karlinum í Oz koma í heimsókn. Þrír hressir jólasveinar hafa laumast til byggða og heilsa upp á krakkana. Gerður G. Bjarklind er kynnir og dagskráin er túlk- uð á táknmáli. Dagskránni lýkur

klukkan 16.45. [www.rvk.is](http://www.rvk.is)

Menningarhátíð verður að Laugalandi í Holtum á sunnudaginn frá 13 til 16. Kvenfélagið Eining stendur fyrir adventuhátíðinni þar sem boðið er upp á bóka- og handverksmarkað, tombólu, jólasveina og fleira. Kveikt verður á jólatré og flutt hugvekja klukkan 13.45.

Í Borgarbyggð verður kveikt á jólatré við Tónlistarskólann í Borgarnesi á sunnudaginn klukkan 17. Jólasveinarnir koma af fjöllum og gleðja börnin og jóla- tónlist ómar. Heitt súkkulaði veitt á staðnum. [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)

Gæludýr eru eigendum sínum afar kær. Mörg þeirra fá góðan mat á jólum og jafnvel gjafir. Samkvæmt könnun sem gerð var í Bretlandi árið 1995 fá sjö af tíu gæludýrum jólagjafir frá eigendum sínum.



heimild: Netid



Sigrún Magnúsdóttir með eina af húfunum sem hannaðar hafa verið í Ljósinu.

## Láta ljósið skína

Ljósið á Langholtsvegi 43 heldur handverksmarkað á morgun, sunndag, milli klukkan 12 og 18

Margs konar munir verða til sölu á handverksmarkaði Ljóssins á Langholtsvegi 43 sem haldinn er á morgun milli klukkan 12 og 18.

„Allir Ljósberar hafa lagt mikið af mörkum við að hanna og búa til fatnað, skartgrip, trévrur og allt mögulegt sem of langt væri upp að telja,“ segir Erna Magnúsdóttir brosandí. Hún er forstöðu-

kona Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar á Langholtsvegi 43 og hún telur að þar sé í uppsiglingu flottasti markaður sem sést hafi lengi. „Við köllum þetta handverksmarkað en ekki basar,“ tekur hún fram.

Hún segir fólk geta fengið þar fallegar jólagjafir úr leir, gleri, ull og silki og nefnir dúkkuföt, litríkar barnahúfur og bútasaumsmuni sem dæmi.

Kökubasar, ásamt kaffi og vöflusölu verður á staðnum meðan á markaðinum stendur og allur ágóði rennur til styrktar starfsemi Ljóssins.

**OLANG**  
Þeir eru komnir

Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum

B/A/S/L/E/R  
Skiþholt 29b, s:551-0770

Þær eru skrautlegar sumar tösurnar.

Ermahnaðar úr smíðju Ljóssins eru falleg gjöf.



## Skemmtu þér með okkur í vinnunni



Nova leitar að fólki í fullt starf í verslanir og þjónustuver. Við leitum að fólki sem vill skemmta sér í vinnunni, er metnaðarfullt og vill ná árangri í starfi.

### Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuveri

Starfið felst í símsvörun, sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

### Hæfniskröfur

Við leitum að hressu starfsfólki með ríka þjónustulund. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurs-tengd. Unnið er á vöktum.

### Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

Starfið felur í sér sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið [starf@nova.is](mailto:starf@nova.is) fyrir 10. desember.

Sæktu um fyrir 10. des.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)



## Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Fyrirtækið er staðsett í Hafnarfirði og hjá okkur starfa um 270 starfsmenn, flestir á framleiðslu- og gæðasviðum.

### Við leitum að konum jafnt sem körlum í eftirfarandi starf:

**Undirbúningsteymi** - þríf og undirbúningur á tækjum og búnaði fyrir framleiðslu, regluleg þríf á framleiðslusvæðum og skjalfærsla. Unnið er á þrískiptum vöktum á virkum dögum, viku í senn á dag- og kvöldvöktum og sjöttu hverja viku á næturvöktum.

#### Ef þú ert...

- hress og jákvæð/ur
- stundvís
- samvísusöm/samur og getur tileinkað þér nákvæm vinnubrögð
- verklagin/n
- góð/ur í að vinna í hóp
- líkamlega hraust/ur
- með grunnþekkingu í ensku

#### ...þá bjóðum við

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mótuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfu, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrimsdóttir**, [jsteingrimsdottir@actavis.is](mailto:jsteingrimsdottir@actavis.is). Umsóknir óskast fylltar út á [www.actavis.is](http://www.actavis.is), undir **Störf í boði** fyrir **6. desember nk**.

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is





Capacent Ráðningar

## STARFSMANNASTJÓRI



Landsnet annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheid, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örurum vexti. Hjá Landsneti starfa um 100 manns.

Landsnet hf. óskar eftir að ráða starfsmannastjóra fyrirtækisins og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst. Um nýtt starf er að ræða hjá fyrirtækinu. Starfsmannastjóri mun heyra undir framkvæmdastjóra fjármála.

## Helstu verkþættir

- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Mótun og innleiðing starfsmannastefnu
- Gerð launaáætlana
- Þátttaka í gerð kjarasamninga og samskipti við stéttarfélag
- Ábyrgð á launavinnslu í samstarfi við þjónustuaðila
- Ráðningar og ráðningarferli
- Fræðslu- og starfsþróunarmál

## Hæfniskröfur og eiginleikar

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Viðtæk starfsreynsla á sviði starfsmannamála
- Góð íslenskukunnátta og færni í að koma frá sér rituðu máli
- Mjög góð tölvukunnátta. Þekking á Axapta og Cognos er kostur
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikar
- Hæfileikar til þess að vinna í hópi og innleiða og stjórna breytingum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Gunnar Haugen (gunnar.haugen@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent



Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkornustu í heiminum og mikið hefur verið lagt upp úr því að búa til góðan og öruggan vinnustað. Starfsmenn vinna saman í teyrum og hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi. Vinnustaðurinn býður upp á margvísleg tækifæri til starfsþróunar.

## Framtíðarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli

### Verkefnisstjóri í viðhalds- og áreiðanleikateymi

#### Ábyrgðarsvið:

- Halda utan um hin ýmsu viðhalds- og hönnunarverkefni Fjarðaáls
- Yfirfara og meta tilboð ásamt áætlanagerð
- Samskipti við verkfræðistofur og þjónustuaðila Fjarðaáls
- Verkefnisstjórn á ýmsum tæknilegum verkefnum innan Fjarðaáls
- Starfið krefst mikillar samvinnu við aðra starfsmenn Fjarðaáls og verktaka

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnisstjórnun
- Starfsreynsla innan tæknigeira æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í rit- og talmáli

### Framtíðarstörf fyrir vélvirkja/vélfræðinga

Við leitum að fagmenntuðum vélvirkjum og vélfræðingum til að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi sem á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka um leið nýtingu og endingu tækjabúnaðar. Unnið er í teyrum með öðrum starfsmönnum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í vélvirkjun eða vélfræðipróf skilyrði
- Reynsla af almennri vélsmiðavinnu

Umsóknarfrestur fyrir þessu störf er til og með 7. desember.

capacent  
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu starfi, hafðu þá samband við Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent í síma 540 1000 eða netfangið tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á [www.capacent.is](http://www.capacent.is) og haft verður samband við þig.

Alcoa Fjarðaáli  
[www.alcoa.is](http://www.alcoa.is)



### Hringdu í síma

512  
50  
60

ef blaðið berst ekki

## Kennari á fataiðnbraut

Fataiðnbraut Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans óskar eftir afleysingakennara á vorönn 2010. Um er að ræða fullt starf.

Meistararéttindi í kjólasaumi eða klæðskurði og kennsluréttindi eru skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 7. desember n.k.

Umsóknir ásamt ferilsskrá berist til skólastjóra Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans á pósthöfn [tsi@tskoli.is](mailto:tsi@tskoli.is). Upplýsingar veitir Þóra Sigurðardóttir, skólastjóri, í síma 514 9201.

Kjör samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.

Tækniskólinn  
skóli atvinnulífsins

[www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)



## Capacent Ráðningar

STJÓRNUN  
VIÐHALDSFRAMKVÆMDA

Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu rúmlega 300 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur. Heildarstærð eignasafnsins er um 450 þús. m<sup>2</sup>. Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík.

Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða verkefnisstjóra viðhaldsframkvæmda.

## Starfs- og ábyrgðarsvið

- Meta ástand fasteigna með tilliti til viðhalds og nauðsynlegra endurbóta
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Vinna að undirbúningi og skipulagningu framkvæmda
- Eftirlit og stjórnun framkvæmda

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýttist í starfi. Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda og framkvæmdaefirliti
- Reynsla af notkun CAD forrita
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Gunnar Haugen (gunnar.haugen@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## Capacent Ráðningar

## HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR



Creditinfo er leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og fjölmiðlaupplýsinga. Fyrirtækið starfrækir stærsta gagnabanka landsins í opinni þjónustu og leggur áherslu á ráðgjöf sem hámarkar nýtingu upplýsinga við ákvörðun og eftirlit viðskipta. Creditinfo byggir á grunni tveggja fyrirtækja, Lánstrausts sem stofnað var árið 1997 og Fjölmiðlavaktarinnar sem stofnað var árið 1980.

Vegna aukinna umsvifa hjá framsæknu og spennandi fyrirtæki óskar Creditinfo eftir að ráða hugbúnaðarsérfræðing til starfa.

Leitað er að sérfræðingi til að annast viðhald, nýsmiði og þróun á kerfum Creditinfo. Um er að ræða spennandi og skapandi starf í skemmtilegu umhverfi með möguleika á starfsþróun. Viðkomandi mun verða þátttakandi í sterku teymi sérfræðinga.

## Helstu upplýsingar Creditinfo eru:

- CIP Áhættumat (Credit scoring)
- Vöktun og greining á efni fjölmiðla
- Vanskil og opinberar gjörðir
- Ársreikningar íslenskra fyrirtækja
- Hluthafa og eigendaupplýsingar
- Fasteignir og veðbönd

## Krafa er gerð um mjög góðan skilning á hlutbundinni forritun.

## Æskileg þekking

- .Net umhverfi (C#), Winforms 3.5, Visual Studio 2008
- Þekking á Devexpress hlutum kostur
- Mjög góð þekking á .Net 3.5 Linq æskileg
- Microsoft SQL Server 2005, SQL málinu
- Háskólapróf og/eða starfsreynsla

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## Capacent Ráðningar

SVIÐSSTJÓRI  
UPPLÝSINGATÆKNISVIÐS

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur, og að öðru leyti í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlanir, váttryggingafélög, lífeyrissjóðir, rekstrarfélög verbréfasjóða, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á [www.fme.is](http://www.fme.is)

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sviðsstjóra upplýsingatæknisviðs. Um er að ræða nýtt starf og heyrir sviðsstjóri beint undir forstjóra stofnunarinnar. Megin áhersla hins nýja sviðs er að reka upplýsingakerfi stofnunarinnar, þróa þau og efla. Í boði eru samkeppnishæf laun.

## Helstu verkefni

- Uppbygging og þróun á upplýsingatæknisviði
- Uppbygging og rekstur gagnagrunns
- Uppbygging á gagnavinnslu- og skýrsluskilakerfum
- Stjórnun og daglegur rekstur
- Umsjón með samskiptum sviðsins við tengdar stofnanir
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn stofnunarinnar
- Ráðgjöf til starfsmanna stofnunarinnar
- Erlend og innlend nefndarstörf
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af stjórnun upplýsingatæknimála æskileg
- Leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð samskiptahæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti. Færni í einu Norðurlandamáli kostur
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði er kostur

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Gunnar Haugen (gunnar.haugen@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent



## Starfsfólk óskast

Starfsfólk óskast á dagvaktir í fullt starf, og í hluta starf. Upplýsingar veittar á staðnum.

# MOKKA KAFFI

Skólavörðustíg 3a | Opið daglega kl. 9-18.30



## Starf á ferðaskrifstofu

Óskum eftir starfsmanni í fullt starf í innanlandsdeild okkar.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum á ferðaskrifstofu
- Starfsmaður þarf að vera skipulagður að upplagi
- Mjög góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta skilyrði.
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Einungis er tekið við skriflegum umsóknum til Ferðapjónustu bænda, Síðumúla 2, 108 Reykjavík eða á netfang: erlap@farmholidays.is

Umsóknarfrestur er til 5. desember. Upplýsingar eru ekki veittar í síma eða á skrifstofu okkar.

Ferðapjónusta bænda/Bændaferðir er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig annars vegar í sölu á gistingu og afþreyingu hjá ferðapjónustubændum innanlands og hins vegar í skipulagningu og sölu utanlandsferða s.s. útivistarferða, sérferða og hinna sígildu Bændaferða. Metnaður er lagður í gott starfsumhverfi og að veita persónulega og góða þjónustu. Nánar má lesa um fyrirtækið á [www.sveit.is](http://www.sveit.is) og [www.baendaferdir.is](http://www.baendaferdir.is)

## Glófi ehf./ VARMA óskar eftir að ráða Sölustjóra

Leitað er að einstaklingi með áhuga á framleiðslu og sölu á fatnaði, ásamt reynslu af sölu- og markaðssetningu.

### Markmið starfsins:

Sjá um, skipuleggja, stýra og framfylgja sölustarfi fyrirtækisins með það að leiðarljósi að ná sem bestum árangri hvað varðar nýtingu á framleiðslugetu og samsetningu á framleiðsluvörum þess á hverjum tíma.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þróa stefnu fyrirtækisins á sviði sölumála.
- Stjórna sölustarfinu/söluáætlun og samskiptum við viðskiptavinum fyrirtækisins og efla tengsl við þá, innanlands og erlendis.
- Birgðastýring fullunnar vöru og starfsmenn á lager.
- Öflun nýrra viðskiptavina.
- Áætlana- og skýrslugerð er tengist söluáætlun fyrirtækisins.
- Sýna frumkvæði í uppbyggingu og þróun sölustarfs fyrirtækisins.
- Þjónusta viðskiptavina okkar eins og best verður á kosið.

### Menntun og reynsla sem starfið kallar á:

- Menntun og/eða reynsla á sviði sölu- og/eða markaðsmála.
- Stjórnunarhæfileikar og áhugi á ullar- / fatnaði.
- Tungumálakunnátta; enska og eitt norðurlandamál í það minnsta.
- Tölvukunnátta og reynsla í notkun Excel líkana.
- Góðir samskiptahæfileikar gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

Umsóknir sendist afgreiðslu Fréttablaðsins [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merktar "VARMA Ísland" fyrir 8. desember n.k.

Glófi framleiðir, undir vörumerkinu VARMA, hágæða ullarvörur, einkum úr íslenskri ull, bæði flikur og smávörur svo sem húfur, trefla, sjól, vettlinga, sokka og ýmsar mokkaþörur úr íslensku lambskinni. Þá selur Glófi teppi undir vörumerkjunum Álafoss og Álafoss Interior. Glófi hefur í gegnum árin verið þekkt fyrir að vera leiðandi í þróun á þjónavöru á Íslandi. Útflutningur er vaxandi þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið er með þrjár starfsstöðvar; framleiðslu á Akureyri, Hvolsvelli og Kópavogi og skrifstofu og dreifingu í Kópavogi. Alls starfa hjá fyrirtækinu rúmlega 40 starfsmenn. Sjá nánar [www.varmaiceland.is](http://www.varmaiceland.is) og [www.varmadesign.is](http://www.varmadesign.is).



## Icelandair Hótel Loftleiðir óskar eftir að ráða tæknimann til starfa.

### Verksvið

- Yfirseta yfir fundum og öðrum viðburðum
- Tæknilegur undirbúningur og frágangur fyrir fundi og aðra viðburði
- Tilboðs og áætlunargerð fyrir fundi og aðra viðburði
- Viðhald og eftirlit með tæknibúnaði fundar og veislusala
- Þjónusta við ytri og innri viðskiptavinum
- Ýmis verkefni fyrir tæknistjóra
- Aðstoð við önnur verkefni á hótelinu

### Hæfniskröfur

- Iðnnám eða stúdentspróf
- Sjálfstæði, skipulögð og öguð vinnubrögð
- Snyrtimennska, kurteisi, þjónustulund
- Alhliða tækni- og tölvukunnátta ss. hljóðkerfi, myndbúnaður, tölvubúnaður og hugbúnaður
- Tala og rita íslensku og ensku. Önnur tungumál eru kostur

Umsóknir sendast til ráðstefnustjóra [elinborgm@icelhotels.is](mailto:elinborgm@icelhotels.is) fyrir 8. desember.

Icelandair Hótel Loftleiðir er 220 herbergja, fjögurra stjörnu hótél með fjölbreytta veitinga- og ráðstefnuaðstöðu. Hótelid er eitt af sjö hótélum Icelandair Hótel keðjunnar, sem er leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi.

Nánari upplýsingar: [www.icelandairhotels.is](http://www.icelandairhotels.is)

### Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið

# VARMA

The Warmth of Iceland



## Viðgerðir og viðhald í Póstmiðstöð

Íslandspóstur óskar að ráða rafvirkja/vélvirkja til starfa.

Um er að ræða starf við viðgerðir, viðhald og umsjón tækja og búnaðar auk annarra tilfallandi verkefna í Póstmiðstöð að Stórhöfða 32 í Reykjavík.

Leitað er eftir starfsmanni sem er skipulagður, handlaginn og á auðvelt með að vinna með fólki.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Flosason í síma 580 1212.

Umsóknir sendist til: Íslandspóstur hf. Starfsmannahald „Starf PM01“ Stórhöfða 29 110 Reykjavík



## Sérfræðingur Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í rannsóknarverkefni á Snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs.

### Starfssvið

Meginverkefnið felur í sér tölfraeðilegar rannsóknir á snjóflóðagögnum. Við vinnuna er m.a. notað líkan sem reiknar flæði snjóflóða.

### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af vinnu við rannsóknir er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af útvist við íslenskar vetraraðstæður er kostur

Á Snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði eru sjö starfsmenn. Setrið er í Vestrahúsinu þar sem einnig eru fjölmargar aðrar rannsóknarstofnanir og Háskólaasetur Vestfjarða.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélagis.

Nýbakaðar mæður eru mest áberandi í þessum hópi. Þær eru heima hjá sér eins og blóm í eggi með hvítvoðunginn sinn. Þeim gæti ekki verið meira sama um það sem í gangi er utan veggja heimilisins. Ýmist fljóta þær um á bleiku skýi, eru týndar í mjólkurpöku eða að sturlast af svefnleysi og staðan á Facebook sveiflast með því. Lýsingar á brjóstgjöf og sárum geirvörum, vangaveltur um hvort sé nú betra, taubleyjur eða bréfbleyjur, og lýsingar á minnstu stórafrekum hins nýfædda barns – allt ratar það beinustu leið á Facebook.

## Þjóðfélagsrýnar

Þeir vakna og sofna þungir á brún með samanherptar varir. Þá dreymir um að stinga á öllum kylum samfélagsins. Þetta getur verið allt frá Moggabloggurum til hins óskureiða Jóns Jónssonar sem þolir ekki að annað fólk skuli í sífellu láta hugann reika frá þessu aðalatriði lífs okkar allra. Fólkið sem fyllir þennan flokk hefur kynnt sér öll fréttamál til hlítar. Það er fullvísit um að það viti betur en allir hinir og finnur hjá sér þörf til að fræða aðra. Í þessum hópi eru líka þeir ófgafyllri og reiðari. Þeir sem óvart skoða stöðuna þeirra eiga á hættu að fá yfir sig nákvæmar lýsingar á því hvernig ætti að draga hrunamenn til ábyrgðar, helst á grófan hátt og án dóms og laga.

## Góðu sálirnar

„Sólarlagið er dásamlegt í dag, njótið þess kærur vinir“ og gullkorn um fallegar dyggðir koma daglega frá góðu sálunum, sem virðast hafa einsett sér að létta lund annarra á Facebook og fá þá til að horfa á björtu hliðarnar. Í þennan flokk fara þeir líka sem eru myndir frá náttúrunnar hendi og koma hlátursköstum af stað við tölvuskjá um allan bæ daglega.



Á FACEBOOK Mannfólkið er misjafnt. Hvergi kemur það eins berlega í ljós og á tengslasíðunni Facebook.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ræktarfríkin

Þau eru náskyld montrössunum því þau hafa sömu þörf fyrir að láta aðra dást að sér. Munurinn er að líkamsræktin virðist vera það eina sem hefur gildi í þeirra Facebook-lífi. „Farinn í ræktina“, „kominn heim úr ræktinni“ og „ræktin, sund og ljós í dag, gerist það betra?“ allt sama kvöldið er ekki óalgengt hjá ræktarfríkunum. Þau láta vita áður en þau fara út að skokka á morgnana, minna á það aftur þegar þau eru mætt í vinnuna og allir fá að fylgjast með hvernig undirbúningurinn fyrir Hvannadalshnúk gengur. Komment eins og „djöfull er kallinn frískur“ og „Ooo, þú ert svo dugleg, ég vildi að ég væri svona kraftmikil!“ hvetur þau áfram.



## Svala fólkið

Því finnst Facebook asnalegt fyrirbæri, enda streitist það lengi vel á móti því að taka þátt í þessu kjaftæði. Að lokum varð forvitnin prinsippinu yfirstærkari og svölu týpurnar skráuðu sig, að mestu til að geta fylgst með hinum og hlegið að þeim. Þeim er sjaldnast alvara með því sem frá þeim ratar inn á síðuna, þótt þær komi af og til með útpældar yfirlýsingar sem eiga annað hvort að vera töff eða kaldhæðnar.

## Montrassarnir

Ef eitthvað í lífi þeirra gefur tilefni til öfundar eða aðdáunar annarra fer það strax inn á Facebook. Færslur eins og „keypti mér Prada-skó í dag“, „á stórkostlegasta maka sem fyrirfinnst í öllum heiminum“ og „fékk hæstu mögulegu einkunn :)“ eru dæmigerðar færslur fyrir grobna fólkið, sem sér ávallt til þess að ekki fari framhjá vinum þeirra þegar vel gengur.



## Grátkórinn

„Flensan komin í bæinn :( í þriðja sinn í vetur“ er dæmigerð færsla hjá vælukjónunum sem lífa góðu lífi á Facebook. Í hvert sinn sem þeir fara öfugu megin fram úr (sem er annan hvern morgun í það minnsta), fá kvæf, finna til þreytu eða lenda í öðrum smávægilegum hversdagshremmingum sjá þeir til þess að allir vinir þeirra á Facebook viti af því.

## Njósarnarnir

Þeir eru þarna en enginn veit af þeim. Þeir skráuðu sig inn á Facebook fyrir langalöngu, settu ekki einu sinni inn mynd af sér, hafa aldrei skrifað stöðu eða gert athugasemd við mynd, enda þykjast þeir ekki hafa kíkt inn á síðuna frá stofnun hennar. Þrátt fyrir það eru þeir alltaf með allt á hreinu sem gerist inni á Facebook. Önnur og verri tegund af njósnum fyrirfinnst líka á Facebook. Fyrirverandi afbrýðisamir kærastar sem fylgjast með ferðum fyrrum kærustunnar og reyna allt til að komast í myndalbúm hennar, til að sjá hvort nýi kærastinn sé myndarlegri eða njóti meiri velgengni en þeir.



## Hinir óviðeigandi

Það er eins og fólkið í þessum hópi hleypi öllum Facebook-vinum strax inn í sinn innsta trúnaðarvinahring um leið og vinabeiðni hefur verið samþykkt. Þessir „vinir“ komast svo miklu nær þeim en þeir myndu nokkru sinni kæra sig um í raunheimum. „Situr á klósettinu“, „var að hætta með kærustunni og hún er tæfa“, „var að poppa fimm róandi töflum“ og „er helluð á kóki“ eru dæmi um færslur sem fæstir kæra sig um að lesa en hafa þó ratað inn á síður hinna óviðeigandi.

## Stuðboltarnir

Líf þeirra snýst um skemmtun á skemmtun ofan og það sést vel á Facebook-síðunni þeirra. Þeir byrja með eftirvæntingarfullar færslur strax á miðvikudegi og útlísta í smáatriðum hversu ofboðslega á að skemmta sér um helgina. Á sunnudegi og fram eftir vikunni birtast svo hjá þeim myndir og óræðir brandarar tengdir trylltu djammi helgarinnar.

## Hlý, mjúk og notaleg nærföt



## Jólatilboð

**20% afsláttur**



HELLYHANSEN.COM

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**ÚTILÍF**



Eldvarnaátakið 2009

# Engin hátíð án eldvarna



Á aðventunni og um hátíðirnar er mikil hættu á eldsvoðum á heimilum. Þá ríður á að fara að öllu með gát og hafa eldvarnir í lagi.

Reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnateppi eiga að vera á hverju heimili.

Góður jólaundirbúningur hefst á því að tryggja að eldvarnir séu viðunandi. Það er svo mikið í húfi!

Við þökkum grunnskólum og heimilum fyrir góðar viðtökur í Eldvarnaátakinu 2009 og óskum landsmönnum alls hins besta um hátíðirnar!



[www.lsos.is](http://www.lsos.is)



RioTintoAlcan  
ISAL - STRAUMSVIR





# NÝTT

á DVD og BLU-RAY



MYNDIR MÁNAÐARINS  
tryggu þér frítt eintak í næstu verslun!



EINNIG TIL  
Á BLU-RAY

2.499



999

EINNIG TIL  
Á BLU-RAY



2.499


EINNIG TIL  
Á BLU-RAY



2.499



2.499



2.499



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær



**Skilamiði**  
 Þessi vara er keypt í  
 Hagkaup og fæst  
 skilað eða skipt.  
 Skilafrestur bóka 11. jan. 2010

**HAGKAUP**  
 Ein ferð betra verð

# 20% AFSLÁTTUR

af allri íslenskri tónlist

Einfalt að skila  
og skipta!



1.599  
~~1.999~~

### ÁRITA

Smáralind kl. 13 í DAG og spila  
 Kringlunni kl. 16 í DAG  
 Skeifunni kl. 17 í DAG  
 Smáralind kl. 14 sunnudag  
 Kringlunni kl. 16 sunnudag



1.919  
~~2.399~~

### ÁRITAR

Kringlunni kl. 15 í DAG



1.759  
~~2.199~~

### ÁRITAR OG SPILAR

Smáralind kl. 14 í DAG



2.559  
~~3.199~~

### ÁRITAR OG SPILAR

Smáralind kl. 16 í DAG



1.599  
~~1.999~~



1.919  
~~2.399~~



2.399  
~~2.999~~



1.919  
~~2.399~~

### ÁRITA

Kringlan kl. 14 í DAG  
 Smáralind kl. 15 í DAG og spila

## NÝTT



2.499




2.499



2.499



2.499



4.999

### Karl Berndsen - andlit

Í þessu glæsilega kennslu-  
myndbandi leiðbeinir Karl  
Berndsen hárgreiðslu-  
og förðunarmeistari  
áhorfendum við förðun frá  
grunni til glæsileik.

Á myndbandinu er að  
finna mismunandi útfærslur  
förðunar á konum á  
aldrinum sautján ára til  
sextugs.

Með myndbandinu fylgir  
vönduð bók með fróðleik  
um öll stig förðunar,  
umhirðu húðar og handa  
og notkun förðunarpensla  
ásamt upplýsingum um  
eftirlætisvörur Karls.



Gildir til 30. nóvember á meðan birgðir endast.

**50 HAGKAUP**  
 ára fyrir Íslendinga í 50 ár



SVERRIR STORMSKER „Auðvitað hef ég slegist á balli, þess vegna förum við Íslendingar nú út að skemmta okkur.“



# Lagersala Veiðihornsins Ármúla 18

Aðeins opið í fáeina  
daga í viðbót

Ætlar þú að missa  
af þessu?

Opið frá 12 til 16 í dag

# Kokkteill í annarri og blaðra í hinni

**Sverrir Stormsker** var að gefa út plötuna Tekið stærst upp í sig, safn kreppu- og klámlaga. Sverrir kallar ekki allt ömmu sína og var því ekki í miklum vandræðum með að rúlla upp Þriðju gráðunni.

Ertu orðinn það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?

„Nei, ég ætlaði að verða prestur að aðalstarfi og leyniskyttu í hjáverkum til að hafa örugglega nóg að gera sem prestur.“

Andi birtist og veitir þér þrjár óskir. Hvað biður þú um?

„Bara hina heilögu þrenningu sem Rúnar Júl söng um hér forðum: Betri konur, yngri bíla, hreinni landa.“

Miðað við lífsreynslu þína hingað til, hvernig lítur þá himnaríki út?

„Ekkert ósvipað og margar fagar mannfáar stendur erlendis þar sem maður slakar á í sól og sumaryl með kokkteil í annarri og flotta blöðru í hinni.“

En helvíti?

„Eigum við nokkuð að vera að tala um Klakann?“

Hvar er fallest á Íslandi?

„Uppi á öræfum og annars staðar þar sem maður hefur ekki íslenska byggingarlist fyrir augunum.“

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

„Hangikjöt og bragðsterkir grænmetisréttir. Í sitthvoru lagi.“

Hvenær táraðist þú síðast?

„Þegar Ólafur Ragnar datt af hestbaki núna síðast og axlarbraut sig í tuttugasta sinn. Það var verulega sorglegt, því hann hefði nefnilega kannski lagast ef hann hefði dottið á hausinn. Allir hans útreiðartúrar virðast enda á gjörgæsludeild. En karlinn lifir þetta nú allt af sem betur fer því hann hefur ekki úr háum söðli að detta.“

Hvenær fékkstu síðast hláturskast?

„Ég skellihlæ voðalega sjaldan en ætli ég hafi ekki síðast hlegið svolítið að allri þessari dramatík og móðursýki sem greip um sig meðal femínista í síðustu viku út af KSÍ-gæjanum sem leyfði sér að kíkja inn á strippklúbb úti í löndum fyrir mörgum árum. Þeim fannst alveg ófyrirgeflegt að þessi ímynd fullkomleikans skyldi hafa vogað sér að hafa farið að horfa á fáklæddar blöður og fóru fram á að allir í kringum landráðamanninn segðu tafarlaust af sér í fimmtíu míla radíus. Mér finnst femínistar alveg bráðspaugileg fyrirbrigði og ég er einmitt með lag um þá á nýju plötunni.“

Hefurðu slegist á balli?

„Já, auðvitað, þess vegna förum við Íslendingar nú út að skemmta okkur. Það er nú til lítills fyrir okkur að vera að fara út að skemmta okkur ef kvöldið endar ekki á kristilegum blóðsúthellingum og helst á gjörgæslu eins og sönnum séntilmönnum sáemir.“

Hvenær fannst þér í alvöru eitt-hvað vera smekklaut?

„Mér finnst það frekar smekklaut og glatað af Bylgjunni að spila ekki eitt einasta lag af nýju plötunni minni þó að allir söngvarar landsins syngi á henni nema Bubbi og Bó. Maður verður greinilega að láta Bén tvö – Bubba og Bó – syngja lögin sín til að vera öruggur með spilun á síBylgjunni. Bó vinnur náttúrulega hjá sama fyrirtæki. Til að vera öruggur með toppspilun á Rás 2 er hins vegar nóg að Bubbi syngi lögin því að tónlistarstjórnin Óli Palli elskar hann meira en lífið sjálf og svo eru þeir líka svo góðir vinir. Svona var íslenska smáborgaraklíkusamfélagið á Íslandi í gær og það er nákvæmlega eins í dag. Smekklaut, andlaust og vitlaust.“

Uppáhaldsorðið þitt?

Veit ekki. Kannski „Myra“. Á einhver maður sér uppáhaldsorð? Ég

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

### FULLT NAFN OG HVAD ERTU

**KALLAÐUR?** „Sverrir Stormsker. Ef ég er ekki kallaður Sverrir þá er ég kallaður Stormsker en oft er ég líka bara kallaður Sverrir Stormsker.“

### FÆÐINGARÁR OG HVAD

**GERÐIST ÞÁ HELST Í VERALDAR-SÖGUNNI:** „1963. Bítarnir gáfu út sína fyrstu stóru plötu og slógu í gegn. John F. Kennedy fékk blýeitrun og datt dauður niður. Cassius Clay breytti sér í Muhammad Ali. Martin Lúser King flutti ræðuna frá „I have a dream.“ Surtsey reis úr sæ.“

### LÍF PITT Í HNOTSKURN: „Getinn

af heilögum ríðanda, fæddur af Vilhelminu mey, skattþindur á dögum Steingríms J. Sigfússonar, krossfestur af bankamönnum, tollheimtumönnum og faríseum, fyllerisdauður og grafinn í Icesave-skuldafeni, steig niður til heljar, reis á þriðjudegi aftur upp úr mókinu, steig upp í bílinn og situr við hægri hönd Dabba djöfuls í Hávegamóum og mun þaðan koma að dæma lifendur og rauða.“

veit jú að uppáhalds orð Steingríms J. er „skattahækkanir“ og Jóhönnu er „Evrópusambandið“, en ég held að tiltölulega normalt fólk sé ekkert að þæla í einhverju uppáhalds töfraorði.“

Uppáhaldsbúðin þín?

„ÁTVR, samsé eiturlyfjasala ríkisins. Þó að þetta sé náttúrulega okurhola í heimsklassa eins og aðrar íslenskar búllur er hún samt að selja eitthvað sem fær mann til að gleyma íslensku okri.“

Hvað myndi fullkomna líf þitt?

„Hvað varðar lífið á Klakanum þætti mér gaman að sjá hér lágmark þrjár milljónir ábúenda svo að vinafrænda-klíkusamfélagið myndi leysast upp. Svo náttúrulega þyrfti að stokka hér allt upp alveg frá kjallara og upp í rjáfur og þá væri hugsanlega hægt að kalla þetta þjóðfélag og jafnvel búa herna.“

Besta bókin?

„Myndin af Dorian Gray eftir Oscar Wilde er ekki svo slæm.“

Besta bíómyndin?

„Godfather 1 og 2 plús flestar myndir Martins Scorsese. Þær eru ekki afleitar.“

Hverjum er kreppan að kenna?

„Örugglega Davíð Oddssyni eins og allt annað sem miður fer í þessum heimi.“

Hver er leiðin út úr kreppunni?

„Hvaða leið sem er með næstu flugvél.“

Hvað er næst á dagskrá?

„Að kynna nýju plötuna „Tekið stærst upp í sig“ með Serði Monster. Eftir að fyrri plöturnar tvær með Monster seldust upp fyrir löngu fór að rigna yfir mig fyrirspurnum um það hvar fólk gæti nálgast þær. Til að losna við svoleiðis hremmingar held ég að það sé langsnúðugast fyrir fólk að kaupa einfaldlega plötuna meðan hún er enn þá til. Það er 100% öruggt að þessi plata mun einnig seljast upp því hún er gefin út í takmörkuðu upplagi.“



# BT

## Úrval Afþreyingar á jólamarkaði BT



OPÍÐ TIL 22:00  
ALLA DAGA  
Í BT SKEIFUNNI



2.399  
DVD

2.199  
DVD

2.199  
DVD


2.199  
DVD

3.499  
Bluray

3.499  
Bluray



3.499  
Bluray

## DVD ódýrt



899

aðeins brot af úrvalinu





# Miklu meira en fótboleikur

Annað kvöld fer fram leikur stórveldanna á Spáni – Barcelona og Real Madrid. Þessa leiks er ávallt beðið með mikilli eftirvæntingu en í ár er „El Clásico“ hlaðinn stórstjörnum sem munu ekki aðeins berjast um yfirráð í deildinni heldur líka það sem jafnvel er enn mikilvægara – stoltið. *Eiríkur Stefán Ásgeirsson* tók saman.

Þó svo að meira en 600 kílómetrar séu á milli Madridar og Barcelona eru knattspyrnulið borganna sannkallaðir erkifjendur. Það er heldur óvenjulegt þegar hugsað er til þess að rígur skapast oftast á milli knattspyrnuliða sem eru nálægt hvort öðru og þá helst í sömu borginni. En í tilfalli Real Madrid og Barcelona ríkir svo mikið hatur á milli stuðningsmanna liðanna að annað eins þekkt vart í knattspyrnuheiminum.

Til þess að skoða ástæður þess þarf að fara vel út fyrir knattspyrnuna og líta á pólitískt landslag þessara tveggja borga – og þá helst Barcelona.

Barcelona er höfuðborg Katalóníu-héraðs, sem í stuttu máli hefur lengi barist fyrir sjálfstæði sínu gegn oki miðstjórnarinnar í Madrid.

Real Madrid er jú hið „konunglega“ knattspyrnufélag höfuðborgarinnar en einkennisorð FC Barcelona er „meira en félag“. Það er þannig sem íbúar Katalóníu líta á þá ellefu fulltrúa sína sem sparka í bolta inni á vellinum. Þeir eru ekki aðeins

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

Sagan segir að daginn eftir þann leik hafi Florentino Perez endanlega tekið þá ákvörðun að hella sér í

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

Sagan segir að daginn eftir þann leik hafi Florentino Perez endanlega tekið þá ákvörðun að hella sér í

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

Sagan segir að daginn eftir þann leik hafi Florentino Perez endanlega tekið þá ákvörðun að hella sér í

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

Sagan segir að daginn eftir þann leik hafi Florentino Perez endanlega tekið þá ákvörðun að hella sér í

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

Sagan segir að daginn eftir þann leik hafi Florentino Perez endanlega tekið þá ákvörðun að hella sér í

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

Sagan segir að daginn eftir þann leik hafi Florentino Perez endanlega tekið þá ákvörðun að hella sér í

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

Sagan segir að daginn eftir þann leik hafi Florentino Perez endanlega tekið þá ákvörðun að hella sér í

stæði og þing og voru lög sett fyrir þremur árum sem veittu Katalóníu enn meiri sjálfstjórn en áður.

Leikurinn á morgun verður háður á Nývangi. Þar verður stoltið lagt undir, eins og alltaf þegar þessi lið mætast. Og það er engin spurning að Madrídingar eru helsárir eftir að Börsungar gerðu sér lítið fyrir og unnu 6-2 stórsigur í sjálfri höfuðborginni síðastliðið vor.

kosningabaráttuna um forsetastól Real Madrid.

Eftirmálin eru vel kunn. Perez varð forseti félagsins og eyddi áður óþekktum upphæðum í knattspyrnukappa á borð við Cristiano Ronaldo, Kaka, Karim Benzema og Xabi Alonso. Alls eyddi félagið um 270 milljónum evra – tæpum fimmtíu milljörðum króna – í leikmannakaup í sumar.

Þessar stórstjörnur voru ekki aðeins keyptar til að vinna titla heldur einnig til að sjá til þess að Real Madrid hlyti ekki aðra eins útreið í bráð.

Síðastliðið vor vann Barcelona „þrennuna“ eftirsóttu. Liðið varð spænskur meistari, bikarmeistari og Evrópumeistari eftir sigur á Manchester United í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

Liðið byrjaði vel í haust en hefur aðeins misstigið sig á síðustu vikum og til að mynda gert þrjú jafntefli á útivelli í röð. Barcelona er enn taplaust í deildinni en Real komst á toppinn um síðustu helgi með 1-0 sigri á Racing Santander. Barcelona gerði á sama tíma 1-1 jafntefli við Athletic Bilbao.

Stuðningsmönnum Real Madrid sárnaði velgengi Börsunga á síðasta tímabili og líta á leikinn á morgun sem kjörið tækifæri til að taka fyrsta skrefið að því að gera Real að besta félagi Spánar á nýjan leik.

Síðan Cristiano Ronaldo var keyptur til Real Madrid frá Manchester United í sumar hafa margir beðið spenntir eftir leik morgundagsins til að sjá hann spila gegn Argentínumanninum Lionel Messi, leikmanni Barcelona.

Flestir eru sammála um að þarna séu á ferð tveir bestu knattspyrnumenn heimsins í dag en þó eru skiptar skoðanir um hvor þeirra sé betri. Kannski nær leikurinn að skera úr um það – í bili að minnsta kosti.

Ronaldo er hins vegar nýskriðinn upp úr erfiðum meiðslum og lék aðeins í tuttugu mínútur er Real mætti FC Zürich í Meistaradeildinni í vikunni.

„Við erum á toppi deildarinnar eins og er og ef okkur tekst að vinna á sunnudaginn verðum við með fjögurra stiga forskot,“ sagði Ronaldo eftir leikinn í vikunni. „Þetta verður athyglisvert en sjálfstraust okkar er mikið um þessar mundir.“



TÖFRAMADURINN Lionel Messi hefur átt magnaðan feril hjá Barcelona.

ÓTRÚLEGUR CRISTIANO Sá portúgalski var ekki lengi að finna sig í búningi Real Madrid en hefur verið nokkuð lengi frá vegna meiðsla.

## SÍÐUSTU ÁTTA EL CLÁSICO

### 2008-09

#### 2. MAÍ

Real Madrid-Barcelona 2-6

Mörk: Higuaín (14.), Ramos (56.) - Henry 2 (18. og 58.), Puyol (20.)  
Messi 2 (35. og 75.) Piqué (83.)

### 13. DESEMBER

Barcelona-Real Madrid 2-0

Mörk: Eto'o (83.), Messi (90.)

### 2007-08

#### 7. MAÍ

Real Madrid-Barcelona 4-1

Mörk: Raúl (12.), Robben (20.), Higuaín (62.), van Nistelrooy (77., víti) - Henry (86.)

### 23. DESEMBER Barcelona-Real Madrid 0-1

Mark: Baptista (36.)

### 2006-07

#### 10. MARS Barcelona-Real Madrid 3-3

Mörk: Messi 3 (10, 27, 88) - van Nistelrooy 2 (4. og 12., víti), Ramos (72.)

#### 22. OKTÓBER Real Madrid-Barcelona 2-0

Mörk: Raúl (3.), van Nistelrooy (50.)


### 2005-06

#### 1. APRÍL Barcelona-Real Madrid 1-1

Mörk: Ronaldinho (20., víti) - Ronaldo (36.)

#### 19. NÓVEMBER Real Madrid-Barcelona 0-3

Mörk: Eto'o (14.), Ronaldinho 2 (59. og 77.)




### ANDRÉS INIESTA & KAKA

Hér eru á ferðinni tveir frábærir leikmenn sem keyra upp hraðann og eru iðnir við að koma bestu sóknunum sinna liða af stað. Það er alltaf eitthvað jákvætt í gangi þegar þeir eru með boltann. Iniesta og Kaka eiga það líka sameiginlegt að láta verkin tala inni á vellinum – eru lausir við öll látalæti. Snilli þeirra leynist þó ekki þeim sem vilja sjá. Báðir búa þeir yfir frábærri tækni og sprengikrafti sem reynist varnarmönnum mótherjanna mikil matróð að eiga við. Kaka er þekktari fyrir lengri hlaup og langa einleiki en fáir geta varist stuttum og hnitmiðuðum hreyfingum Iniesta fyrir framan vörnina sem skila bæði honum og samherjunum úrvalsferum. Kaka er á sínu fyrsta ári í spænska boltanum og er því að spila sinn fyrsta Clásico-leik en hann ætti að þekkja vel til slíkra derby-leikja enda búinn að spila margoft með AC Milan á móti Inter í einvignu um Milanóborg.



### ZLATAN IBRAHIMOVIC & GONZALO HIGUAIN

Flestir hefðu kannski búist við einvígi nýju framherjanna í liðunum, Zlatans sem kom til Barcelona frá Inter og Karims Benzema sem kom til Real frá Lyon. Það hefur hins vegar verið 21 árs framherji frá Argentínu, Gonzalo Higuaín, sem hefur raðað inn mörkum fyrir Real að undanfögnu. Zlatan byrjaði frábælega í Barcelona-búninginum en hefur verið að kljást við meiðsla að undanfögnu. Svinn stóri og stæðilegi hefur komið með nýja vidd inn í sóknarleik Barcelona enda höfðinu hærrí en flestir aðrir leikmenn án þess að gefa þeim neitt eftir í tækni eða hraða. Hann er þegar búinn að skora sjö mörk í níu leikjum á tímabilinu. Higuaín er markaskorari af guðs náð og eldfjúgur að nýta sér pláss í teignum, sem hefur sést í síðustu fjórum leikjum Real þar sem hann hefur skorað fimm mörk.



### XAVI HERNANDEZ & XABI ALONSO

Hér eru á ferðinni tveir af allra bestu miðjumönnum heims. Fáir hafa betri sendingartækni en Xabi Alonso en að sama skapi eru fáir betri í stutta spilinu og því að stýra takti leikjanna en Xavi. Þessir kappar eru vanir því að spila hlið við hlið á miðju spænska landsliðsins þar sem þeir ná vel saman. Nú glíma þeir hins vegar um völdin á miðjunni og stjórna á þessum stórleik. Baráttan á miðjunni mun að venju ráða miklu um útkomu leiksins og það þykir þegar ljóst að Barcelona-liðið verður manni fleiri á miðjunni þar sem það spilar með þriggja manna miðju. Það gæti gert útslagið að Xavi hefur Andrés Iniesta sér við hlið en að sama skapi er Lassana Diarra dugnaðarforkur sem vinnur upp skort á hæfileikum með vinnusemi og hlaupagetu. Þetta er fyrsti Clásico-leikur Alonso en Xavi fór á kostum í 6-2 sigri Barcelona í fyrra þegar hann átti meðal annars fjórar stoðsendingar.



ÞAÐ MUN SNJÓA Í HÖLLINNI EFTIR 7 DAGA!  
HVAR VERÐUR ÞÚ?

*Jólagestir  
gera jólin  
skemmtilegrí!*

*Næsta laugardag í Höllinni*

# Jólagestir

## Björgvins

TRYGGÐU  
ÞÉR ALLRA  
SÍÐUSTU  
SÆTIN!

BORGARDÆTUR · DIDDÚ · EGILL ÓLAFSSON  
HELGI BJÖRNSSON · KRUMMI · LADDI · PÁLL ÓSKAR  
RAGGI BJARNA · SAVANNA TRÍÓIÐ · SIGGA BEINTEINS  
SIGRÍÐUR OG HÖGNI ÚR HJALTALÍN · ÞÚ OG ÉG

STÓRHLJÓMSVEIT BJÖRGVINS · STRENGJASVEITIN REYKJAVÍK SESSION ORCHESTRA  
KARLAKÓRINN ÞRESTIR · BARNAKÓR ÚR KÁRSNESSKÓLA · MEDLMIR ÚR GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR  
ÚTSETNINGAR & HLJÓMSVEITARSTJÓRN: ÞÓRIR BALDURSSON · SVIÐSSETNING & HANDRIT: BJÖRN G. BJÖRNSSON

TÓNLEIKAR KL. 16:00 - UPPSELT · KL. 21:00 - UPPSELT  
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR Í DAG Á BÁÐA TÓNLEIKA.  
FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR.

**FK**  
FJARÐARKAUP



Miðasala á *midi.is* og á sölustöðum Miði.is

**bravó!**  
Góðar stundir



JÓN PÁLMASSON ALÞINGISMAÐUR (1888-1973) VAR FÆDDUR PENNAN DAG.

„Ein mesta gæfa lífsins er að eiga góða vini og njóta þeirrar ánægju sem því fylgir.“

Jón Pálmaður á Akri var alþingismaður Austur-Húnavatnanna frá 1933 til 1959 fyrir Sjálfstæðisflokk, landbúnaðarráðgjafi frá 1949 til 1950 og forseti sameinaðs þings árin 1945-1949, 1950-1953 og 1959.



ÞETTA GERÐIST: 28. NÓVEMBER 1921

## Rússneskur drengur sendur utan

Fjörtán ára rússneskur drengur, Natan Friedman að nafni, var sendur úr landi þennan dag árið 1921. Ólafur Friðriksson, ritstjóri Alþýðublaðsins, hafði tekið hann með sér frá Rússlandi mánuði fyrr, en drengurinn var haldinn smitandi sjúkdómi og þáverandi landlæknir mælti með að hann færi úr landi. Ólafur leit á þetta sem pólitíska aðför að sér, neitaði að afhenda drenginn og safnaði liði honum til varnar.

Samkvæmt frásögn í Alþýðublaðinu frá þessum tíma var nokkur hund-



RITESTJÓRINN Ólafur Friðriksson.

uð manna lögregluþétt á nokkra daga til að ná drengnum, eitthvað af því var vopnað og fyrrverandi sjóliðsforingi í danska hernum var fenginn til að stjórna. Um áttatíu manns tóku þátt í atlögunni en nóttina áður var settur vörður um Stjórnarráðið, hús forsætisráðherra og Íslandsbanka og á fleiri stöðum um allan bæ. Fimmtán manns voru svo teknir fastir á heimili Ólafs, þar á meðal kona hans og drengurinn, sem færð voru niður í lónó til að byrja með en hinir í tukthúsið. Þessar óeirðir hafa verið nefndar Hvíta stríðið.

## MERKISATBURÐIR

- 1821 Panama fær sjálfstæði frá Spáni.
- 1921 Til átaka kemur í Reykjavík er lögregla sækir rússneskan dreng heim til Ólafs Friðrikssonar ritstjóra.
- 1960 Mánáttáttur fær sjálfstæði frá Frakklandi.
- 1971 Palestínsku hryðjuverksamtökin Svartí september myrða forsætisráðherra Jórdaníu, Wasfí Tel.
- 1971 Bústaðakirkja í Reykjavík er vígð.
- 1979 Breska kvikmyndin The Wall er frumsýnd.
- 2004 Kísilgúrverksmiðjunnin við Mývatn er lokað.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## Fjölskylduföndur

„Við stefnum á notalegan fjölskyldudag,“ segir Sólrun Ásta Steinsdóttir, starfmaður Kaldársels. Á fyrsta sunnudag í adventu verður boðið upp á jóla-föndur fyrir alla fjölskylduna í Kaldárseli, sumarbúðum KFUM og KFUK ofan við Hafnarfjörð.



„Húsið er opið frá klukkan 13

til 18 en hægt er að koma hvenær sem er á þeim tíma. Við ætlum að fönndra, meðal annars pappaengla og filt-hjörta, en við miðum við að föndrið sé við allra hæfi, líka þeirra yngstu sem eru á leikskólaaldri. Það verður einnig kaffisala, þar sem nýbakaðar kleinur, smákökur og kaffi verða í boði á vægu verði, en ágóðinn rennur til sumarstarfsins.“ Sólrun segir að í kringum Kaldárselið séu margar skemmtilegar gönguleiðir vilji fjölskyldur blanda útivist saman við jólaföndrið. - uhj

LANGHOLTSKIRKJA Í REYKJAVÍK: HELDUR UPP Á HÁLFRAR ALDAR MESSUAFMÆLI

## Fyrsta messan fór fram í fokheldum sal með moldargólfi

Nákvæmlega fimmtíu ár verða á morgun frá því að fyrst var messað í Langholtskirkju og upp á það verður haldið með hátíðaguðsþjónustu sem hefst klukkan 11. „Við væntum þess að fólk mæti og fagni afmælinu með okkur,“ segir séra Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur kirkjunnar, og rifjar upp fyrstu skrefin í helgihaldi safnaðarins í Vogahverfi.

„Það hefur trúlega verið fyrsti sunnudagur í adventu hinn 29. nóvember árið 1959 eins og núna. Litli salurinn, sem rúmar svona sjötu manns, var þá fokheldur og bara moldargólf í honum en hugurinn var mikill í kirkjunnar mönnum og þeir ákváðu að efna til guðsþjónustu. Þá var ekki byrjað á kirkjuskipinu og ekki einu sinni stóra salnum. Séra Árelíus messaði og Helgi Þorláksson, skólastjóri Vogaskóla, var organisti. Hann var líka formaður sóknarnefndar og allt í öllu hér með séra Árelíusi.“

Séra Jón segir hafa verið messað í litla salnum í tæp tvö ár. Eftir það hafi stóri salurinn verið notaður til helgihalds til ársins 1984 þegar kirkjan sjálf var vígð, 28 árum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin. „Þessi bygging öll var mikið mál fyrir ekki stærri söfnuð og erfið fjárhagslega. Við ætlum að halda upp á þetta á sunnudaginn og ekki síst minnst þeirra séra Árelíusar og Helga. Þeir höfðu þá heilbrigðu sýn að til að byggja upp söfnuð þyrfti að byrja á aðstöðu fyrir hann til að koma saman í við öll möguleg tækifæri. Því var byrjað á safnaðarheimilinu áður en kirkjuskipið var byggt. Ég hugsa að það hafi verið nýmæli á þeim tíma.“

Við hátíðamessuna á sunnudag verður séra Kristján Valur Ingólfsson séra Jóni til aðstoðar. Athöfnin byrjar í litla salnum þar sem sungið verður við undirleik Jóns Stefánssonar á harmóníum, síðan gengið yfir í næsta sal og svo haldið í kirkjuna sjálfa. Myndaröð eftir Hörð Ágústsson listmálara sem nefnist Myndaflokkur um mannsöfn hefur verið sett upp. „Þetta eru sex myndir sem Listasafn ASÍ lánaði okkur og



SR. JÓN HELGI ÞÓRARINSSON Adventan er skemmtilegur tími, uppbyggjandi og glaðlegur og gefur mörg tilefni fyrir fólk að hittast,“ segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

birta íhuganir um atburði í lífi Jesú. Hörður gerði þessa seríu 1972-1973. Stórar myndir og fallegar,“ lýsir séra Jón og bætir við að verið sé að safna gömlum ljósmyndum úr kirkjustarfinu og einhverjar þeirra verði til sýnis líka.

Tuttugu og fimm ára vígsluafmæli Langholtskirkju var haldið í september síðastliðnum og tíu ár eru frá því orgelið kom í hana og steindu gluggarnir. Þetta er því stórt afmælisár

hjá söfnuðinum. Adventukvöld verður annað kvöld og margir tónleikar og viðburðir eru fram undan. „Adventan er skemmtilegur tími, uppbyggjandi og glaðlegur og gefur mörg tilefni fyrir fólk að hittast,“ segir séra Jón og getur þess að í messunni á morgun verði tekið við framlögum til Hjálparstarfs kirkjunnar. „Við höfum gert slíkt frá því í haust en viljum sérstaklega minna fólk á þetta nú á adventunni. Þörfin er mikil eins og allir vita.“ gun@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Irmu Jóhönnu Pálsdóttur**  
frá Neskaupstað, Boðahlein 11,  
210 Garðabæ.

Anna Gréta Baldursdóttir Sigurður Runólfsson  
Sólveig Baldursdóttir Sigurður Steinar Ketilsson  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Til allra nær og fjær. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarþel við fráfall

**Péturs Guðjohnsen**

Grete Marion Viðar Helgi Guðjohnsen  
Sveinbjörn Guðjohnsen Margrét Júlíusdóttir og börn  
Katrín Gísladóttir og börn



Elskuleg móðir okkar, dóttir, systir, mágkona og amma,

**Sigríður Ragna Ásgeirsdóttir**

sem andaðist í Gautaborg Svíþjóð þann 11. nóvember, verður jarðsöngin í Fossvogskapellu þann 1. desember kl. 15.

Friðrik Jón Árnason  
Margrét Erla Guðmundsdóttir  
Margrét Erla Friðjónsdóttir Porkell Júlíusson  
Elísa Hjördís Ásgeirsdóttir Elías Halldór Eliasson  
Rúnar Ásgeirsson  
Jónatan Ingi Ásgeirsson Lilja Ósk Þórisdóttir  
Júlíus Már Þorkelsson Guðlaug Sveinsdóttir  
og barnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, dóttur, tengdadóttur og systur,

**Kristbjargar Marteinsdóttur**

Birkihlíð 12, Reykjavík.

Elías Haraldsson  
Sigurlaug Tara Elíasdóttir  
Marteinn Högni Eliasson  
Marteinn Jóhannesson  
Birkir Marteinnsson  
Haraldur Benediktsson  
Sigurlaug Haraldsdóttir  
Birna Berndsen  
Guðrún Elíasdóttir



Faðir okkar, samþylismaður og stjúpfaðir,  
**Karl Karlsson**

er látinn. Jarðarför auglýst síðar.

Hafrún Alda Karlsdóttir  
Adam Levy Karlsson  
Helga Grønseth  
Knut Erik Berget  
Einar Berget  
Hilde Marie Berget





Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**Sigríður Jóhannesdóttir**  
Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést á líknardeildinni í Kópavogi 21. nóvember sl. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra sem studdu hana í veikindum hennar. Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir einstaka alúð og umönnun.

Guðjón B. Jónsson  
Rúnar Guðjónsson  
Hanna Kristín Guðjónsdóttir  
Sævar Guðjónsson  
og barnabörn.

Iryna Molochnikova  
Joost van Erven



Fjölskylda

**Hlínar Stefánsdóttir**

sendir innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar Hlínar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Skógarhlíð fyrir ómetanlega umönnun og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,  
Margrét og Úlfhildur Rögnvaldsdætur.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Eypórsen**  
leigubilstjóri, Fögubrekku 4,

lést mánudaginn 23. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 1. desember kl. 13.00. Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut.

Þóra Sigurjónsdóttir  
Sigurjón Birgisson  
Eypór G. Birgisson  
Guðlaug Birgisdóttir  
Birgir Birgisson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Mjöll Kristjánsdóttir  
Ásdís Ásgeirsdóttir  
Sigvaldi Einarsson  
Elín Rós Hansdóttir



Elskulegur eigenmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Hreiðar Árnason**  
flugvirki, Mánatúni 2, Reykjavík,

er látinn. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 30. nóvember nk. og hefst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Frímúrarareglunnar á Íslandi, s. 510-7800.

Árni Gunnarsson  
Vilborg Gunnarsdóttir  
Guðrún Erla Gunnarsdóttir

Margrét Steingrimsdóttir  
Sjöfn Óskarsdóttir  
Gunnar Aðalsteinsson  
Þorgrímur Páll Þorgrímsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát ástkærrar eiginkonu minnar,

**Guðrúnar Steinunnar Halldórsdóttur**  
Sólvallagötu 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar dvalar- og hjúkrunarheimilis fyrir góða umönnun síðustu mánuðina.

Brian Dodsworth.



Ástkær eigenmaður, faðir, tengdafaðir,  
afi og langafi,

**Guðmundur Pétursson**  
hæstaréttarlögmaður, Hagamel 44,  
Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

Sigríður Nielsdóttir  
Pétur Guðmundarson  
Niels Guðmundsson  
Snorri Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Erla Jóhannsdóttir  
Jónanna Björnsdóttir  
Bolette Steen Guðmundsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð,  
hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar

**Arnar Viðars Hákonarsonar**

Sérstakar þakkir færum við Nick Cariglia og starfsfólki lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar og enn fremur núverandi og fyrrverandi starfsfólki að Klettatúni 2 fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Rannveig Ármannsdóttir  
Ármann Þór Björnsson  
Aðalsteinn Hákonarson  
Elías Hákonarson  
Hákon Hákonarson  
og frændsystkini.

Hákon Aðalsteinsson  
Ellen Þorvaldsdóttir  
Sigurlína Hilmarsdóttir  
Dröfn Jónsdóttir  
María Björk Ívarsdóttir



Elskuleg dóttir, móðir og systir okkar,

**Kristín Ellen Bjarnadóttir**  
Austurgötu 3, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans 24. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. desember klukkan 13.00.

Snjólaug Bruun  
Kristján Aage Hilmarsson  
Elinborg Hilmarsdóttir  
Guðbergur Ingvarsson  
Jóhann Sigurjónsson  
Gunnar Bruun Bjarnason  
Kristján Bjarnason  
Snjólaug Elín Bjarnadóttir  
Björn Bjarnason  
Knútur Bjarnason

Bjarni Kristjánsson

## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAÍK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jón Hannesson**  
rafvirkjameistari, frá Bildudal,

lést þann 23. nóv. sl. á Dvalarheimilinu Grund. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann styrktarfélag hjartveikra barna, s. 552 5744.

Björn Jónsson  
Hlynur Þór Björnsson  
Kristín Birna Björnsdóttir  
Margrét Ásdís Björnsdóttir  
og barnabarnabörn.

Hallfríður Kristinsdóttir  
Jenny Björk Þorsteinsdóttir  
Ingi Björn Jónsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Elín Guðjónsdóttir**  
áður Tjarnarbraut 25  
Hafnarfirði,

sem lést að Hrafnistu, Reykjavík 23. nóvember, verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 30. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga.

Sveinn Magnússon  
Margrét Sesselja Magnúsdóttir  
Ingibjörg Magnúsdóttir  
Elín Magnúsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Bragadóttir  
Ólafur Emilsson  
Einar Ólafsson  
Garðar Briem



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórarinn Þorkell Jónsson**  
löggtur endurskoðandi,  
Hólbraut 2, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 23. nóvember sl.

Þorbjörg Jónsdóttir  
Jón Þórarinsson  
Helga Halldóra Þórarinsdóttir  
Bryndís Þórarinsdóttir  
Þórarinn Eiður Þórarinsson

Birna María Antonsdóttir  
Dagur Jónsson  
Halldór Geir Þorgeirsson  
Alexandra María  
Klonowski

barnabörn og barnabarnabörn.



Við sendum innilegar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra eiginnamans, föður, sonar, bróður, tengdasonar og mágs,

**Rúnars Arnar Hafsteinssonar**  
flugvélafræðings.

Kærar þakkir færum við Helga Sigurðssyni lækni, starfsfólki deildar 11E við Hringbraut, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg varðandi erfidrykkjuna. Einnig hugheilar þakkir til allra sem hjálpuðu okkur á þessum erfiðu tímum sem og þeim sem lagt hafa inn á styrktarsjóð dóttur hans. Hlýhugur og stuðningur ykkar hefur verið okkur ómetanlegur.

Una Björg Einarsdóttir

Arna Eir U. Rúnarsdóttir  
Guðmunda Ingimundardóttir  
Hafsteinn Sigurjónsson  
Rakel Ösp Hafsteinsdóttir  
Samúel Arnar Hafsteinsson  
Hafsteinn Ernir Hafsteinsson  
Einar Ármannsson  
Ármann Einarsson  
Emil Karel Einarsson

Þórarinn B. Guðmundsson  
Jónína Ólöf Sighvatsdóttir  
Reynir Örn Jóhannsson

Ásdís Garðarsdóttir  
Þórhalla Sólveig Jónsdóttir

**Útfararþjónusta**

**Ingartannar**

Sími 551 7080  
Bálgata 4, 101 Reykjavík.

Vönduð og persónuleg þjónusta

Inger Steinhólm, útfararstjóri, s. 551 0919  
Inger Árn, útfararstjóri, s. 551 0919  
Ólafur Óni, útfararstjóri, s. 551 0944



WWW.BREIK.IS/SOLO breik.is

VINSÆLASTA TEIKNIMYND ÁRSINS

## ÍSÖLD 3

RISAEDLURNAR ROKKA!

9. HVER  
VINNUR!

**PÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!  
SENDU SMS SKEYTIÐ  
EST VBV Á NÚMERIÐ 1900**

VINNINGAR ERU:

**ÍSÖLD 3 Á DVD, AÐAR DVD MYNDIR,  
BÍÓMIÐAR, GDS OG MARGT FLEIRA**

Á DVD  
OG BLU-RAY  
26. NÓVEMBER!

**ELKO**

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

## Feitur fíkill

**BAKPANKAR**  
**Atla Fannars**  
**Bjarkasonar**

Ég hef alltaf átt erfitt með að verða háður hlutum. Ég reyki ekki og þó að mér finnst gott að fá mér í glas dettur mér ekki í hug að teygja skemmtunina yfir á virka daga. Ég er allt of latur til að verða háður og hef ekki stöðugleikann sem þarf til að gera sama hlutinn daglega.

**EDA** svo hélt ég. Fyrir nokkrum mánuðum skipti ég um netþjónustu heima, og vegna mistaka varð biðin eftir nýju þjónustunni rúm vika. Á sama tíma var verið að flytja skrifstofu vinnustaðar míns, þannig að fyrir einskæra tilviljun var ég algjörlega netlaus – fyrir utan agnarsmáa 3G-tengingu farsímans.

**Í FYRSTU** taldi ég að þetta yrði lítið mál. Ég hélt að ég væri ekkert svo háður netinu og gæti vel komist af án þess að skoda sömu fréttasíðurnar oft á dag. Ég hafði óafvitandi lokað augunum fyrir netfíkn á mjög alvarlegu stigi og ég vissi ekki að næstu dagar yrðu gríðarlega erfðir.

**FYRSTU** nóttina fór ég að finna fyrir sterkum áhrifum netleysisins. Ég átti erfitt með svefn og hrökk ítrekað upp, sveittur og örvilnaður, í örvæntingarfyllri leit að símanum til að geta skoðað nokkra statusa á Facebook. Eftir að hafa fest svefn í allt of

stutta stund kom morgunn og ég vaknaði úrvinda, úrillur, úrbeinaður af vanmætti.

**NÆSTU** dögum eyddi ég í helvíti. Ég flakkaði á milli kaffihúsa með fartölvuna og sótti netskammta hér og þar. Á kaffihúsunum leið mér eins og ég væri fyrir starfsfólkinu og pantaði því mat og drykki sem hefðu nægt fyrir heilu fjölskyldurnar. Alltaf þegar þjónarnir gengu framháð bað ég um kaffi, kleinu eða bæði. Ég breyttist fljótt í það sem ég hélt að ég yrði aldrei: Feitan fíkill.

**DAGARNIR** liðu hægt og ekki batnaði svefninn. Ég var farinn að taka nethring í símanum reglulega, en hann svalaði engan veginn þörfinni. Ég skammaðist mín of mikið til að láta sjá mig á kaffihúsum, enda var tilhugsunin um aðra kleinu viðbjóðsleg. Geðheilsu minni hrakaði hratt og örvilnunin náði hápunkti þegar ég vaknaði um miðja nótt og sá draug við hliðina á rúminu. Draugurinn var reyndar vinaleg stelpa sem strauk mér blítt, en ég stirðnaði engu að síður upp af hræðslu og bað Guð um að tengingin myndi virka á ný.

**EFTIR** sjö svefnlausar nætur og dagleg hádramatísk símtöl í símafyrirtækið fékk ég loksins merki á ráterinn. Mér leið eins og fíkli með fullar æðar af efnun og hef eytt síðustu mánuðum í alsælu.



## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán


Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman





# ÁSTRÍÐUR Á DVD!

Hinir frábæru gamanþættir um ástarævintýri Ástríðar eru komnir á DVD í verslanir um land allt.



Einnig fáanleg á DVD spennuþáttaröðin magnaða Réttur.



Kauptu jólagjafirnar tímanlega ►





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 28. nóvember 2009

## → Tónleikar

**13.00** Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran, Sólveig Anna Jónsdóttir píanóleikari og Hannes Guðrúnarson gítarleikari flytja tónlist eftir **Mario Castelnuovo-Tedesco** á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**15.00 Útgáfutónleikar** Listasmiðjunnar Litrófs verða haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**17.00** Í Víðistaðakirkju við Hraunbrún í Hafnarfirði verða haldnir tónleikar til styrktar **Mæðrastyksnefnd** Hafnarfjarðar. Fram koma Auður Gunnarsdóttir, Elín Ósk Óskarsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Þóra Einarsdóttir.

**17.00** Lúðrasveit Reykjavíkur heldur tónleika í **Neskirkju við Hagatorg**. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir Manfred Schneider, Earth wind and Fire og Quincy Jones auk þess sem sveitin mun flytja verkið *The Typewriter* eftir Leroy Anderssen.

**17.00** Í tilefni af 250 ára fæðingarmæli tónskáldsins Franz Krommer mun blásaraoktettinn Hnúkapeyr halda tónleika á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu.

**21.00** Hjaltalin, Snorri Helgason og Sigríður Thorlacius ásamt Heiðurspiltum, koma fram á tónleikum á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 20.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir verða á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg.

**22.30 Maiden Iced** (Iron Maiden tribute band) heldur tónleika á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu.

## → Sýningar

Lísa Fannberg Gunnarsdóttir hefur opnað myndlistarsýningu hjá **Af hjartans list** við Brautarholt 22. Opnið virka daga kl. 11-18 og 14-18 um helgar.

## → Leikrit

**14.00** Lýðveldisleikhúsið sýnir „**Út í kött**“, dans- og söngleik fyrir börn, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðubergi 3-5).

## → Síðustu forvöð

Í **Þjóðarbókhöndunni** við Arngrímögötu 3 stendur yfir sýning um esperanto og frumkvöðul esperanto-hreyfingarinnar á Íslandi, dr. Þorstein Þorsteinsson. Sýningu lýkur á þriðjudag. Opnið mán.-fös. kl. 8.15-22, lau.-sun. kl. 10-18.

## → Markaðir

Handverk og hönnun verður með markað á handverki, hönnun og listiðnaði í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opnið í dag og á morgun kl. 11-18. Nánari upplýsingar á [www.handverkog-honnun.is](http://www.handverkog-honnun.is).

Basar KFUK fer fram í KFUM og KFUK húsinu að Holtavegi 28 kl. 14-17. Einnig verður opnað sýning í tilefni af því að 100 ár eru síðan fyrsti KFUK stóð fyrir fyrsta basarnum. **Allir velkomnir.**

Jólabasar verður haldinn á elliheimilinu Grund við Hringbraut 50 (gangur A, 4. hæð) kl. 13-16. **Fjöldi handunninna muna**, kerti, kort og ýmislegt fleira.

Kvenfélag Biskupstungna heldur jólamarkað í Félagsheimilinu Aratungu kl. 13-17. Kókubasar og ýmislegt handverk verður á boðstólum.

## → Kvikmyndir

Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd leikstjórans Kelly Reichardt „*River of grass*“ (1995). Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is).

## → Sýningarstjóraspjall

**15.00** Guja Dögg Hauksdóttir verður með sýningarstjóraspjall á sýningu á verkum Högnu Sigurðardóttur á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu.

## → Leiðsögn

Margrét Jónsdóttir ræðir við sýningarstjóra um verk sín á sýningunni „**In Memoriam**“ sem nú stendur yfir í Listasafni Mosfellsbæjar í Kjarna við Pverholt. Sýningin er opin virka daga kl. 12-19 og lau. kl. 12-15.

## Sunnudagur 29. nóvember 2009

## → Tónleikar

**16.00** Lúðrasveitin **Svanur og Big band Svansins** verða með adventutónleika í Guðrífarkirkju í Grafarholti. Á efnisskránni verða þekkt klassísk verk í bland við vel valin jólalög.



**17.00** Adventutónleikar **drengjakórs Reykjavíkur** fara fram í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt. Á efnisskránni verða adventu- og jólalög eftir innlend og erlend skáld.

**17.00** Í Háteigskirkju mun **kór kirkjunnar** halda sína árlegu adventutón-

leika í Háteigskirkju. Á efnisskránni verður tónlist frá Íslandi, Englandi, Frakklandi, Noregi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

**18.00 Þrjár Raddir og Beatur** verða með útgáfutónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**20.00 Trío Reykjavíkur** verður með tónleika í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða verk eftir Dvorák, Suk og Mozart.

## → Dagskrá

**16.00 Freyjukórinn** stendur fyrir adventudagskrá í Félagsheimilinu Brautarungu í Lundarreykjadal.

## → Leikrit

**15.00** Pétur Eggerz flytur einleikinn *Aðventa* sem byggður er á sögu Gunnars Gunnarssonar. Sýningin fer fram í Menningarmiðstöðinni **Gerðubergi**. Nánari upplýsingar á [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is).

## → Fjölskyldudagskrá

**15.00** Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu verður boðið upp á vísindadagskrá fyrir fróðleiksús börn frá tíu ára aldri. Þar verður m.a. fjallað um helstu uppgötvanir Galíleós, Darwins og Edisons. **Allir velkomnir.**

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is).

**LJÁÐU MÉR EYRA!** FORLAGIÐ [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

Upplestrarkvöld Forlagsins á Rosenberg á Klapparstíg, sunnudagskvöldið **29. NÓVEMBER KL. 20**

**Kynnir: Svavar Knútur**

Vilborg Davíðsdóttir / **Auður**  
Þórarinn Eldjárn / **Alltaf sama sagan**  
Ragnheiður Gestsdóttir / **Hjartsláttur**  
Stefán Máni / **Hylðýpi**  
Páll Valsson / **Vigdís – Kona verður forseti**  
Óskar Guðmundsson / **Snorri – Ávisaga Snorra Sturlusonar**

Allir hjartanlega velkomnir meðan húsrúm leyfir

Bækur ★★★★★

## Sjúddirari rei - Endurminningar Gylfa Ægissonar

Sólmundur Hólm Sólmundarson

## Fyllirí, slagsmál, og smá músik

Gylfi Ægisson er ekkert einfaldur þótt hann sé ekki flókin. Hann er bara ekkert að flækja málin. Ávisaga hans, sem blaðamaðurinn, eftirherman og viðskiptafræðineminn Sólmundur Hólm Sólmundarson skrifar, er frábærlega skemmtileg. Þetta er bók sem maður spærir sig í gegnum á methraða, enda er húmorinn og gleðin aldrei langt undan þótt ævi Gylfa hafi síður en svo verið eintómur harmóníkudans á rósum. Hann er bara einn af þessum náungum sem virðist alltaf vera með hálfult glasið – en ekki hálfómt, eins og sumir.

Bókin er 256 blaðsíður. Gylfi byrjar að drekka á bls. 38 og setur ekki tappann í brennivinsflöskuna fyrr en á blaðsíðu 187. Þarna á milli er sjómanslíf, sjómanslíf, ástir og ævintýr á blússandi siglingu. Fyllirí, slagsmál, kvennafar og smá músik í bland.

Þetta er ógurlega skemmtilegt. Gylfi tekur sjálfan sig og umhverfi sitt passlega alvarlega og segir sögu sína með miklum gáska og af miklu æðruleysi. Treginn er þó aldrei langt undan,



enda Gylfi orðinn langt leiddur á sál og líkama þegar honum tókst með hjálp í gegnum síma og Jesús sjálfum að missa alla löngun til áfengis.

Ég sakna kannski helst að ekki sé farið dýpra í tónlistarmanninn Gylfa. Hvaða músik hafði áhrif á hann? Var hann meira fyrir Stóns eða Bítlanu? Hvað fannst honum um niðþunga tónlist samferðamanna sinna, hippanna? Það er næsta lítið skrifað um hvaðan Gylfi sótti innblástur í snilldarlögin sín þrjú, „Í sól og sumaryl“, „Minning um mann“ og „Stolt siglir fleygið mitt“. Þetta er eiginlega það eina sem ég hef út á bókinu að setja. Nema kannski helst það líka að hún hefði mátt vera helmingi lengri því hún er svo skemmtileg!

Sólmundur er í aðdáendaklúbbi Gylfa Ægissonar – eins og ég reyndar líka – og skilar sínu óaðfínanlega. Textinn rennur létt og ljúflega og hvergi verður vart við uppskrúfaðan rembing eða að menn teygji sig of langt til að kalla fram bros. Kápan er stórglæsileg og umbrot og myndavall frábærlega vel heppnað. Diskógráfía í endann hefði þó verið velþegið kirsuber ofan á þessa ljómandi góðu ævisögu. Húrra!

Dr. Gunni

**Niðurstaða:** Frábærlega skemmtileg og rembingslaus ævisaga æringja.

**GERÐUBERG** Menningarmiðstöð 2009

Sunnudagur 29. nóvember kl. 13:15  
**Klassík í hádeginu**  
Joaquín Páll Palomares fiðluleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari flytja barokksónötur eftir Johann Sebastian Bach (BWV 1014; 1015; 1016).

Laugardagur 28. nóvember kl. 14–15  
**Út í kött**  
Dansleikhús fyrir börn  
Lýðveldisleikhúsið – [www.this.is/great](http://www.this.is/great)  
Miðaverð: 1.500 kr.

Sunnudagur 29. nóvember kl. 16  
Miðvikudagur 9. desember kl. 20  
**Aðventa**  
Möguleikhúsið sýnir einleik byggðan á sögu Gunnars Gunnarssonar. Pétur Eggerz fer með hlutverk Fjalla-Bensa, sjá nánar [www.moguleikhusid.is](http://www.moguleikhusid.is)  
Miðaverð: 2000 kr.  
Tilboð til eldri borgara:  
Leiksýning og girnilegt kaffihlaðborð 2500 kr.

## Yfirstandandi sýningar:

- Um eldhúsáhöld eru áhöld
- Svanurinn minn syngur
- Óreiðan
- Línudans á striga
- Í gegnum tíðina

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

Boðið er upp á leiðsögn um sýningar.

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700  
Netfang: [gerduberg@reykjavik.is](mailto:gerduberg@reykjavik.is) | [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)



**Skrytnir bræður**

Þekkirðu jólasveinana þrettán?  
Hér geturðu lesið margt skemmtilegt um þessa síungu bræður, Grýlu, Leppalúða og Jólaköttinn.

Einnig á ensku – tilvalin gjöf fyrir erlenda vini á öllum aldri

**1. Sæti**

**METSÖLULISTI EYMUSSON**

Barna- og unglingabækur 25.11.09

Fyrsta prentun uppseld! Önnur prentun væntanleg.



# nettó

Ódýrt fyrir heimilið!



3.343 kr  
áður 4.990 kr

33%  
afsláttur

SKULDADAGAR



4.073 kr  
áður 5.990 kr

32%  
afsláttur

KONA ÞRIGGJA EYJA  
ÆVISAGA ÁSU GUÐMUNSD.  
WRIGHT



35%  
afsláttur

3.569 kr  
áður 5.490 kr


KARLSVAGNINN



35%  
afsláttur

3.439 kr  
áður 5.290 kr

NÝTT TUNGL



35%  
afsláttur

3.569 kr  
áður 5.490 kr

AUÐUR



37%  
afsláttur

3.459 kr  
áður 5.490 kr

HVÍTI TÍGURINN



3.343 kr  
áður 4.990 kr

33%  
afsláttur


STÓRSKEMMTILEGA  
STELPUBÓKIN



35%  
afsláttur

3.699 kr  
áður 5.690 kr

SVÖRTU LOFT



4.544 kr  
áður 6.990 kr

35%  
afsláttur

SNORRI  
ÆVISAGA SNORRA  
STURLUSONAR 1179-1241



2.673 kr  
áður 3.990 kr

33%  
afsláttur

GULLGERÐARMAÐURINN



4.073 kr  
áður 5.990 kr

32%  
afsláttur

GUINNES  
HEIMSMETABÓK 2010



35%  
afsláttur

4.544 kr  
áður 6.990 kr

VIGDÍS  
KONA VERÐUR FORSETI

Birt með fyrirvara um prentillur.

Skráðu þig á póstlistann á [www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 28. - 29. nóvember eða meðan birgðir endast



50%  
afsláttur



1649 kr. kg  
Ungnauta roast beef

50%  
afsláttur



1649 kr. kg  
Ungnauta innralæri  
danskt

50%  
afsláttur



1599 kr. kg  
Ungnauta mínutusteik

# MEIRA FYRIR

Síðasta  
slátrun  
vetrarins!



1198 kr. kg  
Lambalæri  
af nýslátruðu



1498 kr. kg  
Lambahrygaur  
af nýslátruðu

20%  
afsláttur



1898 kr. kg  
SS bláberjalæri  
hálfúrbeinað

30%  
afsláttur



1989 kr. kg  
Sambands hangilæri



589 kr. pk.  
Pizza Italiáskar, 400 g



15%  
afsláttur  
Rana ferskt pasta

**KRÓNAN**  
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða  
virka daga 11-19  
lau 10-19 sun 11-19

Krónan Lindum  
alla daga 10-20

Krónan Granda  
alla daga 10-19

Krónan Breiðholti  
virka daga 11-21  
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Árbæ  
virka daga 11-21  
helgar 10-21

Krónan  
alla dag



# KRÓNAN



í takt við tímann

8  
kíló



**198** kr. pk.  
Göteborgs Nougat kex



**689** kr. pk.  
Allra Salthnetu- & súkkulaðibitakökur eða Kókostoppar



**2499** kr. pk.  
Neutral þvottaefni

# MINNNA!



**449** kr. stk.  
Swiss miss 3 tegundir



**319** kr. stk.  
Camembert og Höfðingi



**189** kr. pk.  
Piparkökur



Verð frá  
**559** kr. pk.  
Kexsmíðjan smákökur



**339** kr. stk.  
Allra besturindlar  
Allra bestu og bombur



**598** kr. pk.  
Kaffitár  
hátíðarkaffi



**259** kr. pk.  
NY Potato sticks



**259** kr. pk.  
Gunnars sósur  
200 ml



### > SKVÍSUR FALLA FYRIR BARNAFÖTUM

Bandaríska keðjan GAP fékk nýverið hönnuðinn Stelli McCartney til að hanna fyrir GAP Kids. Línan er ekki aðeins vinsæl fyrir krakka heldur hafa ofurfyrirsætur eins og Claudia Schiffer og Laura Bailey iðulega sést í bolum og regnúlpum ætluðum á tólf ára krakka. Franska forsetafrúin Carla Bruni-Sarkozy hefur nýlega tekið upp myndband þar sem hún sést syngja í jakka frá GAP Kids.

# stíll

utlit@frettabladid.is



Þennan gullfallega nýja augnskugga frá Mac sem bæði má nota þurran eða blautan. Augnlokin verða eins og skínandi kopar í jóla-partíunum.

Andlitsolíu frá Bobbi Brown sem nærir þurra húð og veitir henni ljóma. Ilmar líka dásamlega.

OKKUR LANGAR Í ...



Há og þröng og ofursvöl rúskinnstígvél frá Topshop.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

### Alræmdar peysur

Í dag er ég í ljótri hettupeysu. Einhverjum snillingi í vinnunni datt í hug að halda ljótupeysudag sem sumsé gengur út á það að verðlauna þann einstakling sem tekst að vera í ljótustu peysunni. Þetta er afskaplega snúið dæmi. Þeir sem eru ekki í keppninni og fá hlátursrokur og bendingar um peysuna sem þeir kusu að klæðast í dag verða vandræðalegir. Sumar peysur er nefnilega ekki alveg hægt að reikna út. Er hún ljót eða á þetta að vera töff? Er hún að grínast eða er þessi peysa kannski í uppáhaldi í fataskápnunum? Sumir ganga í mjög ljótum peysum dagsdaglega einmitt vegna þess að það er töff, að minnsta kosti í þeirra augum. Einhvers konar stíll, þið skiljið. Og það er gaman að því.



Ljótar peysutískur hafa líka dúkk að upp reglulega undanfarin ár. Á tímabili gengu stúlkur í gömlum og slitnum glamúrpeysum frá nýfunda áratugnum. Svona peysum sem var hægt að fiska upp úr tunnum í Spútnik og þóttu ægilega töff á Sirkus. Svo voru allir strákar komnir í sömu peysuna frá Henrik Vibskov, miðbærinn fylltist af peyjum í rauðri, svartri og hvíttri peysu sem oftast var sett saman við þröngar ljósar gallabuxur. Alræmdustu peysurnar voru svo hinar stórkostlegu skræpóttu hettupeysur frá Nakta apanum sem gersamlega tröllriðu bænum.

Margar peysur eftir fræga hönnuði eru umdeildar og sumum finnst þær gullfallegar og öðrum skelfilegar. Ég til dæmist dáðist mikið að Marjan Pejovski-peysu í eigu vinkonu minnar sem er túrkisblá með stórum fuglum á öxlunum. Það þarf kannski líka bara útlitið og „attitjúdið“ til þess að bera slíkar flíkur. En þeir sem hafa það ekki og líkt og ég, kjósa að læðast eins og músin þegar að þrjónafatnaði kemur, geta haldið áfram að stafla svörtum rúllukragapeysum í fataskápnunum.



ROKKAB Stuttur svartur kjóll með leðurstykki að ofan.

ADSNÍÐIÐ Flottur þrjónakjöll með einni ermi.



KÓNGABLÁTT Stuttur kjóll með síðum slóða og fallegum ermum.



BELGÍSKI HÖNNUÐURINN HAIDER ACKERMAN

## Tignarleg klæði

Nafnið Haider Ackerman ber að festa í minni en þessi belgíski hönnuður er ódum að verða stór stjarna í tískuheiminum. Líkt og margir belgískir og hollenskir hönnuðir eru snið hans nútímaleg og framúrstefnuleg. Haust- og vetrarlína hans einkenndist af einstaklega fallegum kjólum sem féllu listilega að líkamanum og voru jafnvel með mjög háa klauf. Litir voru ríkulegir; blanda af svörtu, vínrauðu, fjólubláu og gylltu.


- amb

# Saga af hugsjónum

Söguleg skáldsaga eftir ÁRMANN JAKOBSSON um miklar hugsjónir, mannlega veikleika og eina af fáum uppreisnum sem gerðar hafa verið á Íslandi.

„Ármann Jakobsson er öruggur penni og frásögnin er alltaf fumlaus og efnistöð góð ... heldur lesandanum allt til loka ... fróðlegt og læsilegt verk ...“

Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið



KOMIN Í KILJU

JPV  
JPV ÚTGAFA  
www.forlagid.is



STRÁKALEGT Flot samsetning af svörtum buxum, þröngum jakka og háum stígvélum.



VÍNRAUTT Fallega sniðinn silkitoppur og pils.



KYNPOKKAFULLT Framúrstefnulegur síður svartur kjóll með einum hlýra.





# KAUPTU NEF GEFÐU BROS

## 4. desember 2009

Rauðu nefin eru til sölu í verslunum Hagkaups og Bónuss. Söfnunarpáttur Unicef verður í beinni útsendingu og opinni dagskrá á Stöð 2.



Nefin fást í:





## &gt; ELDAÐI KALKÚN

Jessica Alba lét hendur standa fram úr ermum á þakkargjörðarháttíðinni sem var haldin háttíðleg í Bandaríkjunum á fimmtudag. Leik-konan varði háttíðinni hjá foreldrum sínum ásamt eiginmanninum Cash Warren og eins árs dóttur þeirra, Honor Marie. Þá var henni falið að elda 12 kílóa kalkún fyrir alla fjölskylduna og tókst vel til að eigin sögn.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

## Íslensk tónlist frá tunglinu

Í gær var frumsýnd heimildarmyndin Music from the moon í Münster í Þýskalandi. Myndin fjallar um tónlistarlíf á Íslandi og Grænlandi og koma ýmsir íslenskir tónlistarmenn sem nú eiga vinsældum að fagna í Þýskalandi fram í myndinni. Fólk eins og Emilíana Torrini og Benni Hemm Hemm. Hjörleifur Jónsson er þó í aðalhlutverki myndarinnar. „Áður en ég gerðist skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri í fyrra var ég í forsvari fyrir brúðuleikhús og tónlistarhópið Hypno Theater út í Þýskalandi,“ segir Hjörleifur. „Á vegum „Tónlistar fyrir alla“ fór ég með þetta verkefni til Íslands og Grænlands og þýskir kvikmyndagerðarmenn fóru með

og gerðu myndina. Hún fjallar um tónlistarlíf hér, tónlistaruppeldi og íslenska tónlistarmenn. Það eru viðtöl við alls konar fólk.“

Benni Hemm Hemm spilaði eftir frumsýninguna í gær en Hjörleifur spilaði með Benna á árum áður. Auk Benna og Emilíönu koma fram Helmus og Dalli, Slowblow, Hildur Guðnadóttir, grænlenku atriðin Naneruaq og Ole Kristiansen og meðlimir úr múm og Sigur Rós. Í bígerð er að flengjast með myndina um Evrópu og bjóða upp á tónleika með íslenskum tónlistarmönnum í leiðinni. Hjörleifur á svo von á að myndin verði sýnd á Íslandi fljótlega, en veit ekki alveg hvenær.

- drg



Á GRÆNLANDI Hjörleifur Jónsson leiðir þýska kvikmyndagerðarmenn um íslenskt og grænlenst tónlistarlíf í myndinni Music from the moon.

## Dætur og mæður elska New Moon

Um fimm til sex þúsund manns sáu kvikmyndina The Twilight: New Moon á fyrstu tveimur sýningar-dögum hérlandis.

Síðan myndin var frumsýnd á miðvikudag hefur verið uppselt á flestar sýningar og stefnir hún óðfluga í að verða vinsælli en sú fyrri í seríunni, Twilight. Alls sáu tæplega sextán þúsund manns þá mynd hér á landi. Mikill meirihluti áhorfenda hefur verið konur, sem kemur ekki á óvart miðað við gríðarlegan áhuga kvenna á hinum samnefndu bókum eftir Stephenie Meyer. Þær hafa einmitt selst í yfir tíu þúsund eintökum hérlandis.

The Twilight Saga: New Moon hefur einnig farið vel af stað vestanhafs og því hefur verið spáð að hún skili um 350 milljónum doll-

ara í kassann á sinni fyrstu viku. Það yrði sérlega góður árangur því fyrri myndin, Twilight, þénaði „aðeins“ 384 milljónir dollara allan tímann sem hún var sýnd.

New Moon fjallar um ástarsamband Bellu og vampírurinnar Edwards Cullen. Vampíra reynir að ráðast á Bellu eftir að hún sker sig í afmælisboði og flækir það hlutina talsvert. Cullen-fjölskyldan tekur síðan þá ákvörðun að slíta öllu sambandi við hana, þar á meðal Edward. Alveg miður sín leitar Bella á náðir nágranna síns Jacob. Með aðalhlutverk í myndinni fara Kristen Stewart, Robert Pattinson, Taylor Lautner og Ashley Greene.

Þriðja myndin í Twilight-seríunni, Eclipse, verður heimsfrumsýnd á Íslandi 30. júní á næsta ári.



Á LEIÐ TIL ARGENTÍNU Samuel Bjarki og Gunnar Páll Ólafsson ætla að taka upp Pringles-auglýsingu í Argentínu.

## Búa til Pringles-auglýsingu í höfuðborg Argentínu

Samúel Bjarki Pétursson og Gunnar Páll Ólafsson ætla að leikstýra Pringles-auglýsingu í Argentínu. Um eitt hundrað manns starfa við verkefnið.

„Það verður rosafínt að fara í þrjátíu stiga sumar í Argentínu, sérstaklega þegar það er byrjað að snjóá hérna,“ segir Samúel Bjarki Pétursson auglýsingaleikstjóri. Næsta verkefni hans og félaga hans, Gunnars Páls Ólafssonar, verður af stærri gerðinni því eftir helgi fljúga þeir til Buenos Aires til að taka upp nýja sjónvarpsauglýsingu fyrir Pringles-snakkframléiðandann. Öllu verður tjaldað til við framléiðsluna því um

eitt hundrað manns munu starfa við auglýsinguna. Um alheimsherferð er að ræða og hefjast sýningar á auglýsingunni í janúar. „Þetta kom til í gegnum fyrirtæki sem við erum hjá í Bandaríkjunum, Crossroads. Þeir eru að vinna svoltið fyrir fyrirtækið Procter & Gamble sem framléiðir nánast aðra hverja snyrtivöru og matvöru í heiminum. Við kepptum á móti fjölmörgum leikstjórum og unnum þá baráttu,“ segir hann en vill ekkert gefa upp um launaávisunina sem fylgdi með í kaupunum.

Procter & Gamble er með höfuðstöðvar í Ohio í Bandaríkjunum. Á síðasta ári var fyrirtækið það áttunda stærsta í heiminum ef tekið er tillit til markaðssvæðisins sem það nær til og það fjór-

tánda stærsta í Bandaríkjunum hvað hagnað varðar. Árið 2007 eyddi það mest allra fyrirtækja í auglýsingar í Bandaríkjunum og tvöfalt meira en General Motors. Það er því ljóst að mikið er undir hjá Samúel Bjarka og Gunnari Páli í Argentínu og verður fróðlegt að fylgjast með útkomunni.

Þeir félagar hafa haft nóg að gera undanfarin ár í auglýsingabransanum. Nýverið komu þeir heim frá Rúmeníu þar sem þeir tóku upp bjórauglýsingu og hérna heima gerðu þeir Sex vina-auglýsingarnar fyrir Símann. Fyrr á árinu fengu þeir hin virtu Telly Awards-verðlaun fyrir auglýsingu sem þeir gerðu fyrir raftækjaframleiðandann Samsung.

freyr@frettabladid.is



NEW MOON Kirsten Stewart og Robert Pattinson fara með aðalhlutverkin í The Twilight Saga: New Moon.

## Ofdekrað stjörnuþarn

Nýjustu fregnir herma að leikkonan Katie Holmes sé ósátt við linkindina sem eiginmaður hennar sýnir dóttur þeirra. Holmes er víst með þungar áhyggjur um að hin þriggja ára Suri sé ofdekrað af föðrum sínum, Tom Cruise. „Tom dekrar við Suri og leyfir henni að gera allt sem hana langar til. Hún borðar múffur í morgunmat og fær engar skammir þó að hún teikni á veggum eða húsgögnum. Hann neitar henni aldrei um neitt,“ var haft eftir heimildarmanni. „Katie er hrædd um að Suri eigi eftir að verða frekjudós sem enginn vill umgangast. Starfsfólkið segir heldur aldrei nei við stúlkuna því það óttast að missa vinnu sína hlýði það henni ekki í einu og öllu.“

## Í tilefni af „Thanksgiving“

Í tilefni af þakkargjörðarháttíðinni, **Thanksgiving**, sem haldin er háttíðleg í Ameríku, bjóðum við upp á ekta, klassíska kalkúnaveislu sem slær allt út.

**Ruby Tuesday**  
BRAGÐGÓÐ SKEMNTUN

Höfuðbakka 9 & Skipholt 19 Sími 577-1300



**Grilluð kalkúnabringa** kjöt- og brauðfylling, maís, eplasalat, trönuberjasulta og „gravy“.

Verð 2.990 kr.





HUNDAGANGA Rebecca Hennermark segir hunda hafa gott af því að breyta um umhverfi og umgangast aðra hunda. Á myndinni með Rebeccu er Gunnar Ísdal.

## Styrkja önnur dýr

„Við erum að prófa þetta núna í fyrsta sinn og ef það gengur vel er ekki ólíklegt að við gerum þetta að árlegum viðburði,“ segir Rebecca Hennermark, leikskólustjóri á Voffaborg, en hún stendur fyrir hundagöngu nú á sunnudaginn til styrktar samtökum Dýrahjálpar.

„Við búumst við góðri mætingu því þetta er bæði skemmtileg hreyfing og svo er ekki verra að styrkja gott málefni í leiðinni.“ Rebecca segir alla velkomna, bæði stóra og smáa, en tekur fram að óráðlegt sé að mæta með lóðatíkur. „Það má ekki koma með lóðatíkur

því þá getur allt orðið vitlaust, þú getur rétt ímyndað þér ástandið ef við erum með um fimmtíu rakka og svo mætir ein lóðatík á svæðið, það gæti endað illa,“ segir Rebecca og bætir við að það geri hundunum gott að breyta um umhverfi inn á milli og komast í færi við aðra hunda.

Þátttökugjald í gönguna er 500 krónur auk þess sem þátttakendur fara í pott og eftir gönguna verður haldið happdrætti þar sem hvuttarnir geta unnið glæsilega vinninga. Mæting er við Reidhöllina í Víðidal klukkan 13.30.

- sm



## Metsölubókin Berlínaraspírnar loksins fáanleg á ný!

Dásamlega klikkuð fjölskyldusaga um alvöru fólk, ljúfsár og fyndin í senn.

„Áhrifamikil, vel skrifuð og geysilega heillandi skáldsaga.“

Aftenposten



MÁL OG MENNING  
www.forlagid.is



LESTU  
ÞÆR ALLAR!

3. prentun

## Óþægilegur orðrómur

Rihanna viðurkenndi fyrir stuttu að hún hefði þurft að glíma við leiðinlegan orðróm allt frá því að hún steig sín fyrstu skref innan tónlistarbransans. Hún sagði að í heimalandi sínu, Barbados, hefði fólk talað um það að hún hefði átt í ástarsambandi við Jay-Z og þess vegna landað plötusamningi. „Fólk hugsaði: „Auðvitað hlýtur hún að hafa þurft að þjónusta Jay-Z á einhvern hátt til að fá þennan samning.“ Þessi orðrómur heyrðist alls staðar í Barbados og mér fannst það hræðilegt. Mér leið ekki vel og mér leið illa í kringum Jay-Z og gat ekki horft í augun á honum þegar ég talaði við hann,“ sagði söngkonan og bætti við að Jay-Z hefði hjálpað henni að komast yfir þetta. „Einn daginn hringdi hann í mig og sagði að ég mætti ekki láta þetta á mig fá og eftir það gat ég hlegið að þessu.“

VAR EKKI MEÐ JAY  
- Z Rihanna slær á sögusagnir.



## Hnúkaþeyr

250 ár frá fæðingu  
Franz Krommer

Afmælistónleikar á  
Kjarvalsstöðum laugardaginn  
28. nóvember kl. 17:00

Styrkt af Reykjavíkurborg  
og Tónlistarsjóði. 1.000 kr fyrir  
fullorðna. Ókeypis fyrir börn



„Michelin X-ICE eru bestu vetrardekk sem ég hef nokkru sinni kynnst á 40 ára ferli sem ökukennari.“

Það er sama hvort ekið er í slabb, snjó, slepju eða fljúgandi hálfu - gripnið í þessum ónegldu dekkjum er alveg undursamlegt.“

Gylfi Guðjónsson, ökukennari

„Michelin X-ICE eru bestu vetrardekk sem ég hef prófað hingað til...“

...og hef ég þó prófað fjölda vetrardekkja gegnum tíðina, negld og ónegld, nú síðast undir EuroRAP mælingabilnum. Dekkin gefa frábært grip við allar aðstæður og eru hljóðlát og endingargóð. Best af öllu er þó, að eyðslan er 0,52 lítrum minni á hundraðið en á sumardekkjunum sem bíllinn kom á frá framleiðanda.“

Ólafur Kr. Guðmundsson,  
tæknistjóri EuroRAP á Íslandi og dómari í Formúlu 1.

„Michelindekkinn best“

Michelin X-Ice vetrardekkinn komu best út í árlegri vetrardekkjakönnun norsku samtakanna NAF, systurfélags FIB.

- DV, 21. nóvember.



Þú færð Michelin dekkinn hjá  
Hjólbarðapjónustu N1



# Milljónatjón í fyrirtækjum

Íslensk fyrirtæki hafa orðið fyrir milljónatjóni vegna kertabruna á undanförmum árum. Tjósupphæðir segja þó ekki alla söguna. Óþægindi fyrirtækja vegna bruna, töpuð gögn eða vinna, verða seint metin til fjár.

Tölur sýna einnig að fjöldi kertabruna hjá fyrirtækjum er mjög mismunandi milli ára. Reynslan sýnir að flest kertatjón verða vegna þess að við sjálf gleymum að slökkva á þeim eða að staðsetning þeirra er með þeim hætti

að það kviknar í skreytingu, borði eða gardínu. Hér að neðan er að finna góð ráð til fyrirtækja sem vert er að hafa í huga til þess að tryggja að lífandi ljós breytist ekki í lífandi hættu.

- Setjið skýrar reglur um notkun kerta á vinnustað
- Skiljið aldrei eftir logandi kertaskreytingu inn á kaffistofu starfsmanna
- Bannið notkun kerta á skrifborðum starfsmanna
- Slökkvið ávallt á kertum í fundarherbergjum eftir að fundi lýkur
- Sá starfsmaður sem kveikir á kerti ber ábyrgð á því aftur
- Staðsetjið kertaskreytingu ekki næri tækjum sem gefa frá sér hita
- Kynnið reglurnar fyrir öllum starfsmönnum
- Ef logandi kerti eiga að vera á borðum í jólagleðinni sem haldið er á vinnustaðnum þarf að ákveða fyrirfram hver slekkur á þeim



Lárus, hvenær hefst undirbúningur jólaanna á þínu heimili?

„Viku fyrir jól. Þá fara útljósin upp og ég nær mér í jólatré í Skorradal.“


Lárus Ásgeirsson, nýr forstjóri Sjóva.

## Útikerti eru fallegir skaðvaldar

Útikerti eru falleg og skapa skemmtilega stemningu í mesta skammdeginu. En því miður hafa orðið alvarleg slys þegar fólk sem hefur átt leið hjá hefur rekist í kertin og brennt sig illa eða skemmt fót. Það er því afar mikilvægt að koma útikertunum fyrir á sem öruggastan hátt.

Setjið aldrei kerti í tröppur eða þrep við inngang. Kerti sem staðsett eru á þessum stöðum valda flestum slysum. Þeir sem ganga um horfa ekki alltaf niður fyrir sig og reka tána í stjokann og heitt, bráðið vaxið slettist á fótleggji viðkomandi með alvarlegum afleiðingum. Öruggst er að hafa kertin í stöðugum stökum sem ekki velta um koll þótt fólk rekist í þá. Best er að staðsetja þá fjarri gönguleiðum og byggingum. Setjið útikerti ekki á tréþall, garðhúsgögn eða annað efni sem brennur auðveldlega.

Þar sem útikerti innihalda mikið af vaxi er mikilvægt að þeim sé ekki komið þannig fyrir að snjór eða bleyta geti lekið ofan í stjokann og orsakað sprengingu. Þegar slökkt er á útikerti má því alls ekki skvætta vatni á kertið heldur reyna að kæfa eldinn. Snertið ekki form útikerta í nokkra stund eftir að slökkt hefur verið á þeim.



## Lítið, sætt kerti lagði íbúðina mína í rúst

Þegar 12 ára drengur kveikti á litlu kerti í stjokanum sem hann útbjó í skólanum, óraði hann ekki fyrir því að þetta litla kerti ætti eftir að leggja heimili hans og móður hans í rúst. Hann fór fram að horfa á sjónvarpið með mömmu sinni og lokaði dýrunum án þess að slökkva á kertinu. Kertið logaði friðsamlega á skrifborði drengsins í þrífylshúsi við Helliggerði á Akureyri.

„Við sátum í rölegheitum og horfðum á sjónvarpið og ég með malandi köttinn í fanginu. Þegar rafmagnið sló skyndilega út. Þegar sjónvarpið þagnaði heyrðum við skarkala úr herberginu hans Sveins Inga,“ segir Sigríður Sveinsdóttir, þá einstæð móðir í leiguíbúð á Akureyri. „Við höldum hreinlega að það væri verið að brjótast inn og þegar við heyrum rúðuna brotna þá rauk ég til og opnaði dýrnar að herberginu.“ Enginn reykskynjari var í herberginu en traust eldvarnar-

hurðin hafði haldið inni bæði reyk og lykt. Reykaskynjarinn á ganginum var þögull og meira að segja kötturinn var hinn rölegasti. Ekkert gat búið Sigríði undir það sem tók á móti henni. „Hitinn í herberginu var gífurlegur og eldtungurnar brutust strax fram á ganginn með svo miklum látum að reykaskynjarinn á ganginum brann án þess að gefa frá sér hljóð. Við forðuðum okkur út og ég sótti slökkvitækið og dældi úr því inn um gluggann. Það var hinsvegar alveg vonlaust verk.“

Eldtungurnar teygðu sig upp að glugganum á næstu hæð og þar sprakk ytri rúðan. Til allrar mildi urðu ekki umtalsverðar skemmdir á öðrum íbúðum í þessu litla fjölþýli. En Sigríður og Sveinn sonur hennar voru ekki svo heppin. Í herbergi Sveins brann allt sem brundið gat og annað innbú þeirra gjöreyðilagðist af völdum hita, reyks og vatns. Þau misstu nær allt sitt. „Það eina sem slapp voru allar myndirnar mínar

af stráknum þegar hann var lítill. Þær voru í tösku inni í skáp. En annað var allt meira og minna ónýtt.“

Sigríður býr nú á Svalbarðseyri og segist hafa tekið kertaljós í sætt á ný. „Það tók nú nokkurn tíma, það tók mig meira en ár þangað til ég gat kveikt á kerti eftir þetta. Ég er ofurnæm á lykt og fer strax að stjækla ef ég finn eitthvað óvanalegt. Og ég skil ekki einu sinni við logandi sprittkerti ef ég fer á milli herbergja.“

Skömmu eftir eidsvoðann gengu jólin í garð og Sigríði þótti það nokkuð sérstakt að fá kerti í jólagjöf við þessar aðstæður.

„Mér þótti þetta kaldhæðnisleg jólagjöf til konu sem hafði misst allt sitt innbú í bruna vegna kertis. En þetta segir kannski sína sögu um það, hversu sakleysisleg kerti virka í augum fólks. Það trúir því ekki nokkur maður fyrr en á reynir, en lítið, sætt kerti getur lagt heilt heimili í rúst.“

## Jólastu í eld

Á öllum reykaskynjari hafa staðsett í öllum reglunum um talið sími að ve... heldur auðvelt... ykkur... slökkvitæki... en me... létvatn... stigagöngum... vel leiðbe... uppsetningu... viðhald tækjanna. Gaetið þess að... á hellum og... eldfimt ofan í... ingarpottar... húsbrennum. Lát... potti á meðan... eldur kviknar í... nauðsynlegt... Alls ekki má... eldinn – það... Reynið ekki... potti út. Hring... síma 112. Legg... yfir logandi... eða rennið... potti yfir. Se... helluborði... varlega af... undir hellunni... þarf að hreinsa... gufugleypum... getur safnast... auðveldlega getur kviknað.

## Fylgjumst vel með kertunum

Aðventan er hátíð eftirvæntingar, með jólakökum, ljósum og kertum. Fallegar kertaskreytingar og birtan frá kertaljósum er ómissandi á þessari árstíð. En við gleymum því oft að til að koma í veg fyrir bruna þarf að umgangast kerti með varúð. Enginn ætlar sér að ganga hiruðuleysislega um kertaljós en stressið í desember getur verið mikið, því kemur það fyrir að það gleymist að slökkva á kertaljósum, þrátt fyrir fögur fyrirheit. Eins einföld og falleg kerti eru þá er margt sem þarf að hafa í huga og gott að venja sig á við notkun þeirra.

### Hér er einfaldur listi til að tryggja öryggi kerta á heimilinu:

- Er ekki alltaf einhver í herberginu þegar kerti loga?
- Er kertið á stöðugu undirlagi?
- Er undirlagið hita- og brunapolið?
- Þolir flátið eða stjokinn örugglega hitann?
- Er kertakveikurinn styttri en 10 sentimetrar?
- Er stíllt loft þar sem kertið er? (Enginn dragsúgur)
- eru gardínur í öruggri fjarlægð?
- Er kertið ekki í öruggri fjarlægð frá hillum eða skáp að ofan?
- Er sprittkertið í fláti sem verndar borð eða dúk fyrir hitanum?
- eru kerti sem standa nálægt hvert öðru í sömu hæð?
- Er ekki slökkt á öllum kertum þegar farið er úr húsi?
- eru bordar, servíettur eða skreytingar í öruggri fjarlægð frá kertinu?

## Jólagjafir freista þjófa

Innbrot í bíla hafa stóruakist síðustu mánuði. Í jólamánuðinum eykst hættan á slíku enda erum við meira á ferðinni og geymum oft verðmæti í bílunum s.s. innkaupapoka og farangur. Þjófar bera sig að eins og við þegar við skoðum í glugga og metum hvað okkur langar í. Besta leiðin til þess að verjast innbrotum í bíla er því að læsa alltaf bílunum og skilja aldrei eftir verðmæti í bílunum sem blasa við inn um bílglugga. Settu alltaf veski eða fartölvur undir

sætin í bílunum og innkaupapokana í skottið eða þar sem þeir sjást minnst. Það getur verið sniðugt að hafa dökkt teppi í bílunum til þess að breiða yfir verðmæti sem eru vel sýnileg s.s. farangur eða innkaupapoka. Passaðu þig á að breiða vel yfir verðmætin svo þau lokki ekki. Hanskahólfið er ekki góður staður fyrir verðmæti. Það er fyrsti staðurinn sem þjófurinn leitast á.



Margir skilja bíla eftir þegar farið er í burtu í lengri tíma yfir jólin. Farðu yfir það hvort allar rúður og sóllúga bílsins sé ekki tryggilega lokað. Börn og farþegar gætu hafa opnað glugga án þess að ökumaður taki eftir því. Þegar þú leggur bílunum á bílastæði þá er ekki endilega best að velja stæði út í horni eða innst í botnlanga. Þar er oft næði fyrir þjófa að aðhafast. Veldu frekar svæði nærri umferð. Kynntu þér innbrotavarnir á sjóva.is.



# Munum að slökkva á kertunum

Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna.  
Njóttum dýrðarinnar en látum kerta-  
skreytingar og ljós aldrei loga án eftirlits.  
Verum örugg um hátíðarnar.

**SJÓVÁ**





## Kvöldskóli BHS - vorönn 2010

Innritun í málmíðnadeild kvöldskóla Borgarholtsskóla fer fram:

**föstudag 4. desember kl. 17 – 19**  
**laugardag 5. desember kl. 11 – 14**

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir málmíðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmíðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar: MIG / MAG, TIG, logsuða og rafsúða.

Bóklegt	Verklegt
EFM - 103 efnisfræði málmíðna	HSU-102/212 verkleg suða
ITM - 114 tölvuiðonteikning	HSU-232 verkleg suða
	LSU-102/202 verkleg suða
	RSU-102/202 verkleg suða
	HVM-203/ 303 verkleg handavinna
	PLV 202 verkleg handavinna

Kennsla hefst 11. janúar 2010 og kennt er mánudaga og þriðjudaga kl. 18:10-22:30

**Ath: Áfangar geta fallið niður náist ekki nægur fjöldi nemenda í hópa**

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans: [www.bhs.is](http://www.bhs.is)



**DREYMDI UM AÐ REKA VEITINGAHÚS** Hilal Jerah hefur lent í ýmsu á Íslandi en er nú kominn í öruggt skjól hjá Saffran.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÁ DUBAI TIL ÍSLANDS

Sýrlensk matarhefð hefur ekki verið algeng hér á landi hingað til. Á veitingastaðnum Saffran, bæði í Glæsibæ og á Dalbraut, stendur nú yfir sýrlensk veisluhelgi. Fremstur í flokki í eldhúsinu er sýrlenski matreiðslumaðurinn Hilal Jerah.

„Það eru þrjár réttir í boði,“ segir hann. „Damaskus kjúklingabringa, sýrlenskir kjúklingastrimlar í sítrónu- og hvítlaukslegi og Naanwich Martu.“

Íslandsdövl Hilal hefur verið hálfgerð þrautaganga þótt nú sé að rætast úr henni. Hann var alinn upp með bróður sínum á veitingastað föður þeirra á Sýrlandi. Draumur þeirra bræðra var alltaf að opna sinn eigin veitingastað. Bróðir hans lét drauminn rætast og rekur nú fimm hundruð manna veitingastað í Ymen. Hilal reyndi að freista gæfunnar í Dubai og bjó þar í þrjú ár. Hann var í sumarleyfi á Sýrlandi þegar hann hitti

Litháa og Jórdana sem bjuggu á Íslandi. Þeir töldu honum trú um að Ísland væri rétti staðurinn til að opna nýjan veitingastað. Hilal kom til Íslands árið 2005 og opnaði Purple Onion með þessum félögum í Hafnarstræti. Sem kunnugt er var staðnum lokað skömmu eftir opnun þegar upp komst að Jórdaninn seldi þar fíkniefni.

„Það var agalegt. Ég vissi ekkert um þetta og grunaði ekki neitt,“ segir Hilal. „Þetta fór samt betur en á horfðist. Össur Skarphéðinson hjálpaði mér mikið til að greiða úr mínum málum.“

Hilal stóð frammi fyrir því að vera vísað úr landi nema að hann fengi vinnu með dvalarleyfi. Veitingahúsdraumurinn var á enda um sinn en Hilal fékk vinnu hjá ISS við ræstingar. Hann verður að klára þann samning sem tekur enda í maí 2010 ef hann vill dvelja hér á landi. Hilal var þó ekki af baki dottinn og fékk leyfi til að minnka við sig hjá ISS og starfar nú einnig í eldhúsinu hjá Saffran. Þar var honum tekið fagnandi. Sýrlenska veisluhelgin stendur út sunnudaginn. [gunnarh@frettabladid.is](http://gunnarh@frettabladid.is)

## Eva Mendes í vændi

Eva Mendes heimsótti vændiskonur til að undirbúa sig fyrir hlutverk í myndinni Bad Lieutenant: Port of Call. Nicolas Cage er einnig meðal leikara í myndinni, en Mendes fer með hlutverk eiturfjafkils og vændiskonu. Í viðtali við þýska tímaritið TV Movie segist hún hafa viljað undirbúa sig vel og segir að samtöl sín við vændiskonurnar hafi gefið sér dýpri skilning á hlutverkinu.

„Ég hitti vændiskonur sem hitta viðskiptavinum sína í stórum og fínum íbúðum. Ég lærði slatta af því.“



**LEIKUR VÆNDISKONU** Eva Mendes leikur vændiskonu og eiturfjafkíl í myndinni Bad Lieutenant: Port of Call.

**Jóladúndur**  
**20%**  
 afsláttur af öllum snyrtivörum

Tilboðið gildir til sunnudags.

**DEBENHAMS**  
 HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND  
 KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Clarins  
 Clinique  
 Estee Lauder  
 Kanebo  
 Shiseido  
 Mac  
 Helena Rubinstein  
 Lancome  
 Biotherm  
 John Frieda  
 Babyliss og Gama  
 Wella  
 Debenhams  
 Allir ilmir



## Næsta listmunauppboð

verður haldið mánudaginn 7. desember.  
 Erum að taka á móti verkum núna.



Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16


Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)

### Síðasta sýningarhelgi – bókaáritun



#### „Einu sinni var“ Gunnella

áritar bækur sínar og spjallar um sýningu sína, laugardag og sunnudag frá kl. 14–16



#### „Listin er hjartað, eg lati úr og gevi tær“

Sigrun Gunnarsdóttir frá Færeyjum

Yfirstandandi sýning

## Sigurjón Jóhannsson

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Hinn eini sanni

# RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU  
MARKAÐUR

er nú í B&L Húsinu Grjóthálsi

## Næst síðasta helgin

Opið í dag frá 12 - 18 og sunnudag 12 - 18

Opnunartími alla daga er 12 - 18

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is

ecco®

NIKE®

adidas®

PUMA®

hummel®

Reebok

BLEND

SKECHERS



## Öðruvísi jóladagskrá

Nákvæmlega klukkan 12.34 á hverjum degi frá 1. desember til jóla verður Jóladaatalið „opnað“ í Norræna húsinu. Á bak við hvern „glugga“ leynist spennandi uppákoma.

„Þetta er í þriðja skipti sem Jóladaatalið er haldið hér svo þetta er orðin hefð,“ segir Ilmur Dögg Gísladóttir hjá Norræna húsinu. „Við reynum alltaf að vera ekkert allt of jólaleg þegar við erum að velja atriði. Þetta er öðruvísi jóladagskrá, ekkert „jóla jóla“. Listamennirnir fá algjörlega að ráða hvað þeir vilja gera. Þeir þurfa ekki endilega að gera það sem þeir eru þekktir fyrir. Atriðin eru frá tíu mínútum upp í hálf tíma og það er ókeypis inn, enda er þetta gjöf.“

Fólk veit ekki hvað það fær fyrr en það mætir á staðinn. „Það er bara eins og með jólapakkana. Þetta er fjölbreyttur hópur svo það er um að gera að koma með opinn huga. Í anddyrinu verður boðið upp á jólaglög og piparkökur en annars fara öll atriðin fram í hinum einstaka sal Norræna hússins. Veitingastaðurinn Dill er svo ekki langt undan vilji fólk hafa það ennþá huggulegra í hádeginu.“

Þátttakendur jóladagatalsins í ár eru þessir í stafrófsróð: Agent Fresco, Bjargey Ólafsdóttir, Charlie Strand, Darí Darí, Einar Kárasón, Eivör Pálsdóttir, Eplaskífur og yoga, Erna Ómarsdótt-



**FJÖLBREYTTUR HÓPUR** Hluti af hópi listamanna sem kemur fram á jóladaatali Norræna hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ir, Felix Bergsson og Augasteinn, Garðar Cortes og Róbert Sund, Hjaltalín, Ingibjörg Magnadóttir, Ingvaldur Ýr, Jógvan og Friðrik Ómar, Kristín Ómarsdóttir, Kristín Steinsdóttir, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Ó Ó Ingibjörg, Pascal Pinon, Svavar Knútur, Who Knew, Wonder Brass og Þorvaldur Þorsteinsson.

- drg



**HETTUR** Hettuvesti voru áberandi á sýningu Balenciaga.

## Framúrstefnuleg götutíska

Vor- og sumarlína Balenciaga 2010 vakti mikla athygli í París í síðasta mánuði. Nicolas Ghesquière, hönnuður línunnar, ákvað að sneiða framhjá kokkteilkjólunum og setti saman línu

sem einkenndist af sporlegri götutísku. Hettur, niðurþröngar buxur og ökklahá stígvél með opinni tá voru áberandi á sýningunni. Línan var að mörgu leyti framúrstefnuleg en vandað handbragð Ghesquière leyndi sér ekki.

**TÖFF** Hettur spila stórt hlutverk í nýrri línu Ghesquière.



**SVALT** Töff buxur og stígvél með opinni tá voru áberandi hjá Balenciaga.



**FRAMÚRSTEFNULEGT** Innan um klassísk snið voru margar framúrstefnulegar flíkur á sýningunni.



**FLOTT** Það var mikið lagt í smáatriðin í vor- og sumarlínu Balenciaga 2010.



## LANDSMÓT HESTAMANNA 2010 FORVAL VEITINGASÖLU

Landsmót hestamanna ehf (LM 2010) óskar eftir aðilum til að sjá um veitingarekstur á Landsmóti hestamanna sem haldið verður á Vindheimamelum í **Skagafirði dagana 27. júní – 4. júlí 2010**. Einungis koma til greina aðilar sem hafa reynslu af veitingarekstri.

Ætlunin er að skipta veitingaaðstöðu upp í nokkrar „stöðvar“ þar sem boðið er uppá eftirfarandi vöruflokkar:

- **Heimilismatur** (réttur dagsins)
- **A la Carté borðhald** (s.s. fiskréttir, grillmatur)
- **Salat og grænmetisréttir** (s.s. samlokubar, grænmetisréttir, ferskir ávaxtasafar, salatbar)
- **Skyndibitaefæði** (s.s. hamborgarar, pizzur, kjúklingabitar, pylsur, franskar)
- **Austurlenskur matur**
- **Kaffihúsarekstur** (kaffi og kökur)

Veitingaaðilum er frjálst að taka þátt í forvali með einn, fleiri eða alla vöruflokkar sem taldir eru upp hér að ofan. Landsmót hestamanna ehf. áskilur sér rétt til bjóða hvaða aðila sem er að taka þátt í tilboðsgerð að forvali loknu eða hafna öllum.

Eyðublað í forval veitinga er að finna á heimasíðu Landsmóts. Skila ber umsóknum í forval fyrir 20. desember nk.

Allar nánari upplýsingar: [www.landsmot.is](http://www.landsmot.is)



**TOYO TIRES**  
Harðskeljadekk  
Frábær ending - Minna svífrýk - Mjög hljóðlát

# TOYO TIRES

## Gæða vetrardekk fyrir alla bíla



**Bílabúð  
Benna**

Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík  
Sími 590 2000 • [www.benni.is](http://www.benni.is)

Nesdekk - Fiskislóð - sími 561 4110 / Nesdekk - Reykjanesbæ - sími 420 3333



# Jólin nálgast í Andabæ!

Jólasyrpan 2009  
er komin í  
verslanir



Einnig fáanleg  
Smá Syrpa!



Tryggðu þér  
eintak af  
Jólasyrpu 2009.  
SELDIST UPP  
Í FYRRA

Frábær innbundin Jólasyrpa sem  
Syrpuaðdáendur mega ekki missa af.

**Andrés og félagar eru í jólaskapi!**

Skemmtilegar jólasögur af Andrésí og ungunum,  
Jóakim, Svarta Pétri, Adda Önd, Mikka Mús,  
Guffa og öllum hinum

Þú færð Jólasyrpu 2009 í næstu verslun eða á

**[www.andrésönd.is](http://www.andrésönd.is)**







# LANGVINSÆLASTA TEIKNIMYND ÁRSINS KOMIN Á DVD!



Einnig fáanlegar  
allar þrjár saman í  
glæsilegum DVD pakka!

Aðrar frábærar myndir fyrir alla fjölskylduna komnar á DVD!



EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

Lindum • Skeifunni • Vefverslun • sími 544 4000 • símsala 575 8115



## > Finnur Ólafsson til ÍBV

Finnur Ólafsson gekk í gær í raðir ÍBV en hann er uppallinn hjá HK þar sem hann hefur spilað alla tíð. „Það var vissulega erfitt að yfirgefa uppeldisfélagið en ég ákvað að taka þetta skref og er sáttur við það,“ sagði Finnur, sem gerði þriggja ára samning við ÍBV. „Það voru nokkur félög í viðræðum við HK en á endanum mátti ég velja á milli Stjörnunnar og ÍBV. Mér fannst kjörið að fara til Eyja enda mikil áskorun fólgin í því. Það er einnig alveg ljóst að hingað er ég ekki kominn til að vera í botnbaráttu en það eru spennandi tímar fram undan í Eyjum.“



**sport**  
sport@frettabladid.is

## SIGURÐUR ARI STEFÁNSSON: ORÐAÐUR VIÐ DÜSSELDORF Í ÞÝSKU ÚRVALSDEILDINNI

### Væri spennandi að spila í bestu deild í heimi

Handboltakappinn Sigurður Ari Stefánsson er nú á sínu fimmta tímabili með Elverum í norsku úrvalsdeildinni. Hann var á dögnum orðaður við Düsseldorf í þýsku úrvalsdeildinni en hann sagði við Fréttablaðið í gær að félagið hefði lýst yfir áhuga að fá sig og það sem allra fyrst.

„Ég er vitaskuld samningsbundinn öðru félagi og því vísaði ég þeim á Elverum. Þeir norsku segjast ekkert hafa heyrt í þeim og því veit ég ekki hvernig málið stendur eins og er,“ segir Sigurður Ari.

„Auðvitað heillar það samt að spila í bestu deild í heimi. Það væri vissulega spennandi,“ segir Sigurður Ari. „En að vissu leyti gæti það verið svoltið hættulegt að fara til liðs eins og Düsseldorf sem er í mikilli botnbaráttu og þarf nauðsynlega á hjálp að halda. Á meðan gengur okkur í Elverum mjög vel og erum í toppbaráttunni í Noregi.“

Sem fyrr segir hefur Sigurður verið lengi hjá Elverum og varð til að mynda Noregsmeistari með liðinu vorið 2008. Hann segir að upphaflega hafi hann ekki ætlað sér að dvelja svo lengi í Noregi.

„Fyrsta árið gekk mjög vel og svo kom Axel Stefánsson og þjálfaði liðið. Þegar hann fór var ég sjálfur að velja því fyrir mér hvort ég ætti að fara annað en þá tók Christian Berge við liðinu og mér hefur líkað mjög vel við þann handbolta sem hann vill að liðið spili. Mér finnst ég hafa bætt mig mikið á þeim tveimur árum sem ég hef verið hjá honum,“ segir Sigurður Ari.

Hann hefur lítið fengið að spreyta sig með landsliðinu en vonar auðvitað að forráðamenn þess fylgist með sér eins og öðrum.

„Ég fékk tækifæri með B-liðinu á sínum tíma og það getur vel verið að ég hafi ekki nýtt það nægilega vel. Sjálfum fannst mér ég þó hafa staðið mig þokkalega. En það verður líka að hafa það í huga að það er líklega mest barist um þessa stöðu í landsliðinu,“ segir hann en Sigurður Ari er örvhent skytta, rétt eins og Ólafur Stefánsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson. „En ég hef ekki gefið upp alla von enda er það æðsti draumur allra handboltamanna að spila með strákunum okkar.“



### Gæðavörur

SÆLL - kostar þetta pottasett ekki 300,000 ?



Fullorðin ávaxtapressa

Komdu í verslun okkar og skoðaðu vöruúrvalið Verðið kemur þér á óvart !!

Hnifasett á verði sem ekki stingur gat á veskið !



## Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000  
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow með ábyrgð verð 80.000 tilboð 58.000 meðan byrgðir endast

Verð kr. 265.000

Hrein fjárfesting ehf

Dalbraut 3 105 Reykjavík - Sími 567 7773 - kvöld og helgar 893 6337  
www.rainbow.is



GEYMT EN EKKI GLEYMT Valsmenn horfu upp á Hauka vinna Íslandsmeistaratitilinn á Hlíðarenda í vor.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Tvö bestu liðin í dag mætast

Tvö efstu lið N1-deildar karla í handbolta, Valur og Haukar, mætast í Vodafone-höllinni á sunnudaginn. Gunnar Magnússon, þjálfari HK, spáir í leikinn.

**HANDBOLTI** Fréttablaðið fékk Gunnar Magnússon, þjálfara HK, til þess að spá í toppslag N1-deildar karla á milli Vals og Hauka sem fer fram í Vodafone-höllinni klukkan 16.00 á sunnudaginn. Liðin eru í efstu tveimur sætum deildarinnar, Valur er með einu stigi meira en Haukar, sem eiga á móti einn leik inni.

„Þetta er toppslagur af bestu gerð og verður örugglega mikil skemmtun. Þessi lið hafa sýnt mestan stöðugleika það sem af er í vetur og þetta eru tvö bestu liðin í dag,“ sagði Gunnar.

„Styrkleiki Valsmanna í vetur hefur verið varnarleikurinn. Þeir hafa verið að spila frábæra vörn og skora síðan allt að helmingi sinna marka úr hraðauppláupum. Þetta er það sem þeir treysta á,“ segir Gunnar um heimamenn í Val.

„Haukar hafa það fram yfir Valsmenn að þeir eru með örlítið meiri breidd eins og staðan er í dag þó svo að breiddin hjá þeim byggist upp á ungum strákum,“ segir Gunnar.

Gunnar hrósar mikið Hlyni Morthens í Valsmarkinu sem hann segir hafa verið ótrúlegan góðan í vetur með í kringum fimmtíu prósentu markvörslu í hverjum leik. „Þetta verður einvígi markmanna að ég held. Birkir Ívar Guðmundsson verður vonandi með Haukunum. Það lið sem

vinur það einvígi mun standa vel að vígi og markvarslan mun því eiga stóran þátt í úrslitum leiksins.“

Gunnar nefnir auk þess þá menn í liðunum sem verða mikilvægastir í sókninni. „Sigurbergur Sveinsson og Björgvin Hólmgeirsson eru lykilmenn Haukamegin og þeir þurfa að ná sér á strik. Hinum megin er Fannar Friðgeirsson lykilmáður og svo þarf Elvar Friðriksson að stiga fram en hann hefur verið upp og niður sóknarlega,“ segir Gunnar.

Haukar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn á Hlíðarenda í vor og Gunnar er viss um að Valsmenn fái aukakraft til að hefna fyrir þá leiki. „Heimavöllurinn skiptir líka gríðarlega miklu máli og þá sérstaklega hjá Valsmönnum því þeir hafa kannski verið með mestu sveiflurnar á milli heima- og útleikja síðustu tímabilin. Þeir hafa ekki tapað oft í Vodafone-höllinni þannig að heimavöllurinn kemur til með að hjálpa þeim eitthvað,“ segir Gunnar.

Skammt er liðið á mótið en þessi leikur gæti gefið sigurvegarann mikið sjálfstraust að mati Gunnars. „Það lið sem klárar þennan leik verður líklega á toppnum um áramótin og það er alltaf sterkt. Það er sálfræðilega sterkt að vera á toppnum um jólin,“ segir Gunnar en hann er allt annað en viss um hvernig leikurinn fer.

„Það er mjög erfitt að spá fyrir um hvernig þetta fer en kannski af því að Valur er á heimavelli er þetta 60-40 fyrir Val. Fyrir fram er þetta algjörlega jafnt,“ segir Gunnar að lokum.

ooj@frettabladid.is



SPÁMAÐUR FRÉTTABLAÐS-INS Gunnar Magnússon, þjálfari HK.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Húfur og vettlingar í jólapakkann



Verð frá **1.490kr.**



Guðrún Sóley Gunnarsdóttir er enn í pásu vegna afleiðinga höfuðhöggs á EM:

# Hugsa þetta út frá hausnum

**FÓTBOLTI** Bandaríska félagið Chicago Red Stars og sænska félagið Djurgården bíða bæði með samningstilboð fyrir íslensku landsliðskonuna Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur en hún er ekkert að flýta sér að taka ákvörðun á meðan hún er ekki laus við eftirköst höfuðhöggsins sem hún fékk í leik á móti Frakklandi á EM í Finnlandi í ágúst.

„Batinn gengur hægt og það er ekkert nýtt að fréttu af mér. Ég er í pásu og er ekkert að flýta mér að ákveða neitt fyrr en hausinn lagast. Það er líka ekkert verið að pressa á mig enn þá um hvað ég ætla að gera,“ sagði Guðrún Sóley þegar Fréttablaðið kannaði stöðuna á henni í gær.

„Djurgården er búio að bjóða mér samning þannig að ég þarf bara að velja hvort ég verði áfram í Svíþjóð eða fari til Bandaríkjanna,“ segir Guðrún, sem vinnur í sænska seðlabankanum meðfram því að spila fótbolta með Djurgården.

„Ég ætla að hugsa þetta út frá hausnum. Ég byrjaði aðeins að hreyfa mig og fór þá aftur í sama farið þannig að ég verð að vera skynsöm. Þetta eru klár-

lega óvenjulegustu meiðsli sem ég hef lent í og þetta hefur mikil áhrif utan fótboltans líka eins og á daglega lífið í vinnunni,“ segir Guðrún Sóley sem gat ekki spilað með landsliðinu í undankeppni HM í haust.

- 66j



**GUÐRÚN SÓLEY** Sést hér á æfingu á EM í Finnlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

**NÝJAR** bílaperur frá **PHILIPS**

**PHILIPS Quartz**  
bílaperur  
allt að **80%** meira ljós



**ERFIÐ ÁKVÖRDUN** Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamarsliðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ágúst þjálfari Hamars: Liðin hans spila á sama tíma

**KÖRFUBOLTI** Ágúst Björgvinsson, þjálfari karla- og kvennaliðs Hamars í körfunni, þarf að taka erfiða ákvörðun sunnudagskvöldið 6. desember því það er nefnilega búio að raða upp leikjum í 16 liða úrslitum Subway-bikars karla og kvenna og liðin hans spila á sama tíma.

Karlalið Hamars þarf að fara í Stykkishólm aðeins tveimur sólarhringum eftir að liðið spilar á móti Stjórnunni í deildinni. Kvennaliðið mætir KR í DHL-höllinni. Báðir leikirnir voru settir á klukkan 19.15 þetta sunnudagskvöld.

- 66j



**FRÁBÆR** Shantrell Moss átti flottan leik með Njarðvík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN BJÖRN

## Kvennakörfulið Njarðvíkur: Af botninum með stórsigri

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkurkonur komust í gær af botni Iceland Express deildar kvenna með 22 stiga heimasigri á Snæfelli, 74-52. Njarðvík fór þar með upp um þrjú sæti í það fimmta þar sem liðið er með betri innbyrðisárangur en Haukar og Snæfell.

Shantrell Moss átti mjög flottan leik með Njarðvíkurliðinu en hún var með 30 stig, 15 fráköst. Ólöf Helgadóttir skoraði 15 stig og stal 8 boltum af Snæfellsstúlkum. Kristen Green var með 29 stig fyrir Snæfell.

- 66j

## Sænska karlakarfan í gær: Jakob með 12 stig í sigurleik

**KÖRFUBOLTI** Jakob Örn Sigurðarson skoraði 12 stig í 72-71 útsigri Sundsvall á Borås í sænsku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Sundsvall hafði tapað tveimur leikjum í röð og mátti alls ekki við að tapa þriðja leiknum í röð ætlaði liðið sér að halda sér inn í toppbaráttu deildarinnar. Eftir sigurinn er liðið fjórum stigum á eftir Helga Má og félögum í toppliði Solna.

- 66j

**SPORT 2** enski boltinn

ÞAD ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á BOLTANN HEIMA

# SÚPER SUNNUDAGUR

**KL. 13:00**  
**EVERTON**  
**LIVERPOOL**

**KL. 15:30**  
**ARSENAL**  
**CHELSEA**

**KL. 17:50**  
**BARCELONA**  
**REAL MADRID**

**SPORT** besta sætið

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000





HERMANN Verður líklega í eldflunni með Portsmouth gegn Manchester United í dag. NORDIC PHOTOS/AFP

## Hermann mætir United: Eldskírn hjá Avram Grant

**FÓTBOLTI** Nýráðinn knattspyrnu- stjóri Portsmouth, Avram Grant, fær ekki auðvelt verkefni í fyrsta leik sínum við stjórnvöl- inn þar sem Englandsmestara Manchester United koma í heim- sókn á Fratton Park-leikvanginn í dag.

Hermann Hreiðarsson lék um síðustu helgi sinn fyrsta leik með Portsmouth á tímabilinu eftir langvarandi meiðsli og þótti standa sig vel. Hann verður því væntanlega í byrjunarliði Port- smouth í dag.

Sjá má lista yfir leiki helgar- innar í ensku úrvalsdeildinni í töflunni hér fyrir neðan.

- óþ

### LEIKIR HELGARINNAR

#### Laugardagur:

Blackburn-Stoke	kl. 15
Fulham-Bolton	15
Man. City-Hull	15
Portsmouth-Man. United	15
West Ham-Burnley	15
Wigan-Sunderland	15
Aston Villa-Tottenham	17.30

#### Sunnudagur:

Wolves-Birmingham	12
Everton-Liverpool	13.30
Arsenal-Chelsea	16

# Borgarslagir af allra bestu gerð

